



## Gjörðabók byggingarnefndar 1914-1921

---

Aðfnr. 4631 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is)

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# SKJALASAFN

REYKJAVÍKURBÆJAR

---


Gjörðabók

byggingarnefndar

1 9 1 4 - 1 9 2 1

.077.5:025.26 - .785.075.15

Aðfnr. 4631 *A*



Gerðabók bygginganefndar Reykjavíkurbæjar frá 3. jan-  
úar 1904 til 31. desember 1921.

Afritið er gert árið 1951.

Bók þessi, sem er 422 - fjögur hundruð tuttugu  
og tvær - blaðsíður að stærð, gegnumdregin og útbúin  
með innsigli stjórnarráðsins, löggildist hér með til  
að vera

Gjörðabók byggingarnefndar  
Reykjavíkur.

Í stjórnarráði Íslands, 3. janúar 1914.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Árið 1914, laugardaginn 3. janúar kom byggingarnefndin saman á fund og voru allir nefndarmenn viðstaddir, nema Þorvarður Þorvarðsson.

Var samþykkt að gera gangskör að því, að fa samið frumvarp til nýrrar byggingarsamþykktar fyrir kaupstaðinn og leggja til grundvallar samþykktarfrumvarp það, er samið hefur verið fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Fyrir fundinum lágu engin önnur mál og var honum því slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. B.Jónasson. Sigv.Bjarnarson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1914 laugardaginn 17. janúar hélt byggingarnefndin fund með sér og gerðist þar það, er hér segir:

Boga Þórðarsyni leyft að hækka hliðveggi og setja rislitið skúrþak á steinbæinn Laugavegi 34. Leyfi þetta er óaðeins veitt til bráðabirgða, sökum þess að þærinn skendur um 0.20 metra fram fyrir húsalínu, og með því skilyrði, að þærinn verði fluttur inn í húsalínuna, ef krafist verður af bæjarstjórn eða byggingarnefnd.

Fleiri mál ekki fyrir fundinum. Allir viðstaddir, nema Þorvarður Þorvarðarson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. B.Jónasson. K.Zimsen. Rögnvaldur Ólafsson. Sigvaldi Bjarnason.

Ár 1914 laugardaginn 31. janúar hélt byggingarnefndin fund með sér, og gerðist þetta:

1. Helga Magnússyni leyft að reisa bráðabirgðaskýli 6,5x 9.0 metrar á lóð hans nr. 7 við Bankastræti. Skýlið er nær lóðarmörkum en 5 álnir og þar sem ekki verða á því eldvarnaveggir skal eiganda skylt að rífa það, hvenær sem krafist verður

2. Verzluninni Edinborg leyft að setja dyr í stað glugga á framhlið hússins nr. 9 við Austurstræti og gjöra nokkrar breytingar á herbergjaskipun í húsinu. Inngöngurið mega ekki ná lengra út á gangstétt en 0.50 metra.

3. Verzlun I.P.T.Bryde leyft að byggja reykháf á vestur-enda hússins nr. 1 við Hafnarstræti.

4. L.Kaaber konsúl leyft að breyta gluggum á framhlið hússins nr. 4 A við Hverfisgötu.

5. Þorgrímur Sigurðsson skipstjóri sækir um að mega reisa steinsteyppuhús við framlengingu Unnarstígs, þar sem bærinn "Krókur" stendur, og fer jafnframt fram á, að Unnarstígur veri framlengdur meðfram lóð hans. Byggingarnefndin vill ekki að svo stöddu veita hið umbeðna leyfi. Þarsem gata liggur ekki að húsinu og umsækjandi er ekki eigandi nokkurs hluta þeirrar lóðar, sem hann ætlazt til að húsið standi á.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og Rögnvald Ólafsson, sem er sjúkur.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. B.Jónasson. Sigv.Bjarnason. K.Zimsen.



Ár 1914 laugardaginn laugardaginn 14. febrúar kom byggingarnefndin saman á fund og fór þar þannig fram.

1. Stjórnarráði Íslands leyft að reisa nýtt pósthús á pósthúslóðinni austan við Pósthússtræti og norðan Austurstrætis. Húsið verður kjallari og tvær hæðir ur steinsteypu og gólf öll og stígrar úr járnbentri steinsteypu, én á því breitið þak úr timbri og járn. Húsið er hornbygging tviörmuð, hlíðin fram með Austurstræti 21,52 m. löng, en vesturhlíðin að Pósthússtræti 17,26 m., flatarmál ofan kjallara um 337 m<sup>2</sup>, en um jarðaryfirborð um 343m<sup>2</sup>. Rifin verða: Timburhúsið við Austurstræti, sem hefur verið bögglaþóstsafgreiðsla, að flatarmáli 125,71m<sup>2</sup> og timburforstofan sunnan við núverandi pósthús að flatarmáli 25,08m<sup>2</sup>, bæði til samans 150,79m<sup>2</sup>.

Nefndin mælir með því að veitt verði undanþága frá ákvæðum 9. gr. bsmþ. um hornsneiðing húsa við gatnamót.

2. Jes Zimsen konsúl leyft að láta tvo nýja glugga í vörugeymsluhús hans Hafnarstræti 23A.

3. Sturlu Jónssyni leyft að byggja viðbót úr steinsteypu uppá kjallara og 2 hæðir með flötu þaki við norðurenda hins nýja húss hans Hverfisgötu 3C. Viðbótin er að stærð 7,60m í austur og vestur og á hinn veginn 4,40 m.

4. Jóh. kaupm. Jóhannessyni leyft að breyta geymsluhúsi sínu við Laugaveg 19 í íbúðarhús og byggja við það skúr, 2,60x 2,80m stóran; en með því skilyrði er leyfið veitt, að húsið fullnægi kröfum byggingarsamþykktarinnar um íbúðarhús.

5. Sigríði Jónsdóttur leyft að breyta húsi sínu Laugaveg 58B þannig, að á það komi 1,25m hátt port og uppi í því íbúð, þrjú herbergi og eldhús; en skilyrði fyrir leyfinu er það, að loftbitar og húsið að öðru leyti fullnægi kröfum bsmþ.

6. Byggingarnefnd vill fyrir sitt leyti leyft skóverzlun Lárusar G. Lúðvíkssonar að setja nafnspjald milli húss verzlunarinnar á horni Þingholtsstrætis og Bankastrætis og símastaurins fram undan því, en til þess þarf samþykki lögreglustjóra.

7. Helga kaupm. Zöega leyft að setja einfaldar dyr syðst á austurhlíð húss hans Aðalstræti 10.

8. Verzluninni Edinborg leyft að taka vestari dyrnar af húsinu Austurstræti 9, þær er að Austurstræti vita, og setja í stað þeirra glugga af sömu stærð og á húshl önnu eru. Inngöngurið þau, sem fyrir þessum dyrum eru, skulu tekin burtu.

9. Ólafur Þorkelsson sækir um að gera inngöngurið frá götu í kjallara hússins Laugaveg 30 A. Máli þessu var frestað, sökum þess að uppdráttur sá, sem fyrir lá, var neð öllu ótækur.

Fleiri mál Lágu ekki fyrir fundinum. Fjarstaddur var Þorv. Þorvarðarson. Fundi slitið.  
Páll Einarsson. K.Zimsen. Sigv. Bjarnason. Rögnvaldur Ólafsson. B. Jónasson.

Ár 1914 t. 28. febr. kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra til fundarhalds, en þar sem ekkert fundarefni var varð ekkert af fundi.

Páll Einarsson. K. Zimsen. Rögnvaldur Ólafsson. Þorvarður Þorvarðsson. B. Jónasson. Sigv. Bjarnason.

Ár 1914 laugardaginn 14. marz hélt byggingarnefndin fund með sér og gerðist þar þetta:

1. Matthíasi Einarssyni lækni leyft að reisa íbúðarhúsúr steinsteypu við Hverfisgötu (nánar ákvæðið síðar). Húsið er einlofta portbyggt að stærð 14,00x10,10m. Þó er leyfið bundið því skilyrði, að samþykkt fái til undanþágu frá ákvæði 25. gr. bsmþ. um 2 stiga í húsum, sem stærri eru að flatarmáli en 300 ferálnir (ca. 120 m<sup>2</sup>), og er byggingarnefnd meðmælt þeirri undanþágu.

2. N.B.Nielsen verzlunarstjóri fyrir hönd ekkjunnar Kristínar Ólafsdóttur (í Nesi) leyft að gera þessar breytingar á "Veltunni" Austurstræti 1:

- a) að byggja ofan á skúrinn við vesturenda hússins, jafnhátt því.
- b) að byggja skúr áfastan þeim sem nú er við norðurhlíð hússins, og verður þar annar bakstigi, auk þess sem nú er,
- c) að rífa reykháf, sem nú er í skúrnum við vesturenda og setja aftur 2 reykháfa,
- d) að gera sölubúð í vestari helming hússins, þar sem nú er geymsla. Leyfi þetta er þó bundið því skilyrði, að eldvarnarveggur verði gerður á norðurhlíð bakskúrsins, bæði hins gamla og nýja, með því að þar er allt of skammt að lóðarmörkum eila.

3. Jóni kaupm. Zöega leyft að reisa íbúðarhús úr steinsteypu á lóð hans Nýlendugötu 11A. Húsið er hár kjallari og ein hæð, að stærð 7,60x7,00m, og við það skúr 2,85x2,60 m að stærð. Með leyfi þessu er ekki niðurfelld kera sú, er borgarstjóri hefur reist á hendur leyfisbeiðanda fyrir að hafa byrjað og haldið áfram byggingu hússins í leyfisleysi.

4. Jóni Eyjólfssyni fyrir hönd Eyjólfis S. Jónssonar leyft að reisa geymsluskúr, að stærð 6,30x3,30 metra á lóð Eyjólfis við Baldursgötu (nr. 3 ?).

5. Þórði úrsmið Jónssyni leyft að reisa hús til viðbótar við hús hans Vesturgötu 48. Nýja húsið er úr steinsteypu tvílofta og að stærð 4,10x8,40 m, og skúr við það vestan og norðan að stærð 3,70x1,50 m. Viðbótin er austan við eldra húsið. Gluggastöplar eru mjórri en bsmþ. mælir fyrir, og skulu þeir styrktir með járnum og gerðir eftir sérstöku eftirliti byggingarfulltrúa.

6. Beiðni J.Schous um leyfi til að mega setja lausabak yfir nokkurn hluta lóðar hans, milli húsa, var frestað sökum þess, að upplýsingar brestur um afstöðu íbúðarherbergja, glugga og dyra o.s.frv. við hið fyrirhugaða bak, og loks um stærð lóðar þeirrar, sem leyfisbeiðandi er eigandi að.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum.

Allir á fundi.

Fjndi slitið.

Páll Einarsson. Þorvarður Þorvarðsson. Sigv. Bjarnason.  
K.Zimsen. B.Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1914 laugardaginn 28. marz kom byggingarnefndin sam-  
an á fund á skrifstofu borgarstjóra og gerðist þar þetta:

1. Þorláki Vilhjálmsyni á Rauðará leyft að byggja hest-  
hús, að stærð 7.00x3.80 m. á Rauðará milli tveggja skúra aust-  
ur úr fjósi og heyhlöðuhni þar.

2. Páli skipstjóra Matthíassyni leyft að reisa einlofta  
steinsteypuhús portbyggt á lóð hans nr. 32 við Vesturgötu, í  
stað húss þess sem er þar og verður rífið niður. Húsið er  
10.0x9.0 m. að stærð, með forstofu 2.80x3.40 og skúr 3.15x2.89.

3. Sigurði Friðrikssyni leyft að byggja tvílyft timburhús  
á lóðinni nr. 28 við Laugaveg að stærð 7.50x8.50 m með eldvarn-  
arvegg á austurmörkum. Engin íbúð á fyrst um sinn að vera í  
húsinu og mælir byggingarnefndin með undanþágu frá því að tveir  
stigir þurfi að vera í því.

4. Guðmundi Thorsteinsson Njálsgötu 40 A veitt leyfi til  
að lengja húsið nr. 74 við Laugaveg til vesturs um 4.0 metra  
(breiddin er 7 metrar) og byggja skúr við það á vesturmörkum  
að stærð 2.0x1.2 m. - Firstofan á vesturgafli hússins verður  
flutt á austurgafli.

5. Einar Helgason garðyrkjumaður sækir um leyfi til að  
byggja íbúðarhús á lóð hans við Gróðrarstöðina og er það tekið  
fram í umsókninni að fjós eigi að vera í kjallara hússins fyr-  
ir 2-4 kýr. Í 19.gr. heilbrigðissamþykktarinnar er það banna-  
að að hafa búpening í sama húsi og íbúð handa mönnum. Neit-  
aði því byggingarnefnd umsækjanda um byggingarleyfið.

6. Sigurði Gunnlaugssyni leyft að gera dyr á vesturgafli  
hússins nr. 5 við Hverfisgötu.

7. Ámunda Ámundasyni leyft að lengja húsið 26A við Vest-  
urgötu um 5.20 m. til austurs (breiddin er 7.50 m.). Viðbót-  
in er tvílyft úr timbri með eldvarnarvegg á austurmörkum.

8. Kristínu Ólafsdóttur leyft að breyta gluggum og dyrum  
á austurhluta hússins nr. 1 við Austurstræti.

9. Jóni Ólafssyni rithöfundu leyft að reisa einloftað  
steinsteypuhús á lóð hans á horni Baldursgötu og Bergstaðastr.  
að stærð 11.00x7.75 m. og skúr 2.50x1.50 og með öðrum skúr  
21.60 m<sup>2</sup>. Húsið verður nr. 9 við Baldursgötu.

10. Pétur A. Ólafsson kaupmaður á Patreksfirði sækir um  
að fá breytt erfðafestulandi sínu fyrir sunnan Skothúsveg í  
byggingarlóð. Landið innan girðingarstæðisins hefur verið  
mælt og reynist að vera 3675 m<sup>2</sup>. Þar af á að fara undir fram-  
lengingar Tjarnargötu og til breikkunar Skothúsvegar c. 239 m<sup>2</sup>  
og á bærinn að fá þær ræmur ókeypis. Nefndin leggur til að  
umsækjanda verði leyft að breyta hinum hluta landsins þ.e.

3436 m<sup>2</sup> í byggingarlóð gegn því að greitt verði í bæjarsjóð 20% af matsverði landsins sem byggingarlóð eða 50 a. fyrir hverja fermína, ef umsækjandi kys það heldur en mat.

Fyrir ofan landið er lóðarræma upp að austantakmörkum fyrirhugaðrar framlengingar Suðurgötu, að stærð ca. 302 fermetrar. Að gefnu tilefni leggur nefndin til að Péttri Ólafssyni verði boðin lóðarræma þessi til kaups fyrir kr. 2.50 fermetrann eða fyrir 755 kr.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigv. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.  
B. Jónasson.

Ár 1914 laugardaginn 11. apríl kom byggingarnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. - Rögnvaldur Ólafsson var erlendis og Þorvarður Þorvarðarson var ekki mættur - -  
Var þetta gjört:

1. Einari Helgasoni leyft að reisa íbúðarhús 8.00x9.60 m. að stærð, fjós 5.70x3.15 m. og hlöðu 5.70x5.70 m. á lóð hans neðanvert við Laufásveg, ofantil við Gróðrarstöðina.

2. Lagt fram erindi frá Hjálpræðishernum um fyrirkomulag á væntanlegri byggingu á lóðinni nr. 2 við Kirkjustræti; var því vísað til byggingarfulltrúa og honum falið að tala nánara við stjórn Hjálpræðishersins fyrir næsta fund.

3. Guðm. Egilsson sækir um leyfi til að mega breyta í byggingarlóð 358.5 fermetra lóð úr erfðafestulandi hans norðan við Njálsgötu, fyrir austan húsið nr. 9, en lóð þessa ætlar hann að selja fyrir kr. 2.50 hvern fermetra. Nefndin mælir með beiðni þessari, enda greiði hann 20% af söluverðinu í bæjarsjóð.

4. Þorst. Þorsteinsson í Bakkabúð sækir um leyfi til að mega fylla upp undir hússtöði í fjörunni fram undan fiskgeymsluhúsi hans á Bakkabúðarlóð og flytja húsið þangað. Nefndin er því mótfallin að honum verði leyft þetta.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigv. Bjarnason. B.Jónasson. K.Zimsen.

Ár 1914, laugardaginn 2. maí kl. 5 síðd. kom byggingar- nefndin á fund á skrifstofu borgarstjóra. Varumættir hinn nýskipaði slökkviliðsstjóri Guðmundur Ólsen og hinn nýskipaði byggingarfulltrúi Hjörtur Hjartarson. - Benedikt Jónasson var og á fundinum. Rögnvaldur Ólafsson var erlendis, en allir nefndarmenn aðrir mættir.

1. Helga Magnússyni járnsmið, leyft að reisa tvílyft stein- steypuhús með kjallara á horninu milli Bankastrætis og fram- lengingar Ingólfsstrætis og verður það til bráðabirgða nr. 9 við Bankastræti. Húsið er 78.22 fermetrar að stærð. Þar sem hús þetta tekur yfir alla lóðina má aldrei hafa íbúð í því, og með því að ekki er búið að gjöra Ingólfsstræti meðfram lóð- inni, skal beiðandi sjálfur sjá fyrir aðgangi að húsinu.

2. Hirti Hjartarsyni leyft að breyta smíðahúsi við Bók- hlöðustíg 10 í íbúðarhús, enda fullnægi húsið kröfum bygging- arsamþykktar til íbúðarhúsa.

3. Tryggva Árnasyni leyft að reisa einlyft timburhús á lóðinni nr. 11 við Njálsgötu. Húsið er 7.80x7.20 m. með for- stofu 2.00x1.90 m. og skúr 2.60x2.00 m.

4. Th.Thorsteinsson leyft að breyta gluggum á húsi hans nr. 3 við Vesturgötu.

5. Ólafi Þorkelssyni leyft að setja kjallaradyr á fram- hlið hússins nr. 30 við Laugaveg. Setja skal hann stöðir beggja megin við dyrakarminn eftir tilvísun byggingarfulltrýa.

6. Birni Björnssyni leyft að flytja húsið nr. 24 á Grettis- götu vestur að lóðarmörkum og byggja undir það kjallara. Þar sem gatan er aðeins 10 m. breið má ekki vera íbúð í kjall- ara.

7. Birni Jónssyni leyft að reisa steinsteypuhús 12.00x7.50 metra að stærð með skúr 4.30x1.00 m. á horninu milli Grettis- götu og Frakkastígs. Húsið verður nr. 14 A við Frakkastíg. Bakaríið, sem ætlazt er til að hafa í kjallara hússins, skal fullnægja ákveðum heilbrigðissamþykktarinnar um brauðgjörðar- hús, að dómi heilbrigðisnefndar.

8. Geir Pálssyni og Sigurði Jónssyni leyft að reisa ein- lyft timburhús, portbyggt með kvisti, að stærð 9.90x7.50 m. með skúr 3.00x2.20 m. Húsið verður nr. 12 við Barónsstíg.

9. Árna Jóhannssyni, bankaritara, leyft að reisa einlyft timburhús portbyggt, á lóð sem hann hefur keypt úr lóðinni nr. 23 við Ingólfsstræti. Húsið er að stærð 7.00x7.00 m. með skúr 2.25x1.70 m. og verður nr. 3 við Spítalastíg. - Það athugast að reykháfur hefur ekki löglega stærð á uppdrættinum.

10. Jóni Sigurðssyni skipstjóra leyft að gjöra viðbót  
4.50x7.75 m. að stærð, fyrir vestan hús hans nr. 37 við Hverf-  
isgötu.

11. Jóhannesi Hjartarsyni leyft að setja kvist á norður-  
hlið húss hans nr. 27 við Vesturgötu.

12. Sjúkrahússjóði Reykjavíkur leyft að setja glugga á  
suðurgöfl hússins nr. 25 við Þingholtsstræti.

Fleira ekki gjört. Fundi slitið.

Páll Einarsson. Þorvarður Þorvarðsson. K.Zimsen. Sigv.  
Bjarnason. G.Ólsen. Hjörtur Hjartarson.



Ár 1914, laugardaginn 16. maí var fundur haldinn í bygg-  
ingarnefndinni.

1. Eggert Claessen leyft að byggja sama 2 kvisti á norð-  
urhlið hússins nr. 14 í Austurstræti og breyta giuggum á kvist-  
um og þaki.

2. Bergi Einarssyni leyft að byggja 2 skúra 8.15x3.15 m.  
og 6.20x3.20 m. á norður- og austurmörkum lóðar hans við Vatns-  
stíg.

3. Karel Hjörtróssyni leyft að byggja á erfðafestulandi  
hans í Vatnsmýrinni gripa- og heyhús 7.50x8.70 m. að stærð,  
með skúr 1.25x2.50 og safngryfju.- Nefndin leggur til að lóð-  
in undir húsinu verði eftir sem áður erfðafestuland með óbreytt-  
um kjörum.

Á fund vantaði Sigvalda Bjarnason og Rögnvald Ólafsson,  
sem er erlendis.

Funsi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. Þorvarður Þorvarðsson.  
G.Ólsen. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1914 laugardaginn 30. maí var reglulegur fundardagur byggingarnefndar. Borgarstjóri var fjærverandi og hafði falið K.Zimsen fundarstjórn, en með því að engir mættu nema hann og byggingarfulltrúinn var ekki fundarfært.

K.Zimsen. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1914, Þriðjudaginn 2. júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Guðjóni Jónssyni málara leyft að gjöra steinsteypuhús 6.20x7.50 m. að stærð, á lóð, sem hann hefur keypt úr Efraholtsbletti. Húsið á að standa í horninu milli Skólavörðustígs og framlengingar Klapparstígs, og verður nr. við Skólavörðustíg. Byggingarfulltrúinn athugar, að fullnægt sé skilýrðum heim, sem sett hafa verið fyrir breytingu lóðar þessarar í byggingarlóð.

2. R.P.Leví leyft að byggja skúr, 11.30x4.40 m., á lóð hans nr. 18 við Laufásveg. Skúrin á að standa á vesturmörkum lóðarinnar. Samþykki brunamálanefndar þarf til að setja mótur í skúrinn.

3. Sveini Oddssyni fyrir hönd Bifreiðarfélags Reykjavíkur leyft að gjöra bifreiðarstöð, 18.80x4.80 metra að stærð á austurhluta óbyggðu lóðarinnar norðan Vonarstrætis, um 5 m. frá götujaðri. Eldvarnarveggur sé á austurmörkum lóðarinnar.

4. Beiðni Jóns Zöega um byggingu við Nýlendugötu gat nefndin ekki sinnt, þarsem enginn uppdráttur fylgir.

5. Erindi Guðnýjar Þórðardóttur í Oddgeirsbæ um flutning skúrs o.fl. var vísað til byggingarfulltrúa til athugunar.

6. Jes Zimsen leyft að stækka skúr við norðurhlið hússins nr. 23 við Hafnarstræti. Skúrin er nú 1.80x1.80 m. en verður 1.80x6.20 metrar að stærð..

7.

7. Flosi Sigurðsson fer fram á, að mega gera bráðabirgðavinnuskýli á erfðafestulandi próf. Eiríks Briem vestan við Lækjargötu. Nefndin synjar um þetta leyfi, þar sem áður er ákveðið að leyfa ekki byggingar á þessum bletti.

8. Einari Sv. Einarssyni, trésmið, leyft að stækka skúr við húsið nr. 50 við Bergstaðastræti um 1.00x1.50 metra.

9. Lögð fram skrá yfir breytta tölusetningu húsa við Hverfisgötu, er bæjarverkfræðingur Ben. Jónasson hefur samið. K.Zimsen falið að yfirfara skrána.

Á fund vantaði Sigv. Bjarnason, Þorv. Þorvarðsson og Rögnvald Ólafsson, sem er erlendis.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Hjörtur Hjartarson. K.Zimsen. G.Ólsen.

Ár 1914, laugardaginn 13. júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Fjarverandi voru Guðm.Ólsen, Þorv.Þorvarðsson og Rögnvaldur Ólafsson, sem er erlendis.

1. Eyjólfur Gíslasyni leyft að lengja hús sitt nr. 18 við Grettisgötu um 3.10 m. Breidd hússins er 4.40 metrar.

2. Guðný Þórðardóttur, Oddgeirsbæ, leyft að byggja skúr 4.50x3.50 m. að stærð á lóð hennar Vesturgötu 55. Eldvarnarveggi skal gjöra að svo miklu leyti sem skúrinn er nær lóðarmörkum en 3.10 metra. Henni var og leyft að hækka inngönguskúr við íbúðarhúsið og breyta gluggum á því.

3. Jóni Laxdal leyft að gjöra nokkrar breytingar á húsi hans nr. 14 við Nýlendugötu og girða lóðina með ca. 2 metra hárrí girðingu.

4. Guðm.Jósefsson fagnar til kaups láðarspildu ca. 97 fermetra á bak við lóðina nr. 71 við Laugaveg. Nefndin leggur til að honum verði seld lóðin fyrir kr. 1.25 fermeterinn.

Sama manni leyft að byggja skúr 3.75x3.50 m. að stærð á norðausturhorni lóðar hans. Beiðni um breytingu á íbúðarhúsi getur nefndin ekki sinnt fyrr en uppdráttur er fenginn.

5. Jakob Mööler, bankaritari, fer fram á að mega reisa steinsteyppuhús á lóð, sem hann ætlar að kaupa úr erfðafestulandi frá Ingibj. Johnsons fyrir norðan kirkjugarðinn (Bakaratún). Nefndin vill veita leyfið með þeim fyrirvara, að bæjarstjórnin breyti erfðafestulandinu í byggingarlóð og að beiðandi gjöri á sinn kostnað akfæran veg að húsinu og sjái um fráræslu frá húsinu og vatnsleiðslu að því á sinn kostnað. Stærð hússins er 9.45x9.45 m..

6. Hans Pétur Hanssyni leyft að flytja hús á lóð sinni nr. 25 við Hverfisgötu austar á lóðina, og byggja nýtt hús áfast við það. Nýja húsið er 8.50x7.20 m. að stærð.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Hjörtur Hjartarson. Sigv. Bjarnason.  
K. Zimsen.

Ár 1914, laugardaginn 27. júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Hinn nýkosni borgarstjóri stýrði fundinum.  
K.Zimsen/

1. Jóni Zöega leyft að reisa geymsluskúr 5.95x3.10 m. að stærð á lóð hans nr. 11 A við Nýlendugötu. Með leyfi þessu er umsækjandi ekki leystur undan ábyrgð fyrir brot á byggingarsamþykktinni, er hann hefur verið kærður fyrir.

22. Flosi Sigurðsson fær framm á að fá á leigu til 10 ára part af Klapparlóð fyrir norðan Völund. Byggingarnefndin sér ekkert því til fyrirstöðu að leigja honum lóðina um óákveðin tíma með hálfis árs uppsagnarfresti, en telur sér að öðru leyti málið óviðkomandi.

3. Jóni Teitssyni leyft að stækka glugga yfir forstofu dyrum á húsi hans nr. 8 við Spítalastíg.

Fleira gjörðist ekki. Á fund vantaði Guðmund Olsen og Rögnvald Olafsson, sem var erlendis.

Fundi slitið.

K.Aimsen. Sigv. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.  
Hjörtur Hjartarson.

Ár 1914, laugardaginn 13. júlí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Gunnari Þorbjarnarsyni leyft að gjöra nokkrar breytingar á öðru gólfi húss hans nr. 4 Hafnarstræti, og setja vegg-svalir á suðurgæfl þess.

2. Júlíusi Schou leyft að gjöra skúr 5.40x2.60 m. vestanvert við hús hans norðan Vesturgötu.

3. Guðmundi Kr. Bjarnasyni leyft að setja kvistglugga á húsið nr. 20 við Njálsgötu.

4. Friðrik P. Welding fyrir hönd Þurriðar Markúsdóttur leyft að setja 2 glugga á kjallara hússins nr. 24 við Vesturgötu og birtugrófir fram undan þeim.

5. Jóni kaupmanni Björnssyni leyft að gjöra birtugrófir við kjallaraglugga á húsi hans Vesturgötu 4. Fylla upp gryfu meðfram hlið hússins og setja steinrið fyrir framan búardyrnar og loks að gera steypa stétt að forstofuingangi hússins.

6. Bifreiðarfélagi Reykjavíkur leyft að láta setja glugga á norðurhlið Bifreiðarstöðvarinnar við Vonarstræti.

7. Jónatan Þorsteinsson fer fram á að mega byggja bifreiðasskúr á lóð sinni við Vatnastíg. Erindinu frestað vegna ónógra uppdráttar.

8. Jörgin Þórðarsyni leyft að gjöra sölubúð a neðri hæð hússins nr. 15 við Bergstaðastræti, en hlýta verður hann fyrir-melum byggingarfulltrúans um frágang á efra bitalagi hússins. Ennfremur var honum leyft að byggja skúr við austurhlið hússins og meðfram Spítalastíg. Skúrin er 27.60 m<sup>2</sup>.

9. Útaf erindi frá Einari skipstjóra Einarssyni um stærð lóðarinnar nr. 44 við Hverfisgötu var ákveðið að láta gera nákvæman uppdrátt af öllum lóðunum við Hverfisgötu milli Frakkastígs og Vitastígs, en fyrir getur nefndin ekki svarað þessum lið erindis hans. Hinsvegar var honum leyft að girða lóðina með timbri og járn, þó ekki utar en í stefnu við húsin við Hverfisgötu og Vitastíg.

10. Sveini Árnasyni leyft að breyta byggingu þeirri er honum var leyfð 30/11 1912 þannig, að húsið verði með flötu þaki og úr steinsteypu. Ennfremur leyft að bæta við húsið inngönguskúr 2.15x1.50 m. að stærð.

11. Sigurði bakara Hjaltested leyft að byggja skúr á lóð hússins nr. 15 við Klapparstíg. Skúrin er 3.50x2.50 að stærð.

12. Siggeir kaupmanni Torfasyni leyft að gjöra kvist á suðurhlið húss hans nr. 13 við Laugaveg.

13. Samúel Jónsson sækir fyrir hönd Árna Einarssonar kaupmanns, um að byggja skúr á lóðinni nr. 28 við Laugaveg. Frestað sakir ónógra uppdráttu.

14. Rannveigu Vilhjálmsdóttur leyft að gjöra 2 tvílyfta skúra á lóðinni nr. 22 D við Grettisgötu, að stærð 6.20x2.50 og 4.20x3.10 m. Leyfið er veitt með því skilyrði að þökunum halli frá eldvarnarveggjum inn á lóðina.

15. Einari trésmið Jónssyni leyft að byggja steinsteypu-skúr 3.70x4.30 m. að stærð á suður horni lóðar hans 39 B við Bergstaðastræti, með því skilyrði að bakinu halli frá nágranna-lóð. Eldvarnarveggir verða á 3 vegu. En hann hefir fengið skriflegt loforð Einar Arnasonar eiganda lóðarinnar að austan til þess að hafa glugga á austurvegg skúrsins fyrst um sinn og er nefndin því samþykk verði leyfinu þinglýst sem kvæð á eigninni.

16. Nefndin endurnýjar tillögu sína frá fundi 13. júní, um sölu á lóð til Guðmundar Jafetssonar.

17. Guðmundi Jafetssyni leyft að hækka húsið nr. 71 við Laugaveg og byggja skúr í norð-vestur horni lóðarinnar 50.00x2.50 m. að stærð.

Fleira ekki tekið fyrir.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson, sem var fjærveranel

K.Zimsen. Sigv. Bjarnason. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1914, hinn 25. júlí var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Var þetta gjört:

1. Einar Erlendsson fyrir hönd Brauns verzlun "Hamborg" biður um að byggingarnefndin ákveði breidd Kolasunds við Austurstræti þar sem verzlunin hefur í hyggju að byggja hús nýtt á hornlóðinni nr. 15 við Austurstræti. Byggingarnefndin ákveður fyrir sitt leyti að væntanlegt hús á þessari lóð skuli standa 8 m. fyrir vestan Íslandsbanka og vera hornrétt við Austurstræti.
2. Friðrik Gunnarssyni leyft að byggja hænsehús 6.00x2.00 m. að stærð á lóð hans 16A við Skólavörðustíg.
3. Sigtryggi Jóhannssyni, fyrir hönd Benedikts Jónssonar leyft að setja kvist á framhlið hússins nr. 8 við Mjóstræti og flytja glugga, dyr og tröppur af austurhlið á norðurgafli.
4. Magnúsi Benjamínssyni úrsmið leyft að stækka eldhússkúr við húsið nr. 23 við Þingholtsstræti um 1.10x2.20 m., að byggja forstofu við norðurgafli hússins 3.25x4.40 m. og geymsluskúr á norðausturhorni lóðarinnar 2.25x2.25 m. að stærð. Loks var honum leyft að gjöra 2 íbúðarherbergi í geymsluskúrnum við norðurenda hússins.
5. Samúel Jónssyni, fyrir hönd Árna kaupmanns Einarssonar leyft að byggja geymsluskúr 7.55x3.15 m. að stærð á lóðina nr. 28 við Laugaveg.
6. Birni söðlasmið Björnssyni leyft að byggja geymsluskúr á suðvesturhorni lóðar hans nr. 24 við Grettisgötu. Grunnflötur skúrsins er 3.55x3.05 og 2.00x2.00 m.
7. Bergi sútara Einarssyni leyft að láta járnþak á skúr, sem hann er að byggja á lóð sinni við Vatnsstíg, ná út yfir eldvarnarvegginn, enda hafi hann rennu utan á veggnum, er leiði þakvatnið inn á hans lóð. Leyfið er veitt til bráðabirgða að því áskýldu, að leyfi nágrannanna sé þinglýst, sem kvöð á eigninni.
8. Jónatan Þorsteinssyni leyft að byggja bifreiðarskýli, 15.20x5.40 metrar að stærð á lóð hans nr. 31 á Laugavegi. Skúrinn stendur meðfram Vatnsstíg.
9. Bæjarstjórnin hefur vísað til nefndarinnar erindi frá Jónatan Þorsteinssyni og Hjálmtýr Sigurðssyni um kvöð, sem hvílir á lóðinni nr. 22 við Lindargötu, til að láta af hendi við bæjarstjórn, lóð til breikkunnar götunni. Erindinu var frestað til næsta fundar.
10. Bæjarstjórnin hefur á fundi 2. apríl samþykkt að leita eftir kaupum á lóðarræmu af Landakotstúni, til framlengingar Unnarstígs. Eigendur túnsins vilja láta af hendi lóð undir



götuna, fyrir 1 kr. hvern fermetir af smáræmu, sem verður fyrir vestam götuna. Nefndin leggur til, að lóðin verði keypt fyrir þetta verð.

11. Erindi frá Hjálpræðishernum um breikkun á Túngötu og Aðalstræti inn á lóð hersins, var frestað.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson, sem var erlendis og Þorvarð Þorvarðarson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. G.Olsen. Sigv.Bjarnason.  
Hjörtur Hjartarson.

Ár 1914, laugardaginn 1. ágúst var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Þetta gjörðist:

1. Þorgrími Sigurðssyni skipstjóra leyft að byggja íbúðarhús 8.75x7.50 metra með skúr 2.00x2.00 m. að stærð, á lóð hans við Unnarstíg (Krókur). Húsið verður nr. 3 við Unnarstíg. Var leyfið veitt með því skilyrði, að keypt verði lóð undir framlenging götunnar og að hann geri akferan veg að húsinu.

2. Jóni Hermannssyni úrsmið leyft að lengja húsið nr.40. við Hverfisgötu um 3.40 m. Breiddin er 3.50 m.

3. Ólafi Þorkelssyni verzlunarmanni leyft að hækka húsið nr. 42 við Laugaveg um ca. 1 1/2 meter og gers sölubóð með skrifstofu í kjallara hússins. Ennfremur að byggja skúr við bakhlíð hússins að stærð 3.20x3.10 m.

4. Þórhalli Bjarnasyni biskup leyft að loka svölunum í Ingólfshúsinu.

5. Þorleifi Jónssyni póstafréttastjóra leyft að gera íbúðarherbergi í suðurenda hússins nr. 2 við Bókhlöðustíg, þar sem nú er heyhús og breyta og bæta við gluggum, enda fullnægi heyhúsið kröfum byggingarsamþykktarinnar.

6. Þórði Erlendssyni leyft að byggja heyhús 8.00x3.80 m. að stærð á suðvesturhorni lóðar hans við Vitastíg nr. 8.

7. H.P.Duus leyft að gera ýmsar breytingar á fiskgeymsluhúsi, sem honum var veitt leyfi til að byggja 1. nóvember 1913. Grunnflötur hússins er óbreyttur, en húsið hækkar um ca. 2 m. og verður í því umbúnaður til fiskburrkunar. Sama manni leyft að setja steingirðingu fyrir lóðinni meðfram Aðalstræti og skal hús standa 12.60 m. fyrir vestan stefnuna á húsunum 5,7, og 9 og samhliða þeirri stefnu. Sneitt skal af horni girðingarinnar við Fischerssund.

8. Borgarstjóri og byggingarfulltrúi lögðu fram tillögur um hvernig breyta skyldi húsnúmerum við Hverfisgötu og féllzt byggingarnefndin á þær.

9. Byggingarnefndin leggur til, að stígurinn hjá Traðarkoti, milli Hverfisgötu og Laugavegs verði nefndur Traðarkotsund og húsin tölusett við það.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson, er var erlendis, Sigvalda Bjarnason og Guðmund Olsen.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1914, miðvikudaginn 19. ágúst var fundur haldinn í byggingarnefndinni þetta gerðist:

1. Jóhann Jóhannesson fór fram á að mega láta dyr og glugga á framhlið skúrs á lóðinni nr. 18 við Aðalstræti. Nefndin vill leyfa breytinguna með því skilyrði að eldvarnarveggur verði gerður við norðurhlið skúrsins, enda sannist það, að byggingarleyfi hafi verið veitt fyrir skúrnum.

2. Runólfur Stefánsson sækir um að mega byggja hús á lóð, er hann hefur keypt úr erfðafestulandi Kristjáns Möllers við Klapparstíg. Bæjarstjórnin hefur á fundi 6. nóvember 1913, samþykkt að breyta erfðafestulandi þessu í byggingarlóð með venjulegum skilyrðum, en greiðsla á gjaldi í bæjarsjóð hefur ekki enn farið fram. Þegar greiðsla á þessu gjaldi er lokið, leyfir nefndin að reisa hið umbeðna hús, sem er 7.50x7.50 m. að stærð, með tveimur skúrum 1.40x2.70 og 1.40x1.20 metrar. Ekki er mögulegt að tölusetja hús þetta með Klapparstíg.

3. Nefndin leggur til að húsin við Klapparstíg verði tölusett að nýju.

4. Sveini Sveinssyni leyft að setja dyr á framhlið kjallara, hússins nr. 14 við Bankastræti.

5. Júlíusi Schou leyfð sú breyting á skúrbyggingu (sbr. byggingarnefndarfund 13. júlí) að skúrin verði 6.6x5.0 metrar að stærð.

6. Eggert Claessen leyft að setja glugga á suðurhlið hússins nr. 14 við Austurstræti, þar sem nú eru dyr.

7. Ásgeir Sigurðssyni fyrir hönd verzlunarinnar Edinborg leyft að byggja reykhlíf við bakhlið hússins nr. 9 við Austurstr.

8. Hlutafélaginu Kveldúlfur leyft að hækka fiskhús á Háakotslóð um ca. 3 metra. Grunnflotur hússins er 47.50x25.00 m.

9. Borgarstjóri lagði fram erindi frá Andrési Hansson Laugavegi 76 um leyfi til að hafa hringekju (Karusell) á lóð inni fyrir norðan Vonarstræti vestanvert við bifreiðarstöðina, en erindi þetta hefur bæjarfógeti sent til umsagnar. Nefndin er því mótfallin að hafa hringekju á þessum stað rétt hjá bifreiðarstöðinni, og telur yfirleitt ekki rétt að leyfa að starfrækja þetta fyrirtæki, sem er engum til gagns, en mun verða til þess, að born og unglingar eyða talsverðu fé að óþörfu.

10. Hjálmtýr Sigurðsson og Jónatan Þorsteinsson fara fram á að leyst verði af lóðinni nr. 22 við Lindargötu kvöð um að afhenda ókeypis lóð til breikkunar Lindargötu. Nefndin leggur til að kvöðin verði afnumin er eigendur loðarinnar girða hana í stefnu við nýju húsin að sunnanverðu við Lindargötu, einsog sýnt er á uppdrætti þeim, er erindi þeirra fylgir. Enda verð-

ur lóðarræman fyrir norðan girðinguna eign bæjarins án nokk  
urs endurgjalds.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Sigv.Bjarnason. Tr.Gunnarsson. Þorvarður  
Þorvarðarson. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1914, laugardaginn 29. ágúst var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Þetta gerðist:

1. A.Hansson sækir um að mega setja upp hringekju á horninu við Njálsgötu og Klapparstíg. Blettur þessi er erfðafestuland, og getur nefndin því ekki veitt leyfið, enda er henni ekki kunnugt um að umsækjandi hafi umráð yfir blettinum.

2. Runólfi Guðjónssyni Bergstaðastræti 9 B leyft að setja glugga á suðurstafn hússins nr. 60 við Bergstaðastræti og að hækka skúr við norðurgöfl hússins um 1.25 metra.

3. Árni Jóhannsson fer framm á að bærinn kaupi lóðarræmu ca. 29 fermetra til breikkunar á Spítalastíg framán af lóð hans. Byggingarnefndin leggur til að bærinn kaupi ræmuna og metur hana á kr. 3.15 fermeternum.

4. Egill W. Sandholt spyr um verð á (lóð) við Laufásveg fyrir vestan Kennaraskólann. Nefndin leggur til að lóð á þessum stað verði seld á kr. 2.50 fermeternum.

5. Ludvig Braun sækir um að mega hækka hús sitt nr. 8 a við Kirkjustræti. Byggingarnefndin getur ekki veitt hið umbeðna leyfi, sem fer í bága við 13. gr. byggingarsamþykktarinnar.

6. Nefndin leggur til að hús við Traðarkotssund verði tölusett þannig að hús Vilhjálms Jakobssonar verði nr. 3, og hús Jóns Pálssonar verði nr. 6.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Sigv.Bjarnason. G.Olsen.  
Þorvarður Þorvarðarson. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1914, laugardaginn 12. september var haldinn fundur í byggingarnefndinni.

Þetta gerðist:

1. Páll Ó. Lárusson trésm. sækir um leyfi til að mega byggja skýli yfir tröppur við húsið nr. 26 A við Skólavörðustíg og honum leyft það. Stærðin er 1.25x2.95 m.
2. Matthíasi Einarssyni lækni að breyta skúr við vesturgafli hússins nr. 44 við Hverfisgötu. Grunnflötur skúrsins stækkar um 5.50 m<sup>2</sup>.
3. Helga Helgasyni trésmið leyft að reisa skúr, 7.80x4.70 m. að stærð, við vesturmörk lóðarinnar nr. 40 við Hverfisgötu.
4. Sigurði Jónssyni og Geir Pálssyni leyft að reisa geymsluskúr, 11.00x2.90 m. að stærð, á vesturmörkum lóðarinnar nr. 12 við Barónsstíg. Eldvarnarveggir verða á 3 vegu.
5. Guðm. Egilssyni leyft að byggja skýli, 1.55x1.25 m. að stærð, yfir tröppur við húsið nr. 26 á Ránargötu.
6. Maríu Jónsson leyft að gera skúr reyk háf í geymsluhúsi á lóðinni nr. 6 við Grettisgötu.
7. Finni Thorlacius, fyrir hönd Jörgens Þórðarsonar, leyft að byggja geymsluhús 3.70x2.40 m. að stærð, á lóð hans nr. 15 við Bergstaðastræti.
8. Jón Þorláksson landsverkfræðingur fer fram á, að ákveðin verði götugaðar Bankastrætis fyrir austan Ingólfsstræti. Frestað að taka ákvorðun um þetta, með því að svo fáir voru á fundi.
9. Lagður fram uppdráttur af Kolasundi. Nefndin heldur fast við fyrri tillögu sína á fundi 25. júlí s.á., að breidd Kolasunds verði ákveðin 8 m.
10. Í tilefni af tillögu þeirri, er samþykkt var á síðasta bæjarstjórnarfundum, um breytingu á byggingarsamþykktinni, voru gerðar ráðstafanir til, að samið yrði frumvarp til nýrrar byggingarsamþykktar fyrir Reykjavíkurbæ.

Á fund vantaði Tr. Gunnarsson, Rögnvald Ólafsson, er var veikur, Sigvalda Bjarnason og Guðm. Olsen., sem var á niðurföfnunarfundi.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðarson. Hjörtur Hjartarson

Ár 1914, laugardaginn 26. september, kom byggingarnefndin saman á fund og gerðis þar það er hér greinir:

1. H.P.Dujs fer fram á, að honum verði veitt undanþága frá ákvæðum 20. gr. bsmþ. að því er kemur til skiptingar á eign hans Hafnarstræti 1 (áður eign I.P.T.Bryde),. Milli lóðarinnar Hafnarstræti 1 og geymsluhússins norðan hennar, er að austan skúr 4.50 m. breiður, en úr því eru á milli húsanna fyrst aðeins 5.60 m. austast, en 6.34 m. vestan. Nú eiga hús þessi að verða séreignir hvort um sig, og vill byggingarnefnd fyrir sitt leyti leyfa skiptinguna þannig lagaða, að syðra húsinu (búðinni) fylgi 3.15 m. breið lóð norðan þess, og verði skúrunum einnig skipt þannig með eldvarnarvegg. Hinu húsinu fylgir þá sunnan með því lóð að vestan 3.19 m. breið, en að austan 2.45 m. - og vill nefndin fyrir sitt leyti mæla með undanþágu frá því að gera eldvarnarvegg úr því skúrnum sleppir. Aftur á móti vill nefndin krefjast þess að eldvarnarveggurinn nái ekki meira en 0.30 m. upp fyrir skúrþakið.

2. Hinn 1. feb. 1913 var Sigurjóni Sigurðssyni leyft að reisa smíðahús á lóðinni Templarasundi 5 (nú Vonarstræti 4). Hús þetta hefur hann ekki byggt, en fer nú fram á að mega reisa þar bráðabirgðaskúr. Nefndin vill leyfa þetta, og sé grunnflöturinn óbreyttur, 11.30x3.75 m.

3. Gísli Björnssyni leyft að lengja geymsluskúr á lóð hans Grettisgötu 8 um 2.20 m. (breiddin er 3.10 m.) og setja reykhálf í skúrinn.

4. Jón landsverkfræðingur Þorláksson skrifar byggingarnefndinni, að hann hafi í hyggju að reisa íbúðarhús úr steinsteypu á vesturhluta lóðarinnar Laugavegi 1, er hann hefur keypt, og mælist til að ákveðin verði húslína á á þessu svæði. Nefndin ákveður að húsalínan við Laugaveg 1 og þaðan inneftir, fyrst um sinn að Smíðjustíg, skuli samhliða (parallel) húsalínu sunnan Laugavegar milli Skólavörðustígs og Klapparstígs og um 12 metrum norðar, svipað og sýnt er með blárri línu á uppdrætti þeim, er bréfi Jóns Þorlákssonar fylgir. Breidd götunnar og húsalínan verður síðar ákveðin með mælingu á staðnum.

5. Á fundi 2. júní síðastl. synjaði byggingarnefndin Flosa Sigurðssyni leyfis til að mega gera bráðabirgða vinnuskýli á erfðafestulandi próf. Eiríks Briem austan við Lækjargötu. Nú (hefur) er samt sem áður verið að gera skýli á þessum stað í leyfisleysi byggingarnefnda og bæjarstjórnar. Ákveðið hefur verið að leyfa ekki byggingar á þessu svæði, og telur nefndin því rétt, að mannvirki þetta verði rifið niður.

Á fund vantaði Tryggva Gunnarsson og Guðmund Olsen.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Sigvaldi Bjarnason. Hjörtur Hjartarson. Rögnvaldur Ólafsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1914, laugardaginn 10. október átti að halda reglu-  
legan fund í byggingarnefndinni kl. 5<sup>1</sup>/<sub>2</sub> síðdegis en þegar eng-  
inn var mettyr kl. 5 1/2 nema byggingarfulltrúi og borgarstjóri  
og ekki náðist til nefndarmanna í síma, varð fundurinn ekki  
haldinn.

K.Zimsen. Hjörtur Hjartarson.



Ár 1914, Þriðjudaginn 13. október var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og gerðist það er hér fer á eftir:

1. Tilkynning frá Kristni Þorleifssyni, um að hann hafi áformað að byggja skúr á lóð sinni nr. 66 við Hverfisgötu, 1.85x2.50 m. að stærð. Nefndin veitir samþykki sitt með því skilyrði, að hann byggi eldvarnarvegg við skúrinn sé hann nær lóðarmörkum en 3.10 m.

2. Þórði Sigurðssyni og Guðmundi Þors einssyni og Guðm. Þorsteinssyni leyft að girða lóðina nr.5 við Spítalastíg með steinsteypugirðingu, er sé í stefnu við húsið nr. 7 og girðingu Árna Jóhannssonar.

3. Jóh.Jóhannessyni leyft að setja dyr á sniðhorn hússins nr. 18 við Aðalstræti og breyta gluggum á kjallaranum og setja birtugrófir, þar sem ekki er gangstétt fram með húsinu mega birtugrófir ekki ná lengra en 25 cm.

4. Ágúst Thorsteinsson leyft til bráðabirgða að þekja yfir part 3.15x3.15 m. að stærð við hús hans nr. 1 við Grettisgötu. Skýli þetta skal tekið burtu bænum, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess.

5. Ásgeir Sigurðssyni konsúl leyft að setja dyr á austurgafi bakhússins á Laufavegi 40.

6. Byggingarnefndin leggur til, að Flosa Sigurðssyni verði leyft að láta bráðabirgðaskýli það, er hann hefur reist á Út-norðurvelli, standa til maí næstkomandi, en þá skal það skilvæðislaust rífið niður.

7. Rætt um lóðarnám til breikkunar Túngötu og Kirkjustrætis.

8. Uppdráttur hafði verið gerður af lóð bæjarins á milli lóðanna nr. 71 við Laugaveg og nr. 90 við Hverfisgötu, er sýb-ir að bærinn á þar 307.2 m<sup>2</sup>, en samþykkt hefur verið að selja Guðm. Jafetssyni ca. 97 m<sup>2</sup>. Samþykkt að leita samninga við Guðm. Jafetsson og Garðar Gestsson eiganda lóðarinnar Hverfisgötu 90, um að kaupa það, sem þá verður eftir.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson, sem er á Vífilsstaðshæli og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðarson. Hjörtur Hjartarson. Sigvaldi Bjarnason.

Ár 1914, hinn 31. október, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og gerðis það, sem hér fer á eftir:

1. Mariu Gísladóttur leyft að stækka skúr við húsið nr. 12 við Holtsgötu, um 2.00x2.00 metra.
2. Jóni Sigmundssyni leyft að setja kvist á framhlið hússins nr. 15 við Njálsgötu.
3. Helga Jósefssyni leyft að lengja skúr, austan við húsið nr. 80 við Hverfisgötu, um 2.60x6.50 metra.
4. Einari Einarssyni trésmið leyft að reisa einlyft íbúðarhús úr timbri á lóð hans nr. 18 við Njálsgötu, að stærð 7.00 x 6.50 metra, með inngönguskúr að stærð 1.00x1.85 metra.
5. Bifreiðafélagi Reykjavíkur leyft að setja reykþáf í bifreiðaskúr þess við Vonarstræti.
6. Eftir uppástungu byggingarfulltrúans, var samþykkt til-laga um tölusetningu húsa við Hverfisgötu.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson, Sigvalda Bjarnason og Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. G.Olsen. Tr.Gunnarsson. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1904, laugardaginn 14. nóvember var fundur haldiinn í byggingarnefndinni, og gerðis það, er hér segir:

1. Ólafur Jónsson Laugalandi fer fram á, að framlengt verði byggingarleyfi frá 2. nóvember 1902, en sem hann hefur ekki enn notað. Þar sem byggingarleyfisgjaldið er enn ógreitt, sér byggingarnefndin ekki ástæðu til að framlengja leyfið.

2. Helgi Magnússon járnsmiður sækir um að mega byggja bráðabirgðasmiðju með skúrþaki á lóð hans nr. 7 við Bankastræti. Stærð 4.40x6.30 n. Nefndin veitir leyfi til þess með þeim skilyrðum, að eldvarnarveggur verði á vesturmörkum, að gaflinn, sem snýr að Bankastræti, verði láréttur að ofan, og að samþykki brunamálanefndar verði fengið, áður en skúrin er tekinn til afnota, sem smiðja. Ennfremur er þá skilyrði, að skúr þessi verði rifinn, þegar byggingarnefnd eða bæjarstjórn krefst þess.

3. Ólafur Grímsson Grettisgötu 59, sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús við Laugaveg í Rauðarárlandi. Beiðni þessari frestað þar til búíð er að breyta hússtöðinu í byggingarlóð.

4. Jón Zöega kaupmaður sækir um að breyta geymsluhúsi á lóð sinni Bankastræti 14 í íshús og reykhus og að byggja skúr við suðurgافل þess, að stærð 3.60x6.30 metrar. Umsókn þessi samþykkt, þó með því skilyrði, að samþykki brunamálanefndar sé fengið áður en reykhusið er tekið til notkunar.

5. Magnús Jónsson, Njálsgötu 17, sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni Grettisgötu 16 B. Stærð 6.00x4.60 metrar, með skúr 2.25x1.90 metrar. Leyfið veitt, enda sé gangstígur frá Grettisgötu 2 m. á breidd að minnsta kosti.

6. Einar Erlendsson, f.h. Sigurðar Gunnlaugssonar, rakara, sækir um að mega byggja viðbyggingu vestan við húsið nr. 11 við Hverfisgötu. Stærð 5.85x7.60 metrar. Umsóknin samþykkt.

7. Beiðni frá Hjálpræðishernum um, að götubreiddin frá Aðalstræti 18 að hinu fyrirhugada húsi á lóð hersins, verði ákveðin 11.30 metrar (18 al.) í stað 12.85 m., eins og áður hefur verið ákveðið. Byggingarnefndin er þeirrar skoðunar, að nendurjaðar Túngötu, sem nú er ákveðin 12.55 m. á breidd, getti að halda áfram í þeirri línu austur í Tjarnargötu. Þá yrði eftir af Hjálpræðisherslóðinni um 10 metra breidd spilda milli Suðurgötu og Tjarnargötu, og mundi því nauðsynlegt að fá ræmu af nágrannalóðinni til að gera hans hæfa fyrir byggingarlóð. En þar sem slík ræma er ekki fól, þá er það tillaga byggingarnefndarinnar að leitað verði kaups á allri nágrannalóðinni, Tjarnargötu nr. 4 og Hjálpræðisherinn látinn fá af henni allt að því jafnstóra spildu og hann verður að láta af hendi til bæjarins undir götu, sem er ca. 183 m<sup>2</sup>, og er þá eftir af hinni keyptu lóð ca. 412 m<sup>2</sup>, og nægilegt hússtöði fyrir 2 hús við Suðurgötu og Tjarnargötu. Vilji bæjarstjórnin ekki fallast á

Þessa tillögu, telur nefndin nauðsynlegt að verða við beiðni Hjalpræðishersins, þar sem lóðin skerðist svo mjög, að hún ekki verður hæf til byggingar, ef haldið verður fast við fyrri ákvörðun bæjarstjórnar um gotubreidd á þessum stað. Verði þetta ráð tekið, þarf að kapa 75-80 m<sup>2</sup> lóð á kr. 12.50 hvern fermetra.

Á fund vantuði Rögnval Ólafsson, G.Olsen og Sigvalda Bjarnason.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Þorvarður Þorvarðarson. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1914, Þriðjudaginn 1. desember kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Beiðni Ólafs Lárussonar Grettisgötu 59 er lá fyrir síðasta fundi, var veitt með því skilyrði, að lóðinni yrði breytt í byggingarlóð samkvæmt ákvæðum bæjarstjórnarinnar. Stærð hússins er 6.90x6.30 m. með skúr 1.25x1.25 m. og salerni 1.10x1.10 m. Húsið verður nr. 11 við Laugaveg.
2. Boga Þórðarsyni á Álafossi leyft að reisa bráðabirgðaskýli við vesturgafli hússins nr. 34 við Laugaveg. Stærð er 5.05x2.50 m.
3. Magnúsi Jónssyni Efri-Brekku leyft að setja glugga á suðurgafli á á kjallara húsi hans við Brekkustíg.
4. Magnúsi Jónssyni Njálsgötu 17, leyft að stækka hús það, er hann á síðasta fundi fékk leyfi til að reisa við Grettisgötu 16 B. Húsið verður að stærð 6.40x5.20 m. með skúr 2.00x1.65 metrar. Lóðin er 198.20 m<sup>2</sup>.
5. Þórður Jónsson úrsmiður sækir um leyfi til að mega reisa fjós, hlöðu og safnbú á erfðafestulandi hans, Kirkjumýri. Stærð 7.70x8.10 og 4.70x4.45 m. Leyfið veitt að því áskí,ðu, að bæjarstjórnin veiti leyfi til að byggja á erfðafestulandinu.
6. Með því að upplýst var um, að Ólafur Jónsson á Lsugalandi, hafði greitt byggingarleyfisgjald það, er getið er um á síðasta byggingarnefndarfundum, var byggingarleyfið samkvæmt beiðni hans framlengt um 2 ár.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Þorvarður Þorvarðarson. Sigv. Bjarnason.  
Hjörtur Hjartarson. G.Olsen. Tr.Gunnarsson.

Ár 1914, hinn 12. desember, kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gJört:

1. Ásgeir Sigurðssyni leyft að láta 2 glugga á suðurhlíð efri hæðar hússins við Hafnarstræti 10.

2. Einar Erlendsson spyrzt fyrir um, hvort byggingarnefndin muni vilja veita ýmsar undanþágur frá byggingarsamþykktinni, í tilefni af því, að hann ætlar að reisa hús með öðru byggingarlagi en gert er ráð fyrir í samþykktinni. Áður en nefndin getur svarað fyrirspurninni, áskilur hún sér að lagðir verði fram upprættir og lýsingar af hinu fyrirhugaða húsi, svo gfeinilega sjáist allt fyrirkomulag þess. En nefndin getur þess, að samkv. 29. gr. byggingarsamb. muni hún veita leyfið til að byggja húsið, ef það fullnægir ákvæðum nefðrar greinar.

3. Johnson & Kaaber biðja um leyfi til að mega setja dyr og glugga á framhlíð hússins nr. 1 í Hafnarstræti. Nefndin veitir hið umbeðna leyfi að því áskildu, að fullnægt verði kröfum byggingarfulltrúa, að því er styrkleika húshlíðarinnar snertir. Einnig var veitt leyfi til að gera ýmsar aðrar smábreytingar á húsinu.

4. Ágúst Bjarnason prófessor spyrst fyrir um verð á 400-500 fermetra byggingarlóð í krikanum við Balduregötu og Bergstaðastræti. Nefndin vill láta lóðina fala fyrir 2.50 kr. hverja fermetna.

5. Erindi Jóns Ólafssonar um kaup á lóð við Balduregötu frestað til nánari athugunar.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson og G.Olsen.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Þorvarður Þorvarðarson. Hjörtur Hjartarson.  
Tryggvi Gunnarsson. Sigv. Bjarnason.

Ár 1915, hinn 5. janúar kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gert, sem hér segir:

1. Steingrímur Guðmundsson trésmiður, sækir um leyfi fyrir hönd fiskifélagsins "Defensör" um að mega byggja íbúðarwúar fyrir verkafólk á lóð þess við Fúlutjörn. En þar sem enginn lóðaruppdráttur fylgir beiðninni, var því frestað.

2. Í tilefni af umkvörtun Einarssonar skipstjóra um að lóð hans við Hverfisgötu, áður nr. 44, nú nr. 82 mundi vera minni en hún ætti að vera samkvæmt útmælingu. Hefir verið gerður uppdráttur af lóðunum sunnan við Hverfisgötu frá Frakkastíg austur að Vitastíg. Á uppdrættinum eru sýnd lóðarmörk þau, sem nú eru og mörkin ~~þau~~ einsog þau eiga að vera samkvæmt byggingarnefndarþók og kemur þá í ljós, að lóðirnar nr. 74, 76, 78, 80 og 82 eru ranglega girtar (gömul nr. 36, 38, 40, 42 og 44) og það þannig, að mörk lóðarinnar nr. 80 eru um 3 metra of austarlega og að lóðin nr. 82 á að ná um 1 meter austur fyrir húsið b.e. út í Vitastíg. Hinsvegar eru allar lóðirnar dýpri frá götu, en þar eiga að vera að meðaltali um 2 metrar.

Virðist byggingarnefndinni rétt, að krefjast þess af lóðareigendum, að þeir færi girðingar sínar á rétt mörk og nefndin ákvað ennfreður að láta gera uppdrátt af lóðunum vestan Vitastígs milli Hverfisgötu og Lsugavegar til þess að gengið verði úr skugga um, hvort þarinn eigi ekki lóð meðfram Vitastíg, sem mögulegt væri að láta Einar Einarsson fá í skiptum fyrir renning þann af lóð hans, sem fer undir Vitastíg.

3. Erindi Jóns Ólafssonar, sem frestað var á fundi 12. des. f.á. (5. liður) var tekið fyrir á ný. Leggur nefndin til að honum verði seld bríhýrnd lóðarspíla við Baldursgötu áfasta við ~~lóð~~ hans á kr. 2.50 hvern fermetra. Stærð spildunnar er ca. 38.6 fermetrar. Hinsvegar vill nefndin ekki að seldur verði sá bríhýrningur fyrir nefnda spildu, sem farið er fram á, en ef umsækjandi vill kaupa hornlóðina við Baldursgötu og Óðinsgötu, mun nefndin mæla með því að hún verði seld fyrir kr. 2.50 hver fermeter.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson og Þorv. Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Hjörtur Hjartarson. Tr. Gunnarsson. G.Olsen.

Ár 1915, hinn 16. janúar kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gert, sem hér segir:

1. Jón Zöega sækir um að byggja opið skýli á lóðinni nr. 14 við Bankastræti. Leyfið veitt. Gjald kr. 2.00.

2. Samþykkt var að selja Jóni Ólafssyni lóðarræmu við Baldursgötu til viðbótar lóð þeirri. Þetta samþykkt var á síðasta fundi (5.5.m.) að selja honum, þannig að hin selda lóð væri öll 103,3 metrar að stærð, og verðið á hvern kr. 2.50 m<sup>2</sup>.

3. Rætt um breytingar á byggingarsamþykktinni.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðarson, Sigvalda Bjarnason og Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr. Gunnarsson. G.Olsen. Hjörtur Hjartarson.



Ár 1915, hinn 30. janúar kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gert:

1. Framlagður uppdráttur af skúr þeim, er fiskifélagið "Defensor" fór fram á að mega byggja á fundi 5. f.m. ásamt lóðaruppdrætti. Uppdrátturinn sýnir, að félagið ætlar að byggja skúr þennan á erfðafestulandi, sem er næst fyrir vestan leigulóð félagsins, og einnig á þeim stað, er líklegt er að vegur komi, og getur byggingarnefnd því ekki veitt hið umbeðna leyfi.

2. Sigurði Halldórssyni leyft að stækka útbyggingu við suðausturhorn Ingólfshússins um 2.28 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 2.00.

3. Leyft að setja dyr á vesturhlið Hótel Ísland. Gjald kr. 2.00.

4. Ennfremur leyft að setja dyr og breyta gluggum á norðurhlið Hótel Ísland og að gera nokkrar breytingar á herbergja-skipun samkvæmt uppdrætti. Leyfi brunamálanefndar þarf til að setja upp bökunarofn. Gjald kr. 2.00.

5. Helgi Magnússon & Co. leyft að breyta dyrum og gluggum á norðurhlið hússins nr. 6 við Bankastræti og taka burtu borðaskilrúm, allt samkvæmt uppdrætti. Gjald kr. 2.00.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson og Guðmund Ólsen.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Sigv.Bjarnason. Hjörtur Hjartarson. Þorv.Þorvarðarson.

Ár 1905, hinn 13. febrúar kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gert:

1. Halldóru Hinriksdóttur leyft að hækka skúr við húsið nr. 5 við Þingholtsstræti og færa stigann út í skúrinn. Gjald kr. 2.00.

2. Elís Pétursson fer fram á að mega hafa langvegg í 12 álna breiðu steinsteypu húsi er hann ætlar að byggja 7 þumlungum þykkum á neðri hæð og 5 þumlunga þykkum á efri hæð í stað 9 og 6 þumlunga eins og ákveðið er í 17. gr. byggingarsamþykktarinnar.

Byggingarnefndin mælir fyrir sitt leyti með undanþágu þessari frá samþykktinni, enda ætlazt hún til að veggurinn sé ekki holur.

3. Guðmundi Gamalielssyni leyft að setja gluggakvist á vesturhlíð hússins nr. 6 A við Lækjargötu, og sé hann í samræmi við kvist þann er þar er fyrir. Gjald kr. 2.00.

4. Kristinn Sigurðsson múrari fer fram á, að sér verði seld lóðarræma norðantil við húsið nr. 13 við Óðinsgötu, 10 metra meðfram götu og 15 metra á dýpt. Nefndin leggur til að honum verði seld lóðarræms þessi fyrir kr. 2.50 m<sup>2</sup>.

Á fund vantaði Rögnvald Olafsson, Tryggva Gunnarson og Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Sigv. Bjarnason. G.Olsen. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1917, hinn 27. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Hlutfélaginu "Defensor" leyft að reisa verkamannaskála 20.55x5.55 metra að stærð, á sveði því er félagið hefur leigt úr Félagstúni. Skilyrði fyrir byggingarleyfinu er, að skálinn verði fluttur burtu, ~~hver~~ þænum að kostnaðarlausu ef veg eða járnbraut þarf að leggja þarsam hann stendur. Gjald 14 kr. 37 aurar. Tryggvi Gunnarsson er þessu ósamþykktur.

2. Sigurði Jóhannessyni Lindargötötu 34 leyft að byggja viðbót við húsið nr. 13 við Nýlendugötu 2.50x6.20 m. að stærð. Ennfremur leyft að rífa niður skúr og heyhlöðu á loftinni samtals 23.65 m<sup>2</sup> að stærð, og að gera nokkrar breytingar á húsinu og setja kvist á suðurhlíð. Gjald kr. 4.02.

3. Hallgrímur prentari Benediktsson fer fram á að mega gera viðbót við Bergstaðastræti og breyta því. Byggingarnefndin gat ekki áttað sig á uppdrætti þeim, sem fyrir lá, og var málinu því frestað.

4. Eyvindi trésmið Arnasyni leyft að byggja skúr við suðurgafli á verksmiðjuhúsi hans Laufásvegi 4 með þeim skilyrðum, að fullnægt sé ákvæðum lo. gr. byggingarsamþykktarinnar um hurðir. Stærð skúrsins er 3.75x3.15 m. Gjald kr. 2.00.

5. Engilbert skipstjóra Magnússyni leyft að hækka hús sitt nr. 1 við Lindargötu og setja á það kvist. Ennfremur að breyta gluggum og stigum í húsinu. Leyfið er því skilyrði bundið, að viðir í veggjum hússins og bitar fylgi ákvæðum byggingarsamþykktarinnar, og var byggingarfulltrúa falið að rannsaka það. Gjald kr. 10.97.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson, Guðmund Ólsen og Þorvarð Þorvarðarson.

Fundi sliðið.

K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Sigv.Bjarnason. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1915, mánudaginn 15. marz, kl. 5 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Þetta gerðist:

1. Hallgrími Benediktssyni prentara leyft að lengja húsið nr. 19 við Bergstaðastræti um 3.20x6.75 m. og hækka kjallarann um 60 cm. og gera nokkrar breytingar á húsinu. Ennfremur að byggja geymsluskúr á lóðinni 7.00x6.70 m. að stærð. Gjald kr. 9.09.

2. Stefáni B. Jónssyni leyft að setja dyr í stað glugga á austurgafli hússins nr. 22 við Njálsgötu. Gjald kr. 2.00.

3. Þórður Jónsson úrsmiður sækir um að mega byggja viðbyggingu við húsið nr. 9 við Aðalstræti. Beiðninni frestað og byggingarfulltrúa falið að leita upplýsinga um ýmislegt byggingunni viðvíkjandi.

4. Oddur Bjarnason Ingólfsstræti 23 tilkynnir að hann ætli með vorinu að girða lóð sína við Spítalastíg og býður bænun til kaups, "fyrir sanngjarnt verð", það sem með þarf undir breikkun götunnar. Samþykkt að leita samninga við hann um kaup á lóðinni.

5. Einar Erlendsson byggingameistari sendir byggingarnefndinni sýnishorn af "Ícopalpappa" og beiðist leyfis til að mega nota hann á húsaþök. Ákveðið var að senda brunamálanefndinni málið til umsagnar.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Sigv.Bjarnason. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1915, laugardaginn 27. marz, kl. 5 síðd. kom bygg-  
ingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Þórði Jómssyni úrsmið leyft að byggja viðbót úr stein-  
steypu við húsið nr. 9 í Aðalstræti 45.7 m<sup>2</sup>. Veggir hússins  
eru járnbentir og leyfir byggingarnefndin samkvæmt 17. gr.  
byggingasamþykktarinnar að hafa útveggi alla (hliðar og gafl)  
30 cm. Þykka á neðri hæð en 25 cm. Þykka á efri hæð, og er því  
ætlazt til, að veggirnir séu nógu traustir til þess að byggja  
ofan á þriðju hæðina, enda er það skilyrði að steypan sé ekki  
veikari en 1:3:6. Kjallaraveggir og grunnveggirnir skulu vera  
40 cm. á þykkt. Það athugast við uppdráttinn, að ekki má hafa  
glugga á hornsneiðingunni að norðanverðu, þar sem fjærlægd  
frá næsta húsi er aðeins 2.8 metrar. Gjald kr. 12.67.

2. Rich. Braun kaupmanni leyft að byggja reykþáf í vest-  
urenda prentsmiðjuhússins á lóð hans í Austurstræti 17.  
Gjald, kr. 2.00.

3. Hólmfróði Rósinkranz og Þórunni Finnsdóttur leyft að  
gera inngönguskúr við norðurhlið hússins nr. 18 við Aðalstr.  
Stærð skúrsins 3.50x1.60 m. Gjald, kr. 2.00.

4. Erindi Guðjóns Helgasonar í Laxnesi, um byggingu á  
Melkotslóð, var vísað til byggingarfulltrúa til athugunar.

5. Eyvindur Árnason sækir um leyfi til að byggja eina  
hæð ofan á timburgeymsluhús sitt við Laufásveg 2. Byggingar-  
nefndin hefir ekki haft tækifæri til, að rannsaka hvort vegg-  
ir hússins eru nógu traustir og þykkir, og frestaði því mál-  
inu og fól byggingarfulltrúa að athuga málið.

6. Jens Lange málara leyft að byggja viðbót við húsið  
nr. 3 í Þingholtsstræti, að stærð 11.45x6.00 m. Jafnframt ríf-  
ur hann niður hús á baklóðinni 15.60x7.60 að stærð. Það athug-  
ast við uppdráttinn, að stigi er ekki sýndur, en það er skil-  
yrði, að löglegur stigi verði settur í húsið. Enafremur var  
honum leyft að breyta skúr á lóðinni og stækka grunnflöt hans  
um 11 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 18.86.

7. Péttri Þ.J. Gunnarssyni leyft að setja dyr á Hótel Ís-  
land þeim megin er að Vallarstræti snýr. Gjald kr. 2.00.

8. Beiðni Kristínar Ólafsdóttur í Nesi, um leyfi til að  
setja glugga á norðurhlið hússins nr. 1 við Austurstræti, vísað  
til byggingarfulltrúa til athugunar.

Fleira ekki gert. - Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson,  
G.Ólsen og Sigvalda Bjarnason.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Hjörtur Hjabarson. Þorvarður  
Þorvarðarson.

Ár 1915 hinn 12. apríl, kl. 5 síðdegis, kom byggingarnefndin saman á skrifstofuborgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Kristínu Ólafsdóttur leyft að láta glugga á norðurhlið hússins nr. 1 Austurstræti. Gjald kr. 2.00.

2. Eyvindi Árnasyni trésmið synjað um leyfi til að byggja ofan á timburgeymsluhús sitt á lóðinni Laufásveg 2, vegna þess, að nefndin álitur ekki undirveggina nógu trausta.

3. Guðjón Helgason í Laxnesi, sækir, fyrir hönd Magnúsar Einarssonar í Melkoti, um byggingarleyfi á Melkotslóðinni. Nefndin sér ekkert því til fyrirstöðu að byggt verði á lóðinni.

4. Hlutafélaginu "Kveldúlfur" leyft að reisa fiskburkunar- og geymsluhús á Móakotslóð, að stærð 50.40x10.75 m. Gjald kr. 139.03. Leyfið er veitt með þeim fyrirvara, að lóðinni verði breytt í byggingarlóð, ef hún reynist að vera erfðafestuland.

5. Eggert Claessen leyft að setja dyr og 2 glugga á vesturhlið hússins nr. 8 við Aðalstræti (Gamlq Bíó) og setja tvennar dyr og glugga út að ganginum við norðurhlið hússins gj. kr.2.00

6. Jóni Laxdal leyft að byggja skýli, að stærð 5.60x6.25 m. fyrir sunnan húsið nr. 14 við Nýlendugötu. Verði tekið af lóðinni til breikkunnar Nýlendugötu, er það gert að skilyrði, að skýlið verði tekið í burtu. Þænum að kostnaðarlausu, og lóðin skoðuð sem óbyggð lóð. Gjald kr. 2.80.

7. Ludvig Bruun konditor leyft að breyta 2 gluggum á norðurhlið hússins nr. 8 A við Kirkjustræti. Gjald kr. 2.00.

8. Karel Hjört Þorssyni leyft að byggja íbúðarhús á erfðafestulandi hans í Vatnsmýrinni, 6.30x5.10 m. að stærð. Gjald kr. 4.50. Byggingarnefndin leyfir að nota hola steina, eins og hann fer fram á.

9. Samúel Jónssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 17B við Skólavörustíg. Eldvarnarveggur verður við vesturhlið kvistsins. Gjald kr. 2.00.

10. Þórði Jónssyni úrsmið leyft að breyta viðbótarbyggingu þeirri í Aðalstræti 9, er hann fékk leyfi til að byggja á fundi 27. marz, í timburhús með eldvarnarvegg. Gjald kr. 2.00.

11. Bæjarvekfræðingurinn tilkynnir, að byggt verði skýli yfir mulningsvél bæjarins í Skólavörðuholtinu fyrir austan Grænuborg.

Fleira eigi gert.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson. Fundi slitið.

K.Zimsen. G.Olsen. Sigv.Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1915, laugardaginn 1. maí, var fundur haldinn í byggingarnefndinni kl. 5 síðdegis. Þetta gerðist:

1. Steingrími Guðmundssyni trésmið leyft að setja kvistglugga á austurhlíð húss hans, nr. 4 við Amtmannsstíg. Gjald kr. 2.00.

2. Stjórn Landsbankans leyft að breyta innréttingu á húsinu "Sílóam" við Grundarstíg og breyta því í íbúð uppi og niðri. Ennfremur leyft að gera skúr austan við húsið, 3.25x2.00 m. að stærð. Gjald kr. 3.00.

3. Helgu Ketilsdóttur leyft að lengja húsið nr. 55 við Hverfisgötu um 3.25 m. Breidd hússins er 6.90 m. Eldvarnarveggur skal ná út fyrir bakskegg eftir fyrirsögn byggingarfulltrúa. Gjald kr. 4.49.

4. Sigurði Jónssyni Bergstaðastræti 34B leyft að gera viðbót við suðurgafli hússins, Bergstaðastræti 34B, 4.05x6.90 m. að stærð. Eldvarnarveggur verður við suðurgafli viðbótarinnar. Ennfremur leyft að gera steinsteypta girðingu umhverfis alla lóðina. Gjald kr. 5.31.

5. Hlutafélaginu "Gutenberg" leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 6 við Þingholtsstræti. Stærð skúrsins er 13.45x3.80 m. og eldvarnarveggir á 3 vegu. Ennfremur leyft að byggja uppgönguskúr við prentsmiðjuhúsið 4.40 x5.40 m. og verður eldvarnarveggur á 2 vegu. Jafnframt verður rifinn niður skúr 2.60x1.80 m. að stærð. Þess er getið að lóð hlutafélagsins hefur verið skipt og fylgja húsinu nr. 6 við Þingholtsstræti 365.25 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 16.19.

6. Magnúsi Árnasyni trésmið leyft að hækka bakskúr við húsið nr. 2 við Túngötu. Gjald kr. 2.00.

7. Jóni Þorlákssyni landsverkfræðingi leyft að reisa þrílyft steinsteypuhús á lóð hans við Bankastræti og verður húsið nr. 11 við þá götu. Stærðin er 17.85x11.10 m. Leyft að hafa gólf úr járnbentri steinsteypu og miðstöðvarhitun í húsinu. Gjald kr. 102.23.

8. Eiríki Bjarnasyni járnsmið leyft að byggja skúr úr steinsteypu, 2x3 m. að stærð, við norðurgafli smiðjunnar í lóðarmörkum. Gjald kr. 2.00.

9. Byggingarnefndin leggur til, að Gunnari Gunnarssyni kaupmanni verði heimilað svæði á stakkstöðinu norðanvert við Hafnarstræti, allt að 19 m. með götu, til að byggja þar á bráðabirgðaskýli fyrir vörur, enda skili hann svæðinu innan árs í sama ástandi og hann tekur við því.

10. N.P.Kirk leyft að byggja bráðabirgðaskýli fyrir skrifstofur á stakkstöðinu fyrir norðan Hafnarstræti. Stærð skýlisins er 10x5 1/2 m., og er það skilyrði, að það verði rífið um leið og hafnarverkinu er skilað. Gjald kr. 7.26.

11. Islandsbanki sækir um leyfi til að byggja ofan á Melstedshús, en málinu frestað vegna ónógra uppdráttar.

12. Rætt var um tillögur til breytinga á byggingarsam-  
þykktinni í þá átt, að leyfa ekki framvegis að byggja timb-  
urhús í miðbænum, frá Lækjargötu vestur að túnum, og annar  
staðar í bænum, þar, sem þurfa þykir. Nefndin komzt að  
þeirri niðurstöðu, að rétt væri að fresta að taka ákvörð-  
un um þetta, þar til sendimaður brunabótafélags dönsku  
kaupstaðanna er hingað kominn.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tryggvi Gunnarsson. G.Olsen. Sigv.Bjarnason.  
Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.



Ár 1915, laugardaginn 15. maí, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Íslandsbanka leyft að gera viðbót norðan við Melstedshús, nr. 1 við Lækjartorg, að stærð 4.20x8.25 m., og að byggja eina hæð þversum ofan á gamla húsuð ásamt viðbótinni. Eldvarnarveggur verður við norðurgafli hins nýja húss, sem að öðru leyti verður byggt úr timbri. Brot verður á austurhlíð hússins, þannig að ca. 6.40 m. verði frá Thomsenshúsi. Byggingarnefndin veitir þetta leyfi til timburhúsbyggingar einungis af því, að höfuðviðgerð fór fram á þessu húsi í fyrra í þeim tilgangi, að byggt yrði ofan á það, enda er það áskilið, að "múrað sé upp í binding" á allri viðbótinni.

Tryggvi Gunnarsson er mótfallinn þessu leyfi og borgarstjóri greiddi ekki atkvæði.

Íslandsbanki hefur ennfremur spurzt fyrir um það, hversu langan eldvarnarvegg og háan þurfi að byggja áfast við suðurhlíð Melstedshúss, sem veit að bankahúsinu, til þess að löglegt afsal geti farið fram á Melstedshúsi. Samkvæmt byggingarsamþykktinni þarf eldvarnarveggur að ná það langt austur með hlíð Melstedshúss, að minnst 6.30 m. sé á milli hússins við enda veggisins. Hæðin á að vera svo mikil, að veggurinn nái 16 cm. upp fyrir hæð hússins. Byggingarleyfisgjald kr. 20.72.

2. Valdimar Loftssyni leyft að setja dyr á norðurgafli kjallarans undir húsinu nr. 14 við Vitastíg. Gjald kr. 2.00.

3. Einari Erlingssyni leyft að gera nokkrar breytingar á framhlíð og herbergjaskipun hússins nr. 104 við Laugaveg. Gjald kr. 2.00.

4. Haraldur Jónssyni, Lindargötu 16, leyft að byggja bifreiðarskúr í norðvesturhorni lóðarinnar nr. 63 við Laugaveg, 5.40x3.70 m. að stærð. Eldvarnarveggur skal vera á tvo vegu og skúrinn að öðru leyti járnvarinn. Leyfið er veitt að askildu samþykki lóðareigandans. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

5. Þorgrími Guðmundssyni, Laugavegi 70, leyft að gera steinsteypuhús í suðvesturhorni lóðarinnar nr. 70 við Laugaveg, að stærð 10.50x6.70 m., og að byggja skúr 3.50x2.20 m. að stærð, svo og að flytja safngryfju til á lóðinni. Gjald kr. 15.70. Þar sem ætlað er til að nota hús þetta fyrir fjós, verður að leita samþykkis heilbrigðisnefndar til þess.

6. Hans Petersen kaupmaður sækir um leyfi til að byggja steinsteypuhús á lóðinni nr. 3 við Skólastræti. En þar sem tæpir 2 m. eru frá byggingum á lóðinni nr. 1 og húsið virðist ekki vera nema 3 m. frá suðurmörkum lóðarinnar, getur byggingarnefndin ekki veitt hið umbeðna leyfi.

7. Gunnar Gunnarsson kaupm. fer fram á að mega byggja bráðabýrgðaskýli á brunarúst verzlunarinnar "Godthaab", í stað þess er brann, en honum var leyft að byggja á stakkstæðinu

við Hafnarstræti. Meiri hluti nefndarinnar vill veita leyfi til þessa með því skilyrði, að eigandi lóðarinnar leyfi það og að skýlið verði rífið fyrir 1. maí 1916, enda sé byggingin ekki nær húsinu nr. 18 við Austurstræti en 6.30 m. og járnvaríð og þokkalegt útlits.

8. Helga Magnússyni járnsmið leyft að setja dyr á stað glugga á vesturhlið hússin nr. 9 við Bankastræti. Gjald kr.2.00.

9. Sama leyft að setja kvistglugga á húsið nr. 6 við Bankastræti.

10. Sigurjóni Sigurðssyni leyft að byggja geymsluhús úr steinsteypu 22.00x7.50 m. að stærð, á sláturhúss-lóðinni við Klapparstíg, sem hann hefur keypt af Gunnari Gunnarssyni. Gjald kr. 17.20.

11. Helgi Helgason trésmiður sækir um að flytja geymsluhús á lóðinni nr. 57 við Hverfisgötu og breyta því í íbúðarhús. Málinu frestað og vísað til byggingarfulltrúa til athugunar.

12. Ólafur Björnsson ritstjóri sækir um leyfi til að lengja skúrinn austan við Ísafoldarprentsmiðju og byggja ofan á hann. Málinu frestað og vísað til byggingarfulltrúa til athugunar.

Fleira gerðist ekki.

A fund vantaði Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðsson.  
Sigv.Bjarnason. G.Ólsen.

Ár 1915, laugardaginn 29. maí, var fundur haldinn í bygg-  
ingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra, kl. 5 síðdegis.

Þetta gerðist:

1. Helga Helgasyni trésmið leyft að flytja geymsluhús á  
lóðinni nr. 57 við Hverfisgötu og breyta því í íbúðarhús. Jafn-  
framt stækkar grunnflötur hússins um 9.80 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 7.29.

2. Hans Petersen kaupmanni leyft að reisa tvílyft hús  
kjallaralaust á lóð sinni nr. 3/ við Skólastræti, sem hann  
hefur keypt sumpart af H/F Gutenberg og sumpart af ekkjufrú  
Máriu Ólafsdóttur og er 421.8 m<sup>2</sup> að stærð. Stærð hússins er  
9.80x8.45 m. með skúr 2.75x1.60 m. og verður það allt byggt  
úr steinsteypu. Gjald kr. 21.72.

3. Ólafur Björnsson ritstjóri sækir um/áð byggja viðbót-  
arbyggingu við Ísafoldarprentsmiðju, og er viðbótin í því fólgin  
að lengja austur að Vallarstræti skúrinn við austurgöfl aðal-  
hússins og byggja eina hæð ofan á hann. Skúr þessi er byggð-  
ur úr timbri með eldvarnarvegg að austan, og vill nefndin ekki  
leyfa að gera umbetun á honum, en vill hinsvegar leyfa að byggt  
verði á þessum stað tvílyft hús úr steinsteypu, er nái ekki  
lengra norður en að hinni ákveðnu götustegnu Austurstrætis og  
ekki og ekki lengra suður en í stefnu við ákveðna húsalínu  
Vallarstrætis. Að svo miklu leyfi, sem dyr verða milli þessa  
húss og gamla hússins, skulu þær vera járnvarðar. Byggingar-  
leyfi veitist ekki fyrri en ný beiðni og uppdráttur liggur  
fyrir.

4. Gísli Þorbjarnarsyni leyft að gera nokkrar breytingar  
á húsinu nr. 14 við Laugaveg. Gjald kr. 2.00.

5. Gísli Þorbjarnarson sækir um leyfi til að mega setja  
upp hringekju á lóð sinni nr. 46 við Bergstaðastræti. Þar  
sem bæjarstjórnin hefur á fundi 20. þ.m. synjað um leyfi til  
að setja upp og starfrækja hringekju hér í bænum, getur bygg-  
ingarnefndin ekki veitt hið um beðna leyfi.

6. Einar Erlendsson sækir fyrir hönd Péturs A. Ólafsson-  
ar á Patreksfirði um leyfi til að byggja einlyft timburhús á  
lóð hans við Skothúsveg, og er grunnflötur hússins 13.40x10.30  
m. Á uppdrættinum er aðeins sýndur einn stigi ca. 90 cm. á  
breidd og kemur þetta í bága við 25. gr. byggingarsamþykktar-  
innar og getur nefndin ekki þegar af þeirri ástæðu veitt hið  
umbeðna leyfi, enda telur nefndin varhugavert að leyfa svona  
stóra timburbyggingu.

7. Samúel Jónsson trésmiður sækir fyrir hönd Jóns Páls-  
sonar um leyfi til að lengja og hækka húsið nr. 16 við Vatns-  
stíg. Uppdráttur af lóðinni fylgir ekki og er því málinu frest-  
að, enda vill byggingarnefndin ekki ákveða neitt um þessa beiðni  
fyrri en bæjarstjórnin hefur gert ákvarðanir um byggingu timb-  
urhúsa í bænum.

8. R.P.Leví kaupmaður sækir um leyfi til að gera viðbót úr steini við skúr á baklóðinni nr. 18 við Laufásveg. Leyfið veitt, og er viðbótin 7.30x4.60 m. að stærð, auk salernis að stærð, 1.20x1.25 m. Gjald kr. 6.23.

9. Sigurði Halldórssyni leyft að gera geymsluskúr á lóðinni nr. 29 A við Ránargötu 8.15x2.50 m. að stærð. Skúrinn skal gera úr steinsteypu eða steini. Gjald kr. 2.00.

10. Beiðni frá Jónasi Jónssyni um að byggja skúr við húsið nr. 1 við Unnarstíg, frestað þar sem enginn lóðaruppdráttur fylgir.

11. Helga Magnússyni leyft að lengja húsið nr. 9 við Bankastræti, fram í götulínuna í Bankastræti, sem ákveðin er frá Ingólfsstræti austur að Smiðjustíg, og er stækkunin 5.75 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Ennfremur er honum leyft að byggja eina hæð ofan á húsið, að því tilskildu að hann fái undanþágu frá 17. gr. byggingarsamþykktarinnar, til að hafa útveggi í kjallara 40 cm. þykka í stað 47, og á 1. gólfi 31 cm. í stað 40, og mælir byggingarnefndin með að þessi undanþága verði veitt, þar sem húsið er aðeins 4 m. að breidd að meðaltali og loft öll úr járnbentri steinsteypu. Leyfið til að lengja húsið er bundið því skilyrði, að bæjarstjórnin selji lóðarblettinn. Gjald kr. 13.15.

12. Byggingarnefnd mælir með því, að Flosa Sigurðssyni verði leyft að láta vinnuskýlið á Útnorðurvelli standa, þang- að til hann hefur lokið byggingu á vinnuskýli við Klapparstíg, er leyfið var á fundi byggingarnefndar 15. þ.m., þó ekki lengur en til júnímánaðatloka.

13. Gunnari Þórðarsyni leyft að byggja skúr 3.80x2.20 m. að stærð, á lóð hans nr. 64 við Laugaveg. Eldvarnarveggur verður við austurhlíð skúrsins. Gjald kr. 2.00.

14. B.H.Bjarnason kaupm. kvartar í bréfi til bæjarstjórnar, dags. 28. þ.m., yfir því, að Þórði Jónssyni úrsmið hafi verið leyft að byggja hús á norðurmörkum lóðarinnar nr. 9 við Aðalstræti, þar sem það verði svo nálægt sínu húsi, og fer fram á það, að bæjarstjórnin felli byggingarleyfi Þórðar úr gildi. Byggingarnefndin getur ekki mælt með þessu.

15. Hannesi Hafstein bankastjóra leyft að reisa einlyft steinsteypuhús með "Mansard"-þaki, 11.65x10.40 m. að stærð, við Grundarstíg nr. 8. Lóðin er að stærð 315.60 m<sup>2</sup>. Byggingarnefnd lætur þess getið, að henni þykir útlit hússins vera ljótt, að ástæða gæti verið til að nota heimild þá, sem gefin er í 3. gr. laga 2. febrúar 1894, um breytingu á opnu bréfi 29. maí 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík, til að banna byggingu hússins, en hefur þó ekki viljað beita heimildinni í þetta sinn. Gjald kr. 39.76.

frh.

16. Oddfellow-félaginu leyft að gjöra þá breytingu á herbergjaskipun á efri hæð Ingólfshvols, sem félagið hefur keypt, að einn salar verði gerður yfir þveran vesturenda hússins og hvelfing yfir, er nær upp undir kak, og tekzt þá jafnframt af "valminn" á vesturgafli hússins. Jafnframt mælir byggingarnefndin með því, að félaginu verði veitt undanþága frá 25. gr. byggingarsamþykktarinnar til að taka burtu bakstiga hússins frá 1. hæð og upp úr. Gjald kr. 2.00.

17. Einar Erlendsson hefur sótt um leyfi til að mega nota "Icobal"-pappa á bak í stað járnslá á eitt eða tvöhús í útjaðri bæjarins og brunamálanefndin nefur mælt með því að leyfið verði veitt á einu eða tveimur smáum steinhúsum, en byggingarnefnd vill fyrir sitt leyti ekki veita leyfi til þess.

18. Samþykkt svohljóðandi tillaga til samþykktar um viðbót við byggingarsamþykkt fyrir Reykjavíkur-kaupstað 7. sept. 1903: "Framvegis má ekki byggja neitt hús í Reykjavíkurbæ úr öðru efni en steini eða steinsteypu nema þar sem opin bygging er, þ.e. þar sem hús er ekki sett nær lóðarmörkum en 3.15 m. og minnst 2 metra frá götujaðri. Á slíkum stöðum skal heimilt að byggja járvarin timburhús, sem eru ekki stærri en 75 m<sup>2</sup> að flatarmáli og mega timburhús aldrei vera hærri en tvílyft og íbúð ekki á meira en tveimur gólfum fyrir ofan kjallara".

Samþykkt þessi nær einnig til aðalbreytinga á eldri timburhúsum og viðbóta við þau.

Þau ákvæði í byggingarsamþykktinni 7. sept. 1903, sem koma í bága við þessa samþykkt eru úr gildi numin."

Fleira ekki gert.

A fund vantaði ~~Rögnvald~~ Rögnvald Ólafsson og Guðmund Olsen.

Fundi slitið kl. 10.50.

K.Zimsen Tr.Gunnarsson. Sigv.Bjarnason. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1915, laugardaginn 12. júní, kl. 5 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. H.P.Duus leyft að byggja sjálfstæðan reykháf 17.6 m. háan, við fiskurrkunarhúsið Aðalstræti 4. Gjald kr. 2.00.
2. Hallgrími Benediktssyni prentara leyft að byggja skúr á baklóðinni nr. 19 við Bergstaðastræti, 15.0x3.0 m. að stærð og með eldvarnarveggjum á brjá vegu. Kemur skúr þessi í stað skúrs, 7.00x6.79 m. er nefndin leyfði á fundi 15. marz b.á. Gjald kr. ~~2~~x 2.00.
3. Halldór Högnason sækir fyrir hönd Sigurðar Jónssonar steinsmiðs um leyfi til að byggja geymsluskúr úr timbri, 6.30 x4.40 m. að stærð, við vesturgötu hússins nr. 52 við Njálsgötu. Nefndin vill veita leyfi með því skilyrði, að skúrinn verði allur byggður úr steini eða steinsteypu, sem sjálfstæð bygging, og má hakið ekki hallast að eldvarnarveggjum. Gjald kr. 74.60.
4. Kristinn Sigurðsson múrari fer fram á að mega byggja skúr úr timbri á lóðarmörkum í norðausturhorni lóðarinnar nr. 13 við Óðinsgötu, 7.40x3.10 m. að stærð. Nefndin getur ekki leyft skúrinn á þessum stað, nema hann verði gerður allur úr steini með eldvarnarveggjum, en leyfir að byggja hann úr timbri sé hann settur 3.15 m. frá lóðarmörkum á báða vegum. Gjald /kr. 2.00.
5. Jón Þorláksson landsverkfræðingur sækir um leyfi til að hornsneiða suðausturhornið á kjallara og stofuhæð hússins nr. 11 við Bankastræti, sem nú er í smíðum, og er það samkomulag milli hans og Helga Magnússonar, að Helgi afsali sér þá kauparétti að lóðarspildu þeirri, suður af húsi sínu nr. 9, er bæjarstjórnin hefur samþykkt að selja honum. Byggingarnefndin vill verða við þessari beiðni. Tr.Gunnarsson var á móti að leyfa þetta. Gjald kr. 2.00.
6. Einari Runólfssyni trésmið leyft að ~~reiða~~ **reiða** dyr á norðurhlíð kjallara hússins nr. 34 við Lindargötu, þar sem nú er gluggi. Gjald kr. 2.00.
7. Geir Zöega kaupmanni leyft að setja smákvist á húsið nr. 6 við Vesturgötu. Gjald kr. 2.00.
8. Eyvindur Árnason sækir um að mega innrétta íbúð í timburgeymsluhúsinu við smíðaverksmiðju hans Laufásvegi 2. Málínu frestað.
9. O. Forberg landssímastjóri spyr um, hvernig hagað muni verða götu frá Laufásvegi að Fríkirkjuvegi, vestur af Skálholtsstíg, þar sem hann ætlar að byggja hús á lóð, er hann kaupir af Sigurði Thoroddsen við þessa götu og Laufásveg. Nefndin telur hæfilegt að gatan verði höfð 10 m. breið og liggi hornrétt á stefnu Laufávegar. Eins og sýnt er með bláum stryk-

um á uppdrætti heim, er fyrirspurn Forbergs fylgir. Við þessa ráðstofun teks snei af lóð þeirri er Forberg kaupdir og leggur, og leggur nefndin til, að hann fái í skiptum þríhyrning af barnaskólalóðinni álíka stóran, þannig, að mörkin milli lóðanna verði hornrétt á Laufásveg, enda geri hann steinvegg á lóðarmörkum.

10. Helgi Jónsdóttir í Tungu sækir um leyfi til að byggja fjós, sem sumpart á að standa á lóð hans og sumpart á erfðafestulandi. Málinu frestað til að athuga lóðarstærðina.

11. Ólafur Björnssyni ritstjóra leyft að byggja viðbótarbyggingu austan við Ísafoldarprentsmiðju, 17.00x5.00 m. að stærð, og kemur þessi bygging í staðinn fyrir skúr þann, sem leyfður var á fundi byggingarnefndar 3. marz 1906, 21x7 al. að stærð. Húsið skal allt gera úr steinsteypu með eldvarnarvegg að austan, og dyraumbúningur og hurðir milli þessa húss og gamla hússins skulu járnvarðar. Hlið viðbyggingarinnar við Austurstræti skal vera í ákveðinni götustefnu Austurstrætis og við Vallarstræti skal hliðin vera í þeirri stefnu, sem þar er ákveðin. Gjald kr. 11.79. Tryggvi Gunnarsson er mótfallinn þessu byggingarleyfi.

12. Einar Erlendsson fer enn fram á að mega nota til reynslu "Icopal"-pappa á bök á 2 húsum í útjöðrum bæjarins. Byggingarnefndin er enn sömu skoðunar og hún var 29. f.m. að ekki beri að veita hið umbeðna leyfi, og er aðal ástæða nefndarinnar sú, að hún vill ekki að svo stöddu hverfa frá því, að það eingöngu bárujárn á bök, þar sem hún telur meiri eldvörn í því.

13. Einar Erlendsson byggingameistari sækir fyrir hönd Péturs Ólafssonar konsúls á Patreksfirði um undanþágu frá 25. gr. byggingarsamþykktarinnar til að hafa aðeins einn stiga 90 cm. breiddan, í húsi, sem hann ætlar að reisa við Skothúsvæg, og sem er 138 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Nefndin mælir með því, að undanþágan verði veitt til að hafa aðeins 1 stiga í þessu húsi, þar sem það er aðeins ætlað fyrir eina fjölskyldu, enda verði stiginn minnst 1 meter á breidd og gjörður úr járnþentri steinsteypu.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Rognvald Ólafsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Hjörtur Hjartarson. Sigv.Bjarnason. G.Olsen.  
Tryggvi Gunnarsson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1915, hinn 26. júní kl. 5 var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Á lóð dánarbús Ólafs Sveinssonar hefur verið gerður skúr 12.20x2.20 m. að stærð og aðrir skúrar er þar voru rífn. Ir, allt án leyfis byggingarnefndar. Yfir þessu hefur verið kært fyrir bæjarfógeta, en nú fer Georg Ólafsson, fyrir hönd dánarbúsins fram á, að skúrin megi standa óhaggaður. Nefndin mælir með því, að byggingarleyfi verði veitt, með því skilyrði, að eldvarnarveggur verði settur við vesturhlíð skúrsins og hann járnvarinn að öðru leyfti. Gjald kr. 2.00.

2. Samúel Jónsson trésmiður, fyrir hönd Jóns Pálssonar, sótti um leyfi til að lengja og hækka húsið nr. 16 við Vatnsstíg. Bygging þessi, sem er úr timbri gerð, mundi koma í bága við byggingarsamþykktina, og getur nefndin því ekki leyft hana.

3. Guðmundi Sveinbjörnsson cand. jur. leyft að byggja einlyft steinsteypuhús á lóð, er hann kaupir úr búi móður sinnar við Túngötu, og verður húsið nr. 8 við þá götu. Lóðin er að stærð 410,60 m<sup>2</sup>, og húsið 11.75x8.65 m. með skúr 1.40x2.30 m. Gjald kr. 20.71.

4. O. Forberg landssímastjóra leyft að byggja íbúðarhús, einlyft úr steinsteypu við Laufásveg, á lóð, er hann hefur keypt af Sigurði Thoróðsen (sbr. síðasta fund byggingarnefndar 9. lið) og verður húsið nr. 8. Stærð lóðarinnar er 369 m<sup>2</sup> og hússins 11.60x9.00 m. Það athugast, að eitt suðurherbergi á lofti hússins er ekki haft til íbúðar og er þess getið á uppdrættinum. Gjald kr. 37.59.

5. Lagt fram bréf stjórnarráðsins, þar sem það beiðist umsagnar um kærnu B.H. Bjarnasonar kaupmanns út af byggingarleyfi Þórðar Jónssonar úrsmíðs. Var samið álit, er verður fært inn í gjörðabókina hér á eftir.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson og Guðmund Ólsen.

Fundi sliðið.

K. Zimsen. Tr. Gunnarsson. Sigv. Bjarnason. Þorvarðarson. Þorvarðarson. H. Hjartarson



Álit um keru B.H.Bjarnason, er getur um í 5. lið fundargerðarinnar hér að framan:

Stjórnarráðið hefur beiðzt umsagnar byggingarnefndar um erindi frá kaupmanni B.H.Bjarnason hér í bænnum dags. 9. t.m. þar sem hann áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði byggingarnefndar og bæjarstjórnar um að Þórði úrsmíð Jónssyni sé leyft að byggja nýtt hús á lóð hans við Aðalstræti 9 hér í bænnum, en með erindi þessu krefst B.H.Bjarnason þess, að stjórnarráðið felli úr gildi umrætt byggingarleyfi Þórðar Jónssonar.

Ástæður B.H.Bjarnason fyrir kröfu þessari eru tvær:

1. Að lóðin, sem fylgir húseigninni nr. 9 sé minni en ákveðið er í byggingarsamþykkt Reykjavíkur að fylgja skuli íbúðarhúsum, og hafi því verið óheimillt að veita umrætt byggingarleyfi

2. Að byggingarleyfi Þórðar Jónssonar komi í bága við leyfi til að byggja húsið nr. 7 við Aðalstræti, er byggingarnefnd veitti 21. febrúar 1881, þar sem hið nýja hús Þórðar taki útsýni, sól og birtu frá húsinu nr. 7, og hafi því verið óheimillt að veita Þórði Jónssyni byggingarleyfið.

Byggingarnefnd fær ekki séð, að gengið hafi verið að neinu leyfi á rétt B.H.Bjarnason kaupmanns með því að veit Þórði Jónssyni leyfi til að byggja umtráttada byggingu (viðbótarbyggingu) við húsið nr. 9 við Aðalstræti og leyfið kemur heldur ekki í bága við byggingarsamþykkt kaupstaðarins að neinu leyti og virðist því ekki geta komið til mála, að umkvörtun kaupmannsins verði tekin til greina. Þegar umkvörtunin lá fyrir nefndinni 29. maí síðastliðinn var nefndin á einu máli um, að hún veri ekki á rökum byggð, og á fundi bæjarstjórnar 3. júní, fékk beiðni B.H.Bjarnason um að fella byggingarleyfi Þórðar Jónssonar úr gildi ekkert atkveði.

Til svars ástæðum þeim, er B.H.Bjarnason færir fyrir kröfu sinni, skal þessa getið:

1. Samkvæmt lóðargjaldaskrá bæjarins er 311 lóð tilheyrandi eigninni nr. 9 við Aðalstræti  $566.8 \text{ m}^2$  að stærð, og er á henni byggt íbúðarhús  $198.7 \text{ m}^2$  og geymsluhús  $45.3$  fermetrar, samkvæmt uppdrætti er fylgdi lóðinni um byggingarleyfi, og er byggð lóð þannig  $198.7$  plúss  $45.3 = 244.0$  fermetrar alls, sem stendur heima við lóðargjaldskrá. Ennfremur er gjört þar yfir óbyggða lóð á  $6$  fermetra svæði. Viðbyggingin, sem leyft var að gera, er samtals  $45.7 \text{ m}^2$ , og er ætlað til að hafa íbúð í henni.

Samkvæmt 14. gr. byggingarsamþykktarinnar á að fylgja hverfu íbúðarhúsi lóð, er ekki sé minni en hússtæðið, þó með þeirri ívilnuð að hússtæði má vera allt að  $2/3$  þeirra lóða, sem liggja að tveim götum.

Á þessari lóð verður grunnflötur íbúðarhúsa samtals  $198.7$  plúss  $45.7 = 244.4 \text{ m}^2$ . Íg annara bygginga  $45.3 + 60 = 51.3 \text{ m}^2$ . og verður þannig eftir óbyggð lóð  $566.8 \div (244.4 + 51.3) = 566.8 \div 295.7 = 271.1 \text{ m}^2$ , sem þarf samkvæmt byggingarsamþykkt að vera  $244.4 \text{ m}^2$ . Hér við athugað þó, að ræma framan af lóð þessari hefur verið tekin til breikkunar á Aðalstræti, án

Þess að nokkuð hafi komið til frádráttar á lóðagjaldskrá, og hefur þessi ræna verið 61.8 fermetrar að stærð, eftir því, sem næst verður komið. Þessi lóð kemur því til frádráttar og verður óbyggð lóð húseignarinnar þá  $271.1 \div 61.8 = 209.3$  fermetrar, en það eru 35.1 fermetrum minna en ákveðið er í byggingarsamþykktinni. Ef lóðin hefði legið að tveim götum hefði nægt 122.2 fermetrar óbyggð lóð, en þar sem hún er áföst við stórt opið sveði, þar sem er hinn mikli garður Halldórs Danielssonar, yfirdómara, og loftrými því meira, en þótt lóðin hefði legið að tveim götum, fannst byggingarnefndinni ástæða til að nota heimildina í 14.gr. samþykktarinnar til að veita ívilnun að því er óbyggð lóð snertir, þegar lóð skerðist við götubreikkun, og veitti hún umbeðna byggingarleyfi samkvæmt þeirri heimild.

2. Byggingarnefndin fær ekki séð, að gengið sé á rétt B.H.Bjarnason þótt eiganda nágrannalóðar sé leyft að byggja hús á lóðarmörkum, þegar gett er fyrirmæla um eldvarnarveggi heldur hlýtur það að vera vafalaus réttur hvers lóðareiganda að mega hagnýta sér lóð sína, án tillits til hagsmuna nágranna, ef ekki hvíla sérstakar kvæðir á lóðinni, en það er ekki hlutverk byggingarnefndarinnar að rannsaka slíkt.

B.H.Bjarnason heldur því fram, að sú kvöð hvíli á lóðinni nr 9 við Aðalstræti að ekkert megi gætt á henni, sem geti rýrt eða eyðilaggt húsið nr. 7 við sömu götu og þar sem hún nýja hús Þóráar Jónssonar taki útsýni, sól og birtu frá nefndu húsi hans, hafi verið óheimilt að veita byggingarleyfið.

Byggingarnefndin letur ósagt um, hvort nokkrar kvæðir kunni að hvíla á umræddri lóð, en hún heldur því fram, að henni sé það algjörlega óviðkonandi, heldur sé það mal milli eiganda lóðanna einöngu.

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðarson. Sigv. Bjarnason.  
Hjörtur Hjartarson.

Ár 1915, laugardaginn 10. júlí, kl. 5 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóni Sveinssyni trésmið leyft að hækka uppöfnuskúr við bakhlíð hússins nr. 14 B. í Ósthússtreiti og jafnframt leyft að gera nokkrar breytingar á innréttingu og gluggum hússins. Gjald kr. 2.72.

2. Gunnari Gunnarsyni kaupmanni leyft að reisa brílyft hús úr steinsteypu á lóð hans við Hafnarstreiti nr. 8, 15.40 x 9.75 m. að stærð, með skúr við bakhlíð 2.40 x 2.90 m. í húsinu á að vera miðstöðvarnitun. Gjald kr. 77.94.

3. Eyvindi Árnassyni trésmið leyft að innrétta til íbúðar timburgeymsluhús hans við Laufásveg nr. 2, enda verði múr- og upp í öll op á steinvegg þeim, er snýr að verksmiðjuhúsinu og gangi svo frá útveggjum hússins, sem byggingarfulltrúi ákveður. Gjald kr. 2.00.

4. Helgi Jónsson í Tungu fer fram á að meða byggja fjós 9.10 x 12.00 m. að stærð á lóð hans við Laugaveg (Tungu). Bygging þessi nær samkvæmt uppdrættinum 5 m. vestur fyrir lóðarmörkin, inn á erfðafestuland Helga, og vill nefndin því aðeins leyfa þessa byggingu, að Helgi kaupí 5 m. breidda ræmu af erfðafestulandinu meðfram allri lóð sinni, sem er 33.7 m. (54 al.) á lengd. Leggur nefndin til, að lóðin verði seld á kr. 1.25 fermeternum. Ef saman gengur er byggingarleyfisgjald kr. 11.36.

5. Þórarinn Jónsson Unnarstíg 1 sækir um leyfi til að byggja viðbót úr timbri við hús sitt þar. Nefndin getur ekki veitt hni umboena leyfi með því þá mundi koma í bága við byggingarsamþykktina, að því er snertir stærð timburhúsa.

6. Borgarstjórnin hefur vísað til byggingarnefndar umsókn Engilberts Magnússonar um kaup á lóðarræmu við Lindargötu nr. 1. Málinu vísað til byggingarfulltrúa til athugunar.

7. Borgarstjórnin hefur vísað til byggingarnefndar erindi Ólafs Björnssonar, dags. 30. f.m., þar sem hann fer fram á að fá að byggja viðbygginguna við Ísafoldarprentsmiðju (sbr. 3. lið fundargerðar 29. maí og 11. lið 12. júní) jafnalannt fram í Austurstreiti og samla prentsmiðjuhúsið nær. Byggingarnefndin sér ekki ástæðu til að verða við þessari beiðni og heldur fast ákvörðun sinni frá 12. júní.

8. Einari Erlendssyni f.h. Péturs Ólafssonar á Patreksfirði leyft að byggja einlyft íbúðarhús á lóð Péturs Ólafssonar við Skoðhúsveg og verður húsið nr. 2 við þá götu. Hús þetta á að byggja úr steinsteypu með 23 cm. þykkum veggjum fyrir ofan kjallara, en innan útveggina er ætlað til að komi vegur úr plösum plönkum og 9 cm. bil á milli. Stærð hússins er 13.40 x 10.30 m. með útskoti 4.50 x 1.25 m. og 3 skúrum 4.50 x 3.30, 2.85 x 4.50 og 3.50 x 1.30 m. Leyfið er því skilyrði bundið, að

undantága stjórnarráðsins fáið til að hafa aðeins einn stiga í húsinu eins og nefndin mælti með á fundi 12. júní. Ennfremur áskilur nefndin, að uppdráttur verði sendur til hennar af húsinu eins og það nú verður með þeim breytingum, sem samþykktar hafa verið. Leyft er að hafa miðstöðvarlofthitun í húsinu. Byggingarleyfisgjald kr. 49.97.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson og Tryggva Gunnarsson, en Guðmundur Olsen fór áður en 8. liður var tekinn fyrir.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Hjörtur Hjartarson. Sigv. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1915, laugardaginn 10. júlí, kl. 5 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóni Sveinssyni trésmið leyft að hækka uppgönguskúr við bakhlíð hússins nr. 14 B. í Pósthússtræti og jafnframt leyft að gera nokkrar breytingar á innréttingu og gluggum hússins. Gjald kr. 2.72.

2. Gunnari Gunnarssyni kaupmanni leyft að reisa brílyft hús úr steinsteypu á lóð hans við Hafnarstræti nr. 8, 15.40 x 9.75 m. að stærð, með skúr við bakhlíð 2.40x2.90 m. í húsinu á að vera miðstöðvarnitun. Gjald kr. 77.94.

3. Eyvindi Arnasyni trésmið leyft að innrétta til íbúðar timburgeymsluhús hans við Laufásveg nr. 2, enda verði múrað upp í öll op á steinvegg þeim, er snýr að verksmiðjuhúsinu og gangi svo frá útveggjum hússins, sem byggingarfulltrúi ákveður. Gjald kr. 2.00.

4. Helgi Jónsson í Tungu fer fram á að mega byggja fjós 9.10x12.00 m. að stærð á lóð hans við Laugaveg (Tungu). Bygging þessi nær samkvæmt uppdrættinum 5 m. vestur fyrir lóðarmörkin, inn á erfðafestuland Helga, og vill nefndin því aðeins leyfa þessa byggingu, að Helgi kaupi 5 m. breiða ræmu ar erfðafestulandinu meðfram allri lóð sinni, sem er 33.7 m. (54 al.) á lengd. Leggur nefndin til, að lóðin verði seld á kr. 1.25 fermeterinn. Ef saman gengur er byggingarleyfisgjald kr. 11.36.

5. Þórarinn Jónsson Unnarstíg 1 sækir um leyfi til að byggja viðbót úr timbri við hús sitt þar. Nefndin getur ekki veitt nið umþæna leyfi með því það mundi koma í bága við byggingarsamþykktina, að því er snertir stærð timburhúsa.

6. Bjarstjórnin hefur vísað til byggingarnefndar umsókn Engilberts Magnússonar um kaup á lóðarræmu við Lindargötu nr. 1. Málinu vísað til byggingarfulltrúa til athugunar.

7. Bjarstjórnin hefur vísað til byggingarnefndar erindi Ólafs Björnssonar, dags. 30. f.m., þar sem hann fer fram á að fá að byggja viðbygginguna við Ísafoldarprentsmiðju (sbr. 3. lið fundargjörðar 29. maí og 11. lið 12. júní) jafnlangt fram í Austurstræti og gamla prentsmiðjuhúsið nær. Byggingarnefndin sér ekki ástæðu til að verða við þessari beiðni og heldur fast ákvörðun sinni frá 12. júní.

8. Einari Erlendssyni f.h. Péturs Ólafssonar á Patreksfirði leyft að byggja einlyft íbúðarhús á lóð Péturs Ólafssonar við Skothúsveg og verður húsið nr. 2 við þá götu. Hús þetta á að byggja úr steinsteypu með 23 cm. þykkum veggjum fyrir ofan kjallara, en innan útveggina er ætlað til að komi veggur úr plögðum plönkum og 9 cm. bil á milli. Stærð hússins er 13.40x10.30 m. með útskoti 4.50x1.25 m. og 3 skúrum 4.50x3.30, 2.85x4.50 og 3.50x1.30 m. Leyfið er því skilyrði bundið, að

undantága stjórnarráðsins fáið til að hafa aðeins einn stiga í húsinu eins og nefndin mælti með á fundi 12. júní. Ennfremur áskilur nefndin, að uppdráttur verði sendur til hennar af húsinu eins og það nú verður með þeim þreytingum, sem samþykktar hafa verið. Leyft er að hafa miðstöðvarlofthitun í húsinu. Byggingarleyfisgjald kr. 49.97.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Rögvald Ólafsson og Tryggva Gunnarsson, en Guðmundur Olsen fór áður en 8. liður var tekinn fyrir.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Hjörtur Hjartarson. Sigv. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1915, laugardaginn 31. júlí kl. 5 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Þetta gerðist:

1. Helga Zöega kaupmanni leyft að byggja fiskfurrkunarhús á lóð hans á horninu á Nýlendu- og Ægisgötu, 9.10x7.65 m. að stærð, og stendur það áfast við austurgafi húss þess, sem nú er á lóðinni. Gjald kr. 19.21.

2. Framlagt bréf stjórnarráðsins, dags. 22. júlí, þar sem tilkynnt er að stjórnarráðið hafi úrskurðað kætu B.H.Bjarnarson út af byggingarleyfi Þórðar Jónssonar úrsmíðs, á þá leið að byggingarleyfið skuli óbreytt standa, eins og byggingarnefnd og bæjarstjórn hefur veitt það.

3. Sláturfélagi Sýðurlands leyft að byggja 2 skúra sunnan og austan á lóð félagsins við Lindargötu, og er stærð þeirra 28.75x6.30 og 17.80x1.60 m. Skúrarnir verða byggðir úr steinsteypu og eldvarnarvegg á austurmörkum. Gluggi má ekki vera á norðurenda eystri skúrsins, þar sem B stendur á uppdrættinum. Gjald kr. 38.60.

4. Ástríði Petersen og Ragnheiði Guðjohnsen leyft að setja kvist á suðurhlið hússins nr. 8 við Bókhöðustíg. Hinsvegar vill nefndin ekki leyfa skúrbyggingu þá, er þar fara fram á við vesturaafli hússins. Gjald kr. 2.00.

5. Á fundi byggingarnefndar 29. maí var Lögð fram beiðni frá Þórarni Jónssyni um leyfi til að gera viðbótarbyggingu við húsið nr. 1 við Unnarstíg og var beiðninni frestað af því að enginn lóðaruppdráttur fylgir. Síðan lá málið ekki fyrir byggingarnefnd fyrri en á fundi 10. júlí og var þá synjað um leyfi til þessarar viðbyggingar af því að hún verður nær lóðarmörkum en ákveðið er í viðbót við byggingarsamþykktina, sem þá var nýlega komin í gildi. Þórarinn Jónsson hafði litið svo á, er honum var tilkynnt úrslit máls ns á fundi 29. maí að ekki væri annað til fyrirstöðu því að leyfið yrði veitt, en að lóðaruppdrátt vantaði, og lét hann því smíða grind hússins og reisti það áður en honum var tilkynnt synjunina. - Hús þetta með 2 inngönguskúrum og viðbyggingunni er að flatarmáli 81.3 m<sup>2</sup>, og stendur á lóðarmörkum með eldvarnarvegg, en af því að svona sérstaklega stendur á, ~~lóðarmörkum~~ að hin nýja samþykkt var ekki komin í gildi, er beiðnin lá fyrst fyrir byggingarnefnd og misstillningur beiðanda afsakanlegur, þá vill byggingarnefndin fyrir sitt leyti mæla með því, að leyft verði að gera umrædda viðbyggingu sem er 3.10x8.70 m. að stærð. Gjald kr. 6.97.

6. Magnúsi Bjarnasyni leyft að breyta búðargluggum á austurgafli hússins nr.16 við Aðalstræti og setja dyr á norðurhlið þar sem nú er gluggi. Tröppur mega ekki ná meira en 50 cm. út á gangstétt. Gjald kr. 2.00.

7. Engilbert Magnússon hefur farið fram á að fá keypta lóðarspildu á bak við húsið nr. 1 við Lindargötu. Nefndin

vill láta þessa lóð í skiptum fyrir lóðarræmu sunnan við hús-  
ið, er bæjarstjórnin þarf að fá til breikkunar Lindargötu, er  
þessi ræma nokkrum fermetrum stærri en baklóðin og telur nefnd-  
in samngjarnt að greiða kr. 2.50 fyrir hvern fermetra.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Guðmund Olsen og Rögnvald Ólafsson. Tr.  
Gunnarsson fór af fundi áður en 7. mál var tekið fyrir.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Sigv.Bjarnason. Hjörtur Hjartarson. Þorvarð-  
ur Þorvarðarson.



Ár 1915, laugardaginn 14. ágúst, kl. 5 síðdegis kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Geir Pálsson trésmiður sækir um leyfi til að byggja steinsteypuhús við Barónsstíg næst fyrir norðan húsið nr. 12 og áfast við það. Atlazt er til að nota eldvarnargöfl þess húss fyrir göfl í hi nýja hús, en með því að sá veggur er ekki nægilega traustur það ekki leyft. Atlazt er til að gangur að bakhlíð hins nýja húss sé sameiginlegur fyrir bæði húsin, en ekki liggja fyrir neinir samningar milli lóðar- eiganda þar að lútandi. Ennfremur virðist hið nýja hús eiga að standa sumpart á á lóð hússins nr. 12. Af öllum þessum ástæðum verður hið umbeðna leyfi ekki veitt.

2. Sláturfélagi Suðurlands leyft að gera ýmsar breytingar á skúrbyggingu, sem því var leyft að reisa á fundi byggingar- nefndar 31. f.m. Grunnflötur breyttist þannig, að í stað skúrs- ins, sem áður var 17.80x1.60 m. verður nú 8.50x2.90 m. Gjald kr. 33.38, í stað 38.60. kr.

3. Jóni Kristjánssyni prófessor leyft að gera bráðabirgða- skúr á baklóð sinni við Tjarnargötu nr. 14. Stærð 2.25x3.50m. Gjald kr. 2.00.

4. Ólafur Björnsson ritstjóri tilkynnir, að hann geti eigi notað byggingarleyfi það, er honum var veitt 10. f.m., og fer fram á, að mega láta hina fyrirhuguðu viðbyggingu við Ísa- foldarprentsmiðju ná jafn langt fram í Austurstræti og hún, með þeirri miðlun, að hann geri hornið ávalt, eins og er á húsi Jóns Þorlákssonar við Bankastræti. Telur hann sig misrétti beittan ef hann fái ekki leyfi til þessa, eins og Jón Þorlaks- son. Nefndin getur ekki kannast við, að hér sé eins ástatt og í Bankastræti, þar sem hús Jóns Þorlákssonar er byggt í þeirri götustefnu, sem bæjarstjórnin hefur ákveðið, en Ólafur Björns- son fer fram á að mega byggja sitt hús um 2 m. út fyrir ákveðna götustefnu. - Byggingarnefnd vill ekki mæla með breytingu á fyrri samþykkt viðvirkjandi þessari fyrirhuguðu byggingu.

5. Guðmundur Böðvarsson tilkynnir, að hann ætli að girða lóð við vesturgöflinn á húsi sínu nr. 9 við Grundarstíg, og er hún á stærð 41.8 m<sup>2</sup>. Jafnframt býður hann þænum kaup á þessari lóð, sem fer til breikkunar á Grundarstíg, fyrir 51 kr. og leggur nefndin til að boð þessu verði tekið.

6. Bæjarstjórnin hefur vísað til nefndarinnar erindi frá Eggert Briem um kaup á lóðarræmu til breikkunar Bókhöðustíg meðfram húseigninni nr. 7 og mun vera um 30 m. að stærð. Nefnd- in leggur til að lóðin verði keypt fyrir kr. 4.50 m<sup>2</sup>.

7. Ákveðið var að taka framvegis ekki fyrir á fundum nefndarinnar, þau erindi, sem koma til byggingarfulltrúa seinna en 2 dögum fyrir fund, og var borgarstjóra falið að auglýsa þetta.

Fleira ekki gert. Á fund vntaði Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr. Gunnarsson. Hjörtur Hjartarson. G.Olsen.  
Sigv. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.

G.Olsen.

Ár 1915, fimmtudaginn 19. ágúst kl. 12 á hádegi, kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Fyrir lá:

Beiðni frá stjórnarráði Íslands um breytingu á húsinu nr. 22 við Austurstræti. Er breytingin í því fólgin að gera sölubúð úr neðri hæð hússins og breyta framhlið þess, svo að þar komi 4 stórir búðargluggar og innganginum breytt.

Byggingarnefndin lítur svo á, að þetta geti ekki ~~skadast~~ sem höfuðbreyting, og samþykkir þessa breytingu fyrir sitt leyti.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Tr. Gunnarsson. G. Olsen. Sigv. Bjarnason.  
Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1905, mánudaginn 30. ágúst, kl. 5 síðd. kom byggingar-  
nefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Leyft að setja bráðabirgðaskúr við vesturgafli á hús-  
inu nr. 3 B við Norðurstíg, en með því að skúrinn stendur á  
lóð, er ætlað er undir framlengingu Nýlendugötu, er leyfið  
því skilyrði bundið, að skúrinn verði rifinn þænum að kostnað-  
arlausu, hvenær sem þess verður krafist. Stærð skúrsins er  
2 1/2x5 m. Gjald kr. 2.00.

2. Sesselju Ólafsdóttur leyft að stækka skúr við bakhlíð  
hússins nr. 14 við Skólavörðustíg, um 2.05 m<sup>2</sup>., hækka hann og  
setja í hann stiga. Ennfremur leyft að setja litlan glugga-  
kvist á framhlíð hússins. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

3. Gísli Guðmundsson gerlafræðingur sækir um leyfi til  
að rífa gamla partinn af húsinu nr. 11 við Smiðjustíg og byggja  
vi nýja partinn þannig, að húsið allt verði 9.35x7.50 m. Jafn-  
framt vill hann rífa niður 2 skúra við húsið og byggja nýjan  
skúr við bakhlíð hússins 1.90x1.90 m. að stærð. Vill hann  
gera hina nýju byggingu úr timbri og verður hún 3.15 m. frá  
suðurmörkum lóðarinnar, en þar sem húsið stendur í götujaðri  
Smiðjustígs, getur byggingarnefnd ekki veitt hið umbeðna leyfi  
nema því aðeins að hið nýja hús ver i byggt úr steini eða stein-  
steypu eða húsið allt flutt inn frá götujaðri um 2 m. Gangi  
beiðandi að þessum kostum er byggingarleyfisgjald kr. 10.60.

4. Hannesi Þorsteinssyni skjalaverði synjað um leyfi til  
að stækka salernaskúr og byggja forstofuskýli á lóðinni nr.  
20 við Klapparstíg, þar til uppdráttur liggur fyrir, er sýni  
stærð lóðar og afstöðu bygginga á henni (lóðinni).

5. Magnúsi Guðmundssyni bátasmið leyft að gera vinnuskýli  
25x13 m. að stærð á ló , er bæjarstjórnin hefur leigt honum  
við sjóinn fyrir vestan lóð Slippfélagsins og norðan lóð "Stein-  
ars". Húsið verður byggt úr timbri og klætt utan með jarni,  
þó skal vera eldvarnarveggur á lóðarmörkum "Steinars". Vest-  
urveggur hússins er á lóðarmörkum hinnar leigðu lóðar, en nefnd-  
in sér ekki ástæðu til að krefjast eldvarnarveggs þar. Bygg-  
ingarleyfisgjald kr. 65.00.

6. Byggingarnefndin leyfir fyrir sitt leyti sameignarfé-  
lagi Norðurmýrarblettis nr. 2, að gera safngryfju við austurgafli-  
inn á heyhúsi því, er stendur á erfðafestulandinu. Gjald kr.2.00

7. Byggingarleyfisbeiðni Geirs Pálssonar við Barónsstíg  
lo enn frestað vegna þess, að settum skilyrðum byggingarnefnd-  
ar á síðasta fundi hefur ekki verið fullnægt.

8. Árni Jónsson kaupmaður sækir um leyfi til að byggja  
2 timbureymsluskýli úr timbri og sumpart með eldvarnarveggjum  
á lóðinni nr. 54 við Hverfisgötu. Nefndin sér sér ekki fært  
að leyfa þessa byggingu nema með steinveggjum á 3 vegu, en

þar sem líkur eru fyrir því, að þærinn eigi lalsvert af þeirri lóð, sem ætlaðt er til að byggja á, frestar nefndin beiðninni til rannsóknar á því atriði.

9. Lagður fram uppdráttur af framhlið húsdins nr. 22 við Austurstræti, eins og ætlaðt er til að hún verði eftir breytinguna, er samþykkt var á fundi byggingarnefndar 19. þ.m., og var uppdrátturinn samþykktur. Byggingarleyfisgjaldið fyrir þá þar breytingarnar er alls kr. 4.00.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Tryggva Gunnarsson og ~~Tryggva~~ Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Sigv. Bjarnason. G.Olsen. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1915, miðvikudaginn 1. september kl. 2 síðdegis, var aukafundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Og var þá tekin fyrir:

Beiðni Geirs Pálssonar trésmiðs um húsbyggingu á lóð hans nr. 10 við Barónsstíg. Hefir hann nú fullnægt öllum skilyrðum, sem byggingarnefndin krafðist á fundi 14. ágúst, er byggingarleyfisbeiðni hans lá fyrir. Var honum nú leyft að reisa einlyft íbúðarhús úr steinsteypu með háum kjallara, 9.40x7.70 m. að stærð, og er lóðin, sem fylgir þessu húsi 158.2 m<sup>2</sup>. Við suðurenda hússins er gangur í gegn um það, inn á baklóðina, og verður þessi gangur jafnframt til afnota fyrir húseignina nr. 12, og verður þetta þinglesið, sem kvöð á eigninni nr. 10. Húsið verður byggt áfast við norðurgaflinn á húsinu nr. 12, og skal haga öllum frágangi við þann vegg samkvæmt fyrirmælum byggingarfulltrúa. Ennfremur athugast það, að bæjarverkfæðingurinn ákveði hœð væntanlegrar gangstéttar meðfram húsinu, áður en gólf er lagt í ganginn og dyr settar á kjallarann. Byggingarleyfisgjald kr. 17.98.

Það athugast, að lóðin með húsinu nr. 12, er, samkvæmt skjölum sem legið hafa frammi, 604 ferálnir.

Fleira var ekki gert.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson, og P.Olsen.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Sigv.Bjarnason. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1915, laugardaginn 11. september, kl. 5 síðdegi, kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Eyvindi Eyvindssyni leyft að gera geymsluskúr, 3.75 x 1.90 m. að stærð, á lóð hans nr. 48 við Njálsgötu. En verði skúrinn byggður úr timbri, verður hann að standa 3.15 m. frá lóðarmörkum. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

2. Magnús Einarsson dýralæknir sækir um leyfi til að byggja geymsluhús, 7.45x4.45 m. að stærð, á norðurmörkum lóðarinnar nr. 6 við Túngötu. Byggingarnefndin veitir leyfið með því skilyrði, að húsið verði gert úr steini eða steinsteypu. Jafnframt verður rífið niður gamla geymsluhúsið. Byggingarleyfisgjald kr. 3.65.

3. G.Eiríkss. umboðssala leyft að gera kjallara inngang í suðurgötu hússins nr. 2 við Lækjartorg; mega tröppurnar ekki ná lengra fram en tröppur þær, sem fyrir eru. Ennfremur er honum leyft að setja lúgu í stað glugga á suðurgötu hússins uppi. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

4. Sigurjóni Sigurðssyni trésmið leyft að byggja 2 skúra við smíðahús hans við Klapparstíg, og er stærð þeirra 11.60x7.90 og 10.60x4.50 m. Byggingarleyfisgjald kr. 15.42.

5. Steingrímur Guðmundsson/<sup>trésmiður</sup> sækir um leyfi til að byggja skúr, 4.65x2.80 m. að stærð, á lóð kvennaskólans við Fríkirkjuveg. Nefndin veitir leyfið með því skilyrði, að skúrinn verði byggður úr steini eða steinsteypu eða að öðrum kosti standi 3.15 m. frá lóðarmörkum. Ennfremur leyft að lengja salernaskúr um 1.25x1.25 m. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

6. Verzlun Jóns Þórðarsonar leyft að setja dyr í stað glugga á vesturhlíð hússins nr. 1 við Þingholtsstræti. Gjald kr. 2.00.

7. Hannesi Þorsteinssyni skjalaverði leyft að byggja skýli yfir forstofuinngang hússins nr. 20 við Klapparstíg, og er stærð þess 1.60x1.25 m. Salernaskúr, sem veitt var leyfi fyrir 16.3.1907 hefur verið breytt í geymsluskúr, og stækkaður, svo grunnflötur hans er nú 5.00x2.10 m. í stað 5x2 1/4 al., og samþykkti nefndin þessar breytingar. Gjald kr. 2.00.

8. Th. Thorsteinsson leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr timbri á Kirkjusandi, stærð 10.00x7.50 m., með skúr 1.05x1.25 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 19.64.

9. Árna Jónssyni kaupmanni leyft að reisa skýli yfir timbur á lóðinni nr. 54 við Hverfisgötu, 21.90x7.55 m. að stærð, með steinsteypuveggjum á 3 vegu. Það er upplýst, að þarinn á nokkurn hluta lóðar þeirrar er fylgir húseigninni nr. 54 við Hverfisgötu, en að svo stöddu verður ekki sagt með áreiðanlegri

vissu hversu stór sá lóðarhluti er. Það hefur því orðið samkomulag við lóðareiganda, að láta þetta útkljáð, þar til lóðin verður skrásett, og skuldbindur hann sig þá til að kaupa það sem bærinn á fyrir kr. 3.75 hvern fermetra, og sömuleiðis að láta fyrir sama verð, það, sem bærinn þarf á sínum tíma til breikkunar Hverfisgötu, framan af lóðinni. Byggingarleyfisgjald kr. 16.53.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði G.Ólsen, Rögnvald Ólafsson og Tr.Gunnarss.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Hjörtur Hjartarson. Sigv.Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.



Ár 1915, laugardaginn 2. október, kl. 5 síðd. kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Bjarna Jónssyni Bergstaðastræti leyft að innrétta til íbúðar kjallara í húsinu nr. 75 við Laugaveg, að áskildu samþykki heilbrigðisnefndar. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

2. Steingrími Steingrímssynk á Klöpp leyft að reisa skúr, 3.75x3.75 m. að stærð, vestanvert við skúr Þorgeirs Pálssonar á Klapparlóð. Leyfið er því skilyrði bundið, að hann taki skúrinn burtu, hvenær, sem byggingarnefnd eða bæjarstjórn krefst þess, og greiði í bæjarsjóð 5 kr. grunnleigu á ~~xxxxxx~~ ári meðan skúrinn stendur, auk venjulegs lóðargjalds. Gjald kr. 2.00.

3. H/f Bifreiðafélagi Reykjavíkur 1915 leyft að flytja bifreiðarskúrinn við Vonarstræti um rúmlega lengd sína til vesturs og lengja hann um 3.75 m. Breidd skúrsins er 5.65 m. Gjald kr. 4.00.

4. L.Kaaber konsúl synjað um leyfi til að byggja hjall á hornlóðinni við Smiðjustíg og Hverfisgötu.

5. Lúðvig Hafliðasyni kaupmanni leyft að hækka skúr við norðurhlíð hússins nr. 28 við Vesturgötu og setja í hann stiga. Gjald kr. 2.00.

6. Þorgrími Guðmundssyni Laugaveg 70, leyft að lengja geymsluskúr þann, er hann fékk byggingarleyfi fyrir á fundi nefndarinnar 15. maí þ.á. um 0.80 m. Breiddin er 2.20 m. Gjald kr. 2.00.

7. Birni Jónssyni bakara leyft að byggja 2 geymsluskúna á lóðinni nr. 14 A við Frakkastíg úr steini eða steinsteypu. Stærðin er 4.20x5.20 og 3.65x2.85 m. Eftir framlögðum uppdretti er lóðin 199.5 fermetrar og er hún keypt úr lóðinni nr. 24 við Grettisgötu. Gjald kr. 5.16.

8. Kolbeinn Þorsteinsson skipstjóri tilkynnir, að hann hafi rífið niður skúr, 3.75 x5.00 m. að stærð á lóðinni nr. 53 við Hverfisgötu, og byggt þar lystihús, 2.50x2.85 m. að stærð. Nefndin samþykkir þessa breytingu. Gjald kr. 2.00.

9. Sigurjóni Sigurðssyni trésmið leyft að reisa einlyft hús með porti og risi og úr steinsteypu við Vonarstræti, og verður húsið nr. 8 við þá götu. Stærð hússins er 13.30x10.10 m., með skúr 4.50x3.95 m. Húsið stendur ca. 3 m. fyrir norðan götufaðar. Stærð lóðarinnar verður síðar mæld. Byggingarleyfisgjald kr. 51.11.

10. Richard Braun kaupmanni leyft að breyta í sölubúð geymsluhúsinu við Austurstræti 17 og setja lúgu í stað glugga

á austurgafllinn. Eru breytingar þessar leyfðar til bráðabinga-  
far sem eigandinn tekur fram í umsókn sinni, að hann muni eft-  
ir 2 ár rífa niður allar byggingar á eigninni, og byggja þar  
upp að nýju. Gjald kr. 2.00.

11. Pétri Þ.J. Gunnarssyni leyft að setja kvist á austur-  
hlið hússins nr. 8 B við Suðurgötu. Gjald kr. 2.00.

12. Gunnari Gunnarssyni kaupmanni leyft að setja kvist  
á framhlið hússins nr. 8 við Hafnarstræti, sem nú er í smíð-  
um, og 2 gluggakvisti á bakhliðina umfram bá, sem þegar eru  
leyfðir. Gjald kr. 2.00.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr. Gunnarsson. G.Olsen. Sigv. Bjarnason.  
Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1915, laugardaginn 16. október, kl. 5 síðd., kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Bjarna Jónssyni, Bergstaðastræti 33, leyft að setja dyr á framhlið kjallarans, þar sem nú er gluggi og glugga, þar sem nú eru dyr á suðurgafli hússins, og innrétta sölubúð í kjallaranum. Gjald kr. 2.00.
2. Marta Strand sækir um leyfi til að byggja lágt timburhús, 8x9 m. að flatarmáli, á erfðafestulandi hennar sunnan við veginn, sem liggur að sundlauginni, og er ætlað til að nota þessa byggingu til að bræða þar meðalalýsi. Nefndin vill fyrir sitt leyti leyfa þessa byggingu, en þar sem hún á að standa á erfðafestulandi þarf sérstakt leyfi bæjarstjórnar, og meðalalýsisbræðslu má því aðeins hafa, að hejðbrigðisnefnd leyfi. Gjald kr. 5.76.
3. Hans Petersen kaupmanni leyft að reisa tvílyftan skúr úr steinsteypu, 13.30x3.65 m. að stærð, austast á lóðinni nr. 3 við Skólastræti og verður eldvarnarveggur á 3 vegu. Gjald kr. 9.23.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson og G. Ólsen.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Sigv.Bjarnason. Hj.Hjartarson.  
Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1915, Þriðjudaginn 2. nóv. kl. 5 síð., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Verzlunin Jón Þórðarson leyft að setja 2 glugga á framhlið hússins nr. 2 við Ingólfsstræti, þar sem nú eru dyr. Gjald kr. 2.00.
2. Solva Víglundarsyni leyft að gera íbúð í feamhlið kjallarans undir húsinu nr. 23 við Ránargötu og setja dyr, þar, sem nú er gluggi. Gjald kr. 2.00.
3. Böðvari Jónssyni pípugerðarmanni leyft að setja ris á pípugerðarhúsið við Rauðarárstíg. Gjald kr. 2.00.
4. Theodor Jónsson fer fram á, að mega setja skúr 12 m<sup>2</sup>. að stærð í húsaagarðinn á Hótel Ísland. Nefndin vill ekki leyfa þessa byggingu.
5. G.Eiríkss. heilðsali sækir um leyfi til að mega setja dyr á norðurgötu hússins nr. 20 við Hafnarstræti, og tröppur er ná allt að 1.5 m. fram á gangstétt. Nefndin vill ekki leyfa þetta.
6. Geir Pálsson trésmiður sækir um leyfi til að byggja skúr á lóðinni nr. 10 Barónsstíg. Samkvæmt uppdrætti þeim, er fyrir liggur, er óbyggða lóðin ekki nægilega stór, ef skúrinn verður byggður, og leyfis þess vegna sýnað.
7. Jón Kristjánsson próf. jur. leyft að byggja fjóð, heyllöu o.fl., 17.00x6.50 m. að stærð, ásamt safngryfju á erfðafestulandi hans í Vatnsmýrinni. Ennfremur íbúðsrhús, 7.15x7.85 m. að stærð. Gjald kr. 16.58. Þar sem þessi hús eiga að standa á erfðafestulandi, þarf sérstakt leyfi bæjarstjórnar til byggingarinnar.
8. Prentsmiðjunni Gutenberg h/f leyft að setja glugga, þar sem nú eru dyr á austurhlið prentsmiðjuhússins Þingholtsstræti 6, og sömuleiðis að breyta stigum í húsinu. Gjald kr. 2.00.
9. H.Havstein bankastjóri tilkynnir, að hann ætli að girða lóð þa, er hann er mýbúinn að byggja hús á, í horninu við Bjargarstíg og Grundarstíg. Þar sem lóðin nær talsvert út fyrir ákveðinn jaðar gatnanna, leggur nefndin til að þær lóðarræmur verði keyptar fyrir kr. 3.75 hver fermeter. Minni hlutinn leggur til, að lóðin sé borguð með kr. 4.25 pr. m<sup>2</sup>.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson. og Sigv. Bjarnason.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. G.Olsen. Hj.Hjartarson. Þorv-Þorvarðarson.

Ár 1915, laugardaginn 13. nóv. kl. 5 síðd., kom byggingar-  
nefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Hallgrímur Tómasson í Von fer fram á að fá að breyta  
gluggum og setja dyr á kjallarann á húsi hans Laugavegi 55.  
Málinu frestað og falið byggingarfulltrúa til athugunar.

2. Helgi Guðmundsson málari fer fram á að mega gera ýmsar  
breytingar á húsinu nr. 6 við Ingólfsstræti og gera skúr við  
húsið. Þar sem lóðarupprátt vantaði var málinu frestað.

3. Hlutafélagið Völundur fer fram á að fá afhenta land-  
spildu þá, af Klapparlóð, sem ætluð var til vegar frá Klappar-  
að Vatnsstíg, og sem þess vegna var ekki seld "Völundi", þeg-  
ar Klapparlóðin var seld. Bæjarstjórnin hefur áður leyft bygg-  
ingu á Móakotslóðinni, þar sem vegurinn var fyrirhugaður og  
virðist því ekki vera lengur þörf á veg þessum yfir Klappar-  
lóðina en nefndin frestar að gera ályktun um málið til næsta  
fundar.

4. P.O.Chrietensen lyfsala leyft að byggja kjallara úr  
steinsteypu vestast á lóð hans við Kirkjustræti, 8.5x5.0 m.  
að stærð, og að gera tröppur niður í kjallarann undir pakkhús-  
inu, sem nú er á lóðinni. Gjald kr. 5.40.

5. Stjórn Landsbanka Íslands tilkynnir, að hún ætli að  
byggja nýtt bankahús á á neðanverðu Arnarhólstúni, og spyrzt  
fyrir um það, hvort byggingarnefndin vilji leyfa að byggja  
húsið á horninu milli Ingólfsstrætis og Hverfisgötu, vestan  
Ingólfsstrætis en fyrir norðan Hverfisgötu, eða á ská í horn-  
inu milli Hverfisgötu og Kalkofnsvegar, og þá jafnframt ákveða  
þvergötu milli þeirra gatna fyrir vestan húsið, eða loks í  
stefnu við stjórnarráðshúsið og norðan við Hverfisgötu. Nefnd-  
in er sammála um, að langbezt fari á því, að hið nýja Lands-  
bankahús verði byggt á horninu milli Kalkofnsvegar og Hverf-  
isgötu, eins og sýnt er með svörtum lit á uppdrætti þeim, er  
fylgir bréfi bankastjórnarinnar, og samþykkir það fyrir sitt  
leyti. Jafnframt ákveður nefndin, að verði húsið byggt á þess-  
um stað, skuli gera 12.55 m. breiða götu austan við húsið,  
milli Hverfisgötu og Kalkofnsvegar, þó að því áskildu, að bær-  
inn þurfi ekki að kaupa lóð undir götuna.

6. Lagður fram uppdráttur af lóð þeirri, sem taka þarf  
af lóð Hannesar Hafstein bankastjóra við Grundarstíg, sem nefnd-  
in á síðasta fundi sínum samþykkti að kaupa fyrir kr. 3.75  
(4.25) hvern fermetra. Lóðin er alls 124.2 fermetrar, og er  
nefndin enn þeirrar skoðunar að rétt sé að kaupa lóðina áður en  
hún verður girt. Tryggvi Gunnarsson vill nu að málinu sé frest-  
að þar til matsnefnd sú, er sett var með lögum á síðasta þingi,  
tekur til starfa.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Rögnv. Ólafsson  
og G. Ólsen.

K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Hjörtur Hjartarson. Sigv.  
Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1915, laugardaginn 27. nóvember kl. 5 síðd. kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

1. Hallgrími Tómassyni kaupmanni, f.h. verzlunarinnar "Von", Laugaveg 55. leyft að breyta gluggum á kjallaranum og setja dyr í stað glugga. Leyfið því skilyrði, að bæjarverkfræðingurinn ákveði hæð gangstéttarinnar og að tröppur gangi ekki lengra fram en 50 cm. Gjald kr. 2.00.
2. A.T.Kofod Hansen skógræktarstjóra leyft að byggja geymsluhús á svæði því, er skógræktin hefur á lóð landssjóðs fyrir vestan geymsluhús hans ~~í~~ við Klapparstíg. Stærð hússins er 6.05x4.10 m. Umsækjandi fer fram á að nota pappa á þak og vegg til klæðningar, en byggingarnefndin vill því aðeins veita leyfið, að skúrinn verði allur járnvarinn. Byggingarleyfisgjald kr. 2.68.
3. Jóni Hannessyni Kaplaskjólsvæg hey- og hesthús á lóð hans á horninu við Kaplaskjólsvæg og væntanlega Hringbraut. Byggingin verður úr steinsteypu og er 8.25x4.45 m. að stærð. Það er tilskilið, að sú hlið, er að Hringbraut snýr sé hallalaus, og að þakinu halli inn á hans lóð. Gjald kr. 3.82.
4. Eyvindur Árnason fer fram á að mega hafa lauslegt skýli yfir hey á lóð sinni Laufásvegi 2, norðanvert við hús Guðm. Breiðfjörðs blikksmiðs, og hefur hann þegar byggt þetta skýli. Byggingarnefndin vill ekki veita leyfið, en ákveður að kæra fyrir byggingu þessa og krefst þess, að skýlið verði rífið niður tafarlaust.
5. Grímólfur Ólafsson bæjarfógetaskrifari beiðist þess, að mega byggja peningshús, hlöðu og íbúðarhús, lítið, á erfðafestulandi hans í Laugamýrinni. Nefndin mælir með að honum sé leyft þetta, en byggingarleyfi verður ekki veitt fyrri en uppdráttur liggur fyrir.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Tr.Gunnarsson, Rögnvald Ólafsson og G. Ólsen.

Fundi slitið.

K.Zimsen. H.Hjartarson. Sigv. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1915, Þriðjudaginn 14. des. kl. 5 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Verzluninni Björn Kristjánsson leyft að byggja tvílyft steinsteypuhús, til íbúðar og verzlunar, norðanvert við hús verzlunarinnar Vesturgötu 4, á lóð, sem bæjarstjórnin hefur samþykkt að selja verzluninni. Leyfið er því skilyrði bundið, að takmörk lóðarinnar verði ~~kvíxskiklyxkxk~~ eins og sýnt er á uppdrættinum og kaupin gerist. Stærð hússins er 14.00x14.50 m. með skúr 2.30x1.25 m. Byggingarleyfisgjald kr. 66.16.

2. Bogi Þórðarson verksmiðjueigandi á Álafossi sækir um leyfi til að byggja ofan á og lengja geymsluþúkur á Laugaveg 34. Frestað til frekari athugunar.

3. Sveini M. Hjartarsyni leyft að hækka skúr á lóð hans nr. 1 við Bræðraborgarstíg um 3 m. Grunnflotur skúrsins er 8.80x4.50 m. Gjald kr. 6.72.

4. Guðmundur Guðmundssonar Vegamotum sækir um leyfi til að breyta í byggingarlóð 4 húslóðum úr Norður-Holtisbletti og spildu undir veg að einni lóðinni, sem liggur milli Grettisgötu og Njálsgötu, og er flatarmálið samtals 1140 m<sup>2</sup>. Söluverð er kr. 3.80 hver fermetir. Nefndin leggur til að lóðinni sé breytt í byggingarlóð gegn því að 1/5 söluverðsins renni í bæjarsjóð.

5. Björn Ólafsson Hverfisgötu 57 eina af lóðum þeim, sem getur um í næsta lið á undan, og er hún 304.7 fermetrar að stærð. Að því tilskildu að lóðinni verði breytt í byggingarlóð leyfir byggingarnefndin Birni Ólafssyni að byggja tvílyft hús ur steini og steinsteypu, 10.75x8.15 m. að stærð. Húsið verður nr. 5 (6?) við Njálsgötu og á að standa hér um bil 2 m. fyrir innan götujaðar. Gjald kr. 30.84.

6. Bæjarstjórnin hefir vísað til byggingarnefndar umsókn Sigurjóns Péturssonar um byggingu á skúr á melunum. Umsækjandi hefur nú tjáð borgarstjóra, að hann þurfi ekki að byggja þennan skúr í bráð. Málinu því frestað.

7. Bæjarstjórnin hefur vísað til byggingarnefndar, erindi fiskiveiðahlutafélagsins, "Haukur", dags. 13. þ.m., þar sem farið er fram á, að bæjarstjórnin geri ráðstafanir til, að sett verði brunahlið og brunagöfl í smíðahús Magnúsar Guðmundssonar, sem er á Mörkum lóðar félagsins vikið Mýrargötu. Hinn 30. ágúst þ.á. var Magnúsi Guðmundssyni leyft að byggja hið umrædda smíðahús á lóð þeirri, sem hann hefur leigt hjá bænum með 6 mánaða uppsagnarfresti og féllst bæjarstjórnin þá á tillögum byggingarnefndarinnar um að leyfa bygginguna á lóðarmörkum án eldvarnarveggs með tilliti til þess, að hér er um bráðabirgðabyggingu að ræða. Var formanni fiskiveiðafélags-

ins "Haukur" kunnugt um þetta, þegar hann keypti nagrannalóð-  
ina af bæjarstjórninni. Hinsvegar var áskilið, að brunavegg-  
ur yrði settur á lóðarmörkum "Steinar" og hefur hann verið  
gerður.

8. Byggingarfulltrúa falið að athuga bráðabirgðaskúr  
Friðbergs Stefánssonar við Norðurstíg 3 B, sem leyfður var  
30. ágúst f.á., þar sem grunur liggur á að hann sé ekki bygg-  
ur eins og til var atlazt.

9. Hlutafélagið "Völundur" fer fram á, að þerinn láti af  
hendi við félagið vegstæði það, er liggur frá Móakotslóðinni  
að Klapparstíg fyrir sunnan hús félagsins. Með skírskotun  
til fundargerðar 13. f.m. leggur nefndin til, að vegarstæðið  
verði selt "Völundi" fyrir kr. 3.80 hvern fermeter og er stærð-  
in hér um bil 1150 fermetrar. Sigvaldi Bjarnason greiddi ekki  
atkvæði.

10. Bæjarstjórnin hefur samþykkt að selja P.O.Christensen  
lyfsala lóð 1 undir kjallara þann, sem honum var leyft að byggja  
vestan við geymsluhús hans við Kirkjustræti. Leggur nefndin  
til, að verðið verði ákveðið 15 kr. fyrir hvern fermetra.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði G.Ólsen og Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Sigvaldi Bjarnason, með athuga-  
send við töluhöfð 9, Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarð-  
arson.



Ár 1916, laugardaginn 15. janúar, kl. 5 síðd. kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gjört:

1. Guðjóni Guðmundssyni/<sup>Hverfisg.</sup>66 A leyft að lengja húsið Hverfisgötu 66 A um 2 m. Breidd hússins er 6.30 m. Gjald kr. 4.88.
2. Jón Þorsteinsson Hverfisgötu 60 fer fram á, að mega byggja skúr á lóð við Klapparstíg fyrir fyrir sunnan verkfæra-skúr landsjóðs, og óskar jafnframt að fá lóðarblettinn á leigu. Lóðin er ekki eign bæjarsjóðs, og verður beiðninni því ekki sinnt.
3. Guðrún Helgadóttur Kárastíg 3, leyft að byggja salerni 1.25x2.00 m. að stærð á norðurmörkum lóðarinnar, áfast við húsið og með eldvarnarvegg. Gjald kr. 2.00.
4. Gunnlaugi Ólafssyni Vatnsstíg 9 leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu, 7.20x7.20 m. að stærð, með skúr 3.55x1.75 m. Húsið á að standa nyrzt á lóðinni með eldvarnarvegg og verður nr. 9A við Vatnsstíg. Gjald kr. 12.92.
5. Jónatan Þorsteinsson sækir um leyfi til að færa dyr og glugga á framhlið hússins nr. 31 við Laugaveg og setja nýjan stiga upp á efri hæð hússins. Nefndin veitir hið umbeðna leyfi, með því skilyrði, að fullnægt verði kröfum byggingarfulltrúa um frágang í kring um hið nýja dyraop, sem er 2.60 m. á breidd.  
Ennfremur fer hann fram á, að breyta nokkru af lofthæð hússins til íbúðar og setja 3 kvisti á baklið. Synjar nefndin um leyfi til þess, þar sem hún álitur of mikla brunahættu stafa af því.

Fleira gerðist ekki.

A fund vantaði G.Ólsen og Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Hjörtur Hjartarson Sigv.  
Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson

Ár 1916, laugardaginn 29. janúar, kl. 5 síðdegis, kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. A. Obenhaupt heildsala leyft að reisa einlyft hús úr steinsteypu með brotnu þaki, á lóð hans við Þingholtsstræti og Grundarstíg. Húsið verður 29A við Þingholtsstræti og verður stærð þess 13.55x11.35 m., með hringmynduðu framskoti 6.25 m<sup>2</sup>. að flatarmáli. Miðstöðvarhitun verður í húsinu. Byggingarleyfisgjald kr. 63.27.

Ennfremur sama manni leyft að byggja á sömu lóð einlyft geymsluhús úr steinsteypu, 16.30x3.50 m. að stærð, og snýr gaflinn út að Grundarstíg. Stærð allrar lóðarinnar, samkv. framlögðum uppdrætti, er 1253 m<sup>2</sup>. (1253 m<sup>2</sup>). Byggingarleyfisgjald fyrir geymsluhúsinu kr. 6.16.

2. Einari Hildibrandssyni vill nefndin leyfa að byggja bráðabirgðaskúr til heygeymslu á Melunum fyrir austan Bræðraborgarstíg, gegn því, að hann greiði lo aura gjald af hverjum fermetra, auk venjulegs gjalds af byggðri lóð. Að öðru leyfti er beiðni hans frestað, þar til hann hefur gefið upplýsingar um stærð hússins.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Tr.Gunnarsson og Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. G.Ólsen. Hjortur Hjartarson. Sigv. Bjarnason.  
Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1916, laugardaginn 12. febrúar kl. 5 síðdegis, kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Hjálpræðishernum leyft að reisa tvílyft samkomu- og gistingahús úr steinsteypu á milli Suðurgötu og Tjarnargötu og verður húsið nr. 2 við Kirkjustræti. Stærð hússins er 17.80 x 8.16 og 15.40 x 8.13 m. Byggingarleyfisgjald kr. 124.08.

2. A.Obenhaupt heildsala leyft að byggja verzlunarhús sunnanvert við Hverfisgötu, á lóð, sem landsstjórnin hefur selt honum úr Arnarhólstúni. Húsið verður úr steinsteypu með flötu þaki, að stærð 13.80 x 12.55 m. Byggingarleyfisgjald kr. 61.66. Obenhaupt fer enn fremur fram á, að mega stækka umrætt hús, en leyfi til þess verður ekki veitt fyrri en þar að kemur og uppdrættir liggja fyrir.

3. Brynjólfur Björnsson tannlæknir sækir um að mega reisa bráðabirgðahús á lóð, sem hann hefur á leigu hjá landsstjórninni og liggur á milli Bankastrætis og Hverfisgötu. Leyfi þetta verður því aðeins veitt, að skúrinn verði byggður úr steini eða steinsteypu. Stærð skúrsins er 7.55 x 3.15 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

4. Verzluninni "Von" leyft að breyta glugga á útbyggingu við húsið nr. 55 við Laugaveg, þannig að það verði tvílyft og að grunnfleti 10.20 x 8.80 m., með skúr 2.55 x 3.15 m. Leyfið er því skilyrði bundið, að norðurhlíð hússins verði færð í rétta stefnu við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 23.00.

5. Ólafi Danielssyni Dr. leyft að reisa einlyft steinsteypuhús við Skólavörðustíg nr. 18, að stærð 9.40 x 8.10 m. Byggingarleyfisgjald kr. 17.74. Lóðin er 205,7 m<sup>2</sup>. Skilyrði, að stigin sé löglega breiður.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Tr. Gunnarsson, G. Ólsen og Rögnvald Ólafss.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigv. Bjarnason. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1916, mánudaginn 28. febrúar, kl. 5 síðd. kom bygg-  
ingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Í nefndinni  
eiga nú sæti auk borgarstjóra og slökkviliðsstjóra, samkvæmt  
kosningu næjarstjórnar:

Jón Þorláksson verkfræsingur, Þorvarður Þorvarðarson  
prentari, Sigvaldi Bjarnason trésmiður og Sveinn Jónsson tré-  
smiður.

Þetta gerðist:

1. Einari Björnssyni bókhaldara leyft að byggja viðbót  
úr steinsteypu, 4.40x8.80 m. að stærð, vestan við húsið nr.  
43 við Hverfisgötu og byggja uppgönguskúr, 1.90x2.10 m. við  
bakhlið hússins. Jafnframt var leyft að setja port og hækka  
risið á húsinu sjálfu. Rifnir verða niður 2 skúrar, að stærð  
1.40x1.60 m. og 1.50x1.10. Byggingarleyfisgjald kr. 10.60.
2. Th. Thorsteinsson f.h. sjálfs sín, h/f. "Braga" og  
Jens Ause, leyft að byggja skúr til lýsisbræðslu, 5.00x10.00 m.  
að stærð, á Laugarnesklettum, að því áskildu, að bæjarstjórn-  
in leigi þeim landið. Gjald kr. 7.00.
3. Geir G. Zöega verkfræðing leyft að reisa tvílyft íbúð-  
arhús úr steinsteypu við Túngötu á túni G.Zöega kaupmanns. Húsið  
er nr. 20 við Túngötu, og grunnflötur þess 138.6 m<sup>2</sup>.  
Byggingarleyfisgjald kr. 42.20. Byggingarnefndin mælir með  
því, að veitt verði undanhága frá 25. gr. byggingarsamþykkt-  
arinnar, þannig að leyft verði að hafa 1 stiga úr járnbentri  
steinsteypu 1.10 m. að breidd.
4. H/f. Pípuverksmójan leyft að setja dyr á austurgöfl  
kjallara hússins nr. 73 við Laugaveg, en taki af dyr á norð-  
urhlið kjallarans, og ennfremur leyft að setja þvervegg í  
kjallarann og innrétta sölubúð í austurhluta hans. Ennfremur  
leyft að flytja til salerni á lóðinni. Gjald kr. 4.00.
5. Einari Einarssyni trésmið leyft að gera bráðabirgða-skýli  
á lóð hans nr. 18 við Nýlendugötu, 10.00x4.40 m. að stærð.  
Leyfi þetta er því skilyrði bundið, að minnst 6.80 m. verði  
að byggingum á nágrannalóðum, og að skýlið verði rífið fyrir  
lok málmánuðar næstkomandi. Byggingarleyfisgjald kr. 5.28.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði G.Ólsen.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Hjörtur Hjartarson. Sveinn Jónsson. Jón Þor-  
láksson. Sigvaldi Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1916, mánudaginn 13. marz, kl. 5 síðd., kom byggingar-  
nefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Magnúsi Árnasyni trésmið leyft að byggja, úr steinsteypu, skúr til íbúðar með kjallara við útnorðurhlið á húsi hans nr. 2 við Túngötu. Stærðin er 35.65 m<sup>2</sup>., en geymsluskúr 18 m<sup>2</sup>. að flatarmáli verður rífinn.. Byggingarleyfisgjald kr. 6.92. Húsið stendur á mörkum lóðarinnar nr. 6 við Túngötu og er ætl-  
ast til að hafa 2 glugga á hliðinni er þangað snýr. Hefur umsekjandi fengið samþykki eiganda téðrar lóðar, til að hafa þessa glugga, gegn því að hann skuldbindi sig til að taka af gluggana hvenær, sem þess verður krafist af heim heim. Nefnd-  
in mælir með því, að undanþága sé veitt frá 20. gr. bygging-  
arsamþykktarinnar að því er þetta atriði snertir, og er leyfi-  
ð því skilyrði bundið, að undanþágan fáiist.

2. Sigurjóni Sigurðssyni f.h. Gísla Þorsteinssonar skip-  
stjóra leyft að breyta glugga á framhlið hússins nr. 29 við  
Ránargötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

3. Ákveðin stefna á götu á milli Laufásvegar og Bergstaða-  
strætis, við suðurendann á Grundarstíg og lagt til að gatan  
verði 12.65 m. á breidd og nefnd Hlíðargata.

4. Ágúst H. Bjarnason prófessor leyft að byggja íbúðar-  
hús úr steinsteypu, á lóð sem hann er að kaupa við Hlíðargötu  
og verður húsið nr. 3 við þá götu. Stærð hússins er 10.10x  
8.35 m. með anddyri 3.50x1.40 m. Nefndin vill leyfa að hafa  
stein á þaki í stað járn, en hins vegar vill hún ekki leyfa  
að sleppt sé súðinni undir. Byggingarleyfisgjald kr. 28.32.  
Lóðaruppdrátt vantar og verður leyfið ekki afgreitt fyrr en  
hann er fenginn.

5. Jóni Jónssyni frá Vaðnesi leyft að reisa tvílyft hús  
með kjallara, úr steinsteypu, á lóð hans nr. 2 við Klapparstíg.  
Stærð hússins er 8.75x7.90 m. með skúr 3.70x2.50. Byggingar-  
leyfisgjald kr. 35.19. Byggingarfulltrúa stéttaklega falið  
að athuga stefnuna á suðurhlið við Laugaveg og sömuleiðis við  
Klapparstíg, áður en leyfið verður afgreitt. Mælt með undan-  
þágu frá 25. gr. byggingarsamt. um að hafa 1 stiga, enda sé  
hann gerður úr járnþentri steinsteypu og 1.10 m. á breidd, og  
er leyfið því skilyrði bundið, að undanþágan fáiist. Eldri  
hús á lóðinni verða rífin niður.

6. Jóni Stefánssyni skósmið leyft að breyta tveimur glugg-  
um á framhlið hússins nr. 17 við Laugaveg. Byggingarleyfis-  
gjald kr. 2.00.

7. St. Jósefssystrum leyft að gera reykþáf á útbyggingu  
cið austurenda Landakotsspítala. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

8. Gunnlaugi Ólafssyni Vatnsstíg 9 leyft að stækka hús-  
byggingu þá, er hann fékk leyfi til að reisa á byggingarnefnd-

arfundi 15. jan. t.á., úr 7.20x7.20 m. í 7.55x7.55 m. Gjald kr. 2.00.

9. Bæjarverkfæðingurinn tilkynnir, að hann ætli að reisa smiðjuskúr hjá mulningsvélinni á Skólavörðuholtinu og við Laugásveg. Stærð 3.10x3.10m.

10. Ólafur Björnsson ritstjóri sækir um leyfi til að mega byggja tvílyft hús úr steinsteypu á milli Austurstrætis og Vallarstrætis, austan við Ísafoldarprentsmiðju með því fyrirkomulagi er hann sótti um í fyrra (sbr. fundargerð byggingarnefndar 10. júlí og 14. ágúst s.l.). Meiri hluti nefndarinnar vill nú mæla með því, að leyfi sé veitt, með heim skilyrðum, sem um getur í fundargerðinni 14. ágúst 1915.

11. Sveini Jónssyni Vesturgötu 17 leyft að setja kvistglugga á Doktorshúsið við Vesturgötu. Byggingarleyfisgj. kr. 2.00.

12. Jóni Þórarinssyni smið leyft að byggja smiðahús úr steinsteypu á lóðinni nr. 10 A við Vatnsstíg, 9.75x5.80 m. á stærð. Gjald. kr. 7.92.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði G. Ólsen.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigv. Bjarnason. Jón Þorláksson. Sveinn Jónsson. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1916, laugardaginn 1. apríl, kl. 5 síðd., kom bygg-  
ingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gerð:

1. Borgarstjóri tilkynnti, að stjórnarráðið hefði veitt  
undanfágu þá, er mælt var með á síðasta fundi, út af bygging-  
arleyfisbeiðni Magnúsar Arnasonar, Túngötu nr. 2.

2. J.J.Lambertsen verzlunarstjóri spyrzt fyrir um, f.h.  
D.Thomsens konsúls, hvort hann megi gera ráðstafanir til þess  
að byggja upp aftur hús sitt, sem brann í Lækjargötu 10 C 27.  
f.m. . Nefndin ákvað að svara þessari fyrirspurn þannig, að  
nýtt hús á þessum stað verður að fullnægja fyrir mælum bygging-  
arsamþykktarinnar, og er því ekki hægt að endurreisa húsið í  
sömu mynd. Hinsvegar getur nefndin ekkert sagt um, hvort  
byggja megi á lóðinni eða ekki, þar sem ekkert liggur fyrir  
um stærð og lögun lóðarinnar eða aðgang að henni.

3. Björn Gunnlaugsson og Þorgrímur Guðmundsson sækja um  
leyfi til að megi setja dyr á kjallara hússins nr. 70 við  
Laugaveg og innrétta þar búð. Nefndin frestaði málinu vegna  
ófullnægjandi uppdráttar.

4. Gunnari Gunnarssyni kaupmanni leyft að reisa brílyft  
hús úr steinsteypu á lóð hans nr. 7 við Austurstræti, 15.60  
x 9.10 m. að stærð, með skúr 270x2.35, og geymsluskúr einlyft-  
um, 9.00x3.10 m. og stendur hann sumpart á lóðinni, er til-  
heyrir ~~Þóðingunni~~ (byggingunni) við Hafnarstræti 8. Bygg-  
ingarleyfisgjald kr. 77.95. Miðstöðvarhiti verður í húsinu.

5. Einar Arnórsson ráðherra sækir um að megi reisa ein-  
lyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem hann tjázt eiga við  
Laufásveg og Þingholtsstræti, fyrir norðan húsið nr. 27 við  
Laufásveg, og er lóðin samkvæmt framlögðum uppdretti 519.1 m<sup>2</sup>.  
að stærð. Nefndin vill fyrir sitt leyti veita leyfi til að  
byggja umrætt hús, sem er 9.00x8.50 m. að stærð, með skúr 3.15  
x 2.50 m. En þar sem hún hyggur að lóð þessi sé að minnsta  
kosti að nokkru leyti erfðafestuland, verður byggingarleyfið  
ekki veitt fyrr, en vissa er fengin um lóðina. Verði leyfið  
veitt, er byggingarleyfisgjaldið kr. 27.44.

6. Helga Guðmundssyni málara leyft að gera ýmsar breyt-  
ingar á húsinu nr. 6 við Ingólfsstræti undir umsjón byggingar-  
fulltrúa, byggja inngönguskúr 1.50x2.20 m. að stærð og bak-  
stigaskúr úr steinsteypu 2.50x2.50 m. Jafnframt verður rif-  
inn niður geymsluskúr á lóðinni, 3.4x4.8 m. að stærð.  
Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

Þegar hér var komið var fundi frestað til næsta mánu-  
dags, kl. 5 síðdegis.

K.Zimsen. G. Ólsen. Hjörtur Hjartarson. Sveinn Jónsson.  
Sigvaldi Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1916, mánudaginn 3. apríl, kl. 5 síðdegis, var fundinum haldið áfram á skrifstofu borgarstjóra, og þá tekið fyrir:

7. Andrési Andrésyni klæðskera leyft að reisa tvílyft hús til íbúðar úr steinsteypu við Skólavörðustíg 25, 110.00 m<sup>2</sup>. að grunnfleti. Lóðina hefur hann keypt af Gunnlaugi Þorsteinssyni frá Klöjlabergi, og hefur bæjarstjórnin breytt henni í byggingarlóð, og er stærð hennar samkv. framlögðum uppdrætti 409,5 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 39.62.

8. Geir G. Zöera verkfræðingur tilkynnir, að stjórnarráðið hafi veitt samþykki sitt til undanþágu þeirrar ar, er mælt var með á fundi byggingarnefndar 28. febrúar f.á., viðvíkjandi húsbyggingu hans, Túngötu 20. Ennfremur var lagður fram nýr uppdráttur af hinni fyrirhuguðu byggingu og var hann samþykktur. Grunnflötur hússins verður 139,2 m<sup>2</sup>. og byggingarleyfisgjald kr. 46.46 .

9. Landsbanka Íslands leyft að breyta gluggum á framhlið hússins nr. 18 B við Laugaveg og að breyta og hækka inngönguskúr við suðurhlið hússins. Gjald kr. 4.00.

10. Beiðni frá Þórði Jónssyni úrsmið, um að mega innrétta herbergi ásamt eldhúsi í húsi hans á "Undralandi", frestað vegna ónógra uppdráttar.

11. G. Ólsen kaupmanni, f.h. Sig. Jónssonar ~~xxxxxx~~ járnsmiðs, leyft að breyta gluggum og búðarinnréttingu á suðurenda hússins nr. 6 í Aðalstræti. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

12. Beiðni frá Geir Pálssyni trésmið, um skúrbyggingu á lóð hans nr. 10 við Barónsstíg, frestað vegna ófullnægjandi uppdráttar.

13. Hlutfélagið "Völundur" fer fram á að fá ákveðið svar við bréfi, dags. 9. nóv. f.á. viðvíkjandi afhendingu á vegstæði yfir lóð félagsins frá Klapparstíg að Móakotslóð. Nefndin er enn sömu skoðunar og á fundi 13. nóv. f.á., er erindið var fyrst til umræðu, að ekki sé lengur þörf á þessum vegi yfir Klapparlóðina. Leggur nefndin því til, að H/f. "Völundi" verði selt umrætt vegarstæði með öllum áhvílandi kvöðum og réttindum, er aðrir kynnu að hafa yfir því, ábyrgðarlaust fyrir bæjarsjóð, og sé ekki í kaupinu hús eða önnur eða önnur mannvirki, sem á vegastæðinu eru. Með tilliti til hins uprunalega verðs leggur nefndin til, að verðið sé ákveðið kr. 2.80 pr. m<sup>2</sup>. Stærð lóðarspildunnar er um 1150 m<sup>2</sup>. - (Mæld 1155 m<sup>2</sup>). -

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðarson. Sigv. Bjarnason.  
Sveinn Jónsson. Hjörtur Hjartarson.



Ár 1916, laugardaginn 15. apríl kl. 5 síðd., kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gert:

1. Hannes Hafstein bankastjóri hefur áfrýjað til stjórnarráðsins, ákvörðun bæjarstjórnarinnar, um að taka eignarnámi til götubreikkunar spildu af lóð hans spildu af lóð hans nr. 10 við Grundarstíg, gegn kr. 3.75 endurgjaldi fyrir hvern fermetur. Lagður fram úrskurður stjórnarráðsins dags. 11. f.m., þar sem úrskurðað er, að greiða skuli bankastjóranum kr. 5.08 fyrir fermetra í hinum umræddu lóðarræmum, sem eru 128.5 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Lóð sú sem eftir verður er 326 fermetrar.

2. Byggingarnefndin hefur athugað eignarheimildir fyrir lóð Einars Arnórssonar ráðherra, við Laufásveg, sem um getur í 5. tölulíð fundargerðar nefndarinnar 1. f.m. Lóð sú, sem hér er um að ræða, er svonefnd Steinsholtslóð, sem upprunalega var útmæld 2. maí 1853, en 11. apríl 1890 er Hannesi Hannessyni útvísið viðbót til kálgarðsræktunar, vestantil við hina upprunalegu lóð.

Laufásvegur liggur gegn um þennan kálgarð, og telur nefndin víst, að nokkur hluti kálgarðsins liggir fyrir austan Laufásveg og sé hluti af umræddri lóð Einars Arnórssonar.

Með því að enn eru til grjótagarðar, sem hlaðnir voru kringum ~~Kálárgarðinn~~ (kálgarðinn) ákvað nefndin að láta gera uppdrátt, er sýnir legu hins umrædda kálgarðs, sem aðeins hefur verið mældur út til kálgarðsræktunar. Þegar sá uppdráttur er fenginn, telur nefndin ekkert því til fyrirstöðu að leyft sé að byrja á húsbyggingu þeirri, sem leyfi var veitt fyrir, á fundi 1. apríl, - enda sé bæjarsjóði geymdur réttur til endurgjalds fyrir þá spildu, sem hann kann að eiga innan takmarka lóðarinnar.

3. Jón Jónsson frá Vaðnesi tilkynnir, að hann hafi fengið hjá stjórnarráðinu, undantágu þá frá byggingarsamþykktinni, fyrir hið nýja hús hans við Klapparstíg, sem mælt var með á fundi nefndarinnar 13. f.m.

4. Bankastjórn Landsbanka Íslands spyrzt fyrir, í bréfi dags. í dag, hvort bæjarstjórnin vilji láta af hendi ræmu af Vallarstræti, sem næst 2 metra breiða til breikkunar á lóðunum 10, 12 og 14 við Austurstræti. Hefir stjórnarráðið lagt fyrir bankastjórnina, að fá svar bæjarstjórnarinnar þessu viðvíkjandi, áður en stjórnarráðið ákveður hvort kaupa skuli handa Landsbankanum, lóð við Hafnarstræti, eins og bankastjórnin hefur lagt til. Byggingarnefndin felur borgarstjóra, að grenslast eftir því hjá bankastjórninni, hvernig hún ætli að láta byggja á lóðunum við Austurstræti, ef þær verða keyptar handa Landsbankanum. Jafnframt vill nefndin fá uppdrátt af Vallarstræti og götunum umhverfis Austurvöll, en frestar málinu að svo stöddu.

5. Matthías Matthíasson í Holti sendi uppdrátt af erfðafestulandi sínu, Efrahótsbletti, með áteiknaðri gatnaskipan

og skipting í byggingarlóðir. Nefndin samþykkir uppdráttinn, að öðru leyti en því, að hún áskilur sér rétt til að flytja fyrirhugaða götu fyrir austan húsið nr. 26 við Skólavörðustíg nokkuð austar en sýnt er á uppdrættinum.

6. Framlagður uppdráttur af Bankastræti og Laugavegi frá Ingólfsstræti austur að Frakkastíg ákvað byggingarnefndin stefnu húsa beggja megin götunnar, og eru þær markaðar með rauðum línuná uppdrættinum.

7. H.P.Duus leyft að stækka glugga á suðurgafli hússins nr. 2 við Aðalstræti og innréttu skrifstofu þar sem xáður var geymsla. Gjald kr. 2.00.

8. Magnúsi Th. Blöndahl, leyft að gera lítið útskot út á bak á geymsluskúr við bakhlíð hússinsnr. 6 B við Lækjargötu. Gjald kr. 2.00.

9. Gísli Þorsteinssyni skipstjóra, leyft að hækka bakstiga skúr við húsið nr. 29 við Ránargötu. Gjald kr. 2.00.

10. Ólafi Þórðarsyni leyft að gjöra nokkrar breytingar á húsinu nr. 5 við Vegamótastíg. Gjald kr. 2.00.

11. Sigríður Einarsdóttir Grettisgötu 70, sækir um leyfi til að mega byggja járn- og málmbæðsluhús á lóð hennar meðfram Hringbrautinni. Ákveðið að fá umsögn brunamálanefndar.

12. Geir Pálssyni leyft að byggja geymsluskúr 25 fermetra að grunnfleti, á lóð hans nr. 10 B við Barónsstíg. Gjald kr. 2.52.

13. Sama manni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 10 A við Barónsstíg, og áfast við húsið nr. 10B við Sömu Götu. Gafli hússins veit að Hverfisgötu og á hann að standa í hinum ákveðna jaðri þeirrar götu. Eftir framlögðum uppdrætti er öll lóðin, sem fylgir þessu húsi, 185 m<sup>2</sup> en húsið er að stærð, 9.65x7.55 metrar. Gjald kr 16.03.

14. Ásmundi Gestssyni leyft að gera tvílyfta viðbyggingu úr steinsteypu við austurgafli hússins nr. 2 við Laugaveg, enda færast framhlíð viðbyggingarinnar inn í hina nýákveðnu húsa-stefnu sunnan Laugavegar. Ennfremur var honum leyft að færa inn göngudyr og tröppur af norðausturhorni hússins, á vesturgafli þess, en setja kjallaradyr á hornið. Tröppur ofan í kjallaranum mega aðeins ná 50 cm út fyrir götunaðar. Loks var honum leyft að setja 5 glugga á kjallara hússins. Gjald kr. 9.44. Stærð viðbyggingarinnar er 3.60x7.85 metrar.

15. Þórður Jónsson úrsmiður, sendir nýjan uppdrátt af húsi því á Undralandi, er hann á síðasta fundi nefndarinnar sótti um að mega innréttu, að nokkru leyti til íbúðar. Var

leyfið nú veitt. Jafnframt athugast, að Þórður hefur byggt hús þetta talsvert stærra og öðruvísi en honum var leyft á fundi nefndarinnar 1. des. 1914, og ákvað nefndin að kæra hann til sektar fyrir þetta brot á byggingarsamþykktinni. . Húsið er að stærð 7.90x10.10 m. með útbyggingu 4.70x7.55 metrar. Byggingarleyfisgjald fyrir stækkun hússins og breytinguna sem nú er gerð er kr. 7.04.

16. Birni Gunnlaugssyni og Þorgrími Guðmundssyni, leyft að sneiða af norðvesturhorni hússins nr. 70 við Laugaveg, og setja þar dyr. Tröppur mega aðeins ná 50 cm. út fyrir götulaðar, og byggingarfulltrúa er sérstaklega falið, að hafa umsjón með frágangi á hornsneiðingunni. Ennfremur leyft að innrétta framhlið kjallarns fyrir so,ubúð. Gjald kr. 2.00.

17. Sömu mönnum leyft að gera svefnskála fyrir ferðamenn, í steinsteypuhúsi því, sem leyft var að gera á lóðinni nr. 70 við Laugaveg 15. maí 1915. Gjald kr. 2.00.

18. Hlutafélaginu Kveldúlfi leyft að byggja skúra meðfram lóðarmörkum Móakotslóðar, að sunnan. Grunnflötur skúranna er 45.80x7.60, 16.90x7.60, 9.40x7.60 og 2.65x2.40 metrar. Byggingarleyfisgjald kr. 77.66.

Það athugast, að hokkur hluti af lóð þessari er erfðafestuland, og geymist bæjarstjórninni réttur til að fá 1/5 hluta ándvirðis lóðar þessarar, er sannast að sé erfðafestuland.

Á fund vataði Jón Þorláksson og Þorvarð Þorvarðarson, sem eru erlendis.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K.Zimsen. Sveinn Jónsson. Sigvaldi Bjarnason. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1916, laugardaginn 29. apríl kl. 5 síðdegis, hélt byggingarnefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Þorkell Þ. Clementz fer fram á að mega byggja tvílyft steinsteypuhús á austurmörkum lóðarinnar nr. 5 við Þingholtsstræti, og er ætlað til að hafa glugga og dyr á þeirri hlið hússins, sem er á lóðarmörkum. Nefndin getur ekki veitt leyfi til þessa.

2. I. A. Dahlstedt sækir um leyfi til að setja 2 glugga, kvistglugga á suðurhlið hússins nr. 23 við Laugaveg og aðra 2 kvistglugga á norðurhlið hússins. Leyfið veitt. Gjald kr. 2.00.

3. Lárusi Féldsted leyft að setja kvistglugga á norðurhlið hússins nr. 10 við Óðinsgotu. Gjald kr. 2.00.

4. A. Obenhaupt leyft að byggja verzlunarhús úr steinsteypu 9.30x5.35 m. á stærð á horninu á Grundarstíg og Bjargarstíg, á lóð hans, sem talin er nr. 29A við Þingholtsstræti. Hið nýja hús verður nr. 12 við Grundarstíg. Gjald kr. 5.87.

5. Leifi Þorleifssyni leyft að reisa einlyft geymsluhús úr steinsteypu á norðurmörkum lóðarinnar nr. 25 við Laugaveg. Stærð hússins er 8.35x4.60 m. Gjald kr. 5.38.

6. Guðrúnu Helgadóttur leyft að setja kvistglugga á hús-  
ið nr. 3 við Kárastíg, hækka skúr austan við húsið og breyta stiga. Gjald kr. 2.00.

7. Árni Þorgrímsson á Frakkastíg 12, sækir um kaup á lóð-  
arspildu í tungunni milli Hverfisgötu og Laugavegs. Bæjar-  
stjórnin hefur ákveðið að allt þetta svæði skuli vera óbyggt  
(torg) og verður umsókn þessari því ekki sinnt.

8. Carl Proppé skýrir frá því, að nýstofnað hlutafélag hafi í hyggju að byggja íshús á lóð, sem félagið hefur keypt við Fríkirkjuveg, fyrir sunnan kirkjuna og biður um álit nefndarinnar um bráðabirgðauppdrátt af hinu fyrirhugaða húsi. Nefndin felur byggingarfulltrúa og nefndarmanni Jóni Þorlákssyni og Sveini Jónssyni að athuga þetta mál.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigv. Bjarnason. Sveinn Jónsson. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1916, laugardaginn 15. maí kl. 5 síðd., hélt byggingar-  
nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Eyjólfí S. Jónssyni leyft að hækka bakdyraskúr við hús  
hans nr. 46 við Bergstaðastræti og setja í hann stiga. Gjald  
kr. 2.00.

2. Guðjóni Jónssyni Hverfisgötu 37 leyft að setja kvist á  
framhlið hússins nr. 31 við Grettisgötu. Gjald kr. 2.00.

3. Árna Jónssyni leyft að lengja hús sitt við Nýlendugötu  
nr. 21 til austurs um 3.25 m. og byggja við það skúr 2.15x3.00.  
Breidd hússins er 6.55 m. Viðbótin verður úr steinsteypu og er  
byggingarfulltrúa falið að líta sérstaklega eftir því að hún  
verði ekki sett frammar en í ákveðna götulínu. Gjald kr. 5.67.

4. Jóni Brynjólfssyni leyft að færa forstofudyr af suður-  
hlið á vesturgöfl hússins nr. 3 við Austurstræti, gera nýjan  
stiga og nokkrar breytingar á milliveggjum. Gjald kr. 2.00.

5. Guðjóni Björnssyni leyft að byggja skúr, að stærð 3.75x  
2.75 m. við hús hans Bræðraborgarstíg 26. Gjald kr. 2.00.

6. A. Obenhaupt fer fram á leyfi til að hækka verzlunar-  
hús það, sem hann hefur í smíðum við Hverfisgötu, um 1 hæð,  
sem verður 3. hæð ofan kjallara. Nefndin leyfir þetta með því  
skilyrði, að nýr uppdráttur, er fullnærir kröfum nefndarinnar  
að því er útlit hússins snertir, verði lagður fyrir nefndina á  
næsta fundi hennar, og verður leyfið ekki afgreitt fyrr.

7. Páli Arnasyni leyft að lengja húsið við Skólavörðustíg  
nr. 8 um 1.75 m., breidd 6.30 m., og sé viðbótin úr steini.  
Hinsvegar sér nefndin sér ekki fært að leyfa hækkun þá á annari  
hlið hússins, og á inngönguskúrnum, sem farið er fram á. Gjald  
kr. 2.00.

8. Magnúsi Th. S. Blöndahl leyft að byggja fjós og heyhlöðu  
ásamt lítilli íbúð í erfðafestulandi hans í Norðurmýri. Stærð  
19.80x12.60 m. Ennfremur safnbrot 6.00x3.35. Gjald kr. 26.16.  
Leyfið er veitt að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar til þess  
aðbyggja á erfðafestulandinu.

9. Þork. Þ. Clementz sækir fyrir hönd eigenda húseignarinnar  
nr. 5 við Þingholtssstræti um leyfi til að gjöra viðbót úr stein-  
steypu við bakhúsið. Með því að hvorugt er í samræmi við á-  
kvæði byggingarsamþykktarinnar er beiðninni synjað.

10. Guðjóni Einarssyni leyft að flytja skúr sinn frá Sölv-  
hólsvör á Klapparlóð, á svæði það, sem hann hefur á leigu hjá  
bæjarstjórninni. Jafnframt er honum leyft að stækka skúrinn  
um 1.90x4.40 m., og verður þá skúrinn allur m. Gjald  
kr. 2.00.

11. Lagt fram erindi frá Guðjóni Samúelssyni viðvíkjandi  
byggingu fyrir Nathan & Olsen á horni Austurstrætis og Pósthús-  
strætis. Ákveðið að fá uppdrátt af Pósthússtræti frá Hafnar-  
stræti suður fyrir kirkju ásamt næstu hlutum aðliggjandi gatna.

12. Stefáni Ólafssyni leyft að setja upp bráðabirgða-  
skýli á Klapparlóð, að stærð 2.51x3.14 m. ef hann fær leigða  
lóð hjá þéjarstjórninni undir skúrinn, enda verði hann tekinn  
burtu þá er krafizt verður. Gjald kr. 2.00.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Þorláksson. Sveinn Jónsson. Sigv.  
Bjarnason. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1916, hinn 27. maí, hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið.:

1. Leifi Þorleifssyni leyft að setja steingirðingu sunnan og austan við lóð sína nr. 25 við Laugaveg. Girðingin meðfram götuhúsum standi í rétttri götulínu.

2. Beiðni Eyvindar Árnasonar um leyfi til að byggja geymsluskúr á lóðinni við Laufásveg nr. 2 frestað vegna vantandi lóðaruppráttar.

3. Páli Árnasyni leyft að setja kvist á norðausturhlið hússins nr. 8 við Skólavörðustíg. Gjald 2 krónur.

4. Vilborg Guðnadóttir spyrst fyrir um hvort hún mundi fá leyfi til að byggja inngönguskúr úr timbri, járnvarinn, við húsið Skólavörðustíg nr. 5. Nefndin ályktar að svara henni þannig, að skúrinn verði að vera úr steini eða steinsteypu.

5. Magnúsi Einarssyni dýralækni leyft að endurbyggja inngöngurið við húsið nr. 6 við Túngötu, þó þannig að hið nýja inngöngurið taki ekki meira en 1.10 m. út frá húsinu.

6. Jóni Jónssyni beyki leyft að setja kvist á austurhlið hússins nr. 7 við Klapparstíg, og að setja reykháf í skúrinn norðan við húsið og innrétta hann fyrir íbúð. Ennfremur að flytja geymsluskúr, sem nú er á lóðinni, á vesturmörk hennar, og sé gerður eldvarnar í mörkun. Gjald kr. 2.00.

7. Gísli Guðmundsson æskir leyfis að byggja skúr úr timbri járnvarinn á suðurmörkun lóðarinnar nr. 11 við Smiðjustíg. Leyfið verður ekki veitt, nema skúrinn verði gerður úr steini eða steinsteypu.

8. Út af beiðni Sveins Þórðarsonar um kaup á byggingarlóð við Óðinsgötu óskaði nefndin að útvega uppdrátt af vesturhluta Skólavörðuholtssins, milli Óðinsgötu og framhalds Frakkastígs, til þess að götur á því svæði verði ákveðnar.

9. Guðmundur Halldórsson æskir leyfis að byggja skúr úr timbri á mörkun lóðarinnar Grundarstíg 5. Leyfið verður ekki veitt nema skúrinn verði gerður úr steini eða steinsteypu.

10. Samþykktur uppdráttur af breytingu þeirri á húsi A. Obenhaupt við Hverfisgötu, sem leyfið var í 6. lið fundargerðar 13. maí. Gjald 20.79 kr.

11. Gísli Þorbjarnarson hefur í óleyfi látið gera skúr úr timbri bak við húsið Laugaveg 12, og sækir nú um leyfi með bréfi dags. 26. maí, til að byggja skúr þennan.

Með því að skúr þessi kemur í bága við ákveði byggingarsamþykktarinnar, auk þess sem hann er byggður leyfislaust, á-

kveður nefndin að kæra hann fyrir þetta brot á byggingarsamþyktingu og krefjast þess að skúrin verði tafarlaust rifinn burtu.

12. Hlutafélaginu Rún leyft að byggja tvílyft vinnuhús 9.00x12.00 metra að stærð, á lóð sinni við Ingólfsstræti. Lóðin er 216.3 fermetrar. Leyft að hlaða veggjina úr holum steypum um steinum. Gjald kr. 25.92.

13. Út af erindi Árna Jónssonar Nýlendugötu 21 var ákveðið að viðbótarbygging sú, sem ræðir um í 3. lið fundargerðar 13. maí, megi ná fram í húsalínu þá, sem nú er ákveðin, og miðað við 15 álna götubreidd, gegn því, að ef síðar verður áf kveðið að breikka götuna og aðalhúsið byggt upp frá grunni, þá skuli viðbótarbyggingin um leið færð inn ~~/rú/~~ í hina nýju götulínu þennum að kostnaðarlausu. Skal þinglýsa þessu ákveði, sem kvöð á eigninni.

Á fund vantaði slökkviliðsstjóra og Þorvarð Þorvarðarson (utanlands).

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Sigv. Bjarnason. Sveinn Jónsson. Hjörtur Hjartarson. Jón Þorláksson.



Ár 1916, laugardaginn 10. júní, kl. 5 síðd., kom bygg-  
ingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gert:

1. P. Petersen bíóeiganda leyft að gera mótórhús úr stein-  
steypu á lóðinni fyrir vestan Gamla Bíó, 4.6x6.8 m. að stærð.  
Mótórhús, sem nú er á lóðinni, 2.6x5.6 m. verður tekið burtu.  
Byggingarleyfisgjald kr. 3.60.

2. Carl Schepler leyft að færa forstofuinngang á húsinu  
nr. 22 við Hafnarstræti, yfir að vesturgafli þess, sem nú er  
inngangur í smjörbúðina. Ennfremur að setja 2 glugga á austur-  
gafli hússins og breyta innréttingu í framhlið hússins niðri.  
Gjald kr. 2.00.

3. Eyvindi Árnasyni trésmið leyft að byggja geymsluskúr  
áfastan við smiðju G. J. Breiðfjörð við Laufásveg nr. 4 (á bak-  
lóðinni nr. 2). Leyfið er því skilyrði bundið, að skúrinn sé  
byggður úr steini eða steinsteypu. Stærð 6.75x3.70 m. Jafnframt  
verður rífinn niður skúr á lóðinni 3.25x3.25 m. að stærð.  
Gjald kr. 3.43.

4. Vald. Poulsen steypara leyft að byggja viðbót úr stein-  
steypu við húsið nr. 4 við Klapparstíg og setja ris yfir við-  
bótina og skúrinn sem nú er. Stærð viðbótarinnar er 3.00x5.40  
metrar og leyfið því skilyrði bundið, að viðbótin verði bænum  
að kostnaðarlausu færð inn í hina ákveðnu húsalínu, þegar aðal-  
húsið verður byggt upp frá grunni og skal það þinglesin kvöð  
á eigninni. Byggingarleyfisgjald kr. 4.34.

5. Vilh. Knudsen verzlunarmanni leyft að setja 2 glugga-  
kvisti á austurhlið húss hans við Bergstaðastræti nr. 42 og  
2 glugga á norðurhlið. Gjald kr. 2.00.

6. Frestað að taka ákvörðun um skúrbyggingu við norðurhlið  
hússins nr. 1 við Laugaveg.

7. Nathan & Olsen sækja um leyfi til að byggja fjórlyft  
hús úr steinsteypu á horninu við Austurstræti og Pósthússtræti  
og fara fram á, að hliðin meðfram Pósthússtræti megi vera sam-  
hliða Austurvallargirðingunni og 14,25 metra í austur frá henni.  
Nefndin samþykkir að byggja megi húsið í þessari stefnu, en  
við Austurstræti ræður hin ákveðna götustefna. Meiri hluti  
nefndarinnar lítur svo á, að austurhlið suðurhlutans hins fyr-  
irhugaða húss sé nær lóðarmörkum en ákveðið er í 14. gr. bygg-  
ingarsamþykktarinnar og vill ekki mæla með undanþágu frá því  
ákveði, en er fús til að veita hið umbeðna leyfi ef suðurálmú  
hússins er mjókkuð um 1 meter.

8. Gísli Þorbjarnarson fer fram á að skúr sá, er um ræð-  
ir í fundargerð byggingarnefndar 27. maí síðastl. megi standa  
um næstu 2 ár, en nefndin heldur fast við ákvörðun sína á þeim  
fundi og vill ekki veita hið umbeðna leyfi.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra  
og Sigv. Bjarnason. Fundi slitið.

K.Zimsen. Jón Þorláksson. Sveinn Jónsson. Hjörtur Hjart-  
arson. Þorvarðaur Þorvarðarson.

Ár 1916, hinn 14. júní var fundur haldinn í byggingar-  
nefndinni.

1. Péttri J. Thorsteinson leyft að breyta húsinu nr.13.  
við Hafnarstræti í búð og skrifstofu, samkvæmt framlögðum upp-  
drætti. Gjald kr. 2.00.

2. Guðm. Ásbjörnsson o.fl. sækja um leyfi til að byggja  
steinsteypuskúr við bakhlíð hússins Laugaveg 1, að lengd 8.15  
m. breidd 5 m. Nefndinni virðist brýn þarf á að húsið nr. 1  
við Laugaveg verði flutt inn í hina ákveðnu húsalínu, og leggur  
til að veittar verði úr bæjarsjóði allt að 2500 kr. í því skyni,  
og komi verkið því aðeins til framkvæmda, að Guðm. Ásbjörnsson  
fái til að taka að sér sjálfan flutninginn.

Í samræmi við þetta leyfir nefndin hina umræddu skúrbygg-  
ingu þannig, að skúrinn standi við norðurhlíð hússins eins og  
hún verður eftir flutninginn. Gjald kr. 4.08.

Fleira gerðist ekki. Allir á funsi.

Funsi slitið

K. Zimsen. Jón Þorláksson. Hjörtur Hjartarson. G. Olsen.  
Sveinn Jónsson. Sigv. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1916, föstudaginn 30. júní, kl. 5 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóni kaupm. Jónssyni frá Vaðnesi leyft að byggja tvöttaskúr úr steinsteypu á lóð hans nr. 2 við Klapparstíg, stærð 2.50x1.9 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

2. Guðríði J. Jónsdóttur leyft að byggja skúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 33 við Laugaveg, stærð 10.00x3.05 m., Jafnframt verða rifnir salernaskúrar, 6.60x1.60 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 5.31.

3. Þórði Þórðarsyni Grettisgötu 19A leyft að setja kvistglugga á framhlið hússins samkv. meðfylgjandi uppdrætti. Gjald kr. 2.00.

4. Gísli Guðmundssyni gerlafræðing leyft að byggja skúr úr steinsteypu A SUÐURMÖRKUM LÓÐAR~~XXXX~~ hans við Smiðjustíg nr. 11, stærð 6.00x2.85 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

5. Grínólfur Ólafsson bæjarfógetaskrifari sendir uppdrátt af íbúðarhúsi, sem honum á fundi 27. nóv. f.á. var leyft að byggja á erfðafestulandi hans í Laugamýrinni. Stærð hússins er 8.33x8.33 m. Fullnaðarleyfi veitt. Gjald kr. 13.88.

6. Þorleifi Jónssyni póstafræðing leyft að setja ~~kvist~~ kvist í gegn um húsið nr. 2 við Bókhöðustíg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

7. Jóni Björnssyni kaupm. leyft að gera þessar breytingar á húsi því, sem er í smíðum á lóð hans nr. 4 við Vesturgötu:

1. Að bæta við einum glugga á framhlið hússins.
2. Að hafa miðstöðvarhitun í húsinu.

Gjald kr. 2.00.

Erindi hans um aðrar breytingar var frestað þar til teikningar liggja fyrir.

8. Eiríki Ingimagnssyni leyft að byggja grunnlausan skúr á lóðinni nr. 35 við Bræðraborgarstíg. Stærð 5.65x3.75 metrar. Byggingarleyfisgjald kr. 2.12.

9. P.I. Thorsteinsson leyft að setja "manzard"-þak á húsið nr. 13 við Hafnarstræti, með því skilyrði, að 3-4 kvistgluggar, til prýðis, verði settir á hvora hlið. Gjald kr. 2.00.

10. Guðmundi Halldórssyni trésmið leyft að byggja skúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 5 við Grundarstíg. Stærð 6.30x5.00 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.41.

11. Samþykktur uppdráttur af slönguturni við Brunastöðina, 2.50x2.50 m. að grunnfleti. Hæð 18.3 m.

12. Erindi gasstöðvarstjórans um pappaðak á "Kokes"-geymslu-  
húsinu frestað og vísað til byggingarfulltrúa.

13. Gísli Þorbjarnarsyni málaflutningsmanni leyft að byggja  
skúr úr steinsteypu við bakhlið hússins nr. 22 við Laugaveg,  
stærð 5.00x2.82 m. Gjald kr. 2.00.

14. Á síðasta bæjarstjórnarfundum var vísað til byggingar-  
nefndar Guðm. Benjamínssonar viðvíkjandi söluturninum, sem hann  
vill fá leyfi til að standi um næstu 5 ár. Byggingarnefndin  
frestaði að taka ákvörðun um söluturninn, þar til veganefndin  
er búin að taka ákvörðun um hvernig haga skuli Lækjartorginu.

Fleira eigi gjört.

Á fund vataði G. Ólsen og Jón Þorláksson, sem voru fjar-  
verandi úr bænum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigv. Bjarnason. Sveinn Jónsson. Hjörtur Hjart-  
arson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1916, hinn 15. júlí var fundur haldinn í byggingar-  
nefndinni.

1. Paul Smith leyft að byggja tvílyftan inngönguskúr, 3.60  
x3.00 m., við bakdyr hússins nr. 7 við Miðstræti, með því skil-  
yrði, að skúrin allur verði gerður úr steini eða steinsteypu.  
Gjald kr. 3.15.

2. Jóni Björnssyni kaupm. leyft að breyta risi á austur-  
enda húss verzlunarinnar Björn Kristjánsson við Vesturgötu og  
að stækka kvist á vesturhlið hins nýja húss. Gjald 4 krónur.

3. Ólafi Danielssyni dr. leyft að byggja mósukur úr stein-  
steypu, 3.20x1.60 m. að stærð, við bakhlið hússins nr. 18 við  
Skólavörðustíg, og að girða lóðina eins og uppdráttur sýnir.  
Þetta leyfi er því skilyrði bundið, að lóðarviðbót, er hann  
hefur keypt af Matth. Matthíassyni, verði breytt í byggingar-  
lóð. Flatarmál allrar lóðarinnar er 250 m<sup>2</sup> Gjald kr. 2.00.

4. Guðm. Bjarnasyni klæðskera leyft að reisaviðbyggingu  
norðan við hús hans nr. 6 í Aðalstræti, 17.50 m<sup>2</sup> að stærð.  
Byggingarleyfið er því skilyrði bundið, að viðbyggingin standi  
ekki lengur en aðalhúsið og skal það þinglesið, sem kvöð á eign-  
inni. Gjald kr. 4.20.

5. Stjórnarráði Íslands leyft að reisa hús úr steinsteypu  
yfir litaverk Einars Jónssonar í Skólavörðuholtinu fyrir aust-  
an framlengingu Frakkastígs, á lóð, sem bæjarstjórnin hefur  
samþykkt að láta af hendi undir húsið. Grunnflötur hússins  
verður 183 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 80.00.

6. Páli Árnasyni lögregluþjóni leyft að byggja skúr úr  
steinsteypu á baklóðinni við hús hans nr. 8 við Skólavörðustíg  
nr. 8 17 fermetrar að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

7. P.I.Thorsteinsson leyft að byggja einlyft hús úr stein-  
steypu við Laufásveg nr. 46, á 551,6 fermetra lóð, sem hann  
hefur keypt úr Laufáslandi og bæjarstjórnin hefur samþykkt að  
breyta í byggingarlóð. Grunnflötur hússins er 178,91 fermetur.  
Byggingarleyfisgjald kr. 47.89. Ennfremur var honum leyft að  
gera geymsluskúr á sömu lóð, 16.10x2.80 m. að stærð. Gjald  
kr. 4.69.

8. C. Proppé fyrir hönd h/f "Herðubreið" leyft að byggja  
íshús úr steinsteypu við Fríkirkjuveg nr. 7, á lóð, sem þeir  
hafa keypt af P.I.Thorsteinsson & Co. í Sigv. og Eggert Claessen  
og sem á uppdrættinum er talin 1638.2 fermetrar. Grunnflötur  
íshússins er 472,2 fermetrar, og á húsið að standa 9,42 m. frá  
götujaðri Fríkirkjuveg og 3,14 metra frá lóðarmörkum Fríkirkju-  
unnar. Byggingarleyfisgjald kr.

9. Vilborgu Guðnadóttur leyft að gjöra tvílyftan inngöngu-  
skúr úr steinsteypu við vesturgötu hússins nr. 5 við Skólavörðu-

stíg, 1,87x8,18 m. að stærð og að setja 4 glugga á austurgafli hússins. Gjald kr. 4.00.

10. Gasstöðvarstjóranum leyft að setja ris og pappa á bak koks-geymsluskápxá húss Gasstöðvarinnar, í stað járnþaks, sem var er nú, en sem reynslan hefur sýnt að eyðileggst á mjög stuttum tíma vegna gufu og fleira frá gasstöðvarhúsinu. Gjald kr. 2.00.

Fleira gerðist ekki.

A fund vantaði G. Ólsen slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Þorláksson. Sveinn Jónsson. Sigv. Bjarnason. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1916, laugardaginn 29. júlí kl. 5 síðdegis kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

1. Guðjóni Björnssyni Mýrargötu 1 leyft að setja kvist á bakhlíð hússins nr. 1 við Mýrargötu og forstofuinngang við austurgafli þess. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

2. Ágústi H. Bjarnasyni leyft að hafa óplögða súð undir bakpappa yfir burklofti á húsi hans nr. 3 við Hellusund. Ennfremur fer hann fram á að mega láta girðingu fyrir framan lóðina fara út fyrir götujaðar Hellusunds, en nefndin getur ekki orðið við þeirri beiðni.

3. Steingr. Guðmundssyni, f.h. frk. Kristjönu Markúsdóttur, leyft að hækka hluta af inngönguskúr við húsið nr. 4 við Ingólfsstræti og gera nýjan stiga. Gjald kr. 2.00.

4. Finnur O. Thorlacius f.h. Gissurar Filippussonar, fer fram á að mega byggja vélaverkstæðishús á horninu milli Ingólfsstrætis og vantanlegrar framlengingar Lindargötu. Nefndin vill ekki leyfa svona lagaða byggingu á þessum stað, enda er ekki fullráðið um, hvernig haga eigi götum á norðurhluta Arnarholtstúns.

5. Ólafi Þorvaldssyni f.h. Tómasar Tómassonar leyft að byggja steinsteypuskúr við húseignina nr. 21 B við Njálsgötu. Stærð 10.05x6.43 m. Jafnframt verður rifinn niður skúr, sem er 2.70x5.15 m. Byggingarleyfisgjald kr. 17.06.

6. Einar Erlendsson f.h. Gunnars Þorbjarnarsonar, fer fram á að mega stækka 2. hæð inngönguskúrsins við hús hans nr. 4 við Hafnarstræti. Nefndin getur ekki veitt leyfi til þessa, með því að lóð sú, sem fylgir húseigninni er of lítil.

7. Félagsprentsmiðjunni leyft að breyta kjallara hússins nr. 4 við Laugaveg og setja glugga í báðar hliðar hans. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

8. Samþykktur uppdráttur af hesthúsi, hlöðu og geymsluhúsi á lóð slökkvistöðvarinnar við Tjarnargötu.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Jón Þorláksson. Sigv. Bjarnason. og Guðmund Ólsen.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1916, laugardaginn 2. september kl. 5 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Ólafi Th. Guðmundssyni trésmið á Laugavegi 34B leyft að setja kvistglugga á hús hans, þar sem nú er þakgluggi. Gjald kr. 2.00.
2. Jóni Kristjánssyni skósmið leyft að færa til glugga og dyr á húsi hans nr. 17 á Laugavegi og gera nokkrar fleiri breytingar á því. Gjald kr. 2.00.
3. Steingrímur Guðmundsson trésm. sækir um að mega setja kvist á húsið nr. 46 við Grettisgötu. Beiðninni frestað þar til fullnægjandi uppdráttur er fenginn.
4. Metúsalem Jóhannessyni leyft að setja glugga á framhlið útbyggingar við húsið nr. 15 við Þingholtsstræti. Gjald kr. 2.00.
5. Pétri Þ. J. Gunnarssyni leyft að gera nokkrar smábreytingar á sölubúð hans á Hótel Ísland. Gjald kr. 2.00.
6. Guðjóni Ólafssyni Bröttugötu 3B leyft að setja kvist í stað kvistglugga á húsið nr. 3B við Bröttugötu. Gjald kr. 2.00.
7. Andrés Pálsson sækir um leyfi til að mega byggja viðbót við húsið nr. 74 við Hverfisgötu. Neð því að hús þetta stendur c. 5 m. fyrir norðan ákveðin götujaðar, getur nefndin ekki orðið við beiðninni.
8. Árna Einarssyni leyft að setja kvist á framhlið hússins nr. 28 við Laugaveg, með því skilyrði, að hann fái undanþágu til að hafa einn stiga í húsinu, og mælir nefndin með því, að undanþága verði. Gjald kr. 2.00.
9. Gissur Filippusson sækir um leyfi til að mega byggja vélaverkstæðishús á lóðinni nr. 20 við Vesturgötu. Jafnframt hafa nefndinni borizt mótmæli frá mörgum búendum við Vesturgötu gegn því að slíkt hús verði reist á þessum stað. Nefndin vill ekki leyfa bygginguna með því fyrirkomulagi, sem sýnt er á framlögðum uppdreitti, bæði álitur hún húsið til stór óþrýði fyrir götuna, og auk þess er óbyggð lóð lítil og óhaganlegur aðgangur að henni. Nefndin er yfirleitt þeirrar skoðunar, að óheppilegt sé að reisa slíka byggingu, sem hér er um að ræða, við eina af aðalgötum bæjarins.
10. G. Eiríkss. sækir um að mega setja steinsteypuvegg á mörkum milli lóðanna nr. 20 og 22 við Hafnarstræti. Nefndin veitir hið umbeðna leyfi, en tekur það fram, að henni er ókunnugt um hvar séu rétt mörk milli lóðanna. Gjald kr. 2.00.



11. Nefndin leggur til, að lóð undir húsbyggingu fyrir lista-  
verk Einars Jónssonar, verði ákveðin þannig, að hún verði rétt-  
hyrndur ferhyrningur, 50 metra meðfram framlengingu Frakkastígs  
og 70 metra til suðausturs frá stígnum, en norðurtakmörkin 75  
metra frá Skólavörðunni, og standi aðalhúsið 7 m. þar fyrir  
sunnan.

12. Byggingarnefndin telur mjög nauðsynlegt, að gerð sé  
sem fyrst gangskör að því að tryggja bænum nægt byggingarefni  
í framtíðinni, sérstaklega hvað sand snertir og MÖL, og leggur  
til að bæjarverkfæringum sé falin rannsókn á þessu máli, og  
að honum, í samráði við borgarstjóra, leggi sem allra fyrst  
tillögu fyrir bæjarstjórnina þar að lútandi.

Fleira gerðist ekki.

A fund vantaði Jón Þorláksson og G. Ólsen.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðarson. Sigv. Bjarnason.  
Sveinn Jónsson. Hjörtur Hjartarson.

Ar 1916, hinn 7. sept. hélt byggingarnefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Gissuri Filippussyni leyft að meiri hluta nefndarinnar að reisa tvílyft smíðahús úr steinsteypu á lóðinni nr. 20 við Vesturgötu, stærð 17.80x9.45 m. með útbyggingu 3.80x5.30. Byggingarleyfisgjald kr. 44.57.

2. Andrés Pálsson hefur endurnýjað beiðni sína um viðbót-arbygginguna við Hverfisgötu 74, og býðst nú til að láta þá kvöð hvíla á eigninni að hún verði rifin niður bænnum að kostnaðarlausu, hvenær, sem hann krefzt þess til breikkunar Hverfisgötu. Nefndin vill ekki verða við þessari beiðni, en felur borgarstjóra að leita samkomulags við húseigandann, um að flytja aðalhúsið inn í götulínuna.

3. Hólmfríði Gísladóttur leyft að reisa fjós og heyhlöðu o.fl. á erfðafestulandi hennar á Melunum. Grunnflöturinn er 12.60x12.00 m. Byggingarleyfisgjald kr. 19.72.

4. Jóni Þorlákssyni leyft að setja dyr í stað glugga á framhlið hússins nr. 11 við Bankastræti. Gjald kr. 2.00.

Þxx Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. G. Ólsen. Sveinn Jónsson. Jón Þorláksson.  
Sigv. Bjarnason. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1916, hinn 16. september, hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Var þá þetta gert:

1. Guðmundi Jónssyni, Laugavegi 24 leyft að byggja steinsteypuhús, 33.30 m<sup>2</sup> að stærð, á austurmörkum lóðarinnar. Gjald kr. 4.33.

2. Ólafi Grímssyni leyft að reisa fjós og hlöðu með einu íbúðarherbergi á erfðafestulandi hans í Þvottalaugamýri. Húsið er úr steinsteypu 10.00x7.00 m. að stærð. Áskilið samþykki bæjarstjórnar til að byggja á erfðafestulandinu. Gjald kr. 11.20.

3. Kristínu Sigurðardóttur leyft að breyta gluggum og setja dyr á framhlið hússins Laugavegi 20A. Gjald kr. 2.00.

4. H/F. "Haukur" sækir um leyfi til að byggja tvílyft fiskhús úr steinsteypu, 24x17 m. ásamt viðbyggingu 4.30x16.20 m. á lóð félagsins við Mýrargötu. Leyfið veitt að því tilskildu, að byggingarnefnd ákveði stefnu hússins. Gjald kr. 117.51.

5. Gísla Guðmundssyni leyft að byggja skúr steindteyptan, 3.90x3.80 m. að stærð við vesturenda hússins nr. 96 við Hverfisgötu. Gjald kr. 2.00.

6. Stefáni Jónssyni í Sauðagerði leyft að lengja íbúðarhús sitt þar um 1.90 m. Breidd 4.40 m. Viðbótin úr steinsteypu eða steini. Gja,d kr. 2.00.

7. Guðmundi Bjarnasyni klæðskera leyft að breikka og hækka viðbyggingu þá við húsið Aðalstræti 6, sem honum var leyfð á fundi byggingarnefndar 15. júlí þ.á. Grunnflötur viðbyggingarinnar er 24.65 m<sup>2</sup>. Leyft að viðbyggingin sé gerð úr "Steinars"-steini, en að öðru leyfi með óbreyttum skilyrðum. Gjald kr. 2.82, auk fyrra gjaldsins.

8. Sveini Jónssyni leyft að gera ýmsar breytingar á húsi sínu, Doktorshúsi við Vesturgötu, setja kvist, hækka inngönguskúr m.m. Gjald kr. 4.00.

9. Ólafi G. Eyjólfssyni leyft að breyta gluggum og herbergjaskipun á húsi sínu Hverfisgötu 98. Gjald kr. 2.00.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði G. Ólsen og Þorvarð Þorvarðarson, sem er erlendis.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Hjörtur Hjertarson. Sveinn Jónsson. Sigv. Bjarnason.

Ár 1916, hinn 2. okt. hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Nathan & Olsen leyft að byggja fjórlyft hús úr steinsteypu á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis. Leyft að hafa brotið bak á húsinu. Grunnflötur hússins er 416.70 m<sup>2</sup> Gjald kr. 300.00. Eigendur spyrja hvort íbúð muni leyfð á fjórða gólfi og í bakhæðinni, en nefndin frestar að svara þeirri spurningu.

2. Framlagður og samþykktur uppdráttur er sýnir afstöðu húss þess er Péttri Thorsteinsson var leyft að byggja við Laufásveg nr. 46 á fundi nefndarinnar 15. júlí.

3. Ingvari Guðmundssyni leyft að byggja 2 skúra á lóðinni 22C við Grettisgötu samtals 54 fermetra að flatarmáli. Jafnframt verður rifinn skúr 3.45 fermetra. Gjald kr. 5.75.

4. Guðríði J. Jónsdóttur leyft að gera útbyggingu 3.00x1.75 metra vestan við geymsluhús það er hún hefur í smíðum við Laugaveg nr. 33 og að innrétta húsið til íbúðar. Gjald kr. 8.57 auk þess, sem áður er greitt.

5. Steingrími Guðmundssyni leyft að setja kvist á framhlið hússins nr. 46 við Grettisgötu. Gjald kr. 4.20.

6. Steingrími Guðmundssyni leyft að gera geymsluhús 6.25x2.20 m. í suðausturhorni lóðarinnar nr. 4 við Amtmannstíg. Leyfið er því skilyrði bundið, að skúrin verði úr steini eða steypu, og eldvarnarveggir á báðum lóðarmörkum.

7. Péttri Guðmundssyni leyft að byggja skúr úr steini 5.00x4.85 m. að stærð, norðan við húsið nr. 13 við Klapparstíg. Gjald kr. 2.43.

8. Jóhanni T. Egilssyni leyft að byggja geymsluskúr úr steini 3.45x4.40 m. að stærð, á lóð sinni nr. 19C við Nýlendingötu. Eldvarnarveggur skal vera á þrjá vegu. Gjald kr. 2.00.

9. Andrési Andréssyni leyft að reisa geymsluskúr úr steini eða steypu í norðausturhorni lóðar hans nr. 25 við Skólavörðustíg, 39.15 fermetra að grunnfleti. Gjald kr. 2.88.

10. Jóni Þórarinssyni leyft að byggja verkætæði úr steini, 13.15x6.00 metra, á lóðinni nr. 10A við Vatnsstíg. Bygging þessi kemur í stað skúrs þess er honum var leyft að byggja á fundi nefndarinnar 13. marz þ.á. Gjald kr. 11.47.

11. Þorkeli Þ. Clementz leyft að gera viðbyggingu úr steinsteypu við norðurgötu hússins nr. 5 við Þingholtsstræti. Grunnflötur 44.84 fermetrar. Ennfremur að setja kvist á framhlið hússins sem nú er. Gjald kr. 11.12 plúss kr. 2.00.

12. Ben. G. Vaage leyft að gera yfir kjallaratröppur við vesturgötu hússins nr. 24 við Skólavörðustíg. Gjald kr. 2.00.

13. Pálma Pálssyni leyft að setja skorstein í geymslu-  
hús sitt við Suðurgötu nr. 7. Gjald kr. 2.00.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvæðarson (utanlands).

Fleira gerðist ekki, og var svo fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Þorláksson. Sigvaldi Bjarnason.  
Sveinn Jónsson. G. Ólsen. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1916, hinn 14. okt. hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagður fram og samþykktur uppdráttur af breytingu á húsi P.J.Thorsteinsson við Hafnarstræti, en breytingin var leyfð á fundi nefndarinnar 30. júní 9. lið.

2. Jóni Magnússyni leyft að gera viðbyggingu úr steini við austurgafli hússins nr. 30 við Laugaveg. Grunnflötur 4.70x8.90m. Gjald kr. 4.39.

3. Geir Pálssyni leyft að gera geymsluskúr úr steini eða steypu 15.60 fermetra að grunnmáli á baklóð hússins nr. 10A við Barónsstíg. Gjald kr. 2.00.

4. Sama manni leyft að breyta útihúsi á lóðinni nr. 53 við Grettisgötu í íbúðarhús. Gjald kr. 2.00.

5. H/F. Ísbjörninn leyft að gera kjallara undir skúr við íshús félagsins við Skothúsveg. Gjald kr. 2.80.

6. Út af bréfi dags. 3. b.m. frá G. Eiríkss. var byggingarfulltrúa falið að líta eftir hvort eigi væri búð að rífa reykháf, sem byrjað var að byggja í leyfisleysi í húsinu nr. 22 við Hafnarstræti.

7. Gunnari Gunnarssyni leyft að gera geymsluhús og hesthús með inniluktu porti á baklóð við Hverfisgötu nr. 16. Grunnflötur byggingarinnar 71.50 fermetrar. Gjald kr. 7.44.

8. Sigurjóni Sigurðssyni leyft að gera geymsluskúr á baklóð Vonarstræti. Grunnflötur 2.40x1.10. Gjald kr. 2.00.

9. Þórði Jónssyni úrsmið leyft að gera skúr 2.50x2.50 m. við hús í erfðafestulandinu Undralandi og að hækka framhlíð hússins, og að gjöra þar íbúðarherbergi. Gjald kr. 9.25.

10. Guðmundi Sigmundssyni leyft að gera tveggja herbergja íbúð í kjallara hússins nr. 14 við Njálsgötu. Gjald kr. 2.00.

11. Markúsi Þorsteinssyni leyft að gera íbúðarherbergi í kjallara hússins nr. 9 við Frakkastíg. Gjald kr. 2.00.

12. Ingvari Þorsteinssyni leyft að gera íbúð í kjallara hússins nr. 42A við Grettisgötu. Gjald kr. 2.00.

13. Bjarna Helgasyni leyft að gera íbúð í kjallara hússins nr. 50 við Njálsgötu. Gjald kr. 2.00.

14. Ingvari Hjörleifssyni leyft að gera íbúð í smíðahúsi á lóðinni nr. 17 við Bræraborgarstíg. Gjald kr. 2.00.

15. Jafet Sigurðssyni leyft að innrétta til íbúðar, geymsluhús á lóðinni nr. 29 við Bræraborgarstíg. Gjald kr. 2.00.

16. Samþykktur uppdráttur af íbúðarhúsi til bráðabyrgða, er bæjarstjórnin létur gera við Laufásveg sunnanverðan, utan marka kaupstaðarlóðarinnar. Grunnflöturinn, 31.40x6.30 m. með 5 inngönguskúrum, sem eru hver um sig 2.50x3.15 metrar. Húsið er úr timbri, einlyft, og leyft að hafa þakpappa utan á baki og veggjum.

17. H/f. Kol og Salt leyft að gera bráðabirgðabyggingu úr timbri til saltgeymslu á uppfyllingunni við höfnina. Stærðin er 38.00x16.00 m.. Nefndin mælir með undanþágu frá ákvæði byggingarsamþykktarinnar um steinveggi. Gjald kr. 75.40.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Hjörtur Hjartarson. Sigv.Bjarnason. Sveinn Jónsson. Jón Þorláksson.

Ár 1916, hinn 30. okt. hóelt nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

1. R.P.Leví leyft að setja dyr á vesturhlið smíðahússins á lóðinni nr. 3 við Tjarnargötu. Sömuleiðis að byggja skúr úr steini, 5.00 fermetra að grunnfleti, við norðausturmörk lóðarinnar. Gjald kr. 4.00.

2. Guðmundi Bjarnasyni leyft að innrétta íbúð til bráðabirgða í skúr á lóð bakhússins við Amtmannsstíg nr. 4. Gjald kr. 2.00.

Það athugast, að eldvarnarvegg vantar við skúr þennan á lóðarmörkum að sunnanverðu, og krefst nefndin þess, að hann verði gerður tafarlaust.

3. Hlutafélaginu "Pípuverksmiðjan" leyft að stækka vinnuhús sitt við Rauðarárstíg. Stærðin er 14.40x8.80 m. með tveim útskotum, samtals 4.95x7.00 m. Það er áskilið að suðurgafi hússins verði gerður að eldvarnarvegg, ef byggingarnefnd seinna krefst þess. Gjald kr. 19.37.

4. Gísli Péturssyni leyft að gera íbúð í geymsluhúsi á lóðinni nr. 10B við Lindargötu. Gjald kr. 2.00.

5. Bæjarstjórnin hefur vísað til nefndarinnar til álita erindi Guðm. Benjamínssonar dags. 13. júní s.á., þar sem hann fer fram á að söluturninn á Lækjartorgi fái að standa í 5 ár, eftir að leyfistími hans, næsta vor, er útrunninn.

Nefndin vill ekki mæla með þessari beiðni.

6. Eyvindi Árnasyni leyft að byggja mótorklefa 5.00x2.50 metra við vesturhlið verksmiðjuhússins Laufásveg 2. Klefinn verður úr steini með steyptu þaki. Gjald kr. 2.00.

Fleira var ekki gert. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðarson og G. Ólsen.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Sigv. Bjarnason. Hjörtur Hjartarson. Jón Þorláksson.



Ár 1916, laugardaginn 2. desember kl. 4 síðd. kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Jóni Halldórssyni & Co leyft að setja glugga í stað dyra á norðurhlið hússins nr. 6B við Skólavörðustíg. Gjald kr. 2.00.
2. Sveini M Kjartanssyni leyft að byggja ofan á austurendann á geymsluskúr við Bræðraborgarstíg nr. 1, með því skilyrði, að framhlið hússins verði byggð úr steini eða steinsteypu frá grunni. Gjald kr. 8.63.
3. Finnur Ó. Thorlacius, f.h. Gissurar Filippussonar, sækir um leyfi til að mega hækka húsið nr. 20 við Vesturgötu um eina hæð þannig, að það verði þrjár hæðir. Nefndin mælir með undanþágu frá 17. gr. byggingarsamþykktarinnar, að því er snertir þykkt á útveggjum og leyfir hækkunina að þeirri undanþágu fenginni. Ennfremur mælir byggingarnefndin með undanþágu frá 25. gr. byggingarsamþykktarinnar, um að hafa aðeins einn stiga, svo framarlega, sem annað gólf og stigi úr járnbentri steinsteypu. Loks er áskilið að dyr verði út á baklóðina frá stigahúsinu. Gjald kr. 3.69.
4. Jónatan Þorsteinssyni kaupmanni leyft að setja kvist á norðurhlið hússins nr. 31 við Laugaveg, 3.75 m. að lengd. Gjald kr. 2.00.
5. Leyfi Th. Þorleifssyni leyft að gjöra íbúðarhús í norðausturhorni lóðarinnar nr. 25 við Lsugaveg, 7.50x7.00 m. að stærð, með inngönguskúr 3.20x4.55 m. Inn í bygginguna hverfur geymsluhús, að stærð 7.50x4.50 m. Gjald kr. 11.36.
6. Helgi Helgason trésmiður fer fram á að mega hlaða garð úr grásteini fyrir framan lóðina nr. 42 við Hverfisgötu í stefnu við framhlið hússins nr. 40. Þar sem breikka á Hverfisgötu um ca. 5 m., þá ákvað nefndin að leita samninga um kaup á lóðinni undir götubreikkunina.
7. H.Th.A.Thomsen leyft að setja hlera í stað glugga á austurhlið hússins nr. 18 við Hafnarstræti. Gjald kr. 2.00.
8. Jóni Jónssyni beyki leyft að byggja vinnustofu og lagarhús á baklóðunum nr. 5 og 7 við Klapparstíg, 19.00x4.40 m. að stærð. Byggingin sé úr steinsteypu. Gjald kr. 16.00.
9. Einari Erlendssyni f.h. A.Obenhaupt leyft að gera íbúð á annari hæð hússins nr. 4 (6) við Hverfisgötu, og mælir nefndin með því, að undanþága verði veitt frá 25. gr. byggingarsamþykktarinnar, um að hafa 1 stiga í húsinu næstu 5 ár. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
10. Kristjáni Sigurðssyni leyft að innrétta skúr til íbúðar, við Bergstaðastræti 28B. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.  
Á fund vantaði G.Ólsen. Fundi slitið.  
K.Zimsen. Sigv. Bjarnason. Jón Þorláksson. Sveinn Jónsson.  
Hjörtur Hjartarson. Þorvarðarson, Þorvarðars

Ár 1916, laugardaginn 16. desember kl. 4 síðdegis kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Gunnari Þorbjörnssyni kaupm. leyft að reisa einlyft íbúðarhús úr steinsteypu með brotnu þaki og járnþentum steinsteypum loftum á lóð hans á horninu í Miðstræti og Skálholtsstíg. Húsið er 111.78 fermetrar að grunnfleti, en öll lóðin, sem fylgir lóðinni er samkvæmt framlögðum uppdrætti 315.21 fermetrar og athugar byggingarnefndin, að bærinn muni eiga 2.80 m. breiða ~~þyllu~~ sneið sunnan af lóðinni til breikkunar á Skálholtsstíg. Byggingarleyfisgjald kr. 38.46. Húsið verður nr. 12 við Miðstræti.

2. Oddur Jónsson Lindargötu 5, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðaskýli yfir bifreið á Litluklapparlóð við Klapparstíg. Skýlið á að vera úr tibri, járnvarið, og standa á lóðarmörkum. Nefndin synjar um þetta leyfi.

3. Geir Pálssyni leyft að byggja tvílyft steinhús ~~á lóð~~ að stærð 15.60x5.00 m. fram á baklóðinni við Grettisgötu 53. Eldvarnarveggir eru á 3 vegu. Gjald kr. 18.10.

4. Geir Pálssyni leyft að byggja steinhús, tvílyft með kjallara, á hornlóðinni við Grettisgötu og Vitastíg. Húsið verður nr. 45A við Grettisgötu, stærð 7.50x7.50 með útbyggingu 4.50x3.45 m. Lóðin er keypt úr lóðinni nr. 45 við Grettisgötu og er ca. 108 fermetrar að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 25.29.

5. Gunnari Gunnarssyni kaupmanni leyft að skifta húseign sinni við Austurstræti 7 og Hafnarstræti nr. 8 í tver húseignir, og komi lóðarmörin eftir beinni línu mitt á milli húsanna. Eldvarnarvegg skal setja á skúrinn vestast á lóðinni á hinum nýju lóðarmörkum. Sú kvöð skal lögð á húseignina nr. 8 í Hafnarstræti, að frjáls aðgangur skuli vera fyrir slökkvitól að húseigninni nr. 7 við Austurstræti.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigv. Bjarnason. Sveinn Jónsson. G. Ólsen.  
Hjörtur Hjartarson. Jón Þorláksson. Þorvarður Þorvarðarson.

1918. Janúar 1. Lásurinn. Þessi er...

Þessi er... Lásurinn...

Þessi er... Lásurinn...

Þessi er... Lásurinn...

Þessi er... Lásurinn...

Þessi er... Lásurinn...

Lásurinn...

Lásurinn...

Lásurinn...

Ár 1916, laugardaginn 30. desember skyldi halda fund í byggingarnefndinni, en með því að að eins borgarstjóri og byggingarfulltrúi mættu á fundinum, var ekki talið fundarfært.

K. Zimsen. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1917, hinn 13. janúar, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

1. Út af erindi Tryggva Gunnarssonar dags. 15. nóv. f.á. um götu á lóðarræmu úr Melkotstúni næst fyrir ofan lóð h/f Ísbjörninn, leggur nefndin til, að ræma þessi verði tekin undir götu, enda er þegar vegur eftir ræmuni og holræsi í veginum.

2. Ólafur Björnsson ritstjóri sækir um leyfi til að byggja viðbót að vestanverðu við Ísafoldarhúsið og hyggst þá jafnframt að rífa skúrbyggingu og geymsluhús, sem nú eru á lóðinni. Er svo til ætlað, að viðbyggingin verði hluti úr fjórlyftu húsi, sem taki yfir alla lengd lóðarinnar meðfram Austurstræti og sé með tveim álmum, er nái að Vallarstræti.

Meðfram Austurstræti á húsið að standa í sömu stefnu og hús Nathan & Olsens, en stefna Vallarstrætis vill byggingarnefndin að verði ákveðin þannig, að breidd götunnar verði 6.30 metrar frá húsinu nr. 4 að sunnanverðu við götuna og frestar málinu þar til bæjarstjórnin hefur tekið ákvörðun um þetta atriði.

3/ H/f. Pípuverksmiðjan hefur 27. f.m. ritað bæjarstjórninni um eignarrétt á svonefndri Mylnulóð í Rauðarárholti, sem útvísuð var Ásmundi Gestssyni 1. ágúst 1903, með þeim beinum fyrirvara, að útmælingin falli úr gildi og lóðin hverfi aftur til bæjarins, þegar hætt verður að nota hana sem mylnulóð. Hlutafélagið heldur því fram, að kvöð þessi sé ekki í gildi af því, að hún hefur ekki verið færð inn í veðmálabækur bæjarins, en til samkomulags er stungið upp á því, að kvöðin verði metin til peninga, og býðst hlutafélagið til að greiða helming matsverðs, gegn því að fá lóðina afhenta kvantalaust til fullkominnar eignar.

Byggingarnefndin er þeirrar skoðunar, að lóð þessi sé tvímálalaust eign bæjarins, þegar hætt verður að nota hana sem mylnulóð, og getur því ekki mælt með því, að hún verði látin af hendi til annarar notkunar, nema gegn fullu endurgjaldi.

H/f. "Pípuverksmiðjan" fer fram á að fá keypta ca. 628 fermetra stóra lóð í Rauðarárholti fyrir austan lóð félagsins við Rauðarárstíg og fyrir sunnan Mylnulóðina, áfast við þær lóðir. Byggingarnefndin sér ekkert því til fyrirstöðu að lóð þessi verði seld.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og Guðm. Ólsen. Jón Þorláksson fór af fundi meðan umræður stóðu um 2. lið.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K.Zimsen. Sigv.Björnsson. Sveinn Jónsson. Hjörtur Hjartarson.

Ár 1917, laugardaginn 27. jan. kl. 4 síðdegis var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Pétur Sigurðsson sækir um leyfi til að byggja viðbót við húsið nr. 51A við Vesturgötu. Frestað vegna vantandi lóðaruppdráttar.

2. Jón Jónsson beykir sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðaskúr fyrir ~~norðan~~ húsið Klapparstíg nr. 7. Beiðninni sýnjað.

3. Einari Hildibrandssyni leyft að stækka skúr þann, er umdæddi í fundargerð 29. jan. 1916, svo hann verði að stærð 4.40x5.35 m. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

4. Jóni Zöega kaupmanni, leyft að breyta vörugeymsluhúsi hans við Bankastræti 14 í íbúðarhús. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

5. Fiskveiðahlutafélaginu Ísland leyft að byggja bráðabirgða-~~húsið~~ -geymsluhús á uppfylltri lóð, sem félagið hefur á leigu hjá hafnarsjóðnum, niður undan Schous-húsi. Stærðin er 24.90x15.80 m., og mælir nefndin með undanbágu frá byggingarsamþykktinni, til að byggja húsið úr timbri og járn. Byggingarleyfisgjald kr. 44.29.

6. Ólafi Björnssyni ritstjóra leyft að byggja viðbyggingu úr steini við vesturenda hússins nr. 8 við Austurstræti, og er grunnflötur byggingarinnar 121.75 m<sup>2</sup>. Gafl hússins við Vallarstræti á að standa eins og ákveðið var á síðasta fundi byggingarnefndar og bæjarstjórn hefur samþykkt. Þessi bygging er hluti af fyrirhugaðri byggingu, er lagður hefur verið fram uppdráttur af. Byggingarleyfisgjald kr. 77.92.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði G. Ólsen.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Sveinn Jónsson. Jón Þorláksson. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1917, laugardaginn 10. feb. kl. 4 síðd., kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gert:

1. P.I.Thorsteinsson sækir um leyfi til að gera kjallara undir húsið nr. 13 við Hafnarstræti. Byggingarnefndin leyfir það með þeim skilyrðum (-yrðum), að hann flytji húsið inn í ákveðna götulínu við Hafnarstræti, og að hann falli frá kauparétti þeim, sem hann kann að hafa fengið á sundinu milli húanna nr. 13 og 15, og flytja þangað þarfahús það, er nú er fyrir norðan húsið nr. 13. Ennfremur er tilskilið að uppdráttur verði sendur byggingarnefndinni fyrir næsta fund.

2. Stjórnarráðið spyrst fyrir um í bréfi, dags. 14. nóv. hvort bæjarstjórnin hafi nokkuð að athuga við stækkun kirkjugarðsins austur á Nýjatún, og jafnframt, hvort hún vilji láta í té okeypis land á Melunum fyrir sunnan Nýjatúnið til stækkunarinnar. Samkv. bréfi héraðslæknisins dags. 19. nóv. síðasti. og sem fylgir erindi stjórnarráðsins, virðist ekki fullrannsak að hvort landið er hæft fyrir kirkjugarð, og í öðru lagi er ákveðið, að gata skuli koma fyrir vestan núverandi kirkjugarð, og alla leið norður á Vesturgötu, og virðist byggingarnefnd ekki ástæða til að gera breytingar á þeirri ákvörðun. Ef nánari rannsókn leiðir það í ljós, að þetta svæði sé haft til grefnunar og ákveðið verður að stækka kirkjugarðinn vestan Garðastrætis, þá leggur nefndin til, að bæjarstjórnin láti af hendi ókeypis það af garðstæðinu, sem bærinn á.

3. Erlingi Pálssyni sundkennara leyft að byggja íbúðarhús, 7.00x6.30 m., í erfðafestulandi hans við sundlaugarnar, ennfremur skúr 2.00x2.40 m. Það er áskilið, að bæjarstjórnin leyfi að byggja í erfðafestulandinu. Byggingarfulltrúinn ákveður nánar hvar húsið á að standa. Byggingarleyfisgjald kr. 10.44.

4. Þórður L. Jónsson, f.h. verzlunar Jóns Þórðarsonar, fer fram á að mega setja glervegg með tréuppistöðum út fyrir vegg hússins nr. 10 við Bankastræti. Nefndin vill leyfa þetta með því skilyrði, að uppistöðurnar verði úr steinsteypu, eða jární. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

5. Jóni Jónssyni beyki leyft að byggja bráðabirgðaskúr úr tré og jární fyrir norðan húsið Klapparstíg 7, 4x13 m. að stærð. Skúr þessi má aðeins standa meðan verið er að koma upp smíða- og "lager"- húsi því, er honum var leyft að byggja 2. desember s.l. og eigi lengur en til 1. nóvember n.k. Byggingarleyfisgjald kr. 5.00.

6. Buðm. Björnssyni klæðskera leyft að setja dyr í stað glugga á bakhlíð hússins nr. 6A við Aðalstræti. Gjald kr. 2.00.

7. Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni leyft að byggja sumarhús á Vatnsmýrarbletti nr. 1 (eign erfingja dr. J. Jónassen). Stærð hússins er 40.90 m<sup>2</sup>. Áskilið er, að bæjarstjórnin leyfi að byggja í erfðafestulandinu, og byggingarfulltrúi ákveður nánar hvar húsið á að standa. Byggingarleyfisgjald kr. 3.28.

8. Bæjarstjórnin hefur vísað til byggingarnefndar til á-  
lits, hvernig haga skuli þvergötu á uppfyllingunni norðan norð-  
an Hafnarstrætis. Nefndin leggur til, að ákveðið verði að  
lengja Aðalstræti norður yfir uppfyllinguna, þó þannig, að  
stefna framlengingarinnar sé hornrétt við stefnu hafnarveggssins,  
og að framlengingin sé 15 m. á breidd.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði G.Ólsen.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Hjörtur Hjartarson. Sveinn Jónsson. Jón Þor-  
láksson. Sigv. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.



Ár 1917, mánudaginn 26. febr. kl. 4 síðd., kom byggingar-  
nefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Gunnar Þorbjarnarson afsalar sér byggingarleyfi, sem  
leyft var á fundi nefndarinnar 16. des. s.l., og fer fram á,  
að byggingarleyfisgjald verði felld niður. Nefndin er því sam-  
þykkt.

2. Jóni Laxdal stórkaupmanni leyft að byggja útbyggingu  
úr steini norðan við íbúðarhús hans í Tjarnargötu, 3.00x6.40  
m. að stærð. Gjald kr. 2.53.

3. Erindi Sigurðar Jóhannessonar um byggingu á lóðinni nr.  
13 við Nýlendugötu frestað vegna ófullnægjandi uppdráttar.

4. E.Kristjánssyni söðlasmið leyft að reisa smáskúr 1.50X  
2.20 m. að stærð, í holtinu suður af Vitastíg. Skúrinn skal  
taka burtu fyrirvaralaust, hvenær sem borgarstjóri krefst þess.  
Gjald kr. 2.00.

5. Steingrímur Guðmundsson sækir um að mega flytja hingað  
timburhús ca. 88 m<sup>2</sup> að grunnfleti, sem hann á á Vestfjörðum.  
Nefndin mælir með að undanþága verði veitt til þess, en bygging-  
arleyfi verður ekki veitt fyrri en uppdráttur liggur fyrir af  
húsinu, svo og lóðaruppdráttur, enda vilji byggingarnefndin  
fallast á að húsið fái að standa á þeirri lóð.

6. Steingrímur Guðmundsson fer fram á að fá keypta bygg-  
ingarlóð við Óðinsgötu, og er byggingarnefndin því meðmælt eft-  
ir nánari útvísun, og gerir nefndin síðar tillögur um stærð og  
legu lóðarinnar.

7. P.J.Thorsteinsson leyft að lengja húsið nr. 13 við Hafn-  
arstræti, um ca. 3 metra, og er grunnflötu viðbyggingarinnar  
26.13 m<sup>2</sup>. Framlagður uppdráttur af húsinu í heild sinni, og  
hann samþykktur. Leyft var og að hafa miðstöðvarhitun í húsinu.  
Byggingarleyfisgjald kr. 30.75.

8. Gunnari Björnssyni leyft að gera nokkrar breytingar á  
húsinu nr. 19 við Frakkastíg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

9. Beiðni Ólafs Magnússonar um byggingu á lóðinni nr. 24B  
frestað vegna ónógra uppdráttar.

10. Pétri Sigurðssyni leyft að lengja húsið nr. 51A við  
Vesturgötu um 3 metra. Viðbyggingin verður úr steini eða stein-  
steypu, 6 metrar á breidd, og á framhlið hússins að standa í  
ákveðinni götustefnu. Tröppur mega ekki ná lengra en 50 cm.  
út fyrir réttan götugaðar. Rifinn verður skúr, sem stendur á  
lóðinni, 18.83 m<sup>2</sup> að stærð. Ennfremur leyft að setja kvist-  
glugga á framhlið eldra hússins. Byggingarleyfisgjald kr.  
5.60.

Á fund vantaði byggingarfulltrúa, sem var veikur.  
Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

framhald.

K. Zimsen. G. Ólsen. Jón Þorláksson. Sveinn Jónsson.  
Sigvaldi Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1917, laugardaginn 10. marz, kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Hallgrími Benediktssyni leyft að reisa bráðabirgðahús á hafnaruppfyllingunni á svæði því, sem honum hefur verið úthlutað þar til leigu. Skúrinn er 22.00x12.50 metrar að stærð, og mælir byggingarnefndin með, að honum verði veitt undanþága, til að hafa skúrinn úr timbri og jární. Byggingarleyfisgjald kr. 33.00.
2. Hafnarsjóði leyft að reisa vörugeymsluhús til bráðabirgða úr timbri og jární á hafnaruppfyllingunni fyrir austan framlenging Aðalstrætis. Stærð hússins 44.00x15.00 m., og mælir nefndin með, að undanþága verði veitt til að hafa bygginguna úr timbri og jární. Byggingarleyfisgjald kr. 100.32.
3. Lagður fram og samþykktur uppdráttur af hafnaruppfyllingunni með fyrirhuguðum götum.
4. Ólafi Magnússyni Rauðarárstíg 3 leyft að reisa skúr 5.00x4.70 metrar að stærð, í suðausturhorni Litlu-Klapparlóðar við Klapparstíg. Skúrinn sé byggður úr steini eða steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.41.
5. Fiskiveiðahlutafélaginu "Haukur" leyft að byggja salt-hús og skúr sunnan við vesturenda fiskhúss þeirra á lóð félagsins norðan við Mörargötu. Stærð salthússins 7.70x6.90 metrar og skúrsins 17.90x6.50 metrar. Byggingarleyfisgjald kr. 27.57.
6. Magnúsi Gunnarssyni leyft að gera viðbyggingu úr steini, 4.45x6.30 metra að stærð, við norðurgötu hússins nr. 3 við Laufásveg. Eldvarnarveggur er við norðurgötu viðbyggingarinnar, en nefndin mælir með því að undanþága verði veitt til að hafa glugga og dyr á vesturhlíð hennar, þótt hún sé eigi nema rúmí 2 metrar frá nágrannalóð, enda liggur fyrir skriflegt samþykki Þorleifs Jónssonar, eiganda þeirrar lóðar. Ennfremur var leyft að byggja inngönguskúr austan við húsið, 2.75x2.25 metrar að stærð, með eldvarnarvegg að austan. Byggingarleyfisgjald kr. 5.14.
7. Jón Kristjánsson og Andrés Félðsted, tilkynna að þeir hafi keypt af Halldóri Þórðarsyni túnblett við Ingólfsstræti, svonefndan Pálsbæjarblett, og spyrjast fyrir um: Í fyrsta lagi, hvort fyrirhuguð sé þvergata yfir túnið milli Ingólfsstrætis og Bergstaðastrætis. - Í öðru lagi, hvort þeim muni leyft að byggja 3.15 m. fyrir austan núverandi götujaðar Ingólfsstrætis, og í þriðja lagi, hvort byggingarnefndin muni vilja mæla með því, ef ekki sé ákveðið gata milli Ingólfsstrætis og Bergstaðastrætis að gerður verði 6.30m. breiður vegur syðst á túninu austur frá Ingólfsstræti, gegn því, að þeir láti ókeypís lóð undir veginn. Byggingarnefndin athugar fyrst og fremst, að tún þetta er erfðafestuland, og að samþykki bæjarstjórnar þarf til að

breyta því í byggingarlóð, og því næst, að hún vill ekki leyfa byggingar nær Ingólfsstræti en 12.50 m. frá vesturjaðri götunnar eða um 3.50 m. frá austurjaðri götunnar. Að öðru leyti frestar nefndin erindinu .

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði G.Ólsen.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Þorláksson. Sveinn Jónsson. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1917, laugardaginn 31. marz kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Helga Zöega kaupmanni leyft að byggja járnvarið bráðabirgðaskýli til geymslu á uppfyllingu þeirri, er bæjarstjórnin hefur selt honum á leigu austur af bryggju hans við Ægisgötu. Stærð skýlisins er 20x10 metrar og mælir byggingarnefndin með því, að undanþága verði veitt til að byggja skýlið úr timbri og jarni. Gjald kr. 32.00.

2. Lovisu Biering ekkjufrú leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið nr.6 við Laugaveg, 6.70x7.65 m. að stærð. Gjald kr. 7.18.

3. Frestað erindi Niels Andersonarum lóðarkaup og byggingu við Óðinsgötu, þar til búð er að ákveða götur í Skólavörðuholtiinu.

4. Verkfræðingur landsins fer, fyrir hönd landsstjórnarinnar fram á, að mega reisa vörugeymsluhús á Arnarhólstúninu austast, næst fyrir vestan lóð áhaldahússins. Húsið á að vera úr timbri og jarni og er 50x17 metrar að stærð. Byggingarnefndin lítur svo á, að sá hluti Arnarhólstúns, sem ætlast er til að byggja á nefnt geymsluhús, sé eign Reykjavíkur-kaupstaðar, þar sem allur norðurhluti Arnarhólstúns var útmældur kaupstaðnum árið 1787, er ákveðin var sú lóð, sem lögð var til kaupstaðarins, og stjórnarvöld bæjarins hafa aldrei afsalað frá þeim neinum réttindum til túnsins. - Nefndin getur því ekki leyft landsstjórninni að reisa varanlega byggingu á þessum stað, en vegna þeirrar bráðu nauðsynjar, sem er á að landsstjórnin komi upp skýli yfir vörur, vill nefndin mæla með því að leyft verði að reisa hið umbeðna hús til bráðabirgða, enda verði það tekið burtu, þegar bæjarstjórnin krefst þess. Leigu af lóðinni er ekki krafist meðan norðurálfustyrjöldin stendur yfir. Byggingarleyfisgjald kr. 107.02.

5. Jes Zimsen konsúll sækir um leyfi til að breyta þar á vörugeymsluhúsi hans við Kalkofnsveg. Nefndin vill ekki verða við þessari beiðni.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði byggingarfulltrúa, er var veikur.

Fundi slitið.

K. Zimsen. G.Ólsen. Sveinn Jónsson. Sigv. Bjarnason.  
Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1917, laugardaginn 14. apríl, kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Einari Jónssyni Vesturgötu 30 leyft að setja dyr í stað glugga á framhlið hússins nr. 30 við Vesturgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

2. Sigurði Jóhannssyni leyft að byggja smíðju í suðausturhorni lóðarinnar nr. 13 við Nýlendugötu, 8.15x5.50 m. að stærð. Eldvarnarveggur skal vera á lóðarmörkum. Byggingarleyfisgjald kr. 6.60.

3. Kristni Sigurðssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 13 við Óðinsgötu og hækka og breyta inngönguskúr á húsinu. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

4. Timbur- og kolaverzlunin Reykjaví hefur í óleyfi látið byggja timburskúr á leigulóð sinni við Kalkofnsveg, 3.15x8.75 m. að stærð, og sækir nú um leyfi til að mega láta skúrinn standa. Skúrinn fullnægir ekki fyrirmælum byggingarsamþykktarinnar og synjar nefndin því um hið umbeðna leyfi, og krefst þess, að skúrinn verði þegar rifinn niður og H/f Timbur- og kolaverzlunin Reykjavík látin sæts sektum.

5. P.I.Thorsteinsson sækir um leyfi til að gera svalir á norðurhlið hússins nr.13 við Hafnarstræti. Byggingarnefndin synjar um leyfi til þessa.

6. Tómasi Tómassyni leyft að ~~byggja~~ gera nokkrar breytingar á húsinu nr. 21B við Njálsgötu. Byggingarleyfisgjald kr.2.00.

7. Þórður Jónsson úrsmíður sækir um leyfi til að mega gera kvist á suðurhlið hússins nr. 9 við Aðalstræti. Byggingarnefndin vill ekki veita leyfi til þessa.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði byggingarfulltrúa, er var veikur.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Þorvarður Þorvarðarson. Sigvaldi Bjarnason. Jón Þorláksson.

Ár 1917, laugardaginn 28. apríl, kl. 4 síðd. kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert á fundinum:

1. Péttri A. Ólafssyni konsúl leyft að reisa skúrbyggingu á steinsteypugarðsins umhverfis hús hans, "Valhöll" við Skot-húsveg og sömuleiðis að setja bárujárnsgirðingu frá íbúðarhúsinu á tvo vegu út í garðinn. Stærð skúrsins er samtals 28x3.8 m. Byggingarleyfisgjald kr. 9.92. Að því er fyrirhugað fjós snertir, bendir byggingarnefndin á, að það þurfi að vera byggt samkvæmt ákvæðum heilbrigðissamþykktar, og þarf því, og þarf því leyfi heilbrigðisnefndar til fjósbyggingarinnar.

2. Eyjólfur Þorkelsson úrsmiður sækir um leyfi til að mega byggja kvist á suðurhlið húss hans, Austurstræti 6 og að setja altan undir gluggana, og ennfremur að mega setja ris yfir austur enda hússins. Nefndin vill leyfa hið umbeðna altan verði sett á húsið, en að öðru leyti getur hún ekki orðið við beiðni þessari. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

3. Árna Jónssyni kaupmanni leyft að setja kvist á suðurhlið húss hans, Laugaveg 37, og 2 smákvisti ásamt hækun á inn- og uppgönguskúr á norðurhlið. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

4. Stjórnarráðinu leyft að byggja kvist á austurhlið stjórnarráðshússins, breyta í íbúð geymsluhúsi þess og að byggja nýjan skúr í suðausturhorni stjórnarráðs- lóðarinnar, 8.30x4.40 m. að stærð, enda sé hann gerður úr steini eða steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 8.38.

5. Borgarstjóri lagði fram bréf frá Listvinafélagi Íslands dags. 26. apríl þ.á. Nefndin leggur til, að borgarstjóra sé falið að svara erindinu.

6. Árna Sigbjörnssyni leyft að innrétta þakhæð á húsi hans Laugaveg 58, og hækka inngönguskúr. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

Fleira var ekki gert.

Á fund vantaði G.Ólsen og Hjört Hjartarson, var veikur. Fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Þorláksson. Sveinn Jónsson. Sigv. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1917, laugardaginn 12. maí, kl. 4 síðd. kom byggingar-  
nefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Pétri A. Ólafssyni leyft að taka af glugga á suðurgafli  
húss hans "Valhöll" við Skothúsveg. Byggingarleyfisgjald kr.  
2.00.

2. Frestað beiðni frá héraðslækni Jóni Hj. Sigurðssyni um  
að mega breyta í íbúð efri hæð á ~~Nýja~~ geymsluhúsi á baklóð hús-  
eignar hans á Laugaveg 40, vegna þess að lóðaruppdráttur fylgdi  
ekki.

3. Pétri Hjaltsted úrsmið leyft að setja dyr í stað glugga  
á suðurhlið húss hans á Laugaveg 23 og sömuleiðis að hleypa  
niður 3 gluggum á sömu hlið og hafa þa með heilum rúðum.  
Gjald 2.00.

4. Einari Erlingssyni f.h. H.J.Hansen, leyft að breyta  
bakhalla á geymsluskúrum áföstum við húsið nr. 14 við Vesturgötu  
(Félagsbakaríinu). En búðin hans var l.hæð ofan á nokkrum hluta  
geymsluskúrsins sá nefndin sér ekki fært að leyfa. Byggingar-  
leyfisgjald kr. 2.00.

5. Ágúst Thorsteinsson kaupmanni leyft að byggja í hæð  
ofan á hið nýja hús hans Grundarstíg nr. 12 og að byggja geym-  
sluskúr með kjallara í suðurhorni lóðarinnar. Nefndin mælir  
með að undanþága sé veitt til að hafa 1 stiga, með því skilyrði,  
að stiginn sé úr járnbentri steinsteypu. Byggingarleyfisgjald  
kr. 11.80.

6. Eyjólfri Þorkelssyni leyft að setja 2 kvistglugga á suð-  
urhlið húss hans Austurstræti 6, og að setja þak með risi á  
skúrbygginguna við austurgafli hússins. Byggingarleyfisgjald  
kr. 2.00.

7. Sigurði Jóhannssyni leyft að breyta gluggum og dyrum á  
framhlöð smiðjunnar nr. 13 við Nylendugötu, sem honum var leyft  
að byggja á fundi nefndarinnar 14. apríl þ.á. Byggingarleyfis-  
gjald kr.2.00.

8. Geir Zöega kaupmanni leyft að breyta gluggum á framhlið  
hússins nr. 6 við Vesturgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

9. Nathan & Ólsen leyft að byggja bráðabirgðaskýli úr stein-  
steypu fyrir rafmagnsstöð, á Godthaabslóðinni, 9.30x6.75 m.  
að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 10.04.

10. Einari Guðmundssyni Vesturgötu 55B leyft að færa dyr á  
Vesturgafli og setja glugga í stað dyra á hliðina að götunni.  
Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

11. Hmálmty Sigurðssyni leyft að byggja tvílyft steinsteypu-  
hús með kjallara, við Bjargarstíg, á lóð, sem hann hefur keypt



af Kristjáni Teitssyni og, sem framlögðum uppdrætti er 297.2 fermetrar að stærð. Húsið er 8.80x8.15 m. með inngönguskúr 2.70x4.85 m. Nefndin mælir með að undanþága sé veitt til að hafa 1 stiga, enda sé loft og stigi úr járnbentri steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 27.42. Nefndin vill ekki sinna erindi Hjálmtýs Sigurðssonar um hluttöku bæjarsjóðs í kaupum á húseigninni nr. 11 við Grundarstíg til breikkunar götum og prýðis í bænum. Nefndin vill heldur ekki sinna beiðni hans um breytingu á húsastefnu sunnan við Bjargarstíg.

Á fund vantaði Jón Þorláksson, sem var fjarverandi úr bænum, og Hjört Hjartarson, sem er veikur.

Fundi sliti .

K. Zimsen. G. Olsen. Sveinn Jónsson. Sigv. Bjarnason.  
Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1917, laugardaginn 2. júní, kl. 4 síðd. kom byggingar-  
nefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Gísli Björnssyni leyft að lengja geymsluhús/<sup>á lóð</sup> hans við  
Grettisgötu 8, um 5.25 metra, breidd 3.40 m. Viðbótin skal byggð  
úr stein eða steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.28.
2. Þorsteini Ásbjörnssyni, Barónsstíg 10, leyft að reisa  
tvær sambyggðar húsbætur með brandgafli á milli á baklóð  
húseignarinnar á Bergstaðastræti 30. Húsin skulu byggð úr steini  
eða steinsteypu. Stærð beggja húsanna 15.70x7.50 m. Leyfið  
er því skilyrði bundið, að undanþága sé veitt með að hafa einn  
stiga í hvoru húsinu um sig, og að stigarnir séu úr járnbentri  
steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 28.24.
3. Indriða Einarssyni leyft að setja kvistglugga á austur-  
hlið hússins nr. 3 C við Tjarnargötu. Byggingarleyfisgjald  
kr. 2.00.
4. Jóni Jónssyni Brekkustíg 15, leyft að reisa geymsluskúr úr  
timbri á bak við húsið Bakkastíg 15. Stærð 5.20x2.60 m. Bygg-  
ingarleyfisgjald kr. 2.00.
5. Oddfellow-stúkunní "Ingólfur" leyft að gera nokkrar  
breytingar á herbergjaskipun í húsinu nr. 14 við Hafnarstræti.  
Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
6. Jóhanni Kr. Ólafssyni leyft að setja kvist á bakhlið  
hússins nr. 84 við Hverfisgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
7. Erindi Jóns Hj. Sigurðssonar héraðslæknis frestað vegna  
óglöggs uppdráttar.
8. Lúðvíg Hafliðasyni kaupmanni leyft að innrétta herbergi  
í geymsluskúr áföstum við hús hans Vesturgötu 11. Byggingar-  
leyfisgjald kr. 2.00.
9. Margrétí Arnason leyft að setja saman skýli, grunnlaust  
og saman krækt, á lóð húseignar hennar Suðurgötu 14. Gjald  
kr. 2.00.
10. Árna & Bjarna klæðskerum leyft að setja glugga í stað  
dyra á suðurhlið húss þeirra Bankastræti 9. Byggingarleyfis-  
gjald kr. 2.00.
11. Lagður fram uppdráttur yfir gagnaskipan í Skólavörðu-  
holtinu, milli Óðinsgötu og Frakkastígs, Skólavörðustígs og  
Bergstaðastrætis, og leggur nefndin til að uppdráttur þessi  
verði samþykktur, en áskilur sér, að koma síðar fram með til-  
lögur um, hvernig haga skuli byggingum á þessu svæði.

Fleira ekki gert.

A fund vantaði Jón Þorláksson, G. Ólsen og Hjört Hjart-  
arson.

framhal. -

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigvaldi Bjarnason. Sveinn Jónsson. Þorvarður Þorvarðars on.

Ár 1917, laugardaginn 16. júní, kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Svavari S. Svavars leyft að byggja inngönguskúr við vesturgafhlússins nr. 32B við Hverfisgötu. Tröppurnar, og em nú eru við norðurhlíð, og eins göngudyrnar þar, verða teknar burtu og settur gluggi í staðinn. Stærð skúrsins 1.75x2.75 m. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

2. Sveini M. Hjartarsyni leyft að setja skúr við bakhlíð hússins Vesturgötu 47, 2.15x2.15 m. að stærð, og setja 2 gluggakvisti á suðurhlíð hússins. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

3. Jörundi Brynjólfssyni leyft að byggja bráðabirgðaskúr í suðvestyrhorni baklóðar húseignarinnar nr. 26 við Þingholtsstræti, 4.45x2.50 m. að stærð. Skúrinn skal byggður úr steini eða steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

4. Danáel Þorsteinssyni leyft að byggja viðbót úr steinsteypu við vesturgafhlússins nr. 7 við Mýrargötu, 4.10x9.50 m. að stærð, og inngönguskúr 2.05x3.15 m., og að setja kvist á bakhlíð eldra hússins. Jafnframt verður rifinn niður skúr, sem er 1.80x1.70 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 17.56.

5. Bjarna Sæmundssyni leyft að taka burtu skúrinn við framhlíð hússins nr. 14 við Þingholtsstræti og gera þar í staðinn framskot 0.55x1.00 m. með svolum, og að gera kvist beggja megin á haki hússins. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

Bjarni Sæmundsson vill því aðeins gera þessar breytingar á húsinu, að bærinn kosti hana, að því er breytingarnar á framhlíð hússins snertir, og áætla hann að sú breyting muni kosta 5-600 krónur. Byggingarnefndin leggur til, að Bjarna Sæmundssyni verði greiddar 500 kr. úr bæjarsjóði og kosti hann þa sjálfur breytinguna.

6. Jes Zimsen konsúll, f.h. dánarbús Björns Guðmundssonar o.fl., leyft að lengja húsið nr. 123 við Laugaveg um 3.30 m. og er húsið 6.30 m. á breidd. Ennfremur leyft að setja þak með risi yfir allt íbúðarhúsið og kvist á framhlíð. Byggingarleyfisgjald kr. 4.90.

7. Magnúsi Guðmundssyni skipasmið leyft að byggja hús úr steinsteypu eða steini við Stýrimannastíg nr. 3. Stærð hússins er 9.80x7.55 m. samkvæmt umsókninni og árituðum málum á uppdrættinum, en hlutföll uppdráttarins eru röng, svo að leyfið er því skilyrði bundið, að nýr og réttur uppdráttur verði lagður fram.

8. Einari Þórðarsyni leyft að byggja bráðabyrgðaskúr á bakhlíð hússins nr. 8 við Kárástíg, 3.05x2.05 m. Skúrinn skal byggður úr steini eða steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

9. Niels Andr sson tr bo i s kir um a  f  keypta l   vi   
  insg tu. Nefndin  kve ur a  selja skuli honum l  ina nr. 21  
vi  nefnda g tu, og ver ur st r in n nar m ls og ver i   kve -  
i  af ~~nefndinni~~ matsnefnd.

10. Sama manni leyft a  byggja   þessari l   einlyft stein-  
steypuh s me  kjallara, 7.25x6.50 m., me  inng ngusk r 1.35x  
2.60 m. Byggingarleyfisgjald kr. 12.94.

Fleira ekki gert.

A fund vanta i J n Þorl ksson og G.  lsen.

Fundi sliti .

K. Zimsen. Sveinn J nsson. Sigvaldi Bjarnason  
Þorvar ur Þorvar arson.

Ár 1917, laugardaginn 30. júní kl. 4 síðdegis, hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Jóni Hj. Sigurðssyni héraðslækni leyft að breyta efri hæð í geymsluhúsi á baklóð hússins nr. 40 við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
2. A.í.Dahlstedt leyft að byggja við austurenda geymsluhússins á baklóð hússins nr. 20B við Laugaveg. Stærð viðbyggingarinnar er 2x3 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
3. Geir Pálssyni leyft að reisa einlyft hús úr steinsteypu með brotnu þaki við Bergstaðastræti nr. 64, 12.80x8.30 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 36.55.
4. Erindi Magnúsar Guðmundssonar um breytingu á húsinu nr. 16 við Skólavörðustíg, frestað og vísað til byggingarfulltrúa til athugunar.
5. Gunnari Gunnarssyni kaupmanni leyft að reisa tvílyft hús úr steini eða steinsteypu, 9.00x9.00 metrar að stærð við Hverfisgötu nr. 16. Byggingarleyfisgjald kr. 26.
6. Pétri Þórðarsyni leyft að flytja hús sitt nr. 24 við Klapparstíg af baklóðinni að götu, þannig að 10 al. verði milli þess og hússins nr. 22. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
7. Nefndin ákveður að selja Kornelíusi Sigmundssyni lóðina nr. 19 við Óðinsgötu og verður lóðin síðar mæld og verðið ákveðið af matsnefnd.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Jón Þorláksson og G. Ólsen.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónson. Sigvaldi Bjarnason. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1917, laugardaginn 14. júlí kl. 4. síðdegis, hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Í tilefni af erindi Halldórs Þórðarsonar og O.J.Olsens trúboða um að breyta "Holtsbletti" eða Pálsbletti, sem er erfðafestuland í byggingarlóð, var ákveðið að Ingólfsstræti skuli vera 12.50 m. breytt (sbr. fundargerð byggingarnefndar 10. marz þ.á.) og að Þvergata skuli koma frá Ingólfsstræti upp á Bergstaðastræti, nálægt norðurmörkum Holtsbletts, og er lega hússins sýnd á uppdrætti, sem lagður var fram á fundinum. Sé gatan 10 m. og jafnframt ákveðið að ekki skuli leyft að byggja nær götunni en 2 1/2 meter frá götujaðri.

2. Magnúsi Benjamínssyni leyft að setja kvist á vesturhlið hússins nr. 3 við Veltusund og dyr á sömu hlið hússins. Gjald kr. 2.00.

3. Erindi frá mótórværkstæðinu "Dvergur", um skúrbyggingu um skúrbyggingu til bráðabirgða á lóðinni nr. 3 við Mýrargötu, frestað vegna vantandi lóðaruppdráttar.

4. Guðm. Gamalielssyni leyft að setja 3 kvisti á austurhlið hússins nr. 6A við Lækjargötu. Gjald kr. 2.00.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Jón Þorláksson og G. Ólsen.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigvaldi Bjarnason. Sveinn Jónsson. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1917, laugardaginn 28. júlí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. M. Jóhannsson, Þingholtsstræti 25, fer fram á að mega láta standa leirrör, sem hann notar fyrir reykháf upp úr skúrbyggingu við suðurenda hússins nr. 15 við Þingholtsstræti. Byggingarnefndin getur ekki leyft þetta, en vísar málinu að öðru leytu til brunamálanefndar.
2. Þorst. J. Jóhannssyni leyft að reisa skúrbyggingu úr steini, 8.80x2.50 m. að stærð á bakloð hússins nr. 68 við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.20.
3. Nathan & Olsen frara fram á að mega nota til íbúðar nokkurn hluta af hinu nýja húsi þeirra við Pósthússtræti. Byggingarnefndin vill leyfa þetta með tilliti til húsnæðiseklunnar í bænum, um næsu 3 ár, frá 1. okt. m.k. að telja.
4. Flosa Sigurðssyni leyft að hækka vegg og ris á verksmiðjuhúsi hans við Klapparstíg. Gjald kr. 2.00.
5. Jörundi Brynjólfssyni leyft að byggja 2 hliðar skúrs þess úr timbri, er honum var leyft að byggja á fundi byggingarnefndar 16. júní síðastliðinn. Leyfið veitt til tveggja ára.
6. Samþykkt að leyfa að innrétta fyrir íbúð norðurenda kjallarans undir Bjarnaborg.
7. Erindi S. B. Jónssonar vísað til byggingarfulltrúa til athugunar.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Jón Þorláksson og G. Ólsen.

Fund sliti .

K. Zimsen. Hjörtur Hjartarson. Sveinn Jónsson. Þorvarður Þorvarðarson.



Ár 1917, laugardaginn 11. ágúst, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Sveini Jónssyni byggingarmeistara leyft að setja hálf-glugga á suðurhlíð hússins nr. 8B við Kirkjustræti. Gjald kr. 2.00.
2. Bjarni Jenson læknir æskir um að mega taka burtu annan stigann úr húsinu nr. 11 við Kárastíg. Nefndin getur ekki orðið við þessari beiðni.
3. Beiðni Stef. B. Jónssonar, sem vísað var til byggingarfulltrúa á síðasta fundi, tekin fyrir. Nefndin leggur til, að honum verði leigð lóðin nr. 23 við Frakkastíg, sem er ca. 250 fermetrar að stærð. Ársleigan sé 15 aurar á hvern fermetra og uppsagnarfrestur 6 mánuðir. Verði lóðin leigð Stef. B. Jónsyni, þá leyfir nefndin honum að byggja nraðabirgðaskýli úr timbri, 6.30x5.00 m. að stærð, með skúr 1.25x1.90 m. Standi það allstaðar 3.15 m. frá lóðarmörkum, og minnst 4 m. frá götujaðri. Gjald kr. 5.60.
4. Indriða Einarssyni, sem fékk á fundi 2. júní síðastl. leyfi til að setja kvistglugga á austurhlíð hússins nr. 3 C við Tjarnargötu, leyft að setja kvist í stað kvistgluggans. Gjald kr. 2.00.
5. Tómasi Tómassyni Ölgerðarmanni leyft að setja kvist á húsið nr. 21B við Njálsgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
6. Niels Andrésyni trúboða leyft að setja 2 glugga á vesturgötu hússins, sem hann er að byggja við Óðinsgötu 21. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
7. Magnúsi Guðmundssyni leyft að lengja húsið nr. 16 við Skólavörðustíg, um 2 metra. Breidd hússins er 5 m. Lengingin skal vera úr steini eða steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 4.60.
8. Guðm. Jakobssyni leyft að byggja kjallaraskúr og skýli við tröppupall á húsi hans nr. 32 við Hverfisgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
9. Siggeir Torfasyni kaupmanni leyft að setja glugga og dyr á framhlíð skúrsins við austurenda húss hans nr. 13 við Laugaveg. Gjald kr. 2.00.
10. Guðmundi Guðmundssyni á Vegamótum leyft að reisa einlyft hús úr steini eða steinsteypu með porti og risi við Njálsgötu nr. 8. Stærð hússins er 8.90x8.60 m. Byggingarleyfisgjald kr. 20.82.
11. Geir Pálssyni leyft að byggja eina hæð úr 9 þuml. holsteini, ofan á húsið, sem hann er að byggja við Bergstaða-

stræti nr. 64 (sbr. fundargerð 30/6 þ.á.). Byggingarleyfisgjald  
kr. 2.00.

12. Bæjarstjórnin hafði vísað til byggingarnefndarinnar  
erindi Einars Gunnarssonar um söluturninn á Lækjartorgi.  
Máli þessu frestað.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Jón Þorláksson og  
G. Ólsen.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigv. Bjarnason. Sveinn Jónsson. Hjortur  
Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1917, laugardaginn 1. september kl. 4 síðd., kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Gísli Þorbjarnarson spyrzt fyrir um, hvort leyft muni að setja port með kvisti, á hús hans, Bergstaðastræti 36. Byggingarnefndin vill leyfa þetta að því tilskýldu, að uppdráttur verði framlagður, sem nefndin samþykkir og viðbótin verði fullgerð til íbúðar fyrir árslok.

2. Emil Rokstað leyft að breyta Mjölnishúsunum í tunnuverksmiðju, og setja mótur í stað gufuvélar, er var þar áður. Gjald kr. 2.00.

3. A. Obenhaupt spyrzt fyrir um, hvort hann geti fengið leyfi til að byggja skúr til vörugeymslu úr steinsteypu eða tilsteypum holum steini á lóð hans við Hverfisgötu. Nefndin telur sjálfsagt að leyfi til þess verði veitt, þegar uppdráttur liggur fyrir.

4. Hlutafélaginu Eimskipafélagi Íslands leyft að reisa geymsluhús úr timbri, járnvarið, á leigulóð félagsins á hafnaruppfallingunni, 25.10x12.55 m. að stærð, með skúr, 25.10x6.27 m. Byggingarleyfisgjald kr. 76.94. Leyfið veitist til tíu ára, að því tilskýldu að stjórnarráðið veiti nauðsynlega undanþágu frá byggingarsamþykktinni.

5. Sigurjóni Péturssyni leyft að setja sniðhorn á norðvesturhorn hússins nr. 18 við Hafnarstræti og breyta dyrum og glugga á norðurhlíð hússins. Gjald kr. 2.00.

6. Guðjóni Kr. Jónssyni leyft að reisa tvílyft steinsteypuhús á lóðinni nr. við Laugaveg, og verður húsið nr. 10 við Vita- stíg. Stærð hússins er 11.00x8.50 m. með framskoti 0.75x2.60 m. og skúr 2.20x2.60 m. Lóðin, sem fylgir þessu húsi er, 15.00 x13.2.0 m. Byggingarleyfisgjald kr. 33.75.

7. Helgi Jósefsson, Hverfisgötu 80, sækir um leyfi til að mega breikka geymsluskúr austan við húsið nr. 80 við Hverfisgötu og byggja hann úr grásteini eða steinsteypu og innrétta skúrinn til íbúðar. Nefndin synjar beiðninni af því, að það er upplýst að lóð sú, sem skúrinn á að standa á, er annars manns eign.

8. M. Júl. Magnús lækni leyft að lengja bakhús á lóðinni nr. 30 við Hverfisgötu. Flatarmál viðbyggingarinnar er 19.6 fermetrar. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

9. Framlagður og samþykktur uppdráttur af húsi Magnúsar Guðmundssonar nr. 3 við Stýrimannastíg. Byggingarleyfisgjald kr. 24.56.

10. Halldóra Hindriksdóttir tilkynnir, að hún ætli ekki að nota byggingarleyfi það er henni var veitt 2. okt. 1916 við Þingholtsstræti 5. Byggingarleyfisgjald kr. 13.50 sem var, leggur nefndin til að falli niður.

11. Guðm. Kr. Guðmundsson kaupm. sækir um að fá keypta lóð við fyrirhugaða framlengingu af Baldursgötu ofan við Óðinsgötu. Nefndin leggur til, að honum verði seld þessi lóð því verði, er matsnefnd ákveður, og að honum verði leyft bygging á henni eftir teikningu, sem hann framleggur og byggingarnefnd samþykkir.

12. Bæjarstjórnin hefur vísað til byggingarnefndar til umsagnar, erindi Einars Gunnarssonar um lóð til leigu undir soluturninn. Leggur nefndin til, að honum verði leyft að setja turninn niður á miðju Vitatorgi með skyldu til að taka hann burtu, hvenær, sem bæjarstjórnin krefst þess með 3 mánaða fyrirvara. Ársleiga á grunninum sé 10 kr.

13. Ákveðið að ganga á staðinn til að ákveða stað fyrir þarfahús niður við höfnina.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði G. Olsen.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðarson. Jón Þorláksson.  
Hjörtur Hjartarson. Sveinn Jonsson. Sigvaldi Bjarnason.

Ár 1917, laugardaginn 15. sept. kl. 4 síðdegis, kom bygg-  
ingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Ágúst H. Bjarnason prófessor sækir um að mega byggja  
skúr úr steinsteypu og trjávið við norðurendann á húsi hans Hellu-  
sundi nr. 3. Frestað vegna vantandi uppdráttar.

2. Ólafur Jónsson trésmiður sækir um að mega koma sér upp  
skýli yfir "verktað" sitt, en tilgreinir ekki hvar skýlið  
eigi að standa. Nefndin vísaði málinu frá þar til frekari  
upplýsingar fylgja umsókninni.

3. Eyjólfur Gýslasyni leyft að breyta kvisti og glugga á  
austurhlíð hússins nr. 8 við Bergstaðastræti, og að innrétta  
2 herbergi í kjallara til íbúðar. Byggingarleyfisgjald kr.3.24.

4. Í tilefni af bréfi frá Guðjóni Björnssyni Mýrargötu 1,  
þar sem hann kærir skúrbyggingu Einars Einarssonar við Nýlendu-  
götu 18, er hann fékk leyfi til að byggja til bráðabirgða 28.  
febr. 1916, ákvað nefndin að skúrinn skyldi rifinn niður nú þeg-  
ar.

5. Byggingarnefndin ákvað fyrir sitt leyti, að þarfahús  
við höfnina skuli reist á vesturjaðri uppfyllingarinnar fram  
undan Hafnarstræti, rétt fyrir neðan jaðar fyrirhugaðrar götu,  
og er staðurinn auðkenndur á uppdrætti af skipulagi gatna á  
hafnaruppfyllingunni.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Jón Þorláksson og  
G. Ólsen.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigv. Bjarnason. Sveinn Jónsson. Hjörtur  
Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.



Framhald-

K. Zimsen. G. Ólsen. Hjörtur Hjartarson. Sveinn Jónsson.  
Sigvaldi Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1917, laugardaginn 13. október, kl. 4 síðd., kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Erindi frá G. Eiríkss. heildsala, um að skylda eiganda húseignarinnar Hafnarstræti 22 til að setja eldvarnarvegg við timburskúrinn vestan við húsið, getur nefndin ekki sint.

2. Bjarni Bjarnason Grettisgötu 10, fer fr fram á að honum verði leyft að byggja skúr, 3.15x3.15 m. að stærð, á lóð ~~félags~~ ~~í~~ bæjarins sem næst Völundarbryggju. Nefndin leggur til, að honum verði leyft að byggja skúrinn þar sem byggingarfulltrúi tilvísar, með því skilyrði, að hann greiði 4 kr. á ári í grunnleigu, auk venjulegs lóðargjalds, og taki skúrinn burtu hvenær sem krafist verður. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

3. Erindi frá Reinh. Andersen, f.h. dánarbús Björns Stefánssonar, um að mega breyta hestaporti við Laugaveg 52 í bílaskúr. Nefndin synjaði beiðni þessari.

4. Kl. Jónssyni, f.h. Oddfellow-stúkunnar "Ingólfur", leyft að byggja skúr úr steiptum steini, 1.90x2.50 m. að stærð, við suðurmork lóðarinnar nr. 14 við Hafnarstræti. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

5. Nathan & Ólsen leyft að byggja búð við suðurgafli hins nýja húss þeirra við Pósthússtræti, 76 fermetrar að grunnfleti. Byggingarleyfisgjald kr. 14.03.

6. Sömu leyft að breyta dyrum, gluggum og innréttingu á húseign þeirra Pósthússtræti 11. Gjald kr. 2.00.

7. C. Zimsen consul leyft að byggja vörugeymsluhús til bráðabirgða á hafnaruppfyllingunni 44.00x15.50 m. að stærð. Nefndin mælir með undanþágú að geymsluhúsið verði byggt úr timbri og járn. Byggingarleyfisgjald kr. 84.57.

8. Kristínu Sigurðardóttur kaupmanni leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steini eða steinsteypu við ~~asturenda~~ hússins nr. 20A við Laugaveg, 3.25x9.25 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 4.21.

9. Beiðni frá Ingibjörgu Jónsdóttur, um kvistbyggingu á húsi hennar, Spítalastíg 9, frestað vegna ónógra uppdráttar og vísað til byggingarfulltrúa til athugunar.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K.Zimsen. G.Ólsen. Hjörtur Hjartarson. Sveinn Jónsson.  
Jón Þorláksson. Sigvaldi Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson.



Ár 1917, laugardaginn 27. október kl. 4 síðd.kom byggingar-  
nefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Jóni Magnússyni leyft að setja kvist á forhlið hússins Holtsgötu 16 og að hækka bakskúr. Byggingarleyfisgjald kr. 3.27.
2. Ingibjörgu Jónsdóttur leyft að setja kvist í gegn um húsið nr. 9 við Spítalastíg, og innrétta efsta loftið til íbúð-  
ar. Byggingarleyfisgjald kr. 6.93.
3. Árna & Bjarna Bankastræti 9, leyft að leigja efri hæð hússins til íbúðar til næsta vors.
4. Tryggva Árnasyni leyft að byggja viðbót við austurgöfl hússins nr. 9 við Njálsgötu, 6.30x3.75 m. að stærð. Byggingar-  
leyfisgjald kr. 2.63.
5. Thor Jensen framkvæmdastjóra leyft að reisa tvílyft hús úr steinsteypu, er verður nr. 20 við Grundarstíg. Stærð hússins er 15.65x10.85 m. með útbyggingu, 3.80x0.95 m. og skúr við bakhlið 7.00x3.20 m. Byggingarleyfisgjald kr. 85.89. Lóðaruppdráttur sá er fylgir, er svo ónákvæmur, að ekki er hægt að sjá stærð lóðarinnar, sem er hluti úr Steinsholtstúni og hef-  
ir verið breytt í byggingarlóð. Er það því skilyrði fyrir bygg-  
ingarleyfinu, að réttur uppdráttur verði lagður fram.
6. Lagður fram og samþykktur uppdráttur af bráðabirgðageym-  
sluhúsi, sem hafnarsjóður ætlar að byggja á hafnaruppfyllingunni. Stærð 22x9 metrar.
7. Einar Gunnarsson sækir um leyfi til að mega setja sölu-  
turninn á Arnarhólstún í hornhæðnorðan við Hverfisgötu og austan  
við Kalkofnsveg, og hefur landsstjórnin leigt honum þar lóð í  
þessu skyni. Nefndin er fyrir sitt leyti mótfallin því, að setja  
söluturninn niður á þessum stað, en ef landsstjórninni er umhug-  
að um, að turninn verði settur á þennan stað, þá vill nefndin  
ekki hindra það.
8. Lagt fram erindi stjórnarráðsins, þar sem farið er fram  
á, að horfið verði frá, að Garðastræti verði framlengt fram með  
núverandi kirkjugarði vestanverðum(?). Byggingarnefnd getur ekki  
fallið frá fyrri samþykktum sinni um þessa götu, nema því að-  
eins að samþykkt verði nýtt fyrirkomulag á gatnaskipun á þessum  
hluta bæjarins og felur bæjarverkfræðingnum að gera tillögur þar  
að lútandi.
9. Lagt fram erindi frá eigendum Nýjatúns, þar sem þeir  
meðal annars fara fram á breytingar á gatnaskipun þeirri, er  
samþykkt hefur verið yfir Nýja-túnið. Nefndin felur bæjarverk-  
fræðingnum að gera tillögur hér að lútandi, og jafnframt um  
gatnaskipun vesturhluta bæjarins.

10. Erindi lagt fram frá stjórnarráðinu, þar sem það spyrzt fyrir um, hvort bæjarstjórnin ætli að framlengja Þingholtsstræti norður á Hverfisgötu. Nefndin sér enga ástæðu til að breytt sé fyrri ákvörðun bæjarstjórnarinnar viðvíkjandi þessari götu, sem sé að hún ekki sé framlengd.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Jón Þorláksson, Sigv. Bjarnason og G. Ólsen.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Hjörtur Hjartarson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1917, laugardaginn 10. nóv. kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Þórði Erlendssyni leyft að byggja skúr úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 8 við Vitastíg. Stærð 11.7x5x3.5 metrar. Byggingarleyfisgjald kr. 3.30.

2. Halldóri Arnorssyni leyft að byggja vinnustofu og geymsluskúr á lóð hússins nr. 45B við Laufásveg, úr steini eða steinsteypu. Stærð 7.25x5.15 m. Jafnframt verður rifinn geymsluskúr, 7.6x1.85 m. Samkvæmt framlögðum uppdrætti er lóðin 207 fermetrar að stærð, og byggð lóð 90 fermetrar. Byggingarleyfisgjald kr. 3.89.

3. Guðríði Júl. Jónsdóttur leyft að byggja skúr úr steinsteypu á lóð hússins nr. 33 við Laugaveg. Stærð skúrsins er 3.50x3.00 m. Ennfremur leyft að setja reykþáf við hús á austurmörkum lóðarinnar. Byggingarleyfisgjald kr. 4.47.

Fleira gerðist ekki. A fund vantaði Hjört Hjartarson og G. Ólsen.

K. Zimsen. Jón Þorláksson. Sveinn Jónsson, ósamþykkur 3.lið.  
Sigv. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1917, laugardaginn 1. desember, kl. 4 síðd., kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Benedikt Sigurðsson Frakkastíg 13, sækir um að megi setja veiðarfærageymsluskúr á tanganum fyrir neðan Klapparhúsið eða annarstaðar. Bæjarverkfræðing falið að finna stað, þar sem setja mætti þennan skúr, sem svo síðan kemur til álits nefndarinnar.

2. Ólafi Magnússyni leyft að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu í norðausturhorni lóðarinnar Litlu-Klöpp við Klapparstíg. Stærð 3.15x2.90 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

3. Helga Zöega kaupmanni leyft að byggja reykháf í húseign hans, Nýlendugötu 10. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

4. H/F.Eimskipafélagi Íslands leyft að girða með bárujárnri á tréstólpum vestan við lóð þeirra Hafnarstræti 11, með því skilyrði, að félagið flytji inn girðinguna bænum að kostnaðarlausu, inn í hina nýju götulinu, þegar Hafnarstræti verður breikkað á þessum stað.

5. Stjórnarráðið tilkynnir, með bréfi dags. 12. nóvember, að því sé ekkert áhugamál, að göluturn Einarssonar verði fluttur á lóð stjórnarráðsins á Arnarhólstúni (samb. fundargerð 27. október.).

6. Lagðar fram tillögur bæjarverkfræðings um breyting á gatnaskipun yfir Nýjatún. Voru tillögurnar samþykktar með lítilli breytingu á Garðastræti við Túngötu. Og þar með eru afgreidd frá byggingarnefnd erindi stjórnarráðsins dags. 10. okt. viðvíkjandi kirkjugarðinum og erindi frá eigendum Nýjatúns, dags. 22. okt. (sbr. fundargerð 27. okt.).

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Sigv. Bjarnason, G. Ólsen og Hjört Hjartarson, er var veikur.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Sveinn Jónsson. Jón Þorláksson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1918, hinn 15. janúar, kl. 4 síðsēgis, kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lagt fram erindi frá Ágúst H. Bjarnason próf., þar sem hann fer fram á að breytt sé stefnu Hellusunds. Nefndin sér sér ekki fært að sinna erindinu.

2. Gunnari Gunnarssyni leyft að byggja vörugeymskuskúr á hafnaruppfyllingunni, á lóð þeirra, sem hann hefur leigt hjá hafnarnefndinni. Stærð skúrsins er 22.00x9.10 n. Mælt er með undanþágu frá byggingarsamþykktinni, að byggja skúrinn úr timbri og klæddan með járni. Byggingarleyfisgjald kr. 23.22.

3. Guðm. Benjamínsson kaupmaður sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðaskúr úr timbri og með járnklæðningu á baklóðinni Grettisgötu 16. Skúrinn á að standa við suðurmörk lóðarinnar með eldvarnarvegg. Nefndin gat ekki leyft þessa breytingu.

4. Ásg. G. Gunnlaugsson sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðahús úr timbri við hús hans Ránargötu 28. Beiðminni synjað, meðal annars vegna ónógra uppdrátta.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Hjört Hjartarson, sem var veikur, og G.Ölsen.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Þorláksson. Sveinn Jónsson. Sigv. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1918, laugardaginn 2. febrúar kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist-:

1. Guðmundi Benjamínssyni kaupmanni leyft að byggja járnvarinn skúr úr timbri, á baklóðinni nr. 16 við Grettisgötu. Stærð skúrsins er 7.55x5.22 m. og leyfið bundið því skilyrði, að skúrin sé 3.15 m. frá nágrennalóðinni. Byggingarleyfisgjald kr. 4.08.

2. Hirti Hjartarsyni byggingarfulltrúa leyft að byggja skúr úr steini á lóð hans við Miðstræti. Stærð skúrsins er 6.00 x 8.30 m. Byggingarleyfisgjald kr. 5.98.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Jón Þorláksson og Pétur Ingimundarson. Hjörtur Hjartarson veikur.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Sigv. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1918, laugardaginn 16. febr. kl. 5 síðdétis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Valdemar Poulsen leyft að byggja viðbót við járnsteypu hans á bakvið húsið ~~innax~~ Klapparstíg 4. Stærðin er 4.60x7.00 m., og verður viðbótin byggð úr steini og á eingöngu að notast til koparsteypu. Leyfið er bundið því skilyrði, að brunamála-nefndin samþykki allan útbúnað að því er eldhettu snertir. Byggingarleyfisgjald kr. 4.76.

2. Þorst. Jónssyni frá Siglufirði Seyðisfirði leyft að byggja tvílyft þakkhús úr timbri og járn á lóð þeirri, er honum hefur verið seld á leigu á hafnaruppfyllingunni. Stærð hússins er 10.00x29.20 m. Leyfið er bundið því skilyrði, að byggingin standi 3.15 m. frá suðurmörkum lóðarinnar. Nefndin mælir með, að undanþága verði veitt frá ákvæðum byggingarsamþykktarinnar með að húsið verði byggt úr timbri og járnvarið.. Byggingarleyfisgjald kr. 58.25.

3. H. Benediktssyni heilðsala leyft að setja dyr á norðurhlið skúrsins vestan við húseign hans, Thorvaldsensstræti 2, og breyta gluggum á norðurhlið sömu húseignar. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Sigv. Bjarnason, Jón Þorláksson og slökkviliðsstjórnann.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1918, laugardaginn 2. marz kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Í nefndinni eiga nú sæti, auk borgarstjóra og slökkviliðsstjóra, samkvæmt kosningu bæjarstjórnar:

Guðmundur Ásbjörnsson trésmiður,  
Þorvarður Þorvarðsson prentari,  
Sveinn Jónsson trésmiður og  
Kristinn Sigurðsson múrari.

1. Erindi frá Einari Gunnarssyni, þar sem hann fer fram á, að honum verði leyft að setja söluturninn í garðinn sunnan við hús Halldórs Daníelssonar yfirdómara. Guðm. Ásbjörnssyni og Þorvarði Þorvarðssyni falið að tala við Einar Gunnarsson um þetta efni.

2. Ásgeir G. Gunnlaugsson sækir aftur um leyfi til að þá að byggja bráðabirgðaskúr við hús hans Ránargötu 28. Beiðninni synjað vegna vantandi uppdráttar.

3. Jón Sigmundsson sækir um leyfi til að mega byggja viðbótarbyggingu úr timbri við hús hans Njálsgötu nr. 15. Nefndin getur ekki leyft að reisa þessa byggingu úr timbri.

4. Kristín J. Hagbarð sækir um leyfi til að mega setja glugga á austurgáfl hússins nr. 24 C við Laugaveg. Nefndin getur ekki orði við þessari beiðni, þar sem þetta er brandgafl á lóðarmörku-um.

5. H/F. Félagsprentsmiðjan leyft að byggja eina hæð úr holsteini ofan á húsið, sem prentsmiðjan "Rún" átti við Ingólfsstræti. Leyfið er bundið því skilyrði, að loftið yfir annari hæð, verði gert úr járnbentri steinsteypu, þar eð veggirnir eru aðeins 23 cm. á þykkt. Byggingarfulltrúa falið að athuga, hvort reykháfar eru byggðir frá grunni, og séu með hæfilegri gerð. Byggingarleyfisgjald kr. 12.96.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson.  
Guðm. Ásbjörnsson. Sveinn Jónsson. Þorvarður Þorvarðarson.



Ár 1918, laugardaginn 16. marz kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Bæjarstjórnin hefur á fundi 21. þ.m. ályktað að feila Einari byggingarmeistara Erlingssyni byggingarfulltrúastarfið þegar byggingarnefnd álitur það nauðsynlegt, og þar sem Hjörtur Hjartarson er nú dáinn, ákveður byggingarnefnd að Einari Erlendsson taki nú þegar við starfinu.

2. Jósafat Sigurðssoník Laugaveg 33 sækir um leyfi til að byggja hús á lóð sinni við Rauðarárstíg (5). Málinu frestað til rannsóknar, þar sem lóðaruppdrátturinn virðist vera rangur.

3. Lagt fram erindi frá sóknarnefndinni og stjórnarnefnd Fríkirkjusafnaðarins, þar sem farið er fram á að hlaða steingirðingu um hina fyrirhuguðu viðbót við Kirkjugarðinn. Nefndin leyfir þetta fyrir sitt leyti, þegar fullnægt er skilyrðum þeim sem sett eru viðvíkjandi gatnaskipun ~~XXXXXX~~ norðanvert við kirkjugarðinn.

4. Beiðni Einars Gunnarssonar, um að mega setja söluturninn í garðinn sunnan við hús Halldórs Daníelssonar yfirdómara, synjað af meiri hluta nefndarinnar.

5. Fasteignanefnd fer fram á, að nafn verði gefið götu þeirri, er liggur með sjónum austur frá Batteríinu. Nefndin leggur til, að gatan verði nefnd Skúlagata.

Fleira ekki gert. Fundi slitið. Á fund vantaði Pétur Ingimundarson.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson.  
Guðm. Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1918, laugardaginn 30. marz kl. 4 síðsegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Jósafat Sigurðssyni leyft að byggja einlyft hús úr steini við Raudarárstíg nr. 5. Stærð hússins 8.25x7.25 m. Byggingarleyfisgjald kr. 7.18.

2. Jón Þorláksson f.h. Matthíasar Þórðarsonar, fer fram á, að lóð, sem Matthías Þórðarson hefur keypt syðst við Holtastaðalóð, verði gerð hornrétt við Laufásveg með því að bærinn láti af hendi til viðbótar við lóðina, litla skák úr holtinu suður af lóðinni gegn því, að hann láti af hendi ókeypis lóð til breikkunar Laufásvegi, þannig að lóðin verði öll 735.5 m<sup>2</sup>. (1868 ferálnir). Nefndin mælir með því að bærinn verði við beiðninni, og lætur þess jafnframt getið, að þrjár næstu lóðir fyrir norðan lóð Matthíasar, nái aðeins í húsbrún miðað við kennaraskólann. Ennfremur ákvað nefndin að krefjast þess af eigendum lóðanna, að þær verði girtar, og felur byggingarfulltrúa, að (það komið í framkvæmd) sjá um að það komið í framkvæmd.

3. Jóni Laxdal kaupmanni leyft að reisa viðbótarbyggingu úr steini norðan við hús hans nr. 35 við Tjarnargötu, 37.18 m. að stærð. Jafnframt fellur úr gildi byggingarleyfi 26. febr. 1917. Norðurveggur viðbyggingarinnar er eldvarnarveggur, en á uppdrættinum er sýndur hornsluggi er tekur út á vegginn, og fer umsækjandinn fram á að mega hafa þennan glugga, og leggur fram skriflegt samþykki eiganda nágrannalóðarinnar. Nefndin mælir með því að veitt verði undanþága frá 20. gr. byggingarsamþykktarinnar til að hafa þennan glugga, enda verði það þinglýst sem kvöð á eigninni nr. 33 við Tjarnargötu, að aldrei megi byggja nær en 6.30 m. frá nágrannalóðinni, nema með eldvarnarvegg. Byggingarleyfisgjald kr. 8.33.

4. Jónatan Þorsteinsson sækir um leyfi til að mega byggja viðbót við skúr á baklóðinni við hús hans Laugaveg nr. 31. Nefndin getur ekki veitt leyfi til þessa.

5. Einar Gunnarsson fer fram á, að numið verði burt skilyrði, sem bæjarstjórnin hafi sett fyrir því, að hann mætti hafa söluturninn á horninu milli Hverfisgötu og Kalkofnsvegur. Borgarstjóri tilkynni, að hann hefði þegar skýrt Einari frá því, að bæjarstjórnin hefði ekki sett neitt skilyrði fyrir þessu leyfi, en sýndi honum um leyfið, eins og honum hefði verið tilkynnt með bréfi, dags. 8. des. f.á. Eftir ósk Þorv. Þorvarðssonar tók nefndin erindið fyrir, og bar hann fram svohljóðandi tillögu: Að Einari Gunnarssyni verði leyft að setja söluturninn á Arnarhólslóð, í horninu milli Hverfisgötu og Kalkofnsvegur eftir nánari tilvísun byggingarfulltrúa, og með því skilyrði, að í söluturninum verði sendisveinastöð, aðgangur fyrir almenning að tal-síma og bæjarskrá, allt eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn samþykkir, sala á frímerkjum, bréfspjöldum, blöðum og tímaritum, aðgöngu-

miðum að skammtunum, farseðlum og þess háttar, en engin önnur sala eða verzlun. Ennfremur sé bæjarstjórninni heimilt að setja reglur um hvenær söluturninn sé opinn. Leyfið getur bæjarstjórn afturkallað með 6 mánaða fyrirvara, og sé turninn notaður öðruvísi en tilskilið er, fellur leyfið úr gildi fyrirvaralaust. Þegar leigutíminn er á enda, skal viðstöðulaust taka turninn burtu tafarlaust, og má bæjarstjórnin láta rífa hann á kostnað eiganda, ef það dregst. - Sé leyfið ekki notað fyrir 1. júní f.á. fellur það úr gildi, og skal þá tafarlaust taka turninn burtu af Lækjartorgi. Tillagan samþykkt af meiri hluta nefndarinnar.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson og slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1918, laugardaginn 13. apríl kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Þorsteinn Jónsson frá Seyðisfirði sækir um leyfi til að mega byggja einlyft íbúðarhús úr timbri og jární á Melunum fyrir sunnan lóð Péturs Ólafssonar. Stærð hússins er 17.70x10.15 m. með 3 útskotum samtals 8.4 m<sup>2</sup>. Alls er grunnflötur húss þessa 188.1 m<sup>2</sup>. Nefndin er því mótfallinn að hús þetta verði byggt á kaupstaðarlóðinni, en er hinsvegar með því að hann fái lóð utan kaupstaðarlóðarinnar, t.d. við Laufásveg.

2. Byggingarnefndin leggur til, að Halldóri Einarssyni verði leigð lóð í Skólavörðuholtinu, aistanvert við Frakkastíg og ofan við væntanlega Bergþórugötu, gegn 25 kr. árgjaldi. Fallizt bæjarstjórnin á þetta, leyfir nefndin Halldóri að reisa bifreiðarskýli 1.50x3.15 m. að stærð, og ákveði byggingarfulltrúi hvar skýli þetta á að standa. Skýlið skal taka burtu, þegar byggingarnefndin krefst þess með þriggja mánaða fyrirvara, og fellir þá jafnframt úr gildi væntanlegur leigusamningur um lóðina. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

3. Framlagður uppdráttur af væntanlegum breytingum í Gastöðinni fyrir brauðgerðina þar, og samþykkir nefndin uppdráttinn. Grunnflötur byggingarinnar stækkar um 20.5 m<sup>2</sup>.

4. Nic. Bjarnason leyft að hækka skúr við bakhlið hússins nr. 5 við Suðurgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

5. Haraldur Árnason fer fram á að setja kvist á framhlið hússins nr. 22 við Austurstræti. Í öðru lagi að lengja geymsluhús á vesturmörkum lóðarinnar um ca. 1.1 meter, samtals 3.35 fermetrar. Í þriðja lagi að gera nýja girðingu meðfram Austurstræti og í fjórða lagi að byggja 2 skúra við bakhlið hússins, 17.20 m<sup>2</sup>, og 17.4 m<sup>2</sup>. að stærð. Nefndin vill leyfa hið umbeðna, en með því að ætlazt er til að gera viðbygginguna úr timbri, verður leyfið því að eins veitt, að undanþága frá byggingarsamþykktinni fáiast til þess. Nefndin mælir með slíkri undanþágu með þeim skilyrðum:

1. Að eldvarnarveggur verði gerður við austurgafli eystri skúrsins, og á vesturhlið viðbótarinnar við geymsluhúsið.

2. Að allar umræddar viðbótarbyggingar verði teknar burtu fyrir 14. maí 1923, þennum að kostnaðarlausu, og sé það þinglesin kvöð á eigninni.

Byggingarleufisgjald kr. 8.77.

6. Asgeir G. Gunnlaugssyni leyft að byggja geymsluskúr vestan við hús hans við Ránargötu nr. 28. Stærð skúrsins er 6.3 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.  
K. Zimsen. Einar Erlendsson. Sveinn Jónsson. Guðm. Ásbjörnss.  
Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Þorvarður Þorvarðss.

Ár 1918, laugardaginn 27. apríl kl. 4 síðs., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Steingr. Guðmundsson sækir um leyfi til a, mega hækka útúrbyggingu við húsið nr. 48 við Grettisgötu. Nefndin vill ekki samþykkja teikninguna eins og hún liggur fyrir.

2. Nefndin mælir með því, að Kristni Sigurðssyni múrara verði seld baklóð við lóð hans við Óðinsgotu, 96 m<sup>2</sup>., að stærð.

3. Árni Jónsson kaupmaður sækir um leyfi til að mega byggja ris á timburgeymsluskúr hans við Hverfisgötu nr. 54. Nefndin leyfir þetta með því skilyrði, að allir útveggir skúrsins verði úr steini eða steinsteypu. Nefndin athugar, að skúrin er 3.55 m. breiðari en leyft var á fundi byggingarnefndarinnar 11. sept. 1915, og ákveður að kæra til sekta fyrir þetta brot á byggingarsamþykktinni og frestar að veita hið umbeðna leyfi að svo stöddu.

4. Magnúsi Magnússyni Njálsgötu 60 leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu í suðvesturhorni lóðar hans, Njálsgötu 60. Stærð 3x5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.00.

5. Þorsteini Guðmundssyni leyft að byggja inngönguskúr úr steini við Suðurgötu hússins Tjarnargötu nr. 4. Stærð 1.2x3.0 m. Leyfisgjald kr. 2.00.

6. Helga Magnússyni leyft að stækka kvist á suðurhlíð húss hans Bankastræti 6. Leyfisgjald kr. 2.00.

7. Guðríði Árnadóttur kaupm. leyft að reisa einlyft hús, portbyggt úr steini, við Njálsgötu 7, 8.8x8.8 m. að stærð. Leyfisgjald kr. 29.13.

8. Lögð fram á fundinum beiðni um húsbyggingu við Laugaveg 3, frá Andrésí Andréssyni klæðskera, með teikningum. Þar sem nefndin lítur svo á, að bærinn o.fl. eigi talsvert af þeirri lóð, sem hér er um að ræða, getur hún ekki veitt hið umbeðna leyfi að svo stöddu.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Einar Erlendsson. Sveinn Jónsson. Guðm. Ásbj-  
Kristinn Sigurðsson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1918, laugardaginn 11. maí kl. 4 síðd. var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Fundurinn var haldinn á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. M. Júl. Magnús. sækir um leyfi til þess að setja hæð ofan á hús sitt nr. 30 við Hverfisgötu. Nefndin vill ekki leyfa þetta, enda bóttilætlunin sé að hafa "Manzard" þak.
2. Guðm. Þorsteinssyni leyft að reisa tvílyft hús úr steini við Bergstaðastræti 28. Stærð hússins er 10.1x7.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 25.76.
3. Jóni Stefánssyni leyft að setja framskot við framhlið hússins nr. 17 við Laugaveg, þannig, að þar myndi 45 gráða horn. Leyfisgjald kr. 2.00.
4. Árna Jónssyni leyft að láta timburgeymsluhús það standa, er hann hefur byggt á lóðinni Hverfisgötu 54, og er stækkunin 82.3 m<sup>2</sup>. Ennfremur er honum leyft að hækka húsið samkv. meðfylgjandi uppdrætti, enda sé framhlið hússins byggð úr steini eða steinsteypu. Leyfisgjald kr. 31.01.
5. Guðm. kr. Guðmundsson sækir um undanbágu til að mega byggja timburhús við Óðinsgötuna nr. 23-25 fram í götulínuna. Nefndin sér sér ekki fært að mæla með undanbágu til þessa, en vill verða við beiðni umsækjanda um að selja honum lóðina nr. 23 við Óðinsgötu.
6. Herrum Jóni Halldórssyn & Co. leyft að lengja húsið Skólavörðustíg nr 6, um 0.75 m., með því skilyrði, að veggirnir séu úr steini eða steinsteypu. Breidd hússins er 6.35 m. Leyfisgjald kr. 2.00.
7. Andrés Andrésson klæðskeri sækir um að mega byggja austurenda af húsi við Laugaveg 3, sem synjað var um á síðasta byggingarnefndarfund, og til að mega gera breytingar á húsi því, er þar stendur nú. Nefndin telur líklegt að leyfi verði veitt til þessa, er uppdrættir liggja fyrir, en frestar málinu að þessu sinni.
8. Sigvalda Jónssyni leyft að stækka geymsluhús á lóðinni nr. 14 við Bræðraborgarstíg um 9.8 m<sup>2</sup>. og breyta risi. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
9. Byggingarfulltrúi upplýsir, að á baklóðinni nr. 30 við Bergstaðastræti hafi verið byggt hús, sem ekki er fengið byggingarleyfi fyrir. Nefndin ákvað að kæra þetta brot, og smíði þá, sem unnið hafa að byggingu þessari.
10. Byggingarfulltrúi upplýsir ennfremur, að Magnús Guðmundsson skipasmiður á Stýrimannastíg nr. 3 hafi byggt forstofu við

austurgafli hússins, og ákvað nefndin að kæra þetta fyrir lög-  
reglustjóra.

11. Byggingarfulltrúi upplýsir ennfremur, að Thor Jensen  
hafi stækkað útbyggingu á húsi því, er hann er að byggja við  
Grundarstíg 20. Ákveðið að kæra þetta til lögreglustjóra.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur  
Ingimundarson. Guðmundur Ásbjörnsson. Einar Erlendsson.  
Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1918, laugardaginn 1. júní, kl. 5 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Thor Jensen leyft að stækka útbyggingu við húsið nr. 20 við Grundarstíg, um 3.2 m<sup>2</sup>. Svo og leyft að hækka útskot á hlið hússins og setja 4 gluggakvisti á baklið. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

2. Thor Jensen leyft að byggja skúr til geymslu 10.6x4.1 m. að stærð, í portinu kring um húsið nr. 20 við Grundarstíg og sömuleiðis að setja steingirðingu, steinsteypa, í kring um húsið. Byggingarleyfisgjald kr. 3.82.

3. Kristínu Hagbarð leyft að byggja hús úr steinsteypu við Laugaveg 26. Húsið er einlyft og 7.3x9.00 m. að stærð, með útskoti 4.00x0.75 m. Húsið á að standa í ákveðinni gotustefnu. Byggingarleyfisgjald kr. 16.76.

4. Erlingi Filippussyni leyft að byggja gripahús úr torfi, grjóti, timbri og járn, að stærð 7.3x3.6 m. á Vatnsmýrarbletti nr. 18, og nota það til íbúðar fyrst um sinn. Byggingarleyfisgjald kr. 3.16, og að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar til að mega byggja á erfðafestulandinu.

5. Ákveðin stefna á vesturjaðri Bergstaðastrætis frá Spítalastíg að Baldurgötu, og er núin bein lína úr norðurhorni hússins nr. 16 og í suðurhorn hússins nr. 44, og verði gatan 12.5 m. á breidd frá þeirri línu.

6. Jóni Jónssyni Lindargötu 14, leyft að gera gluggakvist á húsið sitt (Lindargötu 14)/. Leyfisgjald kr. 2.00.

7. Andrési Andrésyni klæðskera leyfðar ýmsar breytingar á húsinu nr. 3 við Laugaveg og að gera til bráðabirgða viðbót við skúrinn vestan við húsið, 3.5x1.5 m. að stærð með eldvarnarhlið að vestanverðu og sneiddu horni. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00. Byggingarnefndin lítur svo á að lóðin undir viðbyggingunni sé eign bæjarins og eru lóðarafnotin aðeins heimilud til þriggja ára. Beiðni Andrésar Andréssonar, um að byggja nýtt eða hluta af nýju húsi, frestað þar til útkljáð er um eignarheimild á lóðinni við Laugaveg 3. (Sbr. fundargerð 27. apríl b.á.).

8. Maggi Magnús lækni leyft að breyta herbergjaskipun á efri hæð hússins nr. 8 við Kirkjustræti, samkv. uppdrætti. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

9. Kristni Jónssyni leyft að byggja vagnasmiðju úr steinsteypu á lóð hans Frettsigötu 21, 206.2 m<sup>2</sup>. að stærð. Leyfið er því skilyrði bundið, að baklið sé afvalmað að götu. Byggingarleyfisgjald kr. 40.89.

10. Finnur O. Thorlaxius, f.H. Péturs Bjarnasonar skipstjóra, sækir um leyfi til að mega setja kvist á húsið nr. 20 við Bræðraborgarstíg og breyta tilheyrandi herbergjum. Nefndin sér sé



ekki fært að verða við beiðninni.

11. Þorsteinn Ásbjörnsson biður um leyfi til að byggja einlyft hús úr steinsteypu á baklóðinni við Bergstaðastræti 30. Hús þetta er byggt í óleyfi og kærði byggingarnefndin það á síðasta fundi fundi sínum, og frestar að taka ákvörðun um það þar til dómur er fallinn.

2. Póststjórninni leyft að byggja móskeyli úr timbri og jári og eldvarnarvegg á austurmörkum á pósthúslóðinni. Stærð 2.7 x 3.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 7.60.

13. Konsúl L. Kaaber leyft að hækka ris á húsi sínu nr. 28 við Hverfisgötu Byggingarleyfisgjald kr. 4.84.

14. Helga Helgasyni líkkistusmið leyft að breyta bakhúsi við Hverfisgötu 42, fyrir íbúð og hækka risið allt að 3 álnum. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

15. Offi Bjarnasyni leyft að gera íbúðarherbergi í skúr austan við húsið nr. 23 við Ingólfsstræti. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

16. E. Hafberg sækir um leyfi til að breyta hluta af húseigninni nr. 12 við Laugaveg. Byggingarnefndin hefur sagnir af, að húseign þessari hafi verið ólöglega sundurskipt, og ákveður að krefjast lögreglurannsóknar um það, en synjar um hina umbeðnu breytingu.

17. Jóni Sigurðssyni leyft að byggja kvist í gegn um húsið nr. 13 við Pósthússtræti. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

18. Slátursfélagi Suðurlands leyft að byggja eina hæð ~~ofan~~ úr steinsteypu ofan á hluta af austurálmum húss félagsins við Lindargötu. Byggingarleyfisgjald kr. 12.95.

19. Geir Pálssyni leyft að byggja tvílyft hús með kjallara úr steinsteypu við Mjóstræti nr. 6. Stærð hússins er 13.90 x 10.00 m. Leyfið er því skilyrði bundið, að skilrúm milli stiga fullnægi byggingarsamþykktinni og að séð verði fyrir nægri birtu samkv. fyrirmælum byggingarfulltrúa. Byggingarleyfisgjald kr. 55.10. Hús, sem nú stendur á lóðinni, 74 m<sup>2</sup>. að stærð, verður rífið.

20. Oddfellow-stúkúnni "Ingólfur" nr. 1 leyft að reisa bráða- birgðamóskeyli á lóðinni fyrir vestan Ingólfshvol. Stærðin er 4x15 m. Byggingarleyfisgjald kr. 7.20.

21. Pétri Hafliðasyni leyft að setja eldsneytisskúr til bráða birgða við Þórðarbæ við Klapparstíg. Stærð 3x3 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

frh.

22. Guðríði J. Jónsdóttur leyft að breyta haki á geymsluhúsi, sem er í smíðum við Laugaveg 33, samkv. fyrirætlum byggingarfulltrúa. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

23. Sigurjóni Sigurðssyni leyft að hækka geymsluhús á baklóðinni Vonarstr. 8. Eldvarnarveggur sé á 2 vegu. Byggingarleyfisgjald kr. 4.02.

24. Magnúsi Jónssyni leyft að flytja til skúr á lóð sinni nr. 18 við Óðinsgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

25. P. O. Christensen lyfsala leyft að byggja eina hæð ofan á kjallara lyfjabúðarinnar við Kirkjusteði. Byggingin verður úr timbri. Byggingarleyfisgjald kr. 4.76.

26. Magnús Guðmundsson skipasmiður sækir um leyfi til að byggja forstofuskúr við hús sitt við Stýrimannastíg nr. 3. Nefndin frestar að taka ákvörðun um byggingu þessa, þar til dómur er fenginn út af kærðu um ólöglega byggingu.

27. Samþykkt breyting á stefnu Garðastrætis sunnan Túngötu og í nágunda við hana. Breytingin er sýnd með rauðum línunum á uppdrætti þeim, sem lagður var fram á fundinum.

Fleira ekki fyrir tekið. Á fund vantaði brunamálastjóra.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson.  
Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1918, laugardaginn 15. júní kl. 4 síðdegis, kom byggingar-  
nefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Einari Sveinbjörnssyni leyft að byggja upp þrjú gang  
við vesturenda hússins Nýlendugötu 19B. Byggingarleyfisgjald  
kr. 2.00.
2. Ingibjörgu Johnson leyft að stækka 2 glugga á austur-  
hlíð hússins Lækjargötu 4. Gjald kr. 2.00.
3. Ársæl Árnasyni leyft að stækka 2 glugga á norðurhlíð  
hússins Laugavegi 4. Gjald kr. 2.00.
4. Kristjáni Magnússyni leyft að gera breytingar á húseign-  
inni nr. 12 við Laufásveg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
5. Sveinn Hjartarson 53A Grettisgötu sækir um að fá keypta  
lóð við Bergstaðastræti efanvert, sunnan Baldursgötu, á mótis  
við bilið milli nr. 52 og 60 Bergstaðastr. Nefndin mælir með  
að honum verði seld lóð á þessum stað.
6. Páli Ólafssyni kaupm. leyft að byggja íbúðarhús og  
hlöðu á erfðafestlandi hans Laugarhúsbletti. Stærð byggingar-  
innar er 11.32x7.50 m. Hús það er brann var 219 m<sup>2</sup>. Byggingar-  
leyfisgjald kr. 11.72. Áskilið er samþykki bæjarstjórnarinnar  
til að mega byggja á erfðafestulandinu.
7. Pétur Bjarnason fer fram á að hækka hús sitt, Bræðraborg-  
arstíg 20. Nefndin sér sér ekki fært að verða við beiðninni.
8. Sveini Hjartarsyni leyft að gera búð í geymsluhúsi sínu,  
Bræðraborgarstíg nr. 1. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
9. Guðríður Árnadóttir fær leyfi til að byggja forstofu  
úr tré og járnvið húsi þá er hún er að byggja við Njálsgötu  
nr. 7, 1.57x2.50 m. að stærð. Ennfremur leyfð bygging á kvisti  
á suðurhlíð hússins. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.
10. Jóni Stefánssyni leyft að byggja skúr úr steinsteypu  
á baklóð hússins nr. 17 við Laugaveg, 5.65x22.85 m. = 129.1 m<sup>2</sup>.  
að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 6.82. Í tilefni af bréfi  
Svavars S. Svavars, er ~~um~~ sem eigandi lóðarinnar 32B við Hverf-  
isgötu, en lóð hans liggur að norðurmörkum lóðarinnar Laugaveg  
17, vilja Þorvarður Þorvarðsson og Sveinn Jónsson gera að skil-  
yrði, að Jón Stefánsson fái ekki að byggja hæð ofan á þessa skúr-  
byggingu, þó hann kunni að fara fram á það síðar.
11. Haraldur Árnason kaupm. fer fram á að skipta lóð sinni  
Austurstræti 22 samkv. meðfylgjandi uppdrætti, með það fyrir aug-  
um, að grunnflötur húsa á lóðarhlutunum verði eins og grunn-  
uppdrátturinn sýnir og er byggingarnefnd því meðmælt að áskildu  
samþykki brunamálanefndar.

12. Upplýst var, að Geir Pálsson trésmiður hafi byggt bíla-  
skúr í leyfisleysi á lóð bæjarins á móts við húsið nr. 64 við  
Bergstaðastræti. Ákveðið að kæra þetta til niðurrifs og sekta.

13. Sömuleiðis upplýst, að Guðm. Guðmundsson frá Vegamótum  
hafi rífið niður og byggt upp á öðrum stað útihús við húsið nr.  
11 við Njálsgötu. Ákveðið að kæra þetta.

14. Ennfremur upplýst að byggður hafi verið skúr í Óleyfi  
við húsið nr. 121 við Laugaveg. Ákveðið að kæra þetta atferli.

15. Þá var upplýst, að á baklóðinni Laugaveg 17 hafi verið  
byggtður viðnuskúr án leyfis, úr timbri, Ákveðið að kæra þetta  
til niðurrifs og sekta.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði borgarstjóra, er var  
veikur, en í hans stað mætti fulltrúi hans, Ólafur Lárusson,  
cand jur.

Fundi slitið.

Ólafur Lárusson. Einar Erlendsson. Guðm. Ásbjörnsson.  
Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Sveinn Jónsson.  
Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1918, laugardaginn 29. júní, kl. 4 síðd., kom byggingar-  
nefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Þorgeir Pálsson, Lindargötu 19, sækir um leyfi til þess að setja skártröppur við hús sitt Lindargötu 19, í staðinn fyrir trétröppur, sem eru orðnar ónýtar. Það er upplýst, að sú kvöð hvílir á þessu húsi, að taka skulittröppurnar burtu þegar byggingarnefnd krefst þess fyrirvaralaust. Nefndin getur ekki leyft að þessar tröppur standi lengur en þangað til gangstétt verður sett við húsið og synjar því um hið umbeðna leyfi.
2. Guðmundur Guðmundsson sækir um leyfi til að lengja húsið nr. 3 við Njálsgötu um 4.4 m. og setja kvist á norðurhlið þess, og veitir nefndin þetta umbeðna leyfi. Byggingarleyfisgjald kr. 10.60. Ennfremur sækir sami um leyfi til að byggja geymsluhús á lóðinni. Nefndin sér sér ekki fært að verða við þeirri beiðni og vísar til síðustu fundargerðar.
3. Geir Zöega, kaupm. leyft að breyta dyrum á framhlið hússins nr. 6 í Vesturgötu samkv. uppdr. Gjald kr. 2.00.
4. Ólafur Jónsson fer fram á að flytja skúr sinn, sem er á Laugavegi 17 í hestaport bæjarins við Vegamótastíg. Nefndin getur ekki leyft þetta, þar eð bærinn þarf að nota þetta port til annars.
5. Lárusi Lárussyni kaupmanni leyft að setja forstofu ofan á tröppupall, svo og fleiri smábreytingar við húsið nr. 5 við Bjargarstíg. Leyfisgjald kr. 4.00.
6. Ekkjufrú Lovise Jensen leyft að setja kvist á bakhlið hússins nr. 12 í Aðalstræti. Gjald kr. 2.00.
7. Ekkjufrú Magneu Þorgrímsen leyft að setja kvist á bakhlið hússins nr. 10 í Kirkjustræti. Gjald kr. 2.00.
8. Helgi Helgason fer fram á að mega hækka smíðahús sitt við Hverfisgötu nr. 42, en þar sem húsið er úr timbri, sér nefndin sér ekki fært að veita hið umbeðna leyfi. Þess skal getið að smíðja sú, sem leyfð var 12.4.1913, og er að stærð 4.4x3.75 m., verður rifin.
9. Péttri Bjarnasyni leyft að setja kvist á bakhlið hússins nr. 20 við Bræðraborgarstíg, með því skilyrði, að kvisturinn sé með risi en ekki með flötu þaki. Gjald kr. 2.00.
10. Sæmundur Einarsson, fyrir hönd eigenda hússins nr. 20B við Grettisgötu sækir um að setja kvist á bakhlið hússins og sér nefndin sér ekki fært að veita hið umbeðna leyfi.

11. Jóni Jónssyni leyft að byggja steinhús, stærð 8.1x8.1 m. á lóð sinni nr. 15 við Óðindögötu. Byggingarleyfisgjald kr. 14.43.

12. Jóni Stefánssyni leyft að mjókka skúr hann, sem hann fékk leyfi til að byggja á síðasta byggingarnefndarfundum, um 15 cm., er 3.4 fermetrar.

13. Jón Stefánsson hefur byggt útskot fram úr húshliðinni Laugaveg 17, sem nær um 25 cm. út yfir götu fram yfir það, sem byggingarleyfið heimilaði. Ákveður nefndin að kæra, til niðurrifs og sekta.

14. Upplýst er að byggt hafi verið geymsluhús án leyfis á lóðinni nr. 10 við Grettisgötu. Nefndin ákvað að kæra þetta til sekta og niðurrifs.

15/ Magnúsi Guðmundssyni leyft að byggja forstofu út úr húsi sínu nr. 3 við Stýrimannastíg. Stærð 2.7x5.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 5.05.

Fleira var ekki tekið fyrir. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og brunamálastjóra.

Fundi slitið.

Ólafur Lárusson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson. Einar Erlendsson.

Ár 1918, laugardaginn 13. júlí, kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Gunnari Sigurðssyni frá Selalæk leyft að reisa tvílyft hús úr timbri og járnvávið með kjallara við fyrirhugaða götu milli Bergstaðastrætis og Ingólfsstrætis (á baklóðinni nr. 10 við Bergstaðastræti.). Húsið skal reisa 2 m. fyrir innan húsalínu fyrirhugaðrar götu, og með stærð 10,00x7,50 m. Byggingarleyfisgjald kr. 25.50.
2. Nefndin sér sér ekki fært að verða við beiðni Þorgeirs Pálssonar, um að setja steintröppur við húsið nr. 19 við Lindargötu (sbr. fundargerð síðasta fundar, 1. lið.).
3. Axel Dahlstedt sækir um leyfi til að breyta tröppum á húsi hans Laugaveg 20B. Nefndin sér sér ekki fært að verða við beiðninni.
4. Markúsi Jónssyni leyft að lengja hús hans við Bjargarstig 3, úr steini eða steinsteypu um 1.1 m. (breidd 5.7.), breyta bakskúr hússins í eldhús og setja þar reykþáf, allt samkv. meðfylgjandi teikningu. Ennfremur var honum leyft að setja íbúðarkjallara undir húsið, með því skilyrði, að hann sé fullgerður til íbúðar fyrir næstu áramót. Sömuleiðis leyft að reisa geymsluhús úr steini eða steinsteypu á baklóðinni, 2.35x4.00 m. Byggingarleyfisgjald kr. 10.22.
5. Olafi Jónssyni trésmið leyft að reisa bráðabirgðavinnuskúr úr timbri á lóð Benediks Sveinssonar við Vegamótastíg, upp undir hegningarhúsgirðingunni. Stærð skúrsins er 3.15x4.00 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Leyfið er veitt með því skilyrði, að skúrin verði tekinn í burtu þænum að kostnaðarlausu hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með 6 mánaða fyrirvara.
6. Geir Pálsson fer fram á að fá leyfi til að mega leggja "Vikings"-pappa ofan á loftborðin, sem þéttneglit upp í miðjum bitum og fylla með sagspónum ofan á pappann, og hafa þetta í staðinn fyrir milligólf í þeim húsum, sem hann er að byggja. Nefndin sér sér ekki fært að verða við þessari beiðni.
7. Guðm. Guðmundsson á Vegamótum tilkynnir að hann hafi rífið geymsluhús við Grettisgötu nr. 2, 6.5x9.5 m. að stærð.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra, en fulltrúi borgarstjóra mætti á fundinum í forföllum borgarstjóra.

Fundi slitið.

Ólafur Lárusson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson.  
Guðm. Ásbjörnsson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1918, laugardaginn 27. júlí, kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Sigurði Guðmundssyni leyft að byggja skúr úr steinsteypu eða steini norðan við hús sitt Hverfisgötu 32A. Stærð 7.75x3.4 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.11.

2. Guðm.Einarssyni leyft að reisa móskýli á lóðinni Vita-stíg 12 til bráðabirgða. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Leyfið er því skilyrði bundið, að skýlið verði rífið burtu, hvenær, sem byggingarnefnd krefst þess, bænum að kostnaðarlausu, með 6 mán. fyrirvara.

3. Frú Margréti Zöega leyft að byggja portbyggt, einlyft, steinhús með kjallara við Laufásveg 7. Stærð hússins er 11.35 x 10.08 m. með forstofu 2.55x5.08 m. Skilyrði fyrir byggingunni er, að húsið standi jafnhliða þeirri götulínu, sem ákveðin er á götunni, og að herbergin í suðurendanum uppi verði gerð samkvæmt byggingarsamþykktinni. Byggingarleyfisgjald kr. 45.05.

4. Daniel Þorsteinssyni leyft að hækka kjallarann undir húseign sinni, Mýrargötu 7. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

5. Þórði Jónssyni úrsmið leyft að lækka búðargólfíð í viðbótarbyggingunni, Aðalstræti 9. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

6. Herbert M. Sigmundssyni leyft að reisa bráðabirgðamóskýli á lóð hans, Frakkastíg 13, samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti. Leyfið er bundið því skilyrði, að skýlið sé rífið niður, bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

7. Leyfðar ýmsar breytingar á slökkviliðsstöðinni í Tjarnargötu, samkvæmt framlögðum uppdráttum.

8. Lagður fram og samþykktur uppdráttur af hlöðu og hesthúsi, að stærð 10x16 m., sem bærinn ætlar að byggja áfast við áburðarhús það, er bærinn á í Norðurmýrabletti nr. 2.

9. Tómasi Tómassyni leyft að reisa bráðabirgðamóskýli á lóð sinni Njálsgötu 21, 7.04x2.20 og 10x4 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 4.50. Leyfið bundið því skilyrði, að skýlið verði rífið burtu, bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með 6 mánaða fyrirvara.

10. Þórði Þorsteinssyni Skólavörðustíg 24 leyft að reisa til bráðabirgða veiðarfæraskúr við Klöpp fyrir norðan Völund, að áskildu leyfi hafnarnefndar. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Leyfið bundið því skilyrði, að skúrinn verði rífinn niður bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með 6 mánaða fyrirvara.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.



K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Guðmundur ~~ur~~ Ásbjörnsson.  
Kristinn Sigurðsson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þor-  
varðsson.

*[Faint, illegible text, likely bleed-through from the reverse side of the page.]*

191  
1. Bl  
2. Ge  
10 vi  
3. Gu  
4. Kr  
5. O  
6. Ó  
7. Þ  
8. S  
9. G  
10. H  
F  
K. Zi

Ár 1918, laugardaginn 10. ágúst, kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Birni Jónssyni bakara, leyft að hækka kjallara hússins Hverfisgötu 56B, a áskildu samþykki brunamálanefndar til að hafa bar brauðgerðarhús. Byggingarleyfisgjald kr. 2.76.
  2. Geir Zöega kaupm. leyft að stækka skúr norðan við húsið nr. 10 við Vesturgötu um 2.6 fermetra, og aðrar breytingar. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
  3. Guðm. Jakobssyni leyft að byggja jarðhús, að stærð 5x 3.25 m. á lóð hans nr. 32 við Hverfisgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Ákveðið að kæra leyfisbeiðanda til sekta fyrir að hafa byggt jarðhús þetta án þess að sækja um leyfi til þess hjá byggingarnefnd.
  4. Kristni Sveinssyni leyft að reisa bráðabirgðaskúr úr tibri og jární á baklóð hússins nr. 7 við Bankastræti, 2.7x3 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Leyfið er því skilyrði bundið, að skúrin verði rifinn niður, bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þes, ~~bænum/áð/kostnaðarlausu~~ með 6 mánaða fyrirvara.
  5. O. J. Olsen og G. Hjartarson leyft að reisa skúr úr steini á lóðinni nr. 21 við Óðinsgötu, 10.1 m<sup>2</sup> að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
  6. Óla Ó. Kærsted leyft að byggja torfbæ á erfðafestulandi sínu Þvottalaugamýri, 6.5x9.5 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 6.18. Leyfið er því skilyrði bundið að þarstjórn samþykki að byggt sé á erfðafestulandinu.
  7. Þórði Jónssyni úrsmið leyft að byggja kvist á suðurhlíð hússins nr. 9 við Aðalstræti. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
  8. Sveini Teitssyni leyft að byggja bráðabirgða mósúr á baklóð hússins nr. 97 við Laugaveg, 5.7x1.5 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Leyfið sama skilyrði bundið og undir 4. lið.
  9. Guðm. Þorsteinssyni og Þórði Sigurðssyni leyft að byggja mósýli austan við hýsið nr. 5 við Spítalastíg, 6.95x6.95 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 7.73. Leyfið sama skilyrði bundið og undir næsta lið á undan.
  10. Ólafi Th. Guðmundssyni leyft að setja kvist á norðurhlíð hússins nr. 34B við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
- Fleira ekki gert. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra og Guðm. Ásbjörnsson, er var ekki í bænum. Fundi slitið.
- K. Zimsen. Einar Erlendsson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1918, laugardaginn 31. ágúst kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Þorsteini Ásbjörnssyni leyft að láta hús standa, er hann hefur byggt á baklóð hússins nr. 30 við Bergstaðastræti. Stærð hússins 7.5x7.5 með skúr 7.5x2.1. Byggingarleyfisgjald kr. 15.80.

2. Ólafi Guðmundssyni leyft að reisa móskeyli á baklóð hússins nr. 56 við Grettisgötu. Leyfið því skilyrði bundið, að eldvarnarveggur sé á lóðarmörkum, nema skýlið standi 3.15 m. frá nágrennalóð. Stærð skýlisins 2x5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Einnig er það skilyrði sett að skýli þetta sé rífið niður þenum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með 6 mánaða fyrirvara.

3. Iðnskólanum leyft að reisa bráðabirgðaskýli í portinu við Vonarstræti. Stærð 2x7 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Leyfið sama skilyrði bundið og byggingarleyfið undir 2. lið.

4. Árna Einarssyni leyft að setja skúr á leigulóð fyrir vestan "Alliance" (við Bjarnabæjarlóð). Stærð skúrsins er 4x8 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.84.

5. Gunnar Sigurðsson frá Selalæk fer fram á að mega reisa eldvarnarvegg við austurgötu húss þess er hann er að byggja á baklóðinni nr. 10 við Bergstaðastræti. Nefndin getur ekki orðið við þessari beiðni.

6. Gísli Þorbjarnarsyni leyft að byggja geymsluskúr úr steini sunnan við húsið nr. 76 við Laugaveg. Stærð 2.5x6.3 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

7. Félagsprentsmiðjunni leyft að byggja skúr úr steini á baklóðinni við prentsmiðjuhúsið við Ingólfsstræti. Stærð skúrsins 2.8x5.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

8. Bjarna Jónssyni leikhússtjóra leyft að reisa kvikmyndaleikhús á baklóð hússins nr. 22 við Austurstræti, samkv. meðfylgjandi uppdrætti. Stærð leikhússins er 21x12 m. með framskoti 12.4 m<sup>2</sup>. Leyfið veitt að áskildu leyfi brunamálanefndar og bæjarstjórnar um að mega býna kvikmyndir í húsinu. Byggingarleyfisgjald kr. 95.18.

9. Magnús Th. S. Blöndahl leyft að reisa móskeyli á baklóð hússins Lækjargötu 10D. Stærð 5x9 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.20. Leyfið sama skilyrði bundið og byggingarleyfið undir 2. lið.

10. Jóni Sigurðssyni leyft að hækka skúr við bakhlíð hússins nr. 13 við Posthússtræti. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

11. Benóný Benónýssyni synjað um að flytja skúr á baklóð hússins nr. 39 við Laugaveg fram að götunni vestan við húsið.

12. Halldóri Danielssyni yfirdómara leyft að hækka skúr og setja kvist á norðausturhorn hússins nr. 11 við Aðalstræti. Leyfi fylgir frá eiganda nágrannalóðarinnar um að mega hækka austurgaflinn og stækka glugga á honum. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

13. Lagður fram uppdráttur af Suðurpól 1V og hann samþykktur.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra.

Fundi slátið.

Ólafur Lárusson settur. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson. Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1918, laugardaginn 28. september kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Erindi frá Jóni Stefánssyni Laugaveg 17, um að fá leyfi til að láta útbygginguna standa eins og hún nú er gerð á húsinu nr. 17 við Laugaveg var synjað.
2. Haraldi Jónssyni prentara leyft að reisa torfbæ á erfðafestulandi hans í Þvottalaugamýri. Stærð 7.5x3.8 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.83.
3. Helga Jósefssyni leyft að byggja gluggakvist á baklóð hússins nr. 80 við Hverfisgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
4. Bjarnhéðni Jónssyni leyft að byggja til bráðabirgða, geymsluskúr á baklóð hússins nr. 6B við Adalstræti. Stærð 2.2 x 5.65 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Leyfið er því skilyrði bundið, að skúrin verði rifinn niður bænnum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með 6 mánaða fyrirvara.
5. Árna S. Böðvarssyni rakara leyft að byggja viðbótarbyggingu við húsið nr. 50 við Grettisgötu. Lengd með götu 5.1 m. Flatarstærð 44.65 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 10.75.
6. Jóni Þorlákssyni leyft að byggja 2 geymsluskúra úr steinsteypu eða stein á baklóð hússins nr. 11 við Bankastræti. Stærð 46 m<sup>2</sup>. og 7.5 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 6.60.
7. Magnhildi Andrésdóttur leyft að hækka húsið nr. 16 við Vatnsstíg og byggja skúr út úr bakhlíð þess. Stækkun á flatarmáli hússins er 9.8 m<sup>2</sup>. Skilyrði að skúrin sé úr steini eða steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 7.89.
8. Stefáni Gunnarssyni leyft að reisa bráðabirgðaskúr á baklóð hússins nr. 6 við Miðstræti. Stærð 3.15x2.55 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Leyfið sama skilyrði bundið og undir tölulið 4 hér að framan.
9. Slátursfélagi Suðurlands leyft að byggja bráðabirgðabifreiðarhús sunnan við yfirbyggða fjárrétt á lóð félagsins við Lindargötu. Stærð 4.7x3.15 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Leyfið sama skilyrði bundið og undir næsta lið á undan. Akveðið að kæra Slátursfélagið, Bjarnhéðinn Jónsson ~~fyrrinxxx~~ til sekta fyrir að hafa byggt umrædda skúra áður en byggingarleyfi var fengið.
10. Ólafi Björnssyni leyft að byggja bráðabirgðaskúr til mógeymslu sunnan við Ísafoldarprentsmiðju. Stærð 3.8x6.3 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.39. Leyfið sama skilyrði bundið og undir næsta lið á undan.
11. Það leiðréttist við 8. lið síðasta fundargerðar, að leyfi það er þar um ræðir, á að veitast hlutafélaginu "Nýja Bíó".

en ekki Bjarna Jónssyni leikhússtjóra eins og þar segir.

12. Ákveðið að kæra til sekta skúrbyggingu í Øskjuhlíðinni til hliðar við skíðabraitina.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Ólafur Lárusson, settur. Guðm. Ásbjörnsson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1918, laugardaginn 12. okt. kl. 4 síðd. kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Og gerðist þetta á fundinum:

1. Hannesi Hannessyni leyft að byggja skúr við hús sitt, "Bjarg" á Grímsstaðaholti. Stærð 4.1x2.5 m.. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

2. Gunnari Sigurðssyni leyft að byggja skúr úr steinsteypu syðst á baklóðinni við nr. 10B við Bergstaðastræti, 13.3x4.4 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 7.00.

3. Sigurjóni Oddssyni leyft að setja forstofu og mósúr við húsið nr. 27B við Laugaveg. Stærð forstofu 2.00x1.57 og skúrsins 1.90x2.52 m. Ennfremur leyft að flytja til salerni. Byggingarleyfisgjald kr. 6.00.

4. Ríkhard Thors leyft að stækka útbyggingu suður úr Bólstaðahlíð við Þingholtsstræti. Stækkunin nemur 3.01 m<sup>2</sup>. Leyfisgjald kr. 2.00.

5. Jóni Hjartarsyni leyft að setja bráðabirgðaskúr á baklóðina við húsið nr. 22A við Bræðraborgarsíg. Stærð 1.90x3.15 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Leyfið því skilyrði bundið, að skúrin sé rifinn burtu bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með 6 mánaða fyrirvara.

6. Leyft að setja glugga á vesturhlíð skúrsins við Þeunastöðina við Suðurgötu.

7. Ákveðið að kæra Helga Jósefsson Hverfisgötu 80 til sekta fyrir að hafa byggt í leyfisleysi viðbyggingu við það hús, 3.20 x 2.25 m. að stærð.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Svein Jónsson og slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

Ólafur Lárusson, settur. Einar Erlendsson. Guðm. Ásbjörns-son. Kristinn Sigurðsson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1918, laugardaginn 30. nóvember kl. 4, kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra, og gerðist þetta á fundinum:

1. Páli Lárussyni leyft að setja ris og kvist á húsið nr. 15. við Óðinsgötu og byggja forstofu 1.5x2.7 m. að stærð við norðurgafli hússins, og enn fremur að byggja skúr á bakhlíð hússins 1.50x1.25 m. að stærð. Loks var honum leyft að byggja geymsluskúr á baklóð hússins, 17.6x3.2 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 15.51.

2. Sveini Hjartarsyni leyft að byggja mótorskúr úr steinsteypu við bakhlíð hússins nr. 1 við Bræðraborgarstíg. Stærð 2.3x2.7 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Leyfi brunamálanefndar þarf til að setja mótör í skúrinn.

3. Sveini Gunnarssyni leyft að breyta kjallara undir húsinu nr. 48 Laugaveg. Samkvæmt uppdrætti. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

4. Hjerti Féldsted leyft að byggja geymsluskúr á lóð sinni við Bakkastíg, að stærð 6.15x3.30 m. Jafnframt verður hjallur, sem nú stendur á lóðinni rifinn niður. Stærð hans er 7.00x3.15 m.. Byggingarleyfisgjald kr. 2.03.

5. Flosa Sigurðssyni synjað um leyfi til skúrbyggingar á lóð hans við Klapparstíg, með því að skúrinn tekur út yfir götugötu.

6. Flosa Sigurðssyni synjað um að byggja tiblyrskúr á lóð hans nr. 10 við Grettisgötu.

7. Ríkarð Thors leyft að byggja viðbyggingu við húsið Bólstaðarhlíð við Þingholtsstræti, að stærð 5.4x2.2 m. Skilyrði að það sé byggt úr steini. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

8. Sveini Hjartarsyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri og járn, á lóðinni, sem verður nr. 15A við Framnesveg. Stærð hússins er 7.5x6.3 m. með skúr 1.8x1.9 m. Byggingarleyfisgjald kr. 9.29. Leyfið er því skilyrði bundið, að lóðin, sem er hluti úr Steinsholsbletti vestra, sé breytt í byggingarlóð.

9. Geir Zöega kaupm. synjað um að byggja geymsluhús úr timbri (timbri) á lóð hans sunnan við Tryggvagötu.

10. Sigurjóni Péturssyni synjað um leyfi til að byggja skrifstofu og vörugeymsluhús úr timbri á lóð sem komið hefur til mála að hann fengi leigða hjá hafnarnefnd á uppfyllingunni sunnan Tryggvagötu, norðanvið geymsluhús H. P. Duus.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðarson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Ásbjörnsson. Einar Erlendsson.



Ár 1918, laugardaginn 14. desember kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Geir Zöega sækir á ný um leyfi til að mega byggja einlyftan geymsluskúr úr timbri og jární á lóðareign hans við Tryggvagötu, er megi standa í 10 ár. Stærð skúrsins er 22x11 m. G.Zöega og lóðareigandinn að vestan hafa komið sér saman um lóðarmörkin og er ætlað til að skúrinn standi 3.15 m. frá lóðarmörkum, en hafnarsjóður á dálitla spildu vestan við lóðina næst Tryggvagötu, og hefur umsækjandi falað kaup á henni. Meiri hluti byggingarnefndar vill veita leyfi til að þessi bygging verði reist og mæli með að undanþága verði veitt til að byggingin megi vera úr timbri, enda sé það skilyrði sett og þinglesið sem kvöð á eigninni, að skúrinn skuli rifinn niður bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með 6 mánaða fyrirvara, og að skúrinn megi aldrei standa lengur en 5 ár. - Minni hluti nefndarinnar er því mótfallinn, að byggingar úr timbri séu leyfðar sunnan við Tryggvagötu. Byggingarleyfisgjald er kr. 35.82.

2. Gunnar Sigurðsson frá Selalæk sækir um undanþágu frá 29.(25) gr. byggingarsamþykktarinnar, að forstofustigi í húsi því, sem hann er að byggja við Bergstaðastræti 10, megi vera 86 cm. í stað 94 cm. á breidd, og framstig 20 cm. í stað 21 cm. Þar sem upelýst er, að hægt muni vera að koma fyrir löglegum stiga, vill nefndin ekki mæla með undanþágunni.

Fleira ekki gert. A fund vantaði slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Kristinn Sigurðsson. Einar Erlendsson. Guðm. Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Sveinn Jónsson, var í minni hluta við 1 lið.

Ár 1918, laugardaginn 28. desember, kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Lögð fram teikning frá Sigurjóni Péturssyni, þar sem hann fer fram á að ~~þá~~ að byggja tvílyfta skúrbyggingu úr timbri og jární á hafnaruppfyllingunni fyrir sunnan Tryggvagötu. Aftast er til, að hús þetta standi áfast við Geymsluhús H.P.Duus með eldvarnarvegg á milli. Stærð hússins er 15.3x10.2 m. Með því að hafnarnefnd og bæjarstjórn hafa samþykkt að leigja Sigurjóni lóð á þessum stað til skúrbyggingar, með 6 mánaða uppsagnarfresti, þá vill meiri hluti byggingarnefndarinnar mæla með því, að undanþága verði veitt frá byggingarsamþykktinni til byggingarhessarar, þó með því skilyrði að enginn inngangur verði á austurhlíð hennar. Byggingarleyfisgjald kr. 37.45.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Svein Jónsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðmundur Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Þorvarður Þorvarðsson. Pétur Ingimundarson. Einar Erlendsson.

Ár 19.19, laugardaginn 11. jan. kl. 4. síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert á fundinum:

1. H. Gudberg, hjólhestasmið, leyft að byggja bráðabirgðaskúr á baklóð hússins nr. 24 við Laugaveg. Skrínn er úr timbri og járn. Stærð 4.4x3.15 m. Leyfið er því skilyrði bundið, að skúrinn sé 6.30 m. frá húsum á alla vegu og verði rúfinn niður bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með 6 mánaða fyrirvara. Byggingarfullbrúa falið að sjá um, að framangreindum skilyrðum verði fullnægt. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

2. Stefán Runólfsson í Eskihlíð fer fram á að fá að byggja bráðabirgðaskúr á landi bæjarins sunnan við Laufásveg. Byggingarnefnd vill ekki verða við þessari beiðni.

3. Rákel Ólafsdóttur leyft að gera bráðabirgðamóskýli við vesturgöfl hússins nr. 125 við Hverfisgötu. Stærð 3.15x6.90 m. Leyfið er því skilyrði bundið, að móskýlið verði rífið hæður bænum að kostnaðarlausu hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með 6 mánaða fyrirvara. Byggingarleyfisgjald kr. 2.37.

4. Ara B. Antonssyni leyft að byggja skúr úr steini eða steinsteypu á lóð hans Lindargötu 9. Stærð skúrsins er 3x3 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

5. Steingrími Guðmundssyni leyft að setja kvist á austur-enda hússins nr. 48 við Grettisgötu, og að stækka bakskúr hússins um 2.1 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 6.91.

6. Geir Zöega kaupmanni leyft að byggja geymsluskúr úr steini á lóð hans við Tryggvagötu. Stærð skúrsins er 24x11 m. Byggingarleyfisgjald kr. 47.52.

Fleira gerðist ekki á fundinum. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra.

Fundi Slitið.

K. Zimsen. Kristinn Sigurðsson. Sveinn Jónsson.  
Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðsson. Guðmundur Ásbjörnsson.

Ár 1919, laugardaginn 1. febrúar kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

xx Tilkynnt að byggingarfulltrúi Einar Erlendsson hafi farið snöggva ferð til útlanda og falið múrarmeistara Kristni Sigurðssyni að gegna byggingarfulltrúastarfinu í fjarveru sinni. Var það samþykkt af byggingarnefndinni.

1. Carli Lárussyni leyft að byggja skúr úr steinsteypu á vesturmörkum lóðarinnar nr. 5 við Laugaveg. Stærð skúrsins er 11.0x3.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 4.62. En nefndin vill ekki leyfa að kækka skúr við norðurhlið hússins í sambandi við kvistbyggingu, eins og beiðandinn fer fram á.

2. Ársæli Árnasyni bóksala leyft að gera nokkrar breytingar á kjallara hússins nr. 4 við Laugaveg, að breyta gluggum og setja dyr götumegin. Leyfið því skilyrði bundið, að inngangsríð taki ekki meira en 50 cm. út fyrir ákveðinn götujaðar. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

3. Beiðni Finns Thorlacius, f.h. Lovise Jensen, frestað til athugunar á staðnum.

4. Guðm. Kr. Jónssyni, Hverfisgötu 76, leyft að byggja íbúðarhús úr steini á erfðafestulandi hans í Þvottalaugamýri. Stærð hússins er 6.9x6.9 m., en það athugast við uppdráttinn, að vegg hæð í íbúðarherbergjum má ekki vera minni en 2.50 m. Sama manni leyft að byggja á sama stað gripahús úr torfi og grjóti, 6.3x6.3 m. að stærð. Husin eiga að standa samhliða Þjóðveginum og jafnlangt frá honum og hús Grímulfs Ólafssonar. Byggingarleyfisgjald kr. 19.99. Leyfin eru því skilyrði bundin, að bæjarstjórnin samþykki að þessar byggingar verði leyfðar í erfðafestulandinu.

5. Guðm. Jónssyni Laugavegi 24, leyft að byggja smíðahús, 5.0x3.5 m. að stærð, úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 24 við Laugaveg (austurendi). Jafnframt fellur úr gildi byggingarleyfi 16. sept. 1916, sem ekki hefur verið notað. Byggingarleyfisgjald kr. 2.44. Umsækjandi getur þess, að lóð hans sé 302 ferálnir (cirka 119 fermetrar).

6. Bæjarverkfræðingurinn kvartar yfir því, að nokkrir húseigendur við Laugaveg vilji ekki gera við bakrennur og frárennsli frá þeim á húsum sínum, en það sé nauðsynlegt vegna viðhalds á gangstéttum. Byggingarnefnd felur borgarstjóra að skrifa þessum húseigendum, og krefjast þess af þeim, að kippa þessu í lag.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Þorvarður Þorvarðsson. Sveinn Jónsson.

Ár 1919, laugardaginn 15. febrúar kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Helgi Helgason fer f.h. Matth. Einarssonar, fram á að mega byggja bifreiðarskýli úr timbri á baklóðinni Kirkjustr. 10. Nefndin vill ekki leyfa þetta, en leyfir hinsvegar að skýlið verði byggt úr steini. Stærðin er 3.5x5.0 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

2. Einari Ag. Einarssyni leyft að byggja bráðabirgðaíbúðarhús úr timbri og járni við austurenda gamla íbúðarhússins í Lág-holti, með því skilyrði, að allur grunnflötur byggingarinnar verði ekki meira en 75 m<sup>2</sup>. Ennfremur er það skilyrði sett, að ef götu þarf að leggja á þeim stað, sem viðbótarbyggingin stendur, á, skal eigandi skyldur til að láta af hendi lóð til götunnar sem óbyggð væri. Byggingarleyfisgjald kr. 3.52.

3. Thor Jensen leyft að setja 2 glugga á efsta loft íbúðarhússins við Grundarstíg, og að bæta 4 m. í sama formi við geymsluskúr á baklóð hússins, breiddin er 4 m. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

4. Tekið fyrir erindi Finns Thorlacius, f.h. Lovise Jensson frá síðasta fundi, þar sem hún fer fram á að breyta gluggum og inngangi hússins nr. 12 við Aðalstræti. Hús þetta stendur skakkt við Aðalstræti og út fyrir réttan götujaðar, og vill nefndin því ekki leyfa neinar breytingar á húsinu, nema það verði flutt í götulínu.

5. Lagt fram erindi frá Svavari H. Svavars um gang að húsi hans Hverfisgötu 32B. Falið borgarstjóra til athugunar.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði slökkviliðsstjórnann.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Kristinn Sigurðsson. Sveinn Jónsson. Guðm. Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1919, laugardaginn 1. marz, kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. L.H.Müller kaupm. sækir um leyfi til að gera ýmsar breytingar Austurstræti 17. Málinu frestað og byggingarfulltrúa falið að krefjast uppdráttar af lóðinni, og fá upplýsingar um, hvort ætlazt sé til að íbúð verði í húsinu.
2. Páli Nielssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini á lóðinni nr. 11 við Óðinsgötu. Stærð hússins er 12.55x7.85 m. og inngönguskúr 2.80x2.05 m. Byggingarleyfisgjald kr. 14.35. Lóðin er 374 m<sup>2</sup>. að stærð.
3. Gunnar Sigurðsson sækir um leyfi til að mega byggja einlyft timburhús á lóðinni nr. 113 við Laugaveg, ofan á kjallara, sem þar hefur verið gerður samkvæmt byggingarleyfi 30. nóv. 1912, þó með nokkrum lítilsháttar breytingum. Byggingarnefndin athugar, að umrætt byggingarleyfi er fellt úr gildi með samþykkt nefndarinnar 15. júlí 1914, þar sem Sveini Árnasyni er leyft að byggja steinsteypuhús í stað hins fyrirhugaða timburhúss. Grunnflötur hússins með skúr er 59.3 m<sup>2</sup>. og þar sem breidd Laugavegar á þessum stað er 17.5 m. vill nefndin leyfa bygginguna og mælir með undanþágu frá byggingarsamþykkt, að því er það ákvæði snertir, að timburhús standi 2 m. frá götu. Byggingarleyfisgjald kr. 15.22.
4. Kristinn Guðnason sækir um leyfi til að mega byggja bráðabirgðaskúr fyrir bifreið á lóðinni Ingólfsstræti 20. Nefndin vill ekki veita þetta leyfi.
5. Guðm. Jónsson Kárastíg 6, sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús úr steini á lóðinni. Málinu frestað til frekari upplýsingar.
6. Prentsmiðjunni Gutenberg h/f leyft að setja kvist á suðausturhorn prentsmiðjuhánsins. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
7. Sigurði Jónssyni steinsmið leyft að reisa bifreiðarskúr úr steini eða steinsteypu á lóðinni nr. 52 við Njálsgötu. Stærð skúrsins er 2.7x5.00 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Kristinn Sigurðsson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Þorvarður Þorvarðarson. Guðm. Ásbjörnsson.

Ár 1919, laugardaginn 15. marz, kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Tómasi Hónssyni trésmið leyft að byggja viðbót við húsið nr. 32A við Laugaveg úr steini, 7.0x3.2 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 4.20.

2. Jóni Zöega leyft að byggja skúr úr steini eða steinsteypu á baklóð hússins nr. 14 við Bankastræti 4.4x5.6 m. að stærð. Ennfremur leyft að setja smáskúr (sýningar skáp), 1.25x2.50 m. í sundið milli húsanna nr. 12 og 14 í Bankastræti, enda sé skúrinn gerður úr steini og eldvarnarveggur við nr. 12. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

3. Jónatan Jónsson gullsmiður sækir um að fá að breyta austurendanum á húsinu nr. 35 við Laugaveg í vinnustofu, þar sem nú er íbúð. Nefndin getur ekki veitt þetta leyfi, þar sem breytingin mundi brjóta í bága við húsaleigulögin..

4. Bergi Einarssyni sútara leyft að byggja íbúðarskúr úr steinsteypu, 4.40x12.45 m. að stærð, efst á baklóðinni nr. 88 við Hverfisgötu, og að flytja húsið nr. 88 við sömu götu upp í lóðina, enda sé steinskúrinn byggður áður en fluttningurinn fer fram. Byggingarleyfisgjald kr. 8.56. Byggingarnefnd lætur þess getið, að jafnskjótt og húsið er flutt upp í lóðina, fellur grunnur þess til bæjarins, samkvæmt afsalsbréfi dags. 27. febrúar 1907.

5. Gunnari Gunnarssyni Á Hverfisgötu 16 leyft að byggja einlyft hús fyrir vinnustofu úr steinsteypu við Skólavörðustíg nr. 3, 11.20x10.00 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald. kr.15.40.

6. L.H.Müller kaupm. sækir um leyfi til að byggja viðbót úr steinsteypu vestan við húsið nr. 17 við Austurstræti og setja eitt ris með 4 kvistgluggum yfir allt húsið og að breyta gluggum og hurðum á framhlíð hússins og innrétta húsið allt fyrir sölubúðir og skrifstofur. Nefndin vill verða við þessari beiðni og veita byggingarleyfið, þó með því skilyrði, að húsið verði tekið burtu af lóðinni áður en 15 ár eru liðin frá því að leyfi þetta er veitt. Þar sem íbúð er nú í húsinu, verður það að vera komið undir úrskurði húsaleigunefndar hvort afnema megí hana. L.H.Müller tekur það fram í umsókn sinni, að ef hann ekki fái umrædda breytingu skilyrðislaust, þá óski hann aðeins að fá leyfi til að lengja húsið og breyta neðri hæð þess, en þetta a leyfi vill byggingarnefndin ekki veita. Byggingarleyfisgjald kr. 8.32.

7. Guðm. Jónsson keyrslumaður fær leyfi til að byggja skúr til íbúðar úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 6 við Kárastíg, 7.5x6.0 m. að stærð, með forstofu 1.2x09. Byggingarleyfisgjald kr. 5.52.

8. Frú Lovíse Jensson hefur á ný farið fram á að mega breyta búðargluggun og búðarinnngangi á framhlið hússins nr. 12 við Aðalstræti (sbr. fund nefndarinnar 15. f.m.). Nefndin hefur athugaði staðhætti og komzt að raun um, að húsið stendur mjög lítið fram í götulínuna og veitður því hið umbeðna byggingarleyfi. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

9. Guðríði Árnadóttur Braun leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á baklóðinni við Grettisgötu. Grunnflötur hússins 96 fermetrar, en öll lóðin, sem fylgir eigninni er 192 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 15.36.

10. Erindi frá Eyvindi Eyvindssyni um byggingu bifreiðaskúrs við Frakkastíg, frestað.

11. Guðm. Jakobssyni leyft að setja glugga á vesturhlið hússins nr. 32 við Hverfisgötu og að gera breytingar á herbergjaskipun í húsinu. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra. Guðm. Ásbjörnsson kom á fund við byrjun 7. liðs.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Kristinn Sigurðsson. Sveinn Jónsson. Guðm. Ásbjörnsson. Forvarður Þorvarðsson.



Ár 1919, laugardaginn 29. marz, kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Sveini Ó. Guðmundssyni leyft að hækka skúr og setja kvist á húsið nr. 11 við Frakkastíg. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.
2. Péttri Bjarnasyni leyft að stækka forstofuskúr, um 2.2x 1.9 við húsið nr. 34 við Njálsgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
3. Guðm. K. Guðmundssyni og Magnúsi Ólafssyni leyft að breyta glugga á húsinu Grettisgötu 59 og að gera nokkrar fleiri breytingar. Ennfremur leyft að byggja inngönguskúr við bakhlíð hússins, 2.4x1.5 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.
4. Jón Pálsson sækir, fyrir hönd Guðrúnar Matthíasdóttur, um leyfi til að setja nýjar dyr og forstofu við húsið nr. 6 við Traðarkotssund, þar sem hún ætlar að breyta neðri hæðinni í kaffi & matsöluhús. Nefndin synjar um þetta leyfi, þar sem ekki liggur fyrir heimild að afnema íbúð í húsinu.
5. H. I. Hansson kaupmanni leyft að byggja einlyft hús með risi, úr steini eða steinsteypu, á lóð hans Laugavegi 15. Stærð hússins er 9.3x9.3 m. Leyfið bundið því skilyrði, að veggjaþykktin fullnægi ákvæðum byggingarsamþykktarinnar og byggingin standi í ákveðinni götulinu. Byggingarleyfisgjald kr. 21.10.
6. Svavari S. Svavars leyft að byggja forstofu vestan við húsið nr. 57 við Laugaveg, 2.50x1.67 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
7. Ólafi Björnssyni ritstjóra leyft að byggja bráðabirgðaskúr úr steini fyrir prentvélar við Vallarstræti, sunnan við Ísafoldarprentsmiðju. Stærð skúrsins er 75 m<sup>2</sup>. Leyfið veitt með því skilyrði, að skúrinn verði rifinn áður en 5 ár eru liðin. Rifinn verður móskúr, sem er 23.94 m<sup>2</sup>. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 10.52.
8. Marteinn Einarson & Co. leyft að gera nokkrar breytingar á húsinu nr. 29 við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
9. Einari Erlendssyni f.h. fröken Kristínar Þorvaldsdóttur kaupmanns, leyft að setja dyr á miðhorn hússins nr. 4 við Kirkjustræti. Leyfisgjald kr. 2.00.
10. Engilbert Magnússyni leyft að byggja viðbót úr steini vestan við húsið nr. 1 við Lindargötu. Stærð viðbótarinnar er 39.35 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 14.83.
11. Samband Íslenzkra Samvinnufélaga sækir um leyfi til að reisa hús á lóð, er það tjáir sig hafa keypt nýlega af landsstjórninni, á Arnarhólstúni austan Ingólfsstrætis. Byggingarnefndinni er ekki kunnugt um annað en að sá hluti Arnarhólstúns,

sem hér er um að ræða, sé eign Reykjavíkurbæjar, samkvæmt útmælingargjörð 12. febrúar 1887, og getur því ekki að svo stöddu leyft neinar byggingar eða mannvirki á lóðinni. Nefndin létur þess ennfremur getið, að samkvæmt uppdrætti, sem beiðninni fylgir, er ætlað til, að hið fyrirhugaða hús standi við götu, sem ekki var fyrirhuguð, þegar gatnaskipun á Arnarhólstúni var samþykkt á fundi nefndarinnar 16. febrúar 1907 og á fundi bæjarsjórnarinnar 21. sama mánaðar.

12. Lagður fram uppdráttur af lóðunum í Rauðararholti austan Rauðararstígs og sunnan Laugavegar, og ákveðin stefna á tveimur götum austur frá Rauðararstíg.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Einar Erlendsson. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson. Sveinn Jónsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1919, laugardaginn 12. apríl, kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Tekin fyrir gatnaskipun á Arnarhólstúni, og leggur nefndin til, að fyrirhuguð gata milli Lindargötu og Skúlagötu vestan frá Klaapparstíg verði látin ná alla leið vestur á Ingólfsstræti, og sé hún kölluð Sölvhólgata. Aftur á móli sé fallið frá fyrirhugaðri götu frá Lindargötu norður á Skúlagötu skammt fyrir innan Sölvhól.

2. Tekið fyrir á ný erindi Sambands Íslenskra Samvinnufélaga frá síðasta fundi um byggingu á lóð, sem félagið hefur keypt úr Arnarhólstúni milli Lindargötu og Sölvhólgötu austan Ingólfsstrætis. Byggingarnefndin athugaði, að á framlögðum uppdrætti er ekki sýnd hornsneiðing milli Lindargötu og Ingólfsstrætis, og áskilur að sú sneið verði lögð til götunnar. Lagur fram og samþykktur uppdráttur af fyrirhugaðri byggingu, sem ætlazt er til að standi 30 m. austur frá Ingólfsstræti sunnanvert við Sölvhólgötu. Húsið er tvílyft steinhús með kjallara 20x11.5 m. að stærð, og er ætlazt til að það standi 2.5 m. frá götugaðri. Byggingarleyfisgjald kr. 94.76. - Meiri hluti nefndarinnar áskilur, að öll hús sunnan við Sölvhólgötu verði byggð 2.5 m. frá götugaðri, sé þetta hús byggt þannig.

3. Sigurði Oddssyni leyft að byggja skúr, 6.00x3.15 m. að stærð, á baklóðinni nr. 8 við Bergstaðastræti, með því skilyrði, að skúrin verði byggður úr steini eða steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

4. Bjarna Jónssyni dómkirkjupresti og Flosa Sigurðssyni leyft að setja steintröppur, nýjar, við húsin nr. 12A og 12B í Lækjargötu, enda nái þær ekki lengra fram á götuna en byggingarfulltrúi samþykkir. Leyfisgjald kr. 2.00.

5. Ingimundi Hallgrímssyni Hildibrandshúsi leyft að byggja 2 samfasta torfbæi á erfðafestulandi hans í Þvottalaugamýrinni. Stærðin er 9.00x7.75 m. Byggingarleyfisgjald kr. 6.98. Leyfið veitt með því skilyrði, að bæjarstjórnin heimili að byggja í erfðafesulandinu.

6. Guðríði Árnadóttur Broin leyft að setja kjallara undir húsið nr. 6A við Grettisgötu, sem henni var leyft að byggja 15. marz 1919. Byggingarleyfisgjald kr. 9.68.

7. Guðm. Jónssyni leyft að lengja smíðahús á baklóðinni nr. 24A við Laugaveg, um 0.65 m., sem er 22.75 m<sup>2</sup> Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

8. Guðspekisfélaginu leyft að setja ris með kvistum á samkomuhúsið nr. 22 við Ingólfsstræti og breyta gluggum og inngangi samkvæmt framlögðum uppdrætti. Byggingarleyfisgjald kr. 14.65.

9. Tryggvi Arnason sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðaskúr, grunnlausan, á lóðinni nr. 8 við Njálsgötu, sem er eign Landsbankans. Nefndin vill ekki leyfa skúrinn á þeim stað sem beiðandi fer fram á, en leyfir að setja skúrinn, sem er 4.4x2.5 m. að stærð, 3.15 m. frá lóðarmörkum og 2 m. frá götujaðri. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

10. Vilhjálmur Jakobssyni leyft að breyta dyru og glugga á kjallara hússins nr. 3 við Traðarkotssund. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

11. Bjarna Magnússyni leyft að breyta neðri hæð hússins nr. ~~18A~~ 18A við Laugaveg í Lyfjabúð. Byggingardylltrúa falið að sjá um, að efsta breið á tröppunum inn í lyfjabúðina verði sæmlega breitt. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

12. Áslaugu Stephensen leyft að byggja íbúðarkjallara undir húsið nr. 19 við Grundarstíg, byggja forstofu við norðurgötu og stækka skúr við austurhlíð hússins, með því skilyrði, að viðbótin verði úr steinsteypu eða steini. Stækkun á grunnfleti hússins verður 13.9 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 8.39.

13. Jónatan Þorsteinssyni kaupmanni leyft að reisa þrílyft geymsluhús með kjallara við Vatnsstíg nr. 3. Stærð hússins er 25.5x9.00 m. Rifinn verður bær og bárujárnsskúr, 120.5 m<sup>2</sup>. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 113.82.

14. Vald. Poulsen leyft að breikka járnsteypuhús við Klapparstíg 4 (Hverfisgötu nr. 40) um 8.8 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

15. Eymskipafélagi Íslands h/f leyft að <sup>lengja</sup> ~~byggja~~ geymsluhús á leigulóð félagsins við Tryggvagötu um 12.3 m. til norðurs, svo það nái að næstu götu. Breidd hússins með skúr er 18.9 m. Leyfið er veitt með því skilyrði, að það verði rífið um leið og eldra húsið. Byggingarleyfisgjald kr. 54.42.

16. Byggingarnefndin leggur til, að gata sú, sem liggur samhliða Tryggvagötu og næst fyrir norðan hana, verði nefnd Geirs gata.

17. Þorvaldi Eyjólfssyni leyft að reisa einlyft steinsteypuhús með kjallara, á lóð, sem hann hefur keypt á Grettisgötu nr. 4, úr erfðafestulandi Guðm. Guðmundswonar, og er að stærð 17.58x14.44 m. Húsið er að stærð 7.5x6.9 m. með forstofu 1.8x2.4 m. Byggingarleyfisgjald kr. 16.53.

18. Elías S. Lyngdal, sem keypt hefur hús Þorvaldar Eyjólfssonar nr. 23 við Njálsgötu, leyft að breyta neðri hæð hússins í sölubúð, hornsneiða húsið og breyta gluggum. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Leyfið veitt með því skilyrði, að bæjarstjórnin samþykki að breyta íbúðinni í sölubúð.

19. Helgi Guðmundsson málari fer fram á, að mega byggja

framh. -

upp norðurhlúð hússins nr. 6 við Ingólfsstræti úr steini og setja eina hæð ofan á allt húsið, sem er byggt sumpart úr steini og sumpart úr tré með bárujárni. Nefndin mælir með því að undanfága verði veitt til þessa. Verði leyfið veitt er byggingarleyfisgjaldið kr. 16.78.

20. Erindi Hjálmtýrs Sigurðssonar um byggingu nýs húss á lóðinni nr. 11 við Grundarstíg, vill nefndin sinna, en frestar að veita endanlegt leyfi þar til uppdrættinum er breytt svo, að stigar fullnægi ákvæðum bygginarsamþykktarinnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Kristinn Sigurðsson. Þorvarður Þorvarðsson.  
Einar Erlendsson. Sveinn Jónsson. Guðm. Ásbjörnsson.  
Pétur Ingimundarson.

Ár 1919, 26. apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra, kl. 3 e.h.

1. Kornelíusi Sigmundssyni leyft að byggja einlyft steinsteypuhús á baklóð lóðarinnar nr. 19 við Óðinsgötu. Grunnflötur hússins er 77.1 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 8.25.

2. Ólafi Þorsteinssyni verkfr. leyft að byggja einlyft steinsteypuhús á lóð sinni við Garðastræti, næst norður af lóð Bjarna Matthíassonar. Stærð hússins er 7.00x9.2.0 m. Byggingarleyfisgjald kr. 20.61. Lóðarstærð er 241.4 m<sup>2</sup>. Það athugast að eld varnarveggur er á uppdrættinum settur við suðurgötu hússins í stað norðurgötu. Þar sem hús þetta stendur við götu, sem enn ekki er búð að gera, verður beiðandi sjálfur að sjá sér fyrir aðgangi að húsinu, afrennsli fyrir skólp og vatnsleiðslu.

3. Albýðubrauðgerðinni leyft að gera viðbyggingu við brauðgerðarhús sitt nr. 61 við Laugaveg. Stærð 8.00x3.80m. Byggingarleyfisgjald kr. 4.26.

4. Magnúsi Jónssyni leyft að gera útihús á lóð sinni nr. 18 við Óðinsgötu, sé það úr steini eða steinsteypu, að stærð 8.80x5.65 m. Byggingarleyfisgjald kr. 7.76. Það athugast að rífinn verðax timburákúhús, sem nú standa á lóðinni, sem eru að stærð 45.42 m<sup>2</sup>.

5. Jóni Teitssyni leyft að byggja tvílyft steinsteypuhús á lóð, sem hann ætlar að kaupa af Matthíasi Matthíassyni í Holti. Lóðin liggur næst suður af lóðinni nr. 20B við Skólavörðustíg, við fyrirhugaða götu frá Skólavörðustíg suður á Óðinstorg, og leggur nefndin til að gatan verði nefnd Týsgata. Stærð hússins er 7.50x6.90 m. með skúr á bakhlíð sem er 3.00x2.65 m. að stærð, ennfremur er honum leyft að reisa geymsluskúr, að stærð 3.0x7.2 m. Byggingarleyfisgjald kr. 19.39. Leyfið er veitt með því skilyrði, að bæjarstjórnin veiti samþykki sitt til að breyta lóðinni í byggingarlóð. Verður húsið nr. 4 við Týsgötu, en þar sem gatan er enn ógerð, verður beiðandi sjálfur að sjá sér fyrir aðgangi að húsinu, frárennsli frá því og vatnsleiðslu.

6. H/f Nýja Bíó fer fram á að ~~skkja~~ fá að setja kjallara undir vesturenda kvikmyndahúss þess er það fékk leyfi til að byggja 31. ágúst f.á. Nefndin sér ekki neitt því til fyrirstöðu að þetta leyfi verði veitt, en frestar því þangað til fullnaðaruppdráttur liggur fyrir.

7. L.H.Müller fer fram á að fellt verði í burtu skilyrði það er sett var á fundi nefndarinnar 15. f.m. fyrir leyfi til að breyta húsinu nr. 17 við Austurstræti, að húsið verði tekið burtu að 15 árum liðnum, og vill nefndin ekki verða við þessari beiðni.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og Guðmund Ásbjörnsson, sem báðir eru erlendis.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson.  
Kristinn Sigurðsson. Einar Erlendsson.

Ár 1919, 10. maí, kl. kl 4 e.h. var fundur haldinn í bygg-  
ingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra, og var þetta tekið fyrir:

1. Hjálmtýr Sigurðsson fer fram á að byggja tvílyft stein-  
steypuhús með timburloftum og skilrúmunum og aðeins einum stiga,  
við Grundarstíg, og sér nefndin ekki fært að mæla með undanþágu  
þessari.

2. Th. Krabbe verkfræðingi leyft að byggja Dissousgasstöð  
við Rauðararstíg nr. 13. Stærð 15.5x7.6 m. einlyft með risi,  
allt úr steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 28.27. Lóðina  
kaupir hann af bæjarstjórn Reykjavíkur. Nefndin vekur athygli  
á sérstakt leyfi brunamálanefndar þarf til byggingarinnar.

3. Sturla Jónssyni kaupmanni leyft að gera nokkrar breyt-  
ingar á húsunum nr. 11 við Laugaveg, meðal annars að stækka grunn-  
flöt um 7.3 m<sup>2</sup>. og breyta inngangi á baklóðina frá Smiðjustíg,  
þannig, að hann verði meðfram öldvarnarveggnum. Byggingarleyf-  
isgjald kr. 4.00.

4. Jóni Þorsteinssyni leyft að byggja einlyft steinsteypu-  
hús á lóð sinni nr. 9 við Óðinsgötu. Stærð 7.5x7.0 m. Bygging-  
arleyfisgjald kr. 8.40.

5. Árna Einarssyni leyft að flytja smíðaskúr af leigulóð  
hans vestan Bakkakots, á lóð nr. 8 við Brekkustíg, sem hann tjá-  
ist eiga, og breyta skúrnum í íbúðarhús, enda standi hann 2 m.  
frá jaðri Bakkastígs og frá jaðri fyrirhugaðrar götu yfir lóð-  
ina. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00. Nefndin lætur þess getið  
að hún telur vafasamt að bæjarstjórnin hafi nokkur tíma látið  
lóðina af hendi, nema sem kálgarð, - eða fiskgerkunarstæði.

6. Sigurði Gíslasyni og Elíasi Nikulássyni leyft að byggja  
íbúðarhús á lóðinni nr. 23 við Óðinsgötu, að stærð 10.0x6.9m.  
með skúr að bakhlið, sem er 2.8x3.1 m. að stærð, úr steypu eða  
steini. Byggingarleyfisgjald kr. 8.50.

7. Stefáni B. Jónssyni leyft að gera bráðabirgðaskúr á lengu-  
lóð hans nr. 23 við Frakkastíg, 3.8x5.0 m. að stærð. Bygging-  
arleyfisgjald kr. 2.00.

8. Metúsalem Jóhannessyni leyft að byggja viðbyggingu úr  
steini eða steinsteypu við suðurenda hússins nr. 15 í Þingholts-  
stræti, að stærð 6.15x8.80 m., kjallari, 1/4 hæð með brotnu þaki.  
Jafnframt verða rifnir 2 skúrar af lóðinni, 2.5x6.3 og 1.7x3.6  
m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 19.48.

9. Guðmundi E. Guðmundssyni leyft að byggja einleyft ~~ein-~~  
~~þvílyft~~ steinsteypuhús við nr. 24 á Frakkastíg. Stærð 6.4x7.7  
m. Ennfremur er honum leyft að byggja geymsluhús á baklóðinni að  
stærð 7.8 m<sup>2</sup> Byggingarleyfisgjald kr. 21.38.

10. Halldóri Gunnlaugssyni leyft að breyta vélaverkstæði



í húsinu nr. 20 við Vesturgötu í búð.  
kr. 2.00.

Byggingarleyfisgjald

11. Gísla Bjarnasyni leyft að byggja tvílyft steinsteypu-  
hús á lóðinni nr. 43 við Laugaveg, að stærð 11.2x8.8 m. með skúr  
við bakhlíð, 3.3x2.9 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 61.45  
Jafnframt verður rífið hús er nú stendur á lóðinni, sem er að  
stærð 70.9 m<sup>2</sup>., og er leyfið veitt með því skilyrði að bæjar-  
stjórn veiti leyfi til þessa.

12. Jóni Þorlákssyni leyft að byggja tvö samstæð íbúðarhús  
við framlenging Baldursgötu; á lóð er hann kaupir. Byggt úr  
steinsteypu, að stær, 8.0x6.8 m., með skúr að bakhlíð ~~1.9x2.1~~  
1.9x2.1 m. að stærð. Hvort hús um sig er einlyft með porti og  
risi, og snúi gaflar að götu. Og leyft að hafa útveggi tvöfalda  
með tróði á milli úr mó og að öðru sem lýst er í umsókn beiðanda.  
Hvað snertir undanþágu um að eldvarnarveggur nái ekki upp fyr-  
ir port, telur nefndin sig ekki hafa heimild til að mæla með  
henni, þar sem um lagaákvæði er að ræða. Byggingarleyfisgjald  
kr.27.06.

13. Böðvari Kristjánssyni leyft að byggja einlyft portbyggt  
íbúðarhús úr timbri, jarnvarið, á lóð úr túni Th.Thorsteinssonar  
kaupmanns við fyrirhugaða Oldugötu næst vestur af nr. 14 við  
Stýrimannastíg, stærð 9.3x8.1 m. Byggingarleyfisgjald kr. 21.09.  
Leyfið er veitt með því skilyrði, að bæjarstjórnin samþykki að  
breyta lóð þessari í byggingarlóð, og að umsækjandi sjái sér  
sjálfur fyrir aðgangi að húsinu, frárennsli og vatni.

14. Arnlaugi Ólafssyni leyft að lengja bæinn Akurgerði um  
2 m. breiddin er 4.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

15. Kristinn Símonarson, fer fram á að hækka kvistveggi og  
breyta risi á húsinu nr. 4 við Vallarstræti. Nefndin frestar  
að taka ákvörðun um þetta þar til byggingarfulltrúi hefur átt  
tal við umsækjanda um eitt atriði þessu viðvíkjandi.

16. Eimskipafélagi Íslands leyft að flytja húsið nr. 2 við  
Pósthússtræti á leigulóð þess við Tryggvagötu, sunnan við gafl-  
inn á geymsluhúsi félagsins, og er það skilyrði sett, að hús-  
ið verði rífið um leið og þau hús sem fyrir eru á lóðinni eða  
eigi síðar en 24. okt. 1927. Byggingarleyfisgjald kr.4.00.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og  
Guðmund Ásbjörnsson, sem báðir eru erlendis. Slökkviliðsstjóri  
fór af fundi þá 9. liður var ræddur. Fundi slitið.

K.Zimsen. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Einar Er-  
lendsson.

Ár 1919, 20. maí kl. 11 f.h. var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra og þetta tekið fyrir:

1. Bæjarstjórnin hefur á fundi 1. þ.m. fallið byggingarnefndinni það fyrsta unnt er, að ákveða vegarstæði á Grímsstaðaholti án þess að frekara samþykki bæjarstjórnar þurfi að koma til. Fyrir fundinum lá uppdráttur af Grímsstaðaholti, fyrir sunnan og vestan hóla, og ákvað byggingarnefndin legu og stefnu nokkra aðalgatna á því svæði, og voru þær sýndar með rauðum strykum á uppdrættinum.

2. Hjálmarí Þorsteinssyni leyfðar ýmsar breytingar á húsunum nr. 4A og 6 við Skólavörðustíg, sem hann er orðinn eigandi að, og sameinast nú í eina eign. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og Guðmund Ásbjörnsson, sem báðir eru erlendis.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Einar Erlendsson.

Ár 1919, 31. maí kl. 4 e.h. var fundur haldinn í byggingar-  
nefndinni á skrifstofu borgarstjóra, og þetta tekið fyrir:

1. H/F.Nýja Bló leyft að byggja kvikmyndasýningahús að bak-  
lóðinni nr. 22 við Austurstræti. Grunnflötur hússins verður  
279 m<sup>2</sup>., lóðarstærð er 349 m<sup>2</sup>. Aðgangur að lóðinni verður um  
vesturenda lóðarinnar frá Austurstræti, er verður 2.5 m. á breidd.  
Byggingarleyfisgjald kr. 44.75.

2. Frú Kristínu Símonarson leyft að hækka kvist á húsinu  
nr. 4 við Vallarstræti. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

3. Guðmundi Einarssyni leyft að setja port á húsið nr. 12  
við Vitastíg, svo og stækka skúr við húsið um 1.8 m<sup>2</sup>. Bygging-  
arleyfisgjald kr. 5.12.

4. Helgu Ketilsdóttir leyft að setja 2 kvisti í gegn á hús-  
inu nr. 55 við Hverfisgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 6.84.

5. Siggeir Einarssyni leyft að stækka húsið nr 39B við Njálsgötu,  
um 3.9 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

6. Böðvari Kristjánssyni var á fundi 10. þ.m. leyft að byggja  
hús á lóð úr túni Th.Thorsteinsson við Oldugötu, og fer nú fram  
á að setja það á lóð er hann hefur keypt úr túni frú Ingibjargar  
Johnson við torgið gegnt nýja kirkjugarðinum. Lóðin er 339.12  
m<sup>2</sup>., og veitist leyfið með því skilyrði, að bæjarstjórnin breyti  
lóðinni í byggingarlóð. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

7. Nefndin leggur til að torg það, sem getur um í næsta  
lið á undan verði nefnt "Hólatorg" og vegurinn frá Suðurgötu  
vestur á torgið, meðfram kirkjugarðinum verði nefndur "Kirkjugarðs-  
stígur"

8. Elíasi S. Lyngdahl leyft að byggja geymsluhús úr stein-  
steypu á lóðinni nr. 23 við Njálsgötu. Stærð 3.25x9.75 m. Bygg-  
ingarleyfisgjald kr. 6.34.

9. Jóni Lárussyni leyft að byggja steinsteypuskúr við suð-  
urgafi hússins nr. 11 við Þingholtsstræti, stærð 14 m<sup>2</sup>. Gjald  
kr. 2.00. Skilyrði fyrir leyfinu er að steinveggur verði að  
gamla húsinu og að hurðirnar opnast ekki út á götuna.

10. Eiríki og Jóni Ormssonum leyft að byggja einlyft stein-  
steypuhús með kjallara á lóðinni nr. 25 við Öðinsgötu, en húsið  
stendur við framlengingu Baldursgötu. Stærð hússins er 9.7x  
6.6 m. Gjald kr. 16.65.

11. Sigmundi Sveinssyni leyft að byggja einlyft steinsteypu-  
hús með kjallara á lóðinni nr. 26 við Frakkastíg. Stærð 7.5x  
6.9 m. með skúr 2.6x3.0 m. Gjald kr. 13.10.

12. Sigurði Halldórssyni leyft að byggja tvílyft steinsteypu-  
húsgeymsluhús með kjallara og brotnu þaki, á baklóð hússins nr.

7 við Þingholtsstræti, að stærð 41.4 m<sup>2</sup>. Rífið verður geymsluhús, sem er 16 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 14.16.

13. Stefáni Árnasyni í Haga, leyft að byggja einlyft steinsteypuhús með kjallara á lóð er hann kaupir af bœnum á Grímsstaðaholti. Stærð 4.4x6.9 m. með skúr 1.5x2.5 m. Gjald kr. 7.50. Skilyrði að gluggar séu götumegin á ~~lóðinni~~ húsinu.

14. Guðm. Símonarsyni leyft að byggja einlyft steinsteypuhús með kjallara á lóðinni nr. 8 við Óðinsgötu. Stærð 7.5x6.3 m. með skúr 2.5x3.0 m. að stærð. Gjald kr. 12.05.

15. Sveini Jóni Einarssyni leyft að byggja einlyft steinsteypuhús með kjallara á lóð hans úr Bráðræðistúni við Grandaveg. Stærð 9.3x6.9 m. með skúr 1.9x5.0 m. Gjald kr. 16.21. Lóðin er 394 m<sup>2</sup>.

16. G. Eiríks leyft að byggja bráðabirgðaskúr úr bárujárni á lóðinni nr. 10 við Vonarstræti. Stærð 3.45x12.55 m. Gjald kr. 4.32.

17. Gunnari Gunnarssyni leyft að breyta og hækka og stækka húsið nr. 3 við Skólavörðustíg, er hann fékk leyfi til að byggja 15. marz b.á. Stækkunin er 8.1 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 50.90.

Leyft að hafa glugga á norðurhlíð hússins út að Mörkum lóðarinnar nr. 8 við Laugaveg, ef þinglesin verður kvöð á eigninni nr. 8 við Laugaveg, að ekki megi byggja án eldvarnarveggs nær húsinu en 6.30 m., meðan gluggar þessir eru.

18. H.S.Hansson leyft að breyta, hækka og stækka húsið nr. 15 við Laugaveg, er hann fékk leyfi til að byggja 29. marz b.á. Stækkunin er 7.7 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 31.65.

19. Guðmundi Jónssyni leyft að breyta búðarfyrirkomulagi á húsinu nr.24(II) við Laugaveg. Gjald kr. 2.00.

20. Guðrúnu Ó. Eyjólfsdóttur leyft að byggja íbúðarhús á baklóð hússins nr. 51 við Laugaveg. Húsið I er tvílyft með kjallara úr steinsteypu að stærð 9.5x7.3 m. Gjald kr. 24.97.

21. Eyvindi Eyvindssyni leyft að byggja bifreiðarskúr við Frakkastíg á lóð bæjarins næst fyrir ofan leigulóð Halldórs Einarssonar. Skúrinn verður að stærð 2.8x5.0 m. Gjald kr. 2.00. Skilyrði að bæjarstjórnin leigi honum lóðina og að hann verði burt með skúrinn með 3 mánaða fyrirvara.

22. Jónatan Þorsteinssyni leyft að breyta bifreiðarskúr að stærð 6x8 m. næst upp af skúr Eyvindar er leyfður var á næstu lóð hér á undan með sömu skilyrðum. Gjald kr. 4.80.

23. C. Proppé leyft að hækka bakhúsið á lóðinni nr. 3 við Tjarnargötu, áskilur nefndin að þinglesin verði kvöð á þeirri

frh.  
eign, , að ekki megi byggja án eldvarnarveggs nær þessu húsi  
en 6.30 metra..

24. Hafnarnefnd hefur gert tillögu um að fallið verði frá því að lengja Aðalstræti til norðurs og taka bryggjuhúsið eignar- námi, en í þess stað verði gerð gata milli Hafnarstrætis og Tryggvagötu yfir stakkstæðið fyrir ~~æ~~astan hús Ó. Johnson & Kaaber. - Meiri hluti nefndarinnar fellt á tillögu hafnarnefndar, en Sveinn Jónsson getur þess, að hann sé tillögunni mótfallinn.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og Guðmund Ásbjörnsson er báðir voru erlendis.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Einar Erlendsson.

Ár 1919, 14. júní kl. 4 e.h. var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarráðgjafa, og þetta teksti fyrir:

1. V. Knudsen leyft að byggja tvílyft húsnæði holsteinna eða með holnum veggjum úr steinsteypu, á lóðinni sem verður nr. 6 við Hellisund. Húsið er að stærð 139 m<sup>2</sup>, en lóðin er 545 m<sup>2</sup> og fara þar af ca. 103 m<sup>2</sup> undir götu. Lóðin er mynduð úr baklóðunum úr lóðunum nr. 38 og 40 við Bergstaðastræti. Byggingarleyfisgjald kr. 40.60.

2. Ó. Johnson & Kaaber leyft að setja glugga á Austurgarhlúsins nr. 1 við Hafnarstræti. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

3. Guðmundi Símonárssyni leyft að setja 2ra hæð ~~á~~ úr 22 em. holsteinntofan á hús það er hann fékk leyfi til að byggja á lóðinni nr. 8 við Öðinsgötu á síðasta fundi nefndarinnar, með því skilyrði að loftið milli 1. og 2. hæðar sé úr járnbentri steinsteypu og stígin af 1. á 2. hæð sé eins gerður. Byggingarleyfisgjald kr. 5.54.

4. Verzlun Jóns Jónssonar frá Vaðnest leyft að byggja skúr úr steinsteypu við bakhlíð hússins nr. 3 við Klapparstíg, að stærð 22.5 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.25.

Flétra ekt á fundi gert. Á fund vantarð Guðmáð þorvarðsson, sem var erlendis.

Fundi sluttuð.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Guðm. Ásbjörnsson. Þetur Ingtundarson. Kristinn Sigurðsson. Einar Erlendsson.

Ár 1919, laugardaginn 28. Júní kl- 8 stöðgis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Þorst. Glasasni ritstjóra leyft að setja 2 kvistá hústi nr. 18 við þingholtsstræti. Byggingarleyfisgjald kr. 4.24.

2. Baldur Benediktsson leyft að byggja víbót úr steini eða steinsteypu við vesturenda hússins nr. 92 við Hverfisgötu 3.5x6.5 m. að stærð, en sýnað um að byggja skúr úr timbrt við austurenda hússins. Byggingarleyfisgjald kr. 11.50.

3. L.d. Adventistum leyft að byggja einlyft húsi úr timbrt og járnvarði á Þalsþjárblett fyrir ofan hústi nr. 21 við Ingólfsstræti er verður nr. 21B við þá götu. Stærð hússins er 11x 7 m. Byggingarleyfisgjald kr. 15.40.

4. Geir Pálsson og Sigurð Jónsson leyft að byggja þri-lyft húsi úr steini eða steinsteypu á lóðinni nr. 49 við Lauga-veg. Stærð hússins er 16.55x10.47 m. Leyfið er bundið því skil-lyft, að neðrin fát fullnægjandi (byggingarnefnd) skilríki fyrir því, að tryggður veði 2 metra þretúur gangur inn á bak-lóðina. Byggingarleyfisgjald kr. 80.40.

5. Friðrik Klémensson leyft að setja dyr á horn hússins nr. 23 við Bergstaðastræti. Gjald kr. 2.00.

6. Kristinn Símonarson leyft að setja port og smákvisti á hústi nr. 4 við Vallarstræti. Gjald kr. 4.00. Með því að hústi stendur á lóðarmörkum að austanverðu án eldvarnarvegis, er leyfi-lyft þreytingunni.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantarð Guðmund Ásbjörn-son.

Fundi slittið.

K. Zimsen. Kristinn Steurðsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1919, laugardaginn 12. júlí, kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gert:

1. Lagður fram uppdráttur af lóðum þeim, er ætlazt er til að Byggingarfélag Reykjavíkur fái á leigu hjá bænum fyrir ofan Njálsgötu, og ákvað nefndin að ný gata skuli koma sunnan Njálsgötu, jafnhliða henni í 46 m. fjarlægð. Hin Nýja gata skal vera 12.50 m. breið og nefnist Bergþórugata.
2. Sveini Jónssyni trésmið leyft að setja 2 gluggakvisti á norðurhlið "Doktorshúss" við Vesturgötu. Gjald kr. 2.00.
3. Sveinjóni Einarssyni leyft að gera forstofu úr steinsteypu, 2x3 m. að stærð, við hús hans við Grandaveg, sem leyft var að byggja 31. maí s.á. Gjald kr. 2.00.
4. Jósep J. Húnfjörð leyft að byggja steinsteypuhús, 7.5x7.5 m. að stærð, á lóð hans nr. 24 við Óðinsgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 12.38.
5. Guðjón Guðmundsson hefur keypt af lóð Magnúsar ~~XXXXXXXXXX~~ Jónssonar Óðinsgötu 18, 155.7 m<sup>2</sup>., og sækir um leyfi til að mega reisa á lóðinni einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, 5.65x11.45 m. að stærð. Nefndin veitir leyfið með því skilyrði, að nefndinni verði sent fyrir næsta fund fullnægjandi upplýsingar um, hvernig hagað verði aðgangi að lóðinni og skolpræsi frá henni. Byggingarleyfisgjald kr. 6.73.
6. Einari Gíslasyni málara leyft að reisa einlyft íbúðarhús með kjallara úr steinsteypu, 7.53x8.16 m. að stærð, á lóðinni nr. 12 við Bergstaðastræti. Byggingarleyfisgjald kr. 17.20.
7. Birni Bogasyni og Símoni Símonarsyni leyft að reisa tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á baklóðinni nr. 32 við Óðinsgötu. Stærð hússins er 8.85x5.50 m. Byggingarleyfisgjald kr. 10.71.
8. Sveini Jónssyni leyft að stækka kjallara hússins nr. 8B í Kirkjustræti. Gjald kr. 2.00.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K.Zimsen. Einar Erlendsson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Guðmundur Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson.



Ár 1919, laugardaginn 2. ágúst kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Fundurinn var haldinn á skrifstofu borgarstjóra, og þetta tekið fyrir:

1. Lagt fram bréf frá Benedikt S. Þórarinssyni viðvíkjandi byggingu á lóðinni nr. 11 við Laugaveg. Málinu var frestað til athugunar.

2. Ólafi Grímssyni, Bankastræti 14A leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini eða steypu á lóð á Grímsstaðaholti, sem bæjarstjórnin ætlar að selja honum, og er 522 fermetrar að stærð. Húsið er 7.25x6.60 m. Gjald kr. 5.74.

3. Magnúsi Magnússyni leyft að byggja bæ á erfðafestulandi hans í Þvottalaugamýri, að stærð 6.8x6.6 m. Gjald kr. 4.49. Leyfið er því skilyrði bundið, að bæjarstjórnin leyfi að byggja í erfðafestulandinu.

4. Guðna H. Þorkelssyni og Helga Guðmundssyni leyft að reisa til bráðabirgða, vinnuskúr á lóðinni nr. 1 við Njálsgötu, sem er eign Guðm. Guðmundssonar Njálsgötu 3Skúrinn er 5.70x3.15 m. að stærð. Gjald kr. 2.00.

5. Birni Björnssyni og Birni Erlendssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús með kjallara neðst á svæðinu nr. 22 við Óðinsgötu. Stærð 14.05x 7.56 m., með skúr sem er 4.50x3.15 m. Gjald kr. 28.89.

6. Garðari Gíslasyni leyft að byggja vörugeymsluhús á baklóð hússins nr. 4 við Hverfisgötu. Húsið er þrílyft og að grunnfleti 16.95x10.00 m. Gjald kr. 54.24.

7. Magnús Th. S. Blöndahl er orðinn eigandi að lóðum þeim, sem taldar hafa verið nr. 10C og 10D við Lækjargötu, og hefir þess utan keypt afnotarétt af 3.15 m. breiðri ræmu vestan af lóðinni nr. 2 við Vonarstræti, og hefir þar aðgang að lóðinni, sem framvegis verður talin nr. 4b við Vonarstræti. Á þessari lóð var Blöndahl leyft að byggja fjórlyft geymsluhús úr steinsteypu, 191.1 m<sup>2</sup>. að grunnfleti. Ennfremur var honum leyft að yfirbyggja gang að lóðinni 10.7 fermetra að stærð og breyta húsinu, sem áður var talið nr. 10D við Lækjargötu þannig, að inngangurinn frá Vonarstræti að óbyggðu lóðinni verði allur 3.15 m. á breidd. Gjald kr. 86.08.

8. Flugfélagi Íslands leyft að reisa flugvélastýli 12x12m. að stærð, á erfðafestulandi Eggerts Briem í Vatnsmýrinni, sem bæjarstjórnin hefur ákveðið að kaupa fyrir flugvöll, en með því, að kaupin eru ekki gerð enn, hefur flugfélagið fengið samþykki eigandans til byggingarinnar. Gjald kr. 28.80.

9. Geir Sigurðssyni leyft að byggja bráðabirgðaskúr úr timbri og jární norðan við Tryggvagötu, skammt fyrir vestan Norðurstíg. Stærð 8.8x5.0 m. Gjald kr. 5.81. Leyfið er veitt með því skilyrði, að hafnarnefnd leigi lóðina, og að skúrinn verði

verði tekinn í burtu, bænum að kostnaðarlausu, með 6 mánaða fyrirvara.

10. Þorsteini Gíslasyni leyft að setja nýjan stiga og gang í útbyggingu hússins nr. 17 við Þingholtsstræti. Gjald kr. 2.00.

11. Gísla Halldórssyni leyft að byggja einlyft portbyggt íbúðarhús með kjallara á lóðinni nr. 17 við Óðinsgötu. Húsið verði byggt úr steini eða steinsteypu og er að stærð 8.9x8.2 m. með skúr 2.15x4.00 m. Gjald kr. 22.74.

12. Birni Jónssyni Hverfisgötu 56B leyft að byggja á lóðinni nr. 28 Grettisgötu, einlyft íbúðarhús með kjallara, að stærð 6.30x7.55 m. með skúr, sem er 2.20x1.95 m. að stærð, og ennfremur geymsluhús 8.5x3.4 m. að stærð. Allar byggingarnar verða úr steini eða steinsteypu. Gjald kr. 16.16.

13. Ásgeiri Gunnlaugssyni leyft að stækka hús sitt nr. 28 við Ránargötu um 13.9 fermetra, með því skilyrði að viðbótin verði gerð úr steini eða steinsteypu. Gjald kr. 4.00.

14. Guðmundi Ingiberg Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr grásteini á lóðinni nr. 26 við Óðinsgötu. Stærð 7.65x6.95 m. með skúr 3.15x1.30 m. að stærð. Gjald kr. 12.27.

15. Sigurði Oddssyni leyft að byggja bráðabirgða geymsluskúr á lóðinni nr. 30A við Laugaveg. Stærð 7.2x4.2 m. Gjald kr. 2.42. Leyfið er veitt með því skilyrði, að skúrin verði rifinn, bænum að kostnaðarlausu, með 3 mánaða fyrirvara, hvenær sem krafizt verður.

16. Einari Kr. Guðmundssyni leyft að reisa einlyft íbúðarhús, með porti og kjallara, á erfðafestulandi hans við Kaplaskjólsvæg, sem hann hefur keypt af Halldóri M. Ólafssyni. Stærð 8.4x8.9 m., með skúr 2.6x1.5 m. Gjald kr. 23.73. Leyfið er veitt með því skilyrði, að bæjarstjórnin leyfi að byggja í erfðafestulandinu.

17. Jakob Möller fer fram á að byggja timburhús á lóðinni nr. 2 við Hólatorg, og er grunnflötur þess 107 fermetrar. Nefndin sér sér ekki fært að mela með undanþágu til að byggja svo stórt hús úr timbri, en veitir hinsvegar leyfið með því skilyrði, að húsið verði byggt úr steini eða steinsteypu. Gjald kr. 35.10.

18. Nic. Bjarnason leyft að byggja tvílyft geymsluhús úr steini eða steinsteypu á norðvesturhorni lóðar hans nr. 5 við Sudurgötu. Stærð 2.5x14.0 m. Byggingarleyfisgjald kr. 9.00. Jafnframt verður rífið skýli, sem nú er á lóðinni og verður öll byggð lóð 125.6 m<sup>2</sup>

19. Kristínu Árnadóttur leyft að reisa tvílyft steinsteypuhús með kjallara á lóð hennar við Grundarstíg, sem hún hefur keypt af lóðinni nr. 27 við Þingholtsstræti, og er að stærð 245 fermetrar. Húsið er að stærð 9.4x9.4 m., og verður nr. 8 við

frh.

Grundarstíg. Gjald kr. 35.34.

20. Pétri Jóhannssyni leyft að gera geymsluskúr úr steinsteypu á baklóðinni nr. 38 við Njálsgötu. Stærð 3.8x6.3 m. Gjald kr. 2.00.

21. Guðbjörgu Jónsdóttur leyft að stækka bæinn Bakkaholt (B) við Bræðraborgarstíg, um 16.6 fermetra. Gjald kr. 2.00.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson, Svein Jónsson og Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðmundur Ásbjörnsson. Einar Erlendsson.  
Pétur Ingimundarson.

Ár 1919, miðvikudaginn 13. ágúst, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra kl. 4 e.h. og þetta tekið fyrir:

1. Bæjarstjórnin hefur á fundi 7. b.m. mælt með að Jakob Möller verði veitt undanþága frá byggingarsamþykktinni til að mega byggja úr timbri hús það, sem ræðir um í 17. lið síðustu fundargerðar byggingarnefndar. Nefndin tók því mál þetta aftur til athugunar, en heldur fast við fyrri ákvörðun sína og vill ekki mæla með undanþágunni. Í tilefni af þessu og því er áður hefur verið umtalað í nefndinni, felur nefndin borgarstjóra í utanför sinni, að reyna að fá brunabótafélagið til að samþykkja, að leyfa megi um næstu 2-3 ár, að byggja allt að 125 m<sup>2</sup>. stór einlyft timburhús, þar sem opin bygging er, og að hækka eldri einlyft timburhús, þótt þau fullnægi ekki ákvæðunum um fjarlægð frá götu eða nágrannalóð.

2. H/F "Hamar" leyft að reisa mótorskúr við suðurenda hússins nr. 7 við Norðurstíg, 4.50x2.25 m. að stærð. Ennfremur járngeymsluskúr á baklóð hússins, 10.3x2.15 m. Hvorttveggja steinsteyptu. Byggingarleyfisgjald kr. 4.21.

3. Eimskipafélagi Íslands leyft að byggja fjórlyft verzlunarhús úr steinsteypu við Pósthússtræti, milli Hafnarstrætis og Tryggvagötu. Stærð hússins er 368.5 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 302.17. Leyfið er veitt með því skilyrði, að undanþága fáiist frá 13. gr. byggingarsamþykktarinnar til að húsið megi vera 16 m. hátt, enda þótt Pósthússtræti, sem lengsta hliðin snýr að, sé ekki svo breitt, og mælir nefndin með þeirri undanþágu, þar sem húsið liggur að þrem götum. Stærð allrar lóðarinnar er 607.7 m<sup>2</sup>. og eru allar byggingar, sem stóðu á lóðinni og taldar voru við Hafnarstræti 11 og Pósthússtræti 2, rifnar niður.

4. Helga Magnússyni leyft að breyta dyrum og glugga á smíðjuskúr á lóðinni nr. 7 við Bankastræti, að óbreyttu því skilyrði, sem áður var sett, að skurinn verði rifinn hvenær sem krafist verður. Gjald kr. 2.00.

5. Þorvarði Þorvarðssyni leyft að byggja úr steinsteypu tvílyfta viðbyggingu suður úr húsinu nr. 34 við Hverfisgötu. Eykst byggingin um 26 m<sup>2</sup>, en til viðbótar við lóðina hefur hann keypt af nágrönnunum 67 m<sup>2</sup>. Ennfremur var leyft að hækka og breyta risi, á húsinu sem nú er á lóðinni. Byggingarleyfisgjald kr. 16.96.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Pétur Ingimundarson og Guðmundur Ásbjörnsson vék af fundi eftir 1. lið.

Fundi slitið.

K. Zimsen Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson. Kristinn Sigurðsson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1919, mánudaginn 18. ágúst kl. 3 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gert:

1. Þorst.Guðmundssyni leyft að byggja hús úr timbri og járnvarið á lóð heirri, er hann hefur keypt af bæjarsjóði. Stærð hússins er 7.5x5.0 m. Byggingarleyfisgjald kr. 6.75. Lóðarstærð 450 m<sup>2</sup>.

2. Gísli Bjarnasyni leyft að setja kvist og breyta gluggum á húsinu nr. 43 við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

3. Magnúsi Sæmundssyni leyft að reisa einlyft íbúðarhús úr steini eða steinsteypu, að stærð 7.2x7.2 m. við Óðinsgötu 30. Byggingarleyfisgjald kr. 13.48.

4. Sambandi Íslenskra Samvinnufélaga leyft að setja eina hæð ofan á hús félagsins við Sölvhólsstötu. Byggingarleyfisgjald kr. 15.96.

5. Byggingarfélagi Reykjavíkur leyft að byggja húsaþyrpingu úr steini eða steinsteypu við Bergþórugötu. Húsaþyrpingin verður nr. 41, 43B, 43 og 45 við þá götu, og ennfremur nr. 30 við Barónsstíg. Nr. 41 er tvílyft að stærð 10.8x9.1 m. með skúr 3.4x2.4m. Nr. 43B-45B eru tvílyft með kjallara, öll að stærð 18.0x8.15 m. Nr. 30 er tvílyft með porti og risi og kjallara, að stærð ~~8x15~~ 10.15x8.0 m. Byggingarleyfisgjald kr.122.82.

6. Kristínu Sigurðardóttur leyft að byggja tvílyfta viðbót úr steinsteypu austan við húsið nr. 20A við Laugaveg, 10.1x3.3 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 15.33.

7. Hjálmtý Sigurðssyni kaupmanni leyft að reisa tvílyft hús með kjallara og brotnu þaki, úr steinsteypu við Grundarstíg. Stærð hússins er 11.3x10.0 m. Byggingarleyfisgjald kr. 54.24.

8. Valdimar Árnasyni leyft að láta kvist á framhlíð hússins nr. 9 við Vitastíg, hækka inngönguskúr við bakhliðina samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

Fleira ekki gert. A fund vantaði slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

Ólafur Lárusson settur. Guðmundur Ásbjörnsson. Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1919, laugardaginn 30. ágúst kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Andrés J. Bertelsen spyrzt fyrir um, hvort byggingarnefnd vilji leyfa að byggð verði timburhús eftir "A/S Norsk Boligindustri Patentertá Lemmesystem". Nefndin sér ekkert því til fyrirstöðu, að mælt verði með undanþágu á þessu byggingarlagi, að því er grind og klæðningu snertir, að því tilskildu, að húsin verði járnklædd.

2. Guðm. Halldórssyni leyft að setja port og kvist á hús hans nr. 5 við Grundarstíg. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

3. Magnúsi Katli Bjarnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr timbri og járnvarið á baklóð hússins nr. 18 við Óðinsgötu. Stærð 8.8x6.7 m. með skúr úr steinsteypu 6.76x3.15 m. Húsið verður nr. 17B við Óðinsgötu og lóðin er 225.2 m<sup>2</sup>. að stærð, sem byggingarnefnd er samþykk að verði skipt þannig. Það er skilyrði fyrir byggingunni, að 1.90 m. breiður gangur sé að henni frá götu. Byggingarleyfisgjald kr. 19.29.

4. Páli Jónssyni leyft að setja hurð í stað glugga á horni hússins nr. 1a við Klapparstíg, að áskildu byggingarleyfisgjaldi. kr. 2.00.

5. Gísli Guðmundssyni leyft að byggja skúr úr holsteini á baklóð hússins nr. 11 við Smiðjustíg, að stærð 4.00x15.00 m. Gjald kr. 6.72.

6. Tómasi Tómassyni og Kristni Sigurðssyni leyfir byggingarnefnd fyrir sístt leyti að reisa bráðabirgða bifreiðarskýli úr timbri á lóð bæjarins ofanvert við Bergstaðastræti. Leyfið er því skilyrði bundið að skýlið verði rífið niður þenum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með 3 mánaða fyrirvara. Gjald kr. 2.00.

7. Byggingarnefnd leggur til, að framhald Bjargarstígs fyrir ofan Óðinsgötu, verði kallað Freyjugata, og framhald Spítalastígs ogan Óðinsgötu verði nefnt Þórsgata. Ennfremur leggur nefndin til, að gata sem gengur í norðvestur frá Suðurgötu á Grímsstaðaholti verði nefndt Fálkagata. Stefna Götunnar er úr norðvesturhorni Kveldroðans og í norðvesturhornið á Bjargi, og sé það suðurkantur götunnar, er sé 12.5 m. á breidd.

8. Borgarstjóra falið að tilkynna eigendum söluturnsins, að turninn verði rífinn niður svo framarlega sem ekki verði fullnægt þeim skilyrðum, sem sett voru 30. marz 1918, er leyft var að flytja söluturninn þangað er hann nú stendur.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði slokkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

Ólafur Larusson, settur. Einar Erlendsson, Sveinn Jónsson.  
Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson. Borgarstjóri. Reykjavík

Ár 1919, laugardaginn 13. september var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Birni Gunnlaugssyni leyft að byggja verzlunarskúr austan við húsið nr. 48 við Laugaveg, 3.8x10.7 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

2. Ó. Johnson & Kaaber leyft að breyta vesturenda geymsluhúss heirra nr. 1 við Hafnarstræti. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

3. Sigurður Sigurðsson járnsmiður sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðaskúr úr timbri á lóðinni nr. 27 C við Laugaveg. Nefndin vill ekki veita leyfi til þessa.

4. Guðm. Þorsteinssyni trésmið leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu eða steini á lóðinni nr. við Ranargötu fyrir austan húsið nr. 25 við Vesturgötu. Stærð ~~lóðarinnar~~ hússins er 10.5x7.7 m. með skúr sem er 3.15 m. á hvern veg. Byggingarleyfisgjald kr. 32.68. Leyfið því skilyrði bundið, að allri lóðinni verði breytt í byggingarlóð.

5. H/F. "Hamri" leyft að stækka mótorskúr um 3.3 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

6. Páli Gíslasyni kaupm. leyft að byggja einlyft, portbyggt íbúðarhús- og geymsluhús úr steini og timbri á lóðinni nr. 38 við Lindargötu. Stærð hússins er 152.5 m<sup>2</sup>. og lóðarstærð 215 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 36.60.

7. Matth. Matthíassyni leyft að breyta geymsluhúsi í íbúðarhús við Skólavörðustíg nr. 22. Sömuleiðis leyft að byggja forstofu við húsið 1.5x3.7 m. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

8. Ásgeir Eyþórssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á Efra-Holtsbletti, 7.5x8.8 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 9.24. Leyfið því skilyrði bundið, að landinu verði bæeytt í byggingarlóð.

9. A.J. Johnson bankastjóra leyft að byggja skúr úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 11 við Njálsgötu, 3.8x5.7 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 2.17.

10. Guðlaugi Hindriksyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni Baldursgötu 20. Stærð 9.6x7.7 m. með forstofu 2.6x2.0 m. Sömuleiðis geymsluhús úr steinsteypu á sömu lóð, 5.8x2.8 m. (5.1x2.8 m.). Byggingarleyfisgjald kr. 19.66.

11. Jóni Eyjólfssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús með kjallara á lóðinni Fálkagötu 23, 4.7x6.3 m. að stærð, með skúr 2.6x1.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 7.37.

12. H/f. "Ísbjörninn" sækir um leyfi til að hækka ígeyms-

Ísgeymslubúur við Skothúsveg. Byggingarnefnd vill ekki verða við þessari beiðni.

13. Þormóði Guðmundssyni og Símoni Sveinssyni leyft að byggja einlyft steinsteypuhús með kjallara á lóðinni nr. 11 við Fálkagötu, 7.6x6.3 m. að stærð, með skúr 3.0x2.4 m. Byggingarleyfisgjald kr. 12.12.

14. Böðvari Gíslasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús með kjallara úr steinsteypu á lóðinni Baldursgötu 18, 8.6x8.6 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 18.93.

15. Verzlun Jóns Þórðarsonar sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðaskúr úr timbri á lóðinni nr. 5 við Norðurstíg. Nefndin neitar að leyfa þetta.

16. Eggert Jónsson sækir um að skipta húseigninni nr. 12 og 12B við Laugaveg og Bergstaðastræti 1 í tvær eignir. Nefndin sér sér ekki fært að verða við þessari beiðni, nema fullnægt verði ákvæðum byggingarsamþykktarinnar.

17. Guðm. Jónssyni og Kristjáni Gíslasyni leyft að byggja verkstæðisskúr úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 15 við Nýlendu- götu, 11.6x5.3 m. að stærð. Gjald kr. 8.12.

18. Hannesi Ólafssyni leyft að byggja bráðabirgðaskúr úr steini á horninu við Klapparstíg og Grettisgötu, 3.50x5.00 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

19. Geir Pálssyni leyft að reisa einlyft íbúðarhús með kjallara úr holsteini á lóðinni nr. 76 við Hverfisgötu. Stærð hússins er 12.5x8.8 m. Byggingarleyfisgjald kr. 33.00.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

Ólafur Lárusson, settur. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson. Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðsson.



Ár 1919, laugardaginn 27. sept. kl. 4 síðdegis var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Eiríki og Jóni Ormssyni leyft að gera tvílyft hús með kjallara á lóð þeirra nr. 25 við Óðinsgötu, í stað einlyfts húss er þeir fengu leyfi til að byggja 31. maí síðastl. Húsið verður 2.2 m<sup>2</sup>. stærra að flatarmáli. Skilyrði, þar sem ekki er nema 1 stigi í húsinu, að loft og stigi séu úr steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 3.60. Húsið verður nr. 13 við Baldursgötu.

2. Einari Tómassyni leyft að reisa íbúðarhús úr steinsteypu eða steini á lóðinni nr. 24 við Bergstaðastræti. Stærð hússins er 7.5x7.5 m. með skúr 2.5x2.1 m. Skilyrði, að húsið sé byggt í réttri götulínu og að lóðareigandi samþykki bygginguna. Byggingarleyfisgjald kr. 1919. Húsið verður nr. 24B við Bergstaðastræti.

3. H/f. "Smjörlíkisgerðin" leyft að reisa einlyft versmiðjuhús 209.4 m<sup>2</sup> að stærð, á lóðinni nr. 7 við Veghúsastíg. Húsið verður úr steini eða steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 43.45.

4. Erlingi Filippussyni leyft að reisa íbúðarhús á Vatns múrarbletti nr. 18, 8x7 m. að stærð. Leyfið því skilyrði bundið, að bæjarstjórnin samþykki að byggt verði á erfðafestulandiinu. Byggingarleyfisgjald kr. 12.34.

5. Jónasi Jónssyni leyft að reisa einlyft íbúðarhús úr timbri, 9.3x8.1 m. að stærð, á lóðinni nr. 9 við Baldursgötu. Skilyrði að inngönguriðin séu lögleg. Byggingarleyfisgjald kr. 16.57.

6. Sveini Jónssyni leyft að gera skúr við hús sitt, Doktorshús við Vesturgötu. Stærð skúrsins 2.3x2.5 m. Gjald kr. 2.00.

7. Kristjáni Magnússyni og Jóhannesi Guðmundssyni leyft að reisa tvílyft íbúðarhús með kjallara og úr steini eða steinsteypu, á lóðinni nr. 28 við Óðinsgötu. Stærð hússins 12.00x7.5 m. með 2 skúrum, 2.5 m. á hvern veg. Skilyrði, að stigar séu löglegir og loft og stigar úr steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 36.08. Ennfremur er það skilyrði sett, að hurðir veri settar á innganginn í gegnum húsið.

8. Bergi Einarssyni leyft að byggja steinsteypuskúr við húsið nr. 88 við Hverfisgötu, 3.15x6.30 m. að stærð. Gjald kr. 2.00.

9. Pétri Hjaltsted úrsmið leyft af meiri hluta nefndarinnar, að reisa tvílyfta viðbyggingu úr steini eða steinsteypu norður úr húsinu nr. 23 við Laugaveg. Stærð 57.5 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 18.39.

10. Lofti Sigurðssyni leyft að reisa tvílyft steinsteypuhús með kjallara á lóðinni nr. 14 við Baldursgötu. Stærð 8.4x

7.6, með skúr 1.9x1.9 m. Skilyrði að loft og stigi sé úr steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 23.37.

11. Guðrúnu Hróbjartsdóttur leyft að reisa einlyft íbúðarhús úr timbri á Garðaholtsbletti. Stærð 6.0x7.5 m. , með skúr 2.0x2.5 m. Leyfið því skilyrði bundið, að bæjarstjórnin samþykki að byggt verði á erfðafestulandinu. Byggingarleyfisgjald kr. 12.80.

12. Bened Sæmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús við Arnargötu Grímsstaðaholti. Skilyrði að stigi og lofthæð sé samkvæmt byggingarsamþykktinni. Stærð hússins er 6.9x6.25 m. Byggingarleyfisgjald kr. 9.49.

13. Þorsteini Ásbjörnssyni leyft að reisa tvílyft timburhús með kjallara á leigulóð hans nr. 49 við Bergstaðastræti, 8.9x7.5 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 24.03.

14. Ólafi Theodors leyft að byggja reisa einlyft, portbyggt timburhús með kjallara á lóðinni nr. 47 við Bergstaðastræti. Stærð hússins er 7.9x6.5 m., með útskoti 3.3x1.7. Byggingarleyfisgjald kr. 20.07.

15. Fulltrúaráði verkalýðsfélaganna leyft að reisa bráðabirgðaskúr úr timbri á lóð félagsins við Hverfisgötu og Ingólfsstræti. Stærð skúrsins 5.0x12.55 m. . Byggingarleyfisgjald kr. 6.53. Skilyrði, að skúrin verði rifinn niður hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með 6 mánaða fyrirvara.

16. Jóni Þorlákssyni leyft að stækka skúr við bakhlið húss hans við Baldursgötu, um 22.3 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.23.

17. Guðm. Jónssyni leyft að setja kvist á hús hans nr. 6 við Kárastíg. Gjald kr. 2.00.

18. Gísla Þorsteinssyni leyft að byggja biggreiðarskýli úr steini á lóð hans nr. 27 við Ránargötu, 2.8x4.4 m. að stærð. Gjald kr. 2.00.

19. Gunnari Þórðarsyni leyft að byggja skúr úr holsteinum á lóðinni nr. 64 við Laugaveg, 10.0x4.4 m. að stærð. Sömu leiðis leyft að gera kjallara undir húsið nr. 64 við sömu götu. Byggingarleyfisgjald kr. 6.40.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Ólafur Lárusson settur. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson. Einar Erlendsson. Minni hluti við 9. lið. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson.

Ár 1919, laugardaginn 11. okt. kl. 4 síðd. var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. H. Gudberg leyft að byggja tvílyft hús með kjallara á baklóð hússins nr. 24 við Laugaveg. Stærð 78.66 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 25.17.

2. Sturla Jónssyni kaupm. leyft að byggja þrílyft hús úr steinsteypu með kjallara á baklóð hússins nr. 11 við Laugaveg. Stærð 96.48 m<sup>2</sup>. Rífið verður pakkhús, 21.7 m<sup>2</sup>. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 40.83.

3. Ingjaldi Jónssyni Hverfisgötu 54, leyft að reisa bráðabirgðaskúr til íbúðar á leigulóðinni nr. 10 við Baldursgötu. Stærð 6.0x5.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.80.. Leyfið er því skilyrði bundið, að skúrin verði rífin niður bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með 6 mánaða fyrirvara.

4. Ingvari Kr. Ivarssyni leyft að reisa einlyft íbúðarhús með kjallara úr steinsteypu, á lóð hans við Sellandsstíg, næst fyrir vestan Ráðagerði. Stærð 7.6x7.0 m. Byggingarleyfisgjald kr. 14.94.

5. H/f Eimskipafelagi Íslands leyft að reisa bílskýli, 3.15 x5.0 m. að stærð á leigulóð félagsins við Tryggvagötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

6. Árna Jónssyni trésmið leyft að byggja skúr 5x6 m. að stærð á baklóð hússins nr. 21 við Nýlendugötu. Byggingarleyfisgjald kr. 3.00.

7. Gísla Gíslasyni leyft að byggja bráðabirgðaskúr á baklóð hússins nr. 12 við Skólavörðustíg, 10.3x4.5 m. að stærð. Skúrin verður úr timbri með bárujárni. Byggingarleyfisgjald kr. 6.49. Leyfið er sama skilyrði bundið eins og undir 3.11ð.

8. Andrési Ólafssyni skipstjóra leyft að byggja einlyft íbúðarhús, portbyggt, úr timbri og járnvarið á lóðinni nr. 8 við Lokastíg. Stærð hússins er 6.9x6.3 m. með skúr 3.5x1.6 m. Byggingarleyfisgjald kr. 10.24.

9. Guðm.J. Breiðfjörð leyft að reisa viðbótarbyggingu úr grásteyni og holsteyni við suðurenda húss hans nr. 4 við Laufásveg. Stærð 16.5 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 3.63.

10. Kristín Símonarson sækir um leyfi til að breyta þaki á húsinu nr. 4 við Vallarstræti. Nefndin vill ekki verða við þessari beiðni.

11. Guðrúnu Jónasdóttur leyft að setja dyr og glugga á skúr á baklóð hússins nr. 5 við Tjarnargötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

12. Jóhönnu Filippusdóttur leyft að reisa bráðabirgðaskúr

úr timbri með bárujárni á leigulóð hennar nr. 12 við Baldursgötu. Stærð 7.7x3.8 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.28. Leyfið sama skilyrði bundið og við 3. lið.

13. Ólafur Ólafsson fríkirkjuprestur sækir um leyfi til að byggja forstofu við norðurgötu hússins 8A við Miðstræti. Nefndin vill ekki leyfa þetta.

14. Niels Petersen leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, 10.9x7.6 m. að stærð á leigulóðinni nr. 26 við Baldursgötu; með geymsluskúr 7.0x3.2 m. Byggingarleyfisgjald kr. 17.42.

15. Byggingarfélagi Reykjavíkur leyft að byggja 3 tvílyft íbúðarhús með kjallará á leigulóðunum nr. 16, 18 og 20 við Bergþórsgötu. Húsin eru úr timbri og járnvarin. Stærð húsanna hvers um sig er 10.50x7.05 m. . Byggingarleyfisgjald samtals kr. 69.30. Nefndin mælir með undanþágu um, að leyfa einn stiga í hverju húsi.

16. Nefndin ákvað þessi nöfn af eftirgreindum götum:

- a. Fyrirhuguð gata, sem ákveðin er norður af Bjargi á Grímstaðaholti í suðaustur yfir Nýjabæ skal heita Arnargata. Breidd götunnar 12.5 m.
- b. Ákveðinn stígur í gegn um Efra-Holtsblett, jafnhliða Skólavörðustíg frá Týsgötu og upp eftir, skal heita Lokastígur. Breidd 6.3 m.
- c. Ákveðin gata jafnhliða Baldursgötu upp að Freyjugötu, og vera 52 metrar milli gatna, skal heita Bragagata. Breidd 12.5 m.
- d. Ákveðin gata í framhaldi Frakkastígs, jafnhliða (samhliða) síðastnefndri götu með 52 m. millibili, skal heita Njarðargata. Breidd-
- e. Ákveðin gata, hornrétt á áðurnefndar götu milli Baldursgötu og Njarðargötu. Breidd 12.50 m.
- f. Ákveðinn stígur jafnhliða áðurnefndri götu, í nálega 40 m. fjarlægð frá henni (niður á við), milli Baldursgötu og Njarðargötu skal heita Urðarstígur. Breidd stígsins er 6.3 m.

Fleira ekki gert. Bæjarfulltrúi Sig. Jónsson sat fundinn fyrir borgarstjóra. Fundi slitið.

Sigurður Jónsson Kristinn Sigurðsson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Ásbjörnsson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1919, mánudaginn 27. október kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Á fundi nefndarinnar 18. ágúst var Kristínu Sigurðardóttur leyft að gera viðbót við húsið nr. 20A við Laugaveg með breytingu á aðalhúsinu, og krafðist byggingarfulltrú þess síðar, er byrjað var að grafa fyrir byggingunni, að hún væri flutt inn í rétta götulinu. Með bréfi 20. f.m. hefur húseigandi farið fram á það, að byggja mætti hið nýja hús í sömu stefnu og aðalhúsið, eins og gert var ráð fyrir á uppdrættinum, er fylgdi byggingarleyfisbeiðninni. Það hefur frá upphafi verið tilætlun nefndarinnar, að hið fyrirhugaða hús tæki ekki fram fyrir ákveðna götulinu, og hefur byggingarfulltrúi því framkvæmt vilja nefndarinnar. Nefndin felur borgarstjóra framkvæmdir í málinu.

2. Sæmundi Bjarnasyni leyft að byggja viðbót úr steini við húsið nr. 11 við Brekkustíg, 24.7 fermetrar að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

3. Jónatan Þorsteinssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á Nýjatúni, við götu sem ætluð er í framhaldi Kirkjugarðsstígs. Stærð hússins er 177 m<sup>2</sup>. Leyfið er veitt með því skilyrði, að húseigandi sjái sjálfur fyrir aðgangi að húsinu, fráæslu og vatni. Byggingarleyfisgjald kr. 86.97. Lóð, sem húsinu fylgir er, 25.5x35.5 m.

4. Einari Einarssyni trésmið leyft að byggja einlyft íbúðarhús með flötu þaki, 4x8 m. að stærð, á lóðinni nr. 16 við Bjargarstíg og verður nr. 14 við Óðinsgötu. Húsið verður byggt úr steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 6.40. Leyfið er því skilyrði bundið, að bakhallinn sé frá götu.

5. Sigurði Þorsteinssyni leyft að byggja einlyft járnvarið íbúðarhús til íbúðar á lóðinni nr. 11 við Freyjugötu, 7.2x9.2 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 16.96.

6. Sigurgeir Jónsson fer fram á að mega byggja einlyftan íbúðarskúr á lóðinni nr. 8 við Bergþórugötu. Beiðninni synjað, þar sem enginn gluggi er á götuhlið hússins.

7. Böðvari Jónssyni leyft að lyfta bakhúsi á lóðinni nr. 75 við Laugaveg og innrétta það til íbúðar. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson.  
Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1919, laugardaginn 1. nóv. var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Fundurinn var haldinn á skrifstofu borgarstjóra, og hófst kl. 4 e.m.

Þetta gerðist:

1. Árna Jónssyni synjað um að byggja (byggja) timburskúr járnvarinn á lóðinni nr. 21 við Nýlendugötu, þar sem skúrin er á lóðarmörkum. Samkv. fundargerð byggingarnefndar 11. okt. 1919, 6. lið.
2. Erindi frá Elíasi Stefánssyni um byggingu á leigulóð hans á hafnaruppfyllingunni, vísað til hafnarnefndar.
3. Jens Stefánssyni leyft að gera einlyfta viðbótarbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 23 við Bræðraborgarstíg. Stærð 30.45 fermetrar. Gjald kr. 7.06.
4. Valdimar Kr. Árnasyni leyft að gera kjallara undir væntanlegt íbúðarhús á lóðinni nr. 9 við Vatnsstíg. Stærð 8.60x7.65 m. Gjald kr. 5.53.
5. Magnúsi Blöndahl leyft að byggja viðbyggingu við gripahús hans á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti nr. 23. Gjald kr. 8.82. Leyfið er því skilyrði bundið, að bæjarstjórnin samþykki að byggja á erfðafestulandinu. Stærð 12.6x5.3 m.
6. Gísla Jónssyni leyft að byggja einlyft steinhús á erfðafestulandi hans á Vatnsmýrarbletti nr. 17, að stærð 9.6x5.4 m. með skúr 1.8x1.7 metrar. Gjald kr. 6.59. Leyfið er með sama skilyrði og við lið 5.
7. Jóni Sigurðssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini eða steinsteypu á leigulóð hans nr. 7 við Bergþórugötu, að stærð 6.5x7.4 m., með skúr 1.9x2.5 metrar. Skilyrði að stigi sé lögmætur. Gjald kr. 11.34.
8. Þórarni Jónssyn leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini eða steinsteypu á leigulóðinni nr. 9 við Bergþórugötu, að stærð 6.5x7.4 metrar, með skúr 1.9x2.5 m. Skilyrði að stigi sé lögmætur. Gjald kr. 11.34.
9. Erindi Th. Thorsteinsdon um að byggja bifreiðarskýli á leigulóð hans á hafnaruppfyllingunni vísað til hafnarnefndar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.  
Kristinn Sigurðsson. Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson.  
Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1919, miðvikudaginn 19. nóv. kl. 10 árd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri skýrði frá samninga-umleitunum sínum við hið alm. brunabótafélag kaupstaðanna um rýmkun á ákvæðunum um timburhús og lagði fram erindi félagsins, dags. 27. okt., þar sem það samþykkir, að næstu 2 ár, frá 1. jan. 1920 til 31. des. 1921, megi veita undanþágu til að byggja járnvarin timburhús í opinni byggingu, er séu að grunnfleti allt að 125 m<sup>2</sup>., og til að byggja eina hæð ofan á einlyft hús, enda þótt þau séu ekki í opinni byggingu, enda sé undanþága veitt í hvert einstakt skipti og sérstök skilyrði sett til tryggingar brunahættu, ef þess gerist þörf. Undanþágur séu aðeins veittar fyrir íbúðarhús, en ekki fyrir hús, þar sem rekin er einhver atvinna, er hefur meiri eða minni brunahættu í för með sér, og sé greitt þrefalt iðgjald (6.6 pr. o/oo) fyrir þau hús, sem slík undanþága verður veitt fyrir.

2. Dr. Guðmundur Finnbogasonni prófessor leyft að byggja einlyft íbúðarhús með kjallara úr steinsteypu, ~~á~~ við Lauga-veg, austast í Rauðarártúni, þar sem bæjarstjórnin hefur samþykkt að breyta bletti úr erfðafestulandi í byggingarlóð. stærð 125.7 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 27.28.

3. Halldóri K. Þorsteinssyni skipstjóra leyft að byggja einlyft íbúðarhús með kjallara úr steini, á bletti úr erfðafestulandi hans Háteig, er hann hefur fengið leyfi til að breyta í byggingarlóð. Stærð 13.9x4.9 m., með skúr 2.5x1.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 42.64.

4. Th. Thorsteinsson leyft að byggja bílskúr á uppfyllingunni fyrir norðan Tryggvagötu á leigulóð hans, með þeim skilmálum er hafnarnefndin hefur sett. Stærð 5x6 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.36.

5. Runólfi Einarssyni leyft að byggja einlyft steinhús á leigulóðinni nr. 28 við Baldursgötu. Stærð, 10.35x7.53 m. með skúr 2.6x2.75. Byggingarleyfisgjald kr. 26.10.

6. Rákel Ólafsdóttur leyft að setja kvist á Norðurlóðinn við Hverfisgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

7. Vegamálastjóri fer fram á að fá að byggja geymsluskúr úr timbri og jári áfastan við áhaldahús ríkissjóðs við Skúlagötu. Nefndin getur ekki veitt samþykki til þessarar byggingar. Hinsvegar vill nefndin veita leyfi til að setja kvist á vesturhlíð austurálmunnar við Klapparstíg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

8. Erasmus Gíslasyni leyft að byggja bráðabirgðabeymsluhús á lóðinni nr. 34 við Baldursgötu, með því skilyrði, að húsið verði byggt á baklóðinni, en ekki á horninu við Lokastíg og Baldursgötu. Stærð geymsluhússins er 9.4x5.0 m. Byggingarleyfisgjald kr. 7.52.

frh.

9. Hjálmtý Sigurðssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús með kjallara og úr steinsteypu á baklóð lóðarinnar nr. 17 við Bergstaðastræti. Stærð 9.4x4 metrar. Byggingarleyfisgjald kr. 9.02.

10. Magnúsi Ólafssyni bílstjóra leyft að reisa einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 9 við Lokastíg. Stærð 7.5x8.8 m. Byggingarleyfisgjald kr. 15.00.

11. Brynjólfi Einarssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús með kjallara, úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 59 við Bergstaðastræti. Stærð 8.2x7.6 m. með skúr 2.3x2.3 m. Með því að forstofutröppur virðast eftir uppdrættinum standa út í götujaðar, er leyfið því skilyrði bundið, að húsið standi 2 m. frá götu. Byggingarleyfisgjald kr. 23.80.

12. Helga Helgasyni trésmið leyft að byggja einlyft geymsluhús með einu íbúðarherbergi, úr steinsteypu á baklóðinni nr. 10 við Smiðjustíg. Stærð 129.24 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 15.51. Rifin verða öll hús er nú standa á lóðinni.

13. Kristjáni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús með kjallara og úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 30 við Baldursgötu. Stærð 8.8x7.8 m. Byggingarleyfisgjald kr. 16.20.

14. Guðjóni Guðlaugssyni og Hannesi Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús með kjallara og úr steinsteypu á lóðinni nr. 4B við Týsgötu. Stærð 8.9x6.9 m. Byggingarleyfisgjald kr. 14.74. Það athugast að holræsi frá þessu húsi verður að leggjast niður í Óðinsgötu, yfir lóðina nr. 1 við Óðinsgötu og Baldursgötu..

15. Baldri Benediktssyni leyft að byggja einlyftan geymsluskúr á lóðinni nr. 92 við Hverfisgötu, með því skilyrði að skúrinn verði allur úr steini eða steinsteypu. Stærð 3.0x6.7 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

16. Sama manni leyft að byggja einlyft ~~íbúðarhús~~ geymsluhús úr steini á suðvesturmörkum lóðarinnar nr. 92B við Hverfisgötu, með því skilyrði að bakið halli frá eldvarnarvegg. Stærð 6.5x4.5 m. . Byggingarleyfisgjald kr. 4.68.

17. Elíasi Jóakimssyni leyft að byggja einlyft timburhús á kjallara á leigulóðinni nr. 63 við Bergstaðastræti, 5.7x6.3 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 8.47.

18. Bæjarstjórn Reykjavíkur leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á kjallara á lóðinni nr. 2 við Þórsgötu, 6.3x7.0 m. að stærð, með skúr 1.2x2.9. Jafnframt verða rifin niður öll bæjarhúsin á Suðurklöpp. Byggingarleyfisgjald kr. 10.65. Suðvesturhorn hússins á að standa 3.15 m. frá vesturmörkum lóðarinnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Einar Erlendsson. Sveinn Þorgeirsson. Þorvarður Sigurðsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Asbjörnsson.

© Borgarskjalstofa Reykjavíkur



Ár 1919, laugardaginn 29. nóvember, kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra, kl. 4 síðdegis.

Þetta gerðist:

1. Katli Þórðarsyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, 9.4x8.7 metrar að stærð, með skúr 4.9x3.2 m, við Lindargötu 43B. Byggingarleyfisgjald kr. 43.6.9. Lóðarstærðin er 15.54x12.56. Aðgangur að þessu húsi er við gang þann, er liggur frá Lindargötu niður að vörugeymsluhúsum Garðars Gíslasonar við Skúlagötu.

2. Geir Pálssyni og Sigurði Jónssyni leyft að setja brotið bak á hús það, er þeir eru að byggja við Laugaveg 49, samkv. byggingarleyfi 28. júní s.á. Lögðu þeir fram viðbótarvottorð um, að tryggður sé 2.5 m. breiður gangur að lóðinni 49B við Laugaveg. Skilyrði fyrir leyfinu, að langveggir á 1. og 2. hæð séu byggðir úr steini eða steinsteypu. Leyfisgjald kr. 9.24.

3. Magnúsi Þórarinssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. - við Bakkastíg. Stærð 8.8x7.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 22.56. Með því eignarheimild vantar fyrir lóðinni, var borgarstjóra falið að leita upplýsinga um lóðina, áður en byggingarleyfið verður afgreitt.

4. Jóni Ólafssyni skipstjóra leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á Nýjatúni, við götu, sem áætluð er í framhaldi Kirkjugarðsstígs, (næst Holtatorgi). Stærð hússins er 169 m<sup>2</sup>. Leyfið er því skilyrði bundið, að húseigandi annist sjálfur aðgang að húsinu, frá-ræslu og vatnsleiðslu að því. Byggingarleyfisgjald kr. 60.41. Lóðarstærðin er, 25.5x35.5 m. Nefndin leyfir að útveggir séu gerðir úr 13 cm. járnbentri steinsteypu og að innanverðu úr 15 cm. þykkum Leansteini, með 10 cm. þykku mótróði á milli, þó með því skilyrði, að fyrir smíðinni standi maður, sem byggingarnefnd tekur gildan.

5. Jóni Egilssyni leyft að byggja einlyft steinhús, fyrir vélavinnustofu á lóðunum nr. 99 við Laugaveg og 118 við Hverfisgötu og verða þessar lóðir gerðar að einni lóð og liggur austurhlið hennar að torginu fram undan Gasstöðinni, er byggingarnefnd leggur til að verði nefndt "Hlemmur", og verður húsið nr. 4 við það torg. Stærð hússins er 12.5x8.8 m. Byggingarleyfisgjald kr. 15.40.

6. Grími Ásgrímssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, með kjallara, á leigulóðinni nr. 17 við Bergkörungötu. Stærð 9.2x6.8 m., með skúr 2.6x2.2. Byggingarleyfisgjald kr. 18.89.

7. Einar Einarsson fer fram á, að mega hafa útveggi á húsi hans nr. 14 við Óðinsgötu úr 13 cm. þykkri járnbentri steinsteypu. Nefndin vill leyfa þetta með því skilyrði, að sett sé innan á

grind úr 3 tommu trjám er beri loft og þakviði. Leyfisgjald kr. 2.00.

8. Lagður fram og samþykktur uppdráttur af framhaldi Grettisgotu og Vegamótastígs.

9. Lagðar fram og samþykktar breytingar á gatnaskipun í kring um Landakot.

10. Lagður fram uppdráttur af gatnaskipun yfir austurhluta Skólavörðuholtisins. Er þar meðal annars gert ráð fyrir stóru íbróttasvæði (Stadion), barnaleikvelli, og lóð fyrir barnaskóla. Söðuleiðis gert ráð fyrir stóru óbyggðu svæði í kring um Skólavörðuna. Nefndin aðhyllist tillögurnar, og leggur til, að uppdrátturinn verði samþykktur.

11. H/f. "Kveldúlfur" fer fram á, að fullnaðar ákvörðun sé tekin um, hvað taka þurfi af lóðinni nr. 22 við Lindargötu til breikkunar götunnar. Nefndin ákvað götulínuna upp á Frakkastíg og jafnframt hvernig hornsneiða skyldi lóð franska spítalans við Frakkastíg og Lindargötu. Borgarstjóra falið að semja um lóðatökunál samkvæmt afsalsbréfi Reyggva sál. Gunnarssonar, dags. 31. marz 1905.

Fleira ekki gert á fundinum. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Kristófer Sigurðsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðsson..

Ár 1919, miðvikudaginn 17. des. kl. 10 árd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Skúla Einarssyni frá Ísafirði leyft að byggja viðbót úr steini við Schous-hús, sem talið hefur verið nr. 14B við Vesturgötu. Stærðin er 13.5 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

2. Kjartani Orvar leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr tíbri og járnvarið á leigulóðinni nr. 6 við Nönnugötu. Stærð 7.5x7.4 m. Það athugast, að reykháfur á efra lofti hússins stendur ekki á réttum stað á uppdrættinum. Byggingarleyfisgjald kr. 13.95.

3. Helga Magnússyni leyft að gera ýmsar breytingar á húsinu nr. 7 við Bankastræti. Skilyrði, að tröppur nái ekki lengra fram en útskotið á húsinu og verði teknar burtu um leið og útskotið. Sömuleiðis er það skilyrði fyrir leyfinu, að gert sé port 2 m. á hæð, á milli smiðjuhússins og aðal hússins. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

4. Sigurði Halldórssyni trésmið leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 15 við Þórsgötu, sem hann kaupir af bænum. Stærð hússins er 8x7.5 m. og skúr 3.4x3 m. Byggingarleyfisgjald kr. 21.90.. Skilyrði fyrir leyfinu, að gerð sé girðing um óbyggðan hluta lóðarinnar meðfram götu. Þ Loft hússins eru gerð úr járnbentri steinsteypu.

5. Jens Eyjólfssyni leyft að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu A BAKLÓÐ HÚSSINS NR- LL VIÐ Grettisgötu. Stærð 3.7x5.3 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.35.

6. H/f. Kol og Salt fer fram á leyfi til að byggja bráðabirgða-saltgeymsluhús á uppfyllingunni austur undir Batteríisgarðinum. Átlagt er til að byggja húsið úr timbri og járn og er stærð þess 31x16 m. Hafnarnefnd og bæjarstjórn hafa samþykkt að leigja félaginu lóð á þessum stað, með 6 mánaða uppsagnarfresti. Nefndin mælir með að undanþága sé veitt til byggingar þessarar, með því skilyrði að húsið verði tekið burtu, bænum að kostnaðarlausu með 6 mánaða fyrirvara. Byggingarleyfisgjald kr. 76.38.

7. H/P. "Acta" fer fram á að mega byggja skúrbyggingu úr steinsteypu á baklóð hússins n. 6 við Mjóstræti. Samkvæmt hinum framlagða uppdrætti er óbyggð lóð með húsi þessu minni en áskilið er í byggingarsamþykktinni, og getur nefndin því ekki leyft umrædda skúrbyggingu. Jafnframt athugast, að þegar byggingarnefndin á fundi 1. júní 1918, veitti Geir Pálssyni leyfi til að byggja húsið nr. 6 við Mjóstræti, lá fyrir uppdráttur, er sýndi að óbyggð lóð er húsinu fylgdi væri jafnstór hústæðinu. Óbyggða lóðin hefur því verið minnkuð, og með því brotin 14. og 20. gr. byggingarsamþykktarinnar, og ákveður nefndin að

kæra brotið og krefjast þess, að nægileg óbyggð lóð verði látin fylgja husinu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Einar Erlendsson. Sveinn Jónsson. P. Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1920, laugardaginn 10. jan. kl. 4 e.m., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Garðari Gíslasyni leyft að byggja tvílyft steinsteypuhús á lóð er hann hefur keypt úr Laufástúni, milli gatna þeirra, sem eiga að liggja beggja megin við Staðastað. Stærð lóðarinnar er 1080 fermetrar, og grunnflötur hússins 216.5 fermetrar. Ennfremur er honum leyft að reisa útihús 25 fermetra að stærð. Með því að ekki er búið að leggja götur að lóð þessari, er það skilyrði sett, að lóðareigandi sjái sér sjálfur fyrir vegi að húsinu og frárennsli, nema öðruvísi umsemji við bæjarstjórn. Gjald kr. 103.26.

2. Óskar Lárusson sækir um að fá að byggja einlyft portbyggt íbúðarhús úr timbri 110.2 fermetrar að stærð, á lóð er hann hefur keypt úr Thomsenstúni ofanvert við götu þá, sem liggja á fyrir ofan Staðastað. Lóðin er 504 fermetrar að stærð. Nefndin vill fyrir sitt leyti leyfa þetta og mælir með því, að undanbága verði veitt. Sama skilyrði og við lið 1. Gjald kr. 35.26.

3. Guðm. Magnússon prófessor sækir um leyfi til að byggja einlyft portbyggt íbúðarhús úr timbri 116.3 fermetra að stærð, á lóð hans nr. 16 við Suðurgötu. Nefndin vill fyrir sitt leyti leyfa þetta, og mælir með undanbágu. Gjald kr. 37.42.

4. Valdimar Jónsson sækir um leyfi til að reisa einlyft portbyggt íbúðarhús úr timbri, á lóð er hann hefur keypt úr Pálsbæjarbletti, og sem er að stærð 514 fermetrar. Stærð hússins 117.7 fermetrar, og verður það nr. 19B við Ingólfsstræti. Nefndin vill fyrir sitt leyti leyfa byggingu þessa og mælir með undanbágu. Gjald kr. 47.08.

5. Jakob Möller sækir um leyfi til að byggja einlyft portbyggt íbúðarhús úr timbri á lóð hans nr. 2 við Hólatorg, sem er að stærð 115.2 fermetrar alls, með tveimur útbyggingum, sem eru á húsinu. Nefndin vill fyrir sitt leyti leyfa bygginguna og mæla með undanbágu. Gjald kr. 37.10. Leyfi sem veitt var 2. ágúst 1919 fellur þar með úr gildi.

6. Þórði Jónssyni leyft að setja kvist á norðurhlið hússins nr. 9 við Aðalstræti, þar sem nú eru 2 smákvistir fyrir. Gjald kr. 2.00.

7. Guðm. Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á lóðinni nr. 32B við Njalsgötu, sem hann hefur keypt úr lóðinni nr. 32, og er að stærð 197 fermetrar. Stærð hússins er 9.4x6.3 metrar. Gjald kr. 21.15.

8. Jóhanni Kr. Ólafssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð hans við Garðastræti, næst fyrir norðan hús Ólafs Þorsteinssonar og áfast við hús hans. Stærð hússins er 13.1x8.5 m. og lóðin mælist á uopdrættinum að vera 233.2

fermetrar. Gjald kr. 43.65.

9. Vitamálastjórinn sækir um leyfi til að byggja bráðabirga-smíðahús 229.7 fermetrar að stærð, og á það að standa á lóð ríkissjóðs norðan til við Klapparstíg og á lóðarmörkum á 2 vgu. Nefndin getur ekki mælt með umdanágu um að þetta hús verði byggt.

10. Hannesi Ólafssyni leyft að byggja vörugeymsluskúr, á lóðinni nr. 2 við Grettisgötu, að stærð 7x6.5 metrar. Gjald kr. 4.57.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson.

Ár 1920, mánudaginn 3. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Einar Ágúst Einarsson Lágholti afsalar sér byggingarleyfi, sem veitt var 15. febr. 1919.
2. Ásgeir G. Gunnlaugsson afsalar sér byggingarleyfi, sem veitt var 2. ágúst 1919.
3. Þorbirni Þorsteinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 5 við Þorsgötu, sem hann kaupir af bænum. Húsið er 14x4.1 m. að stærð. Gjald kr. 6.43.
4. H/f Acta sækir um skúrbyggingarleyfi. Frestað til næsta fundar.
5. R.P. Leví leyft að breyta innngöngudyrum og skilrúmum í vesturenda Hótel Ísland niðri. Gjald kr. 4.00.
6. Lofti Stigurassyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóð á horninu á Nönnugötu og Bragagötu. Stærð hússins er 8.4x7.55 metrar, með skúr 1.5x1.5 metrar. Gjald kr. 14.15.
7. Jóni Þorlákssyni leyft að byggja fjögur einlyft portbyggð íbúðarhús á lóðunum nr. 19, 21, 23 og 25 við Baldursgötu. Hvert hús er að stærð 6.8x8.0 metrar, með útbyggingu, sem er 13.3 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 56.80.
8. Bjarnhéðni Jónssyni leyft að byggja einlyft smíðahús úr steini eða steinsteypu á lóðinni bak við húsið nr. 6B við Aðalstræti (Kristjánshúslóð). Stærð hússins er 14.0x6.3 m. Gjald kr. 13.65. Um leið verður rifinn skúr, sem leyfi var veitt til að byggja 28. sept. 1918.
9. Magnúsi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandi hans í Þvottalaugamýri. Stærð hússins er, 7.15x5.2 m. með skúr sem er 1.0x1.4 m. að stærð. Gjald kr. 5.55 (5.56)/. Leyfið er veitt að áskildu samþykki bæjarstjórnar til að byggja á erfðafestulandinu.
10. Jón Vilhjálmsson sækir um leyfi til að byggja tver hæðir ofan á skúrinn norðan við húsið nr. 4 við Vatnsstíg. Nefndin sér sér ekki fært að veita leyfið.
11. Guðmundi Egilssyni leyft að breyta tveimur gluggum á framhlíð hússins nr. 42 við Laugaveg. Gjald kr. 2.00.
12. Vitamálastjórninni leyft að byggja tvo skúra á lóð Áhaldahússins við Klapparstíg. Stærð hvers skúrs er 7.2x10.0 m. Gjald kr. 17.92.

13. P.O.Christensen sækir um að fa að byggja einlyft íbúð-  
arhús úr timbri 125 fermetra að flatarmáli, á lóðinni nr. 36  
við Laugáveg (Laufásveg). Lóðin er samkvæmt framlögðum upp-  
drætti 793 fermetrar. Nefndin vill fyrir sitt leyti leyfa  
byggingu þessa, og mælir með að undanbága verði veitt. Enn-  
fremur veitir nefndin leyfi til að byggja á lóðinni geymsluhús  
úr steini 7.5x5 metrar að stærð. Gjald kr. 51.57.

14. Birni Jónssyni leyft að gera viðbót við hús hans Ana-  
naust C, með því skilyrði, að viðbótin nái ekki ~~frá~~ <sup>bygg</sup> götulínu  
á Mýrargötu, enda verði nýr fullnaðaruppdráttur sendur nefnd-  
inni til samþykktar.

15. Kristinn Sigurðsson upplýsir, að byggðir hafi verið  
2 bifreiðarskúrar á lóðinni nr. 56 við Njálsgötu, án þess að  
leyfi hafi verið veitt til byggingarinnar. Borgarstjóra falið  
að kæra þessa byggingu til sekta og niðurrifs.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðs-  
son.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Einar Erlendsson. Sveinn Jónsson. Pétur  
Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson.



Ár 1920, laugardaginn 14. febrúar kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Jóni Vilhjálmssyni leyft að gera eina hæð að áskildri undanfágu og brotið bak ofan á skúr við norðurgafi húss hans nr. 4 við Vatnsstíg. Sömuleiðis leyft að gera skúr úr steini eða steinsteypu við bakhlíð hússins, 1.8x3.0 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 10.10.
2. Jóhannes Guðlaugsson tilkynnir, að hann hafi rífið niður bráðabirgðaskúr þann, er byggður var á lóðinni nr. 16 við Laugaveg (talið nr. 14).
3. Þorsteini Sigurgeirssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini eða steinsteypu, á lóðinni nr. 6 við Klapparstíg. Stærð 8.05x9.65. Byggingarleyfisgjald kr. 18.02. Rifinn verður skúr 3.0x1.9 m. að stærð.
4. Sigurgeir Jónssyni leyft að byggja íbúðar<sup>skúr</sup>hús úr timbri á leigulóð hans við Bergþórugötu 8. Stærð skúrsins 7.5x4.3 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.87.
5. Einari Þorsteinssyni leyft að breyta inngangi í húsi hans nr. 44A við Grettisgötu. Leyfisgjald kr. 2.00.
6. Birni Jónssyni leyft að flytja inn í ákveðna götulínu húsið nr. 64 við Hverfisgötu, hækka kjallarann og stækka skúr við bakhlíð hússins um 8 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 6.00.
7. Baldrí Benediktssyni leyft að breyta nýbyggðu geymsluhúsi á lóðinni nr. 92A við Hverfisgötu í íbúðarhús, og að byggja úr steinsteypu skúr austan við húsið, 3.5 m. á breidd og 9.3 m. á lengd. Það athugasamt, að skúr þessi og lóðin eru á uppdrættinum sýnd lengri en lóðin hefur verið útmæld, og leyfir nefndin ekki að byggja skúrinn austur fyrir rétt lóðarmörk. Byggingarleyfisgjald kr. 5.50.
8. Lagður fram og samþykktur uppdráttur af húsi því, er Birni Jónssyni var á fundi 3. febr. f.á. leyft að byggja á lóð hans Ánanaust C. Húsið er að stærð 5x7 m. Byggingarleyfisgjald kr. 4.20.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Einar Erlendsson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1920, laugardaginn 28. febrúar, kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Hannesi Magnússyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð er hann hefur keypt úr lóðinni nr. 24B við Nýlendugötu. Húsið verður talið við Brunnstíg og á að standa í ákveðinni stefnu heirrar götu, og er að stærð 7x7 metrar, með forstofu 2.5x2.5 metrar. Byggingarleyfisgjald kr. 13.96. Lóðin er að stærð 11.37x11.77 metrar.

2. R.P.Leví fer fram á leyfi til að breyta Nýja-Bíó í Hótel Island í sölubúðir og skrifstofur. Nefndin frestaði að taka ákvörðun um málið.

3. Carl Höefpner h/f leyft að breyta gluggum og dyrum á húsunum nr. 19 og 21 við Hafnarstræti. Gjald kr. 4.00.

4. Hannes Ólafsson fer fram á að fá leyfi til að byggja bráðabirgðaskúr á lóðinni nr. 2 við Grettisgötu. Nefndin sér ekki fært að verða við beiðninni.

5. Þorsteinn Tómasson sækir um leyfi til að byggja hús á lóðinni Ánanaust D, og frestar nefndin málinu þar til götulínan hefur verið ákveðin.

6. Birni Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð hans við Ránargötu, sem talin er nr. 8B við Stýri-mannastíg. Húsið er 6.3x8.6 metrar að stærð, með skúr 4.9x2.5 metrar. Byggingarleyfisgjald kr. 22.85.

7. Lofti Loftssyni leyft að byggja einlyft steinsteypuhús með kjallara, á lóð hans á Sólvollum. Lóðarstærðin er 20x35.5 metrar. Stærð hússins 161 fermeter. Gjald kr. 64.40. Leyfið er veitt með því skilyrði að leyfisbeiðandi sjái sér fyrir vegi að húsinu, frárennsli og vatni.

8. Hinu Íslenska Steinolíufélagi leyft að gera yfirbyggt port á leigulóð, sem félagið hefur fengið hjá höfninni, fyrir austan Battarfisgarðinn. Stærð 23x6.6 metrar. Byggingarleyfisgjald kr. 6.06. Leyfið er veitt með því skilyrði, að byggingin verði tekin burtu hvenær sem byggingarnefnd krefst þess.

9. Sigurður Jónsson og Jóhannes Sveinsson sækja um leyfi til að setja dyr á norðurhlið geymsluhúss h/f. C Höefpners við Hafnarstræti 21. Nefndin getur ekki veitt hið umbeðna leyfi.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson.

Ár 1920, laugardaginn 13. marz kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Þorsteini Tómassyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni Ánanaust D. Stærð 7.7x8.1 m. Byggingarleyfisgjald kr. 14.97.
2. H/f Alliancá leyft að byggja bráðabirgðaskúr fyrir bifreið á lóð félagsins við Mýrargötu. Stærð 57.5 m<sup>2</sup>. Leyfið veitt með því skilyrði, að skúrinn verði rifinn niður, bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess. Byggingarleyfisgjald kr. 6.90.
3. Ásmundi Árnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóð hans við fyrirhugaðan Lokastíg. Stærð 8x6.5 m. með skúr 2x1.8 m. En með því skúrinn er 1.55 m. frá lóðarmörkum, verður hann að vera úr steini eða steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 17.36.
4. Jóni Sigurðssyni leyft að byggja einlyft portbyggt íbúðarhús úr timbri með kjallara á á lóð hans á horninu á Baldursgötu og Lokastíg. Stærð 7.5x6.9 m. með skúr 3.85x2.75 m. Lóðarstærðin er 14x16 m. Byggingarleyfisgjald kr. 20.77.
5. Hileríus Guðmundssyni leyft að setja kvist á húsið Njálsgötu 39. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
6. Agli Vilhjálmsyni leyft að byggja skúr fyrir bifreið á baklóð hússins nr. 11 við Vatnsstíg. Skúrinn verður úr steini og er 12.55x7.00 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 11.95.
7. Sig. Sigurðssyni leyft að byggja bráðabirgðaskúr á lóð hans nr. 27 við Laugaveg (Kasthús). Stærð 5x6 m. Leyfið veitt með því skilyrði, að skúrinn verði rifinn niður, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess. Byggingarleyfisgjald kr. 3.60.
8. H.P.Duus leyft að gera breytingar á skúr hans á horninu við Hafnarstræti og Veltusund. Leyfisgjald kr. 2.00.
9. Guðmundi Guðmundssyni Skólavörðustíg 26A leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 14 við ~~Kryggvaxólm~~ Freyjugötu, er hann væntanlega fær á leigu hjá bænum. Stærð 6.15 x5.05 m. Leyfið því skilyrði bundið, að húsið standi 3.15 m. frá mörkum lóðarinnar að vestan, við gangstíg, sem fyrirhugaður er milli Freyjugötu og Nönnugötu. Byggingarleyfisgjald kr. 3.76.
10. Guðm. Guðmundssyni Njálsgötu 12 leyft að byggja einlyft steinhús við vesturenda hússins nr. 12 við Njálsgötu. Stærð 6.3x3.4 m. Byggingarleyfisgjald kr. 4.02.

Fleira gerðist ekki á fundinum. Á fund vantaði Pétur Ingi-mundarson (veikur).

Fundi slitið.

K.Zimsen. Einar erlendsson. K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson.  
Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Þórunn Þorvaldsson.

Ár 1920, laugardaginn 27. marz kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. H/f/ Kveldúlfi leyft að byggja þrílyft vörugæmslúhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 22 við Lindargötu. Húsið er 379.6 m<sup>2</sup>. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 136.06.
2. Magnúsi Þórarínssyni leyft að setja kvist á hús hans við Bakkastíg, er honum var leyft að reisa á fundi 29. nóv. f.á.. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
3. Tryggva Gunnarssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús með kjallara, úr timbri og járn, á lóðinni nr. 4 við Lokastíg. Stærð 9.5x8.2 m. Skilyrði fyrir leyfinu er, að stjórnarráðið samþykki undanþágu að því er snertir stærð hússins. Stærð lóðarinnar er 15.7x16 m. Byggingarleyfisgjald kr. 29.29.
4. Högni Hansson sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús á Hákotslóð við Fischerssund og er ætlað til að húsið standi á horni Garðastrætis. Fischerssund er nú 5.5 m. á breidd, en byggingarnefnd ákveður fyrir sitt leyfi, að sunnið breiðki upp í 6.30 m., og leggur til, að bærinn láti rænu af stígnum norðan við Hákot~~xxæg~~ í makaskiptum fyrir lóð undir framlengingu Fischerssunds, svo að næg breidd fáið fyrir hið fyrirhugaða hús. Fyrst um sinn skal þó frjáls aðgangur að Hjallhúsi um umræddan stíg. Fallist bæjarstjórnin á tillögu þessa, leyfir byggingarnefndin Höгна Hanssyni að reisa umbeðið tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á kjallara, 8.8x8.8 m. að stærð, með skúr 2.6x2.6m. Byggingarleyfisgjald kr. 31.54.
5. Eiríki Sigurðssyni og Guðmundi Hallssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús með kjallara, úr steinsteypu á lóðinni nr. 22 við Frakkastíg. Stærð hússins er 12x8.2 m. . Byggingarleyfisgjald kr. 33.06.
6. Páli Árnasyni leyft að byggja hæð ofan á austurenda hússins nr. 8 við Skólavörðustíg, að því tilskildu, að stjórnarráðið veiti samþykki sitt til undanþágu. Leyfisgjald kr. 4.00.
7. Kjartani Ólafssyni leyft að byggja viðbót við suðurenda hússins nr. 22 við Bergstaðastræti. Viðbótin verður úr steini eða steinsteypu. Stærð 13 m<sup>2</sup>.og leyfið því skilyrði bundið, að húsið standi í rétttri götulínu Bergstaðastrætis og Bjargarstígs. Leyfisgjald kr. 2.00.
8. Ísleifi Sveinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni ~~Ránareyða~~ Kárastíg nr. 6. Stærð 7.0x6.5 m. með skúr 2.6x1.7. Lóðarstærðin er samkvæmt framlögðum uppdætti 154 m<sup>2</sup>. Leyfisgjald kr. 5.69.
9. Lagt fram bréf frá Sólvallarfélaginu viðvíkjandi gatna- skipan og heiti.

10. Lagt fram erindi frá Pálma Pálssyni um ýmsar breytingar og viðauka við húsið nr. 29 við Þingholtsstræti. Málinu frest að og borgarstjóra falið að tala við hlutaðeigendur.

11. Ársæli Árnasyni leyft að reisa tvílyft hús úr steini sunnan við hús hans nr. 4 við Laugaveg, að stærð 7x5.8 m., og sömuleiðis mælir nefndin með undanþágu að honum verði leyft að byggja eina hæð ofan á húsið nr. 4 við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 16.43.

12. Lagður fram og samþykktur uppdráttur af viðbót við slökkvitólahúsið við Vegamótastíg. Stærð 6.35x3.00 m.

13. Þorvarði Þorsteinssyni leyft að setja brotið bak á viðbótarbyggingu bá, er hann hefur í smíðum á baklóð hússins nr. 34 við Hverfisgötu. Leyfisgjald kr. 3.60.

14. Lagt fram erindi Einars Þorsteinssonar um kaup á Lóðarrenning milli lóðanna nr. 19 og 21 við Lindargötu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Einar Erlendsson Þorvarður Þorvarðsson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Guðmundur Ásbjörnsson.

Ár 1920, laugardaginn 10. apríl kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lagt fram erindi frá Eggert Jónssyni að "byggingarnefnd taki til yfirvegunar á ný skiftingu hússins nr. 12 við Lauga-veg." Byggingarnefnd sér enga ástæðu til að taka erindi þetta til greina og heldur fast við ákvörðun sína á fundi 13. sept. f. ár.
2. Georg Ólafssyni f.h. Þorbjargar Á. Jónsdóttur leyft að breyta innréttingu á neðstu hæð hússins nr. 5 við Austurstræti. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
3. Stefáni Thorarensen leyft að byggja geymsluskúr úr steini á baklóðinni nr. 16 við Laugaveg. Stærð 9.00x4.50 m. Leyfisgjald kr. 4.37. Hinsvegar synjar byggingarnefndin um leyfi til að endurreisa timburskúr á sömu lóð (nr. 14), sem rifinn var í janúarmánuði síðast liðnum.
4. Jóni Ólafssyni Laugavegi 20B og Zóphónías Baldvinssyni leyft að byggja bifreiðarskúr úr steini á lóðinni nr. 16 við Grettisgötu. Stærð 20.00x6.30 m. Aðrar byggingar á lóðinni verða rifnar. Byggingarleyfisgjald kr. 14.09.
5. Kristínu Sigurðardóttur leyft að byggja þrílyft steinhús til íbúðar á lóðinni nr 20A við Laugaveg, enda standi húsið í ákveðinni götustefnu. Stærð hússins er 7.5x10.0 m. með skúr 2.8x4.6; jafnframt verður rifinn hluti af húsinu sem fyrir er, og stækkar Byggða lóðin um 52.9 m<sup>2</sup>. Ennfremur leyft að byggja geymsluskúr á baklóðinni úr steini, 7.5x3.4 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 51.29, en þar frá ber að draga byggingarleyfisgjald 18. ágúst 1919, að upphæð kr. 15.33, og fellur það byggingarleyfi hér með úr gildi.
6. Lofti Sigurðssyni var á fundi nefndarinnar 3. febr. þ.á. leyft að reisa einlyft timburhús á hornlóðinni milli Nönnugötu og Bragagötu, en nú sækir I.E.Isdal um að mega byggja útveggi hússins úr benzintrékössum. Nefndin vill ekki leyfa þetta.
7. Brynjólfi Einarssyni leyft að gera nokkrar breytingar á kjallara og inngangi hússins nr. 59 við Bergatöðastræti (Bergstaðastræti), sem er í smíðum. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Breytingarnar skulu gerðar með ráði byggingarfulltrúa og undir hans umsjón..

Fleira ekki gert. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra og byggingarfulltrúa, er var veikur. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson. Sveinn Jónsson Þorvarður Þorvarðarson

Ár 1920, laugardaginn 1. maí kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Elíasi Dagfinnssyni leyft að setja kvist á hús hans nr. 44 við Njálsgötu. Jafnframt var honum synjað um að flytja skúr af austurgafli hússins á vesturgafli, nema hann sé gerður úr steini. Gjald kr. 2.00.
2. Magnúsi Sveinssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús með kjallara, úr steini eða steypu, á lóð hans við Barónsstíg og Njálsgötu. Stærð hússins er 9.2x8.6 m. Skilyrði fyrir leyfinu er, að gangar meðfram forstofustiga séu jafnbreiðir honum. Byggingarleyfisgjald kr. 31.65. Húsið verður nr. 24 við Barónsstíg.
3. Ingibjörg Johnson leyft að breyta gluggum og setja ~~xxxx~~ dyr á forhlið hússins nr. 4 við Lækjargötu. Gjald kr. 2.00.
4. Hannesi Ólafssyni leyft að setja glugga á austurgafli húss hans nr. 6 við Njálsgötu. Gjald kr. 2.00.
5. Bergi Einarssyni leyft að setja eitt ris yfir geymsluhús hans og tvo skúra, með því skilyrði, að burðarveggur sé undir sperrutá við eldvarnarvegginn. Gjald kr. 7.53.
6. Maríu Pétursdóttur leyft að gera einlyft íbúðarhús úr timbri, á lóðinni nr. 1 við Þórsgötu, sem hún kaupir af bænum. Stærð hússins er 7.5x4.4 metrar. Gjald kr. 3.96.
7. Magnúsi Símonarsyni leyft að flytja hús hans nr. 112 við Laugaveg inn á erfðafestulandi hans í Þvottalaugamýrinni, að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar til að byggja á erfðafestulandi. Gjald kr. 2.00.
8. Jóni Gíslasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 11 við Þórsgötu, er hann keypti af bænum. Stærð hússins er 8.8x4.4 m. metrar. Gjald kr. 4.18.
9. Guðm. H. Þorlákssyni leyft að setja kvist á hús hans nr. 10 við Bræðraborgarstíg. Gjald kr. 2.00.
10. Kristjáni Jónassyni leyft að setja dyr á kjallara hússins nr. 53 við Grettisgötu. Gjald kr. 2.00.
11. Ingimundur Þórðarson fer fram á að setja eina hæð ofan á og skúr við húsið nr. 9 við Holtsgötu, og mælir nefndin með undantágu um hækkun hússins, og leyfir skúrinn með því skilyrði, að hann sé gerður úr steini. Stærð skúrsins er 2.2x5.0 m. Gjald kr. 6.00.
12. Sigurði Björnssyni og Valgeir Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini á leigulóðinni nr. 53 við Bergstaða-

stræti, að stærð 110.9 fermetra. Byggingarleyfisgjald kr. 12.42. Umsækjendur fara fram á að fá að gera útveggi á annan hátt, en byggingarsamþykkt mælir fyrir, en nefndin vill ekki að svostöddu samþykkja þá gerð er þeir fara fram á, og felur byggingarfulltrúa að eiga tal við þá um þetta atriði.

13. Jóni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri með kjallara, á lóð nr. 9 við Freyjugötu er hann keypti af bænum. Húsið er að stærð 7.20x7.55 m. með skúr 3.3x1.5 m. að stærð. Gjald kr. 16.11.

14. Halldóri Eiríkssyni leyft að setja dyr á vesturenda hússins nr. 22 við Hafnarstræti. Gjald kr. 2.00.

15. Kristín Símonarson fer fram á að fá að byggja reykhlíf við húsið nr. 4 við Vallarstræti, og er ætlað til að reykhlífurinn standi upp með suðurhlíð hússins við vesturenda þess. Áður en nefndin leyfir þessa byggingu, verður umsækjandi að leggja fram uppdrátt af reykhlífnum, með útreikningi er sýnir, að hann sé fulltraustur, enda styðjist hann ekki að neinu leyfi við húsið.

16. Jóni Vilhjálmssyni leyft að gera útskotsglugga á framhlíð hússins nr. 4 við Vatnsstíg, samkvæmt framlögðum uppdrætti. Gjald kr. 2.00.

17. Guðm. Halldórsson fer frá á að hækka hús sitt nr. 5 við Grundarstíg, um eina hæð, og mælir nefndin með því, að undantága verði veitt til þess. Gjald kr. 2.00.

18. H/f. Acta leyft að byggja bráðabirgðaskúr á lóðinni nr. 4 við Mjóstræti, þar sem þeir hafa fengið leyfi hlutaðeigandi lóðareiganda. Skúrinn er að stærð 8.2x3.15 m. Gjald kr. 2.59. Leyfið er veitt með því skilyrði, að skúrinn verði rifinn niður jafnskjótt og byggingarnefnd krefst þess, þegar farið er að starfrækja rafmagnstöð fyrir þennan.

19. Gísli Kristjánssyni leyft að stækka húsið nr. 57 við Vesturgötu, um 8.8x4.5 m. svo og setja kvist á norðurhlíð hússins. Gjald kr. 4.75.

20. Slippfélaginu leyft að byggja vélahús úr steinsteypu á lóð þess við Mýrargötu. Húsið er einlyft með kjallara, að stærð 10.5x8.6 m. Gjald kr. 26.73. Það skal tekið fram að leyfi brunamálanefndar þarf til að setja mótur í húsið.

21. Kristján V. Guðmundssyni leyft að hækka þakið á húsi hans Miðseli. Gjald kr. 2.00.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson, Kristinn Sigurðsson og Pétur Ingimundarson. Fundi slitið.

K. Zimsen Guðm. Ásbjörnsson. Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson.



Ár 1920, laugardaginn 15. maí, kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Einari Einarssyni leyft að byggja steinhús á hornlóðinni við Óðinsgötu og Bjargarstíg. Húsið verður nr. 16 við Bjargarstíg, og er 48.7 m<sup>2</sup>. að stærð. Byggingarleyfisgjald er kr. 11.10.

2. Pétur Halldórsson sækir um leyfi til að gera ýmsar breytingar á húsinu nr. 18 við Austurstræti. Málinu frestað.

3. Haraldur Árnason sækir um leyfi til að mega byggja bráðabirgðaskúra á baklóð hússins nr. 22 við Austurstræti, ásamt að flytja til skemmu, og byggja eina hæð ofan á bakhlíð hússins. Nefndin leyfir að skemman sé flutt þannig, að gangurinn að bíólóðinni verði vestast á lóðinni, eins og áður hefur verið ákveðið, en með því að ~~skilur~~ leyfið til bíóbyggingarinnar og skipting lóðarinnar var veitt með því skilyrði, að engin bygging yrði á baklóð hússins, synjar nefndin um skúrbyggingarnar en vill ekki að öðru leyti synja beiðninni. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

4. Kristín Símonarson endurtekur beiðni sína frá síðasta fundi, um að byggja reykháf við húsið nr. 4 við Vallarstræti. Með því umdækjandi ekki hefur fullnægt þeim skilyrðum er nefndin setti fyrir leyfi til að byggja reykháfinn, heldur hún fast við fyrri ákvörðun.

5. Ingjalldi Jónssyni leyft að byggja einlyft timburhús á kjallara á lóðinni nr. 1 við Urðarstíg. Stær hússins er 6.6x6.6 m. með skúr 2.5x1.7 m. Skilyrði, að 3.15 m. séu frá lóðarmörkum að skúrnum. Byggingarleyfisgjald kr. 8.61.

6. Magnúsi Th. S. Blöndahl leyft að byggja bráðabirgðaskúr úr timbri og jární á lóðinni nr. 4B við Vonarstræti. Stærð 10.4x7.2 m. Skúr þessi er byggður til bráðabirgða, þar til bygging verður framkvæmd samkvæmt leyfi fengnu 2. ágúst 1919. Leyfisgjald kr. 2.00.

7. Halldóri J. Backmann leyft að byggja bráðabirgðaskúr úr timbri og jární á leigulóðinni nr. 5 við Urðarstíg. Stærð 10.0x3.8 m. Skilyrði að skúrinn standi 3 m. frá götu og 3.15 m. frá lóðarmörkum. Byggingarleyfisgjald kr. 3.80.

8. Erindi Jóns Vilhjálmssonar, um hættu af hrúni húss við Vatnsstíg, vísað til lögreglustjóra.

9. Eggert Jónsson fer fram á, að fá skipt eigninni nr. 12 við Laugaveg þannig:

a) Að eigninni nr. 12 fylgi hornhúsið og húsið nr. 12 við Bergastastræti ásamt lóð, sem alls er 248.2 m<sup>2</sup>., og hvíli sú kvöð á leirri eign, að frjáls sé aðgangur að ~~skúr~~ baklóð hússins nr. 12B.

b) Að eigninni nr. 12B fylgi gamla húsið á austurhluta lóðarinnar ásamt lóð, sem er 225.1 m<sup>2</sup>. NB Uppdráttur var lagð-

ur fram og lóðamörkin synd með rauðu strýki, en stærð lóðanna skrifuð á uppdráttinn. Tekur byggingarnefndin enga ábyrgð á, að stærðirnar sé rétt tilfærðar. Nefndin mælir með því, að undanfága verði veitt til að eign þessari verði skipt eins og að ofan er greint, án þess að eldvarnarveggur verði byggður á milli þeirra.

10. H/f. Njörður biður um upplýsingar um, hvar vegur eða járnbraut komi til að liggja yfir landareign þeirra við Rauðar-  
á. Málínu frestað.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Einar Erlendsson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingi-  
mundarson. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson. Þorvarð-  
ur Þorvarðsson.

Ár 1920, fimmtudaginn 20. maí, kl. 10 árd., var haldinn aukafundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Var þá tekin fyrir:

Beiðni Péturs Halldórssonar er frestað var á síðasta fundi, um ýmsar breytingar á Austurstræti 18. Nefndin vill ekki leyfa hina umbeðnu breytingar, þar sem húsið nær um 1 m. út fyrir ákveðinn götujaðar. Hins vegar leyfir nefndin breytingarnar með því skilyrði, að norðurveggurinn verði færður inn í ákveðna götulínu. Jafnframt er leyft að byggja skúr úr steini eða steypuvið bakhlíð hússins, 4.2x8.7 m. að stærð. Leyfið er bundið því skilyrði, að bæjarstjórn heimili að afnema íbúð þá, sem nú er í húsinu. . Byggingarleyfisgjald kr. 6.38.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson.  
Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1920, laugardaginn 29. maí kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Sturla Jónssyni leyft að setja eina hæð ofan á viðbygginguna við vesturenda hússins nr. 11 við Laugaveg og að fylla upp í skarð það er verður á milli viðbyggingarinnar og aðalhússins og gera þakhalla fram yfir frá mení hússins. Leyfið því skilyrði bundið, að næstu hæð hússins verði gerðar jafnhliða gangstéttarbrún og styrktar eftir fyrirmælum byggingarfulltrúa. Byggingarleyfisgjald kr. 7.01.

2. Ól. Johnson leyft að byggja bílskúr úr timbri og jární á lóð hans nr. 34 við Þingholtsstræti, 3.80x5.00 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 2.28.

3. Frú Borghildur Björnsson fer fram á að mega byggja einlyft, portbyggt íbúðarhús úr timbri og klætt bárujární á eignarlóð hennar í Staðarstaðartúni, við götu þá er á að liggja fyrir ofan Staðarstað. Húsið er að stærð 107.6 m<sup>2</sup>. Nefndin mælir með því, að undanþága verði veitt til að byggja þetta hús með venjulegu skilyrði um hækkun brunabótargjalds. Verði undanþágan veitt er það enn fremur skilyrði, að forstofustiganum verði breytt svo hann verði manngengur, og fullnægi skilyrðum byggingarsamþykktar. Sömuleiðis er það skilyrði, að húseigandi sjái sjálfur fyrir vatnsleiðslu og skolpræsi, svo framt, að ekki naist samkomulag við bæjarstjórnina um þessi atriði. Byggingarleyfisgjald kr. 30.57. Stærð húðarinnar samkvæmt framlögðum uppdrætti 410.4 m<sup>2</sup>.

4. Oddi Bjarnasyni leyft að byggja bráðabirgðageymsluskúr á baklóð hússins nr. 15 við Vesturgötu, 11x5.5 m. að stærð og verður úr timbri og járnklæddur. Byggingarleyfisgjald kr. 7.26.

5. A.J. Johnson leyft að setja port og kvist ofan á íbúðarhús hans nr. 11 við Njálsgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 4.24.

5. Árna Böðvarssyni leyft að byggja tvílyfta viðbyggingu vestanverft við húsið nr. 93 við Hverfisgötu. Stærð 44.5 m<sup>2</sup>. Leyfisgjald kr. 10.50.

7. Grími Ásgrímssyni leyft að byggja einlyft timburhús og járnvarið á lóðinni nr. 17 við Bergþórugötu. Stærð 6.3x8.0 m. Bygging þessi kemur í staðinn fyrir byggingarleyfi 29. nóv. f.á. Skilyrði fyrir leyfinu að húsið standi 2 metra frá götu og 3.15 m. frá lóðarmörkum og að 2 gluggar séu á götuhlið. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

8. Þórði Þorsteinssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steini á lóð hans nr. 10 við Nönnugötu. Stærð 8.8x7.5 m. Skilyrði að minnsta kosti 2 gluggar séu út að hverri götu. Byggingarleyfisgjald kr. 10.56.

9. Þórði Árnasyni leyft að byggja timburxkúr á lóðinni nr. 12 við Urðarstíg. Stærð 4.4x7.4 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.91.
10. Ólafi Þórðarsyni leyft að breyta þaki á húsinu nr. 5B við Grundarstíg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
11. Bergi Rósinkrazsyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús með kjallara á lóðinni nr. 21 við Þórsgötu. Stærð 8.75x7.50 með forstofu, semverður 3.75x3.15 og skúr 1.75x1.80. Byggingarleyfisgjald kr. 29.72.
12. Valdimar Þorvaldssyni leyft að byggja einlyft timburhús, járnvarið, á lóðinni Urðarstíg 6. Stærð 3.8x5.0 m. Skilyrði, að húsið standi 3 m. frá götu og 3.15 m. frá lóðarmörkum. Byggingarleyfisgjald kr. 2.28.
13. Sig. Jónssyni og Páli Magnússyni leyft að hækka húsin nr. 53B við Grettisgötu og bakhús á lóðinni nr. 70 við Laugaveg, sem eru sambyggð, en aðgreind með eldvarnarvegg. Byggingarleyfisgjald kr. 8.00.
14. Sigurjóni Sigurðssyni synjað um leyfi til að byggja sumarskýli úr timbri á lóð hans Vonarstræti nr. 8. En þar sem búið er að byggja nefndan skúr, ákvað nefndin að kæra þetta til sektar og niðurrifs.
15. Guðjóni Guðmundssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr timbri og járnvarið við austurenda húss hans á Laugalandi. Stærð 3.8x7.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.42. Skilyrði, að bæjarstjórnin samþykki að byggt verði á erfðafestulandinu.
16. Kristínu Símonarson leyft að byggja sjálfstæðan reyk háf við suðurhlíð húss hennar Vallarstræti 4. Reykháfurinn skal gerður samkvæmt framlögðum upodrætti, úr 25 cm. þykkri steinsteypu, bentur 12 20 mm. járnnum, eins og lýst er í lýsingu er teikningunni fylgir og með því skilyrði, að lárétt bönd úr 7 m/m. járnú séu sett með 50 cm. millibili. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
17. Ólafi Magnússyni leyft að breyta forstofuinngangi og stiga í húsinu nr. 3 við Templarasund enda nái inngönguridið ekki meira en 50 cm. út frá húsinu, þegar búið er að hækka gangstéttina eins og ráð er fyrir gert. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
18. Pétri Þ. J. Gunnarssyni leyft að byggja bráðabirgða byggingu úr steini á lóðinni nr. 10 við Austurstræti. Stærð 6.3x9.4 m. Skilyrði, að byggingin standi í réttri götulínu. Byggingarleyfisgjald kr. 8.29.
19. Mjólkurfélag Reykjavíkur fer fram á að byggja á allri óbyggðri lóð, er fylgir húsinu nr. 14B við Lindargötu. Í húsinu er íbúð á 2. gólfi og ætlað til að afnema annan stigann upp á hana. Nefndin getur ekki leyft þetta.
20. Þorsteini Sigurðssyni leyft að byggja smíðahús úr timb-

ri og járnri a lóðinni nr. 13 við Grettisgötu. Stærð 8.8x6.3 m.  
Byggingarleyfisgjald kr. 8.87.

21. Jóni Hermannssyni lögreglustjóra leyft að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 10B við Lækjargötu. Stærð 3x9.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.42.

22. Ermunreki Jónssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 3 við Bergþórugötu. Stærð 68.2 m<sup>2</sup>.  
Byggingarleyfisgjald kr. 15.01.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1920, laugardaginn 12. júní kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Guðm. Helgasyni leyft að setja port á hús hans, Eskihlíð við Hafnarfjarðarveg. Skilyrði, að stigin fullnægi byggingarsambykkt. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
2. Jónasi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús járnvarið á erfðafestulandi hans við Framnesveg (nr.19). Stærð 6.3x3.8 m. með skúr 1.2x1.3 m. Skilyrði fyrir leyfinu er, að húsið standi 6.3 m. frá hinum og að bæjarstjórnin leyfi að byggja í erfðafestulandinu. Byggingarleyfisgjald kr. 3.06.
3. Kristínu J. Hagbarð leyft að byggja skúr úr steinsteypu á baklód hússins nr. 26 við Laugaveg. Stærð 7.5x5.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 7.43.
4. Einari Stefánssyni leyft að byggja einlyft járnvarið íbúðarhús á leigulóðinni nr. 4 við Nönnugötu. Stærð 6.3x4.4 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.33.
5. Jóni Guðmundssyni leyft að breyta skúrum á leigulóðinni nr. 23 við Frakkastíg í íbúð. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
6. Magnúsi Benediktssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri og járnvarið, á leigulóðinni nr. 10 við Urðarstíg. Stærð 5.7x3.8 m. Skilyrði, að húsið standi 2 m. frá Bragagötu og 3 m. frá Urðarstíg og 3.15 m. frá lóðarmörkum. Byggingarleyfisgjald kr. 2.43.
7. Finni Finnssyni leyft að setja kvist á hús hans nr.41 við Vesturgötu. Leyfisgjald kr. 2.00.
8. Guðm. Einarssyni leyft að byggja einlyftan steinsteypu-skúr til íbúðar á norðausturmörkum leigulóðarinnar nr. 22 við Baldursgötu, að stærð 12.6x5.0 m. Skilyrði, að gluggar, sem sýndir eru á uppdrættinum á vesturgafli séu tekinir burtu. Byggingarleyfisgjald kr. 7.56.
9. Þorgrími Guðmundssyni leyft að byggja einlyft steinsteypuhús með kjallara á lóðinni nr. 82 við Hverfisgötu. Stærð 6.4x5.1 m. Einnig leyft að stækka geymsluhús úr steinsteypu, sem er á lóðinni, um 6.3x5.15 m. Hús þetta verður nr. 4 við Vitastíg. Byggingarleyfisgjald kr. 10.21.
10. Þorkeli Magnússyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini með kjallara á leigulóðinni nr. 17 við Freyjugötu. Stærð 7.5x7.5 m., með skúr 1.25x3 m. Byggingarleyfisgjald kr. 15.60.

11. P.J.Thorsteinsson fer fram á að honum verði leyft að byggja hjall á baklóð húss hans nr. 46 við Laufásveg. Með því að upplýst er, að kjallarinn eigi að standa á lóðarmörkum, getur nefndin ekki orðið við beiðninni.

12. Brynjólfur Björnssyni leyft að stækka steinskúr á baklóð húss hans við Hverfisgötu um 2x3 m. Leyfisgjald kr. 2.00.

13. Jóhannes Guðlaugssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri og járnvarið á leigulóð hans nr. 6 við Nönnugötu. Stærð 7.8x6.6 m. Skilyrði, að kjallarinn sé 2.5 m. undir loft, verði hann notaður til íbúðar. Byggingarleyfisgjald kr. 12.36.

14. Mjólkurfélag Reykjavíkur fer fram á, að fá leyfi til að byggja viðbót við hús félagsins nr. 14B við Lindargötu, 17.7 m<sup>2</sup>. að stærð og að breyta allri neðri hæð húseignarinnar, svo að þar verði komið fyrir áhöldum til að gerilsneiða og afgreiða mjólk. Óbyggð lóð verður nokkru minni en tilskilið er í byggingarsamþykktinni, en vegna reksturs þess, er fram á að fara í húsinu, mælir nefndin með undanþágu og að tilskildu samþykki á undanþágunni, veitir nefndin hið umbeðna leyfi. Byggingarleyfisgjald kr. 4.63.

15. Einari Hildibrandssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri og járnvarið, á lóð, sem bæjarstjórnin hefur heimilað honum til leigu við Bræðraborgarstíg sunnan Sellandsstígs. Stærð 6.25x5.70 m. Skilyrði fyrir byggingarleyfinu er, að húsið verði tekið burtu, þegar bæjarstjórnin krefst þess. Byggingarleyfisgjald kr. 4.99. Byggingarfulltrúa falið í samráði við bæjarverkfræðing, að ákveða hvernig húsið eigi að standa ólóðinni.

Fleira gerðist ekki. Áfund vantaði Guðm. Ásbjörnsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðsson.



Ár 1920, laugardaginn 26. júní kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Helga Magnússyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbrá á leigulóð hans nr. 8 við Nönnugötu. Stærð 13.2x4.4 m.. Leyfisgjald kr. 6.97.
2. Runólfi Stefánssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á horninu við Skólavörðustíg og Klapparstíg. Stærð 10x10 m. Skilyrði, að gengið sé þannig frá forstofustiga, að hurð falli inn. Byggingarleyfisgjald kr. 45.44. Bæjarstjórnin hefur árið 1914 samþykkt að breyta megi þessari lóð, sem er úr erfðafestulandinu Litlaholtshóli, í byggingarlóð en þar sem fimmtungsgjaldið hefur enn ekki verið greitt, er það skilyrði fyrir byggingarleyfinu, að gjaldið verði greitt, eftir því sem nún verður ákveðið.
3. Birni Jónssyni leyft að hækka þak á framhlíð hússins nr. 8B við Stýrimannastíg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
4. Magnúsi Magnússyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 14 við Urðarstíg. Stærð 5.75x4.40 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.54.
5. Bergi Pálssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri með kjallara á leigulóðinni nr. 57 við Bergstaðastræti. Stærð 8.2x7.6 m. Byggingarleyfisgjald kr. 17.45. Skilyrði, að stigi og loftherbergi séu samkvæmt byggingarsamþykki.
6. Magnúsi Magnússyni leyft að breyta geymsluhúsi við húsið nr. 60 við Njálsgötu í íbúð. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
7. Hannesi Einarssyni leyft að byggja tvílyft geymsluhús úr steini á nyrzta hluta lóðar, sem hann hefur keypt úr Klapparholtslóð við Öðinsgötu, sem er að stærð eftir uppdrættinum 315 m<sup>2</sup>. Stærð 12.7x6 m. Byggingarleyfisgjald kr. 9.40.
8. Sigurður Jónsson fer fram á að fá endurnýjað byggingarleyfi, veitt 1. maí 1915, og veitir nefndin það með því skilyrði, að byggt sé úr steini. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
9. Þorsteini Sigurðssyni leyft að setja eina hæð ofan á húsið nr. 13 við Grettisgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 6.65.
10. Geir Pálssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni við hornið á Baldursgötu og Lokastíg. Stærð 9.4x10 m. Nefndin mælir með undanþágu um stærð hússins með venjulegum sskilyrðum. Byggingarleyfisgjald kr. 35.84. Húsið verður nr. 14 við Lokastíg. Ennfremur leyft að breyta húsinu nr. 34 við Baldursgötu í íbúðarhús, með því skilyrði, að grunnur sé settur undir húsið.

11. Kristni Guðnasyni leyft að byggja bifreiðarskúr úr timbri á baklóð á lóðinni nr. 84 við Laugaveg. Stærð 12x6.2 m. Leyfisgjald kr. 8.93.

13. Jóhanni Bjarnasyni leyft að byggja einlyft portbyggt íbúðarhús með kjallara á lóðinni nr. 38 við Skólavörðustíg. Stærð 9.9x8.1 m., með forstofu 2.8x5. Ennfremur leyft að byggja hjall úr steini 6.3x3.7 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 31.82. Lóðin er samkv. uppdrætti 5.12 m<sup>2</sup>

14. Karli Þorvaldssyni og Ragnari Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 61 við Bergstaðastræti. Stærð 5.9x9.3 m. Byggingarleyfisgjald kr. 9.85.

15. Andrési Andrésyni leyft að byggja ~~einlyft íbúðarhús~~ einlyft steinsteypuhús með kjallara og risi á lóðinni nr. 3 við Laugaveg. Stærð hússins er 248.8 m<sup>2</sup>. og er leyfið veitt með þeim fyrirvara að lóð sú, sem sýnd er á uppdrættinum, tilheyri eigninni. Byggingarleyfisgjald kr. 151.78. Til að byrja með leyfir nefndin að byggja austasta hluta hússins upp á 2 hæðir og kjallara.

16. Haraldur Árnason fer fram á að gera ýmsar breytingar og viðbætur á húseigninni nr. 22 við Austurstræti. Málinu vísað til brunamálanefndar til umsagnar.

17. Tryggvi Þórhallsson spyrzt fyrir um, hvað felist í skilyrði því, sem sett var um husabyggingar á lóðinni í Laufástúni, að þar skuli vera "opin villabygging". Byggingarnefndin lítur svo á, að í þessu skilyrði felist, að hús, sem þarna verða byggð, séu ekki meira en tvílyft á kjallara, og standi minnst 2.5 m. frá götu, og hvergi minna en 3.15 m. frá lóðarmörkum.

18. Lagt fram bréf lögreglustjóra viðvíkjandi kærui út af skúrbyggingu Sigurjóns Sigurðssonar á lóðinni Vonarstræti 8, ásamt skýrslu Ólafs lögfræðlings (lögreglustjóns) Jónssonar um málið. Óskar lögreglustjóri umsagnar byggingarnefndar áður en meira sé aðgert í málinu. Nefndin felur byggingarfulltrúa að semja álit fyrir nefndarinnar hönd í málinu, eftir því sem um talaðist á fundinum.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Guðm. Asbjörnsson. Kristinn Sigurðsson fór af fundinum er 15. málinu var lokið.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Einar Erlendsson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1920, föstudaginn 9. júlí, kl. 4 e.h. var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Elíasi A. Jóakimssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á leigulóðinni nr. 25 við Bragagötu. Stærð 9.45x4.4 metrar. Gjald kr. 5.49.

2. Þorsteini Ásbjörnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri með kjallara, á leigulóðinni nr. 27 við Bragagötu stærð 8.7x8.0 m. Gjald kr. 19.49.

3. Haraldí Arnasyni leyft að byggja 3 skúra úr steini eða steinsteypu á lóðinni nr. 22 við Austurstræti. Samanlögð stærð er 147 fermetrar. Skilyrði fyrir skúrnum meðfram Nýja Blós girðingunni er, að hann verði rifinn ef gangurinn frá Austurstræti að kvikmyndahúsinu verður síðar mjökkaður frá því sem hann nú er, og að hakið á skúrnum verði gert nægilega sterkt að áliti brunamalanefndar. Sveinn Jónsson lætur þess getið, að hann sé mótfallinn framanskraðu leyfi til skúrbygginganna. Ennfremur fer Haraldur Arnason fram á, að fá hækkaða bakhlíð hússins nr. 22 við Austurstræti, en nefndin vill ekki veita leyfi til þess. Byggingarleyfisgjald kr. 17.44.

4. Kristjáni Péturssyni leyft að byggja íbúðarhús á leigulóð hans nr. 28 við Þórsgötu. Húsið er úr timbri. Stærð 6.3x5.0 m., skúr 1.5x3.0 m. Byggingarleyfisgjald kr. 5.60. Þess skal getið að lóð þessi hefur áður verið talin nr. 28.

5. ~~Símoni~~ Símoni Sveinssyni leyft að byggja einlyft timburhús á lóðinni nr. 25 við Fálkagötu. Stærð 6.3x4.8 m., skúr 1x2.3. Byggingarleyfisgjald kr. 4.17.

6. Sigurði Halldórssyni leyft að byggja einlyft ~~timburhús~~ íbúðarhús úr steini á lóðinni nr. 13 við Þórsgötu. Stærð 7.3x7.5 m., með skúr 3.5x3. Ennfremur geymsluhús úr steini, 3.2x1.9 m. Byggingarleyfisgjald kr. 9.83.

7. Tómasi Tomassyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 44 við Skólavörustíg. Stærð 6.9x7.4 m. Byggingarleyfisgjald kr. 8.35. Skilyrði, að húsið standi 2 m. frá götulinu.

8. Guðjóni Guðjónssyni leyft að hækka skúr við húsið nr. 47 við Grettisgötu. Leyfisgjald kr. 2.00.

9. Bergi Bárðarsyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 24 við Bragagötu. Stærð 6.3x5.8 m. Leyfisgjald kr. 6.54.

10. Jóni Jónssyni leyft að byggja einlyftan steinskúr til íbúðar á bakhluta lóðarinnar nr. 39 við Grettisgötu, og er að

nr. 39 við Grettisgötu. Stærð 12.5x4.4 m. Byggingarleyfisgjald kr. 7.04. Lóðin verður nr. 39B við Grettisgötu og er að stærð samkvæt upprættinum 196 m<sup>2</sup>.

11. Niels Guðmundssyni leyft að byggja íbúðarhús portbyggt úr timbri á leigulóðinni nr. 26 við Bragagötu. Stærð 6x6 m. með skúr 1.7x3.4 m. Leyfisgjald kr. 8.36.

12. H/f. "Alliance" leyft að byggja 2 íbúðarhús, einlyft úr timbri, á lóð er bærinn lætur þeim í té við Vesturgötu. Stærð á hvoru húsi er 125 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 63.20. Skilyrði, að undanþága verði veitt með venjulegum kjörum.

13. Agli Jacobsen leyft að byggja fjórlyft hús með kjallara á lóðinni nr. 9 við Austurstræti. Húsið verður byggt úr steinsteypu. Stærð hússins er 197.1 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 118.26, þess skal getið, að nú verður aðeins byggður kjallari og ein hæð af ofangreindri byggingu. Vegna stærðar óbyggðrar lóðar verður engin íbúð leyfð í húsinu, en gangur að óbyggðu lóðinni verður um lóðina nr. 10 við Hafnarstræti.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson fór af fundi við byrjun 13. máls.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Einar Erlendsson. Kristinn Sigurðsson.  
Þorvarður Þorvarðsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Ár 1920, laugardaginn 31. júlí var reglulegur fundar-  
dagur byggingarnefndar, aðeins 2 nefndarmenn mættu, þeir Sveinn  
Jónsson og borgarstjóri. Var því ekki fundarfært. Byggingar-  
fulltrúi og Guðm. Ásbjörnsson voru fjarverandi úr bænum. Ákveð-  
ið að halda fundinn 2. ágúst kl. 10 árdegis.

K. Zimsen.      Sveinn Jónsson.

Ár 1920, mánudaginn 2. ágúst, kl. 10 árdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Umsókn frá M. Rasmus um að fá leyfi til að byggja fjós og hlöðu á erfðafestulandinu Rauðarártún II, skamt frá Laugavegi, var frestað, þar eð nefndin bildi ekki leyfa bygginguna á þessum stað.
2. Jóhannesi Kr. Jóhannessyni og Guðjóni Kr. Jónssyni neitað um leyfi að lengja húsið nr. 41 við Bergstaðastræti samkv. framlögðum uppdrottá.
3. Magnúsi Jónssyni leyft að byggja steinhús, sem er ein hæð og kjallari, á lóðinni nr. 18 við Óðinsgotu. Stærð 4.4x7.3. Byggingarleyfisgjald kr. 7.19.
4. Eiríki Magnúsi leyft að byggja torfbæ á erfðafestulandi hans í Laugamýrinni. Stærð 8.80x6.00 m. Leyfið er því skilyrði bundið, að bæjarstjórn leyfi að byggja á erfðafestulandinu, og byggingarfulltrúa falið að ákveða hvar bærinn á að standa. Byggingarleyfisgjald kr. 5.28
5. Jóni Jóhannssyni leyft að breyta í íbúð, skúrvi austurgafi hússins nr. 69 við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
6. Frú Margrét Zöega sækir um leyfi til að mega byggja litinn part af fyrirhuguðu húsi á lóðinni nr. 12 við Austurstræti. Nefndin vill ekki veita leyfi til þessa fyrri, en fyrir liggur uppdrottur af allri fyrirhugaðri byggingu á þessum ~~lóð~~ lóð.
7. R.P. Leví og Jensen Bjerg leyft að breyta kvikmyndahúsinu í Hótel Ísland í Kaffihús. Leyfisgjald kr. 2.00.
8. Helga Jósefssyni leyft að byggja skúr úr steini eða steinsteypu á baklóð húss hans nr. 80 við Hverfisgötu. Stærð 8.1x2.5 m. Ennfremur var honum leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steini á sömu lóð. Stærð 3.8x7.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 9.27. Synjað var honum um að gera yfir port við vesturgafi á íbúðarhúsi hans.
9. Jósef L. Húnfjörð leyft að byggja steinsteypuskúr við íbúðarhús hans Óðinsgotu 24. Stærð 1.25x7.50 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
10. H/f. "Ísbjörninn" sækir um leyfi til að mega byggja viðbót, annaðhvort úr steinsteypu eða timbri, til ísgeymslu, við vesturenda íshúss félagsins við Tjörnina. Nefndin álitur mjög óheppilegt að íshús sé á þessum stað, en vill þó veita hið umbeðna leyfi til steinhúsbyggingar, ef bæjarstjórnin sér sér ekki fært nú þegar að benda félaginu á stað nálægt höfninni, þar sem byggja mætti hið fyrirhugaða ísgeymsluhús og síðar íshús. Húsið er að stærð 11.0x18.5 m., og samþykki bæjarstjórnin að veita leyfið er byggingarleyfisgjaldið kr. 77.33.

11. Sveini Gunnarssyni synjað um leyfi til að innrétta efri hæð söluturnsins við Hverfisgötu til íbúðar.

12. Halldóri Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 16 við Þórsgötu. Stærð 7.5x4.3 m. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00. Skilyrði að húsið standi 2 metra frá götu og 3.15 m. frá lóðarmörkuð.

13. Ólafi Eliassyni leyft að byggja tvílyft steinhús til íbúðar með skúr á lóð hans við Holtsgötu og Sellandsstíg. Húsið verður nr. 11 við Holtsgötu. Stærð 10.8x4.6 m., með skúr 3.2x4.5. Byggingarleyfisgjald kr. 13.94.

14. Kr. Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini á lóðinni nr. 10 við Freyjugötu, sem hann væntanlega fær keypta af bænum. Stærð hussins er 7.5x7.5 m. Leyfisgjald kr. 6.19.

15. Ólafi Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 16 Baldursgötu. Stærð 10x7.6 m. Byggingarleyfisgjald kr. 28.27.

16. Jón Sveinsson sækir um leyfi til að byggja þvottahús og flytja salerni á lóðinni nr. 14B við Pósthússtræti. Nefndin frestar beiðninni þar til uppdráttur liggur fyrir af allri lóðinni.

17. Kristni Árnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 30 við Bragagötu. Stærð 7.7x6.3 m. Byggingarleyfisgjald kr. 9.70. Skilyrði fyrir leyfinu, að húsið standi 2 m. frá götu og 3.15 m. frá nágrannalóð.

18. Elíasi Bjarnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini á lóðinni nr. 10 við Þórsgötu. Stærð 7x6 m. með skúr 1.3x2.5. Byggingarleyfisgjald kr. 7.75.

19. Ólafi Hróbjartssyni leyft að byggja íbúðarkjallara á leigulóðinni nr. 26 við Þórsgötu. Stærð 6.9x6.9 m., og geymsluskúr 5x3.15, enda sé skúrinn allur gerður úr steini og gluggar á forhlið jafnháir og á íbúðarkjallaranum. Byggingarleyfisgjald kr. 7.92.

20. Sveini Sigurðssyni leyft að hækka þak og setja kvist á húsið nr. 24B við Njálsgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

21. Guðm. Þórðarsyni leyft að byggja geymsluskúr úr steini á baklóð hússins nr. 11 við Vitastíg. Stærð 6x3 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

22. Húsnefnd Goodtemplarahússins leyfðar ýmsar breytingar á húsinu og að hlaða nýjan reykþáf við norðurhlið hússins. Sömuleiðis leyfður geymsluskúr við norðurhlið hússins, 12.50x2.50 m. með því skilyrði að hann verði byggður úr steini. Byggingarleyfisgjald kr. 5.15.

23. Rætt var um tilhögun Veghúsastígs, og var borgarstjóra falið að eiga tal við eigendur lóðanna nr. 14 við Klapparstíg, nr. 1, 3 og 5 við Veghúsastíg um afhendingu lóðar undir stígin.

24. Tekið fyrir að nýju erindi h/f. "Njörður" um ákvörðun vegastefna yfir stakkstæðisreitinn fyrir austan Rauðará. Rætt um stefnu vegar eins meðfram sjónum, og borgarstjóra falið að útvega uppdrátt af allri strandlengjunni frá Klapparstíg og alla leið inn að Fúlutjörn svo unnt sé að ákveða stefnu þessa vegar.

25. Byggingarnefndin leggur til, að öll gatan frá Suðurgötu yfir Tjörnina og að Laufásvegi, verði nefnd ~~Kaufásvegur~~ Skothúsvegur. Gatan frá Skothúsvegi fyrir norðan Staðarstað suður eftir túninu, verður nefnd Sóleyjargata. Og gatan samhliða henni fyrir ofan Staðarstað verði nefnd Fjólugata.

Fleira ekki tekið fyrir. Á fund vantaði Pétur Ingimundarson og Einar Erlendsson, er var fjarverandi úr bænum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Sveinn Jónsson. Þorvarður Þorvarðarson.



Ár 1920, laugardaginn 14. apríl, kl. 4 síð., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Jóhannes Kr. Jóhannesson sækir um að byggja viðbótarbyggingu við húsið nr. 41 við Bergstaðastræti í línu við gamla húsið og vill skuldbinda sig til að rífa viðbótina þegar þess þarf til breikkunar götunni. Nefndin vill ekki leyfa þetta, en vill leyfa bygginguna í ákveðinni götulínu, ef farið verður fram á það, og lagður fram nýr uppdráttur.

2. Sigurði Guðmundssyni leyft að hækka úr steini eða steinsteypu hluta af húseigninni nr. 32A við Hverfisgötu samkvæmt meðfylgjandi teikningu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.50.

3. Þorvaldi Helga Jónssyni leyft að byggja einlyft, portbyggt íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni Bragagötu 29. Stærð 6.3x5.7 m. með skúr 2.5x1.9. Byggingarleyfisgjald kr. 9.13.

4. Stefáni Runólfssyni leyft að setja nýjar steintröppur við hús sitt nr. 16 við Þinghóltsstræti, samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

5. Samkvæmt umsókn Ebenesar Bergsveinssonar, var Magnúsi Benediktssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 10 við Urðarstíg. Stærð 5x3.8 m. Skilyrði, að húsið standi 3 m. frá götunni. Byggingarleyfisgjald kr. 2.28.

6. Olgeir Friðgeirssyni leyft að byggja járnvarið geymsluhús á lóð, er hann hefur fengið á leigu við Kalkofnsveg. Stærð 12.6x5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 7.56. Leyfið er því skilyrði bundið, að húsið yrði rífið og flutt í burtu hvenær sem byggingarnefnd krefst þess.

7. Þorleifi Jónssyni leyft að byggja einlyft steinsteypuhús til íbúðar á lóðinni nr. 12 við Óðinsgötu (Heilmannslóð). Stærð 6.8x6.8 m. Byggingarleyfisgjald kr. 10.17.

8. Helga Helgasyni leyft að hækka vegg á húsinu nr. 13 við Njálsgötu og setja kvist á bakhlíð þess. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00. Leyfið er bundið því skilyrði, að undanþága fái til að hækka húsið, og að greitt verði brunabótagjald, eins og ákveðið verður af brunabótanefndinni.

9. Péttri Þórðarsonni leyft að byggja einlyft, portbyggt íbúðarhús úr steinsteypu á lóð hans hefur keypt úr Klapparholtslóð við Óðinsgötu. Stærð 7.5x6.9 m., með skúr 2.1x1.5. Lóðarstærðin 166.7 m<sup>2</sup>. samkvæmt meðsendum uppdrætti og verður nr. 16B við Óðinsgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 17.27.

10. Þórði Ágústi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 14 við Nönnugötu. Stærð 5x3.8 m. með skúr 1.3x1.3. Skilyrði að húsið standi 2 m frá götu og 2.15 m. frá lóðarmörkum. Byggingarleyfisgjald kr. 2.48.

11. Magnúsi Brynjólfssyni leyfist að byggja tvílyft hús á

íbúðarhús með kjallara á lóð við Grandaveg. Stærð 4.75x7.5 m. Lóðarstærðin er samkvæmt uppdrættinum 71.25 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 11.40.

12. Byggingarnefndin mælir með því, að Guðna Hallssyni og Eiríki Sigurðssyni verði veitt undanþága til að byggja tvílyft íbúðarhús með kjallara á lóðinni nr. 22 við Frakkastíg. Stærðin er 9.2x9.4 m. með skúr, sem er 2.2x2.4 m. um leið er byggingarleyfi 27. marz f.á. úr gildi numið Byggingarleyfisgjald kr.2.00.

13. Guðríður J. Jónsdóttir sækir um leyfi til að byggja upp í skarð milli húsa á Laugavegi 33. Nefndin vill ekki veita leyfi þetta.

14. Guðbrandi Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri með kjallara, á lóðinni nr. 20 við Þórsögötu. Stærð 9.8x6.6 m., með skúr 2.2x1.7. Leyfið er því skilyrði bundið, að ~~umhverfið~~ útistöppur við framhlíð hússins verði teknar burtu og stigi settur innanhúss. Ennfremur vill nefndin benda á, að heppilegra mundi að hafa 2 reykháfa heldur en einn í húsinu. Byggingarleyfisgjald kr. 14.05.

15. C. P. Aspelund leyft að byggja vélahús úr steinsteypu á lóð, er hann fær á leigu hjá bænum við Rauðarárstíg suður af lóð h/f. "Ísaga". Stærð 12.55x7.55 m. Byggingarleyfisgjald kr. 15.16.

16. Margrėti Zöega leyft að byggja fjórlyft verzlunarhús á austurenda lóðarinnar nr. 12 við Austurstræti. Stærð 7.85x15.06 m. Byggingarleyfisgjald kr. 73.30. Samkvæmt uppgjöf er lóðarstærðin 260.5 m<sup>2</sup>.

17. Benedikt Sæmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, með kjallara, á lóðinni er hann fær keypta hjá bænum við Arnargötu. Stærð 6.9x5.65 m., með skúr 1.7x1.5. Byggingarleyfisgjald kr. 8.47.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Guðm. Asbjörnsson, og slökkviliðsstjóra (veikur).

Fundi slitið.

K. Zimsen. Einar Erlendsson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1920, laugardaginn 28. ágúst kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Hans Bjarnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, með kjallara, á lóðinni nr. 27 við Baldursgötu. Stærð 7.5x7.5 m. Skilyrði, að húsið standi 2.00 m. frá götu og 3.15 m. frá lóðarmörkum. Byggingarleyfisgjald kr. 13.24.
2. Hannesi Björnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 5 við Nönnugötu. Stærð 6.3x4.4 m. með skúr 1.3x2.0 m. Skilyrði, sama og við 1. lið. Byggingarleyfisgjald kr. 3.64.
3. Jóni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 19 við Fálkagötu. Stærð 7.1x4.1m. með skúr 4.0x1.9 m. Skilyrði, að húsið standi 3.15 m. frá lóðarmörkum. Byggingarleyfisgjald kr. 3.67.
4. Guðmundi Sigurðssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 20C við Grettisgötu. Stærð 6.9x6.3 m. Lóðin er samkvæmt framlögðum uppdrætti 156 fermetrar. Byggingarleyfisgjald kr. 5.22.
5. Ásgrími Eyþórssyni leyft að byggja einlyfta viðbyggingu úr steinsteypu við norðurenda hússins nr. 35 við Bergstaðastræti, enda standi húsið í ákveðinni götulínu. Stærð 3.0x8.2 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.95.
6. Sigurjóni Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 4 við Þórsögötu. Stærð 9.7x7.6 m. með skúr 2.0x1.6 m. að stærð. Skilyrði að framstigi sé löglegur og gangur meðfram honum ekki minni en 0.8 m. á breidd. Byggingarleyfisgjald kr. 21.87.
7. Ingimar Kr. Magnússyni og Bertel Sigurgeirssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús með kjallara, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 64 við Njálsgötu. Stærð 11.3x7.0 m. Byggingarleyfisgjald kr. 19.93.
8. Jóhnn Sigmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 18 við Þórsögötu. Stærð 10.0x7.6 m. Byggingarleyfisgjald kr. 9.12.
9. Agli Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 6 við Bergþórugötu Stærð 6.3x5.7 m.. Skilyrði að húsið standi 2.00 m. frá götu, og 3.15 m. frá lóðarmörkum. Byggingarleyfisgjald kr. 4.31.
10. A. Moris leyft að byggja einlyft portbyggt íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 25 við Fálkagötu. Stærð 7x6.3 m. með skúr 1.8x3.1 m. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 10.90.
11. Guðríði J. Jónsdóttur leyft að setja kvist á framhlið

hússins nr. 33 við við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

12. Bergi Einarssyni leyft að byggja tvílyfta viðbyggingu ur holsteini við vesturenda hússins nr. 7B við Vatnsstíg. Stærð 3.4x10.0 m. með skúr 1.5x2.2 m. Ennfremur leyft að hækka ris á húsinu, sem fyrir er. Byggingarleyfisgjald kr. 13.78.

13. Birni Gunnlaugssyni leyft að ~~YAK/Á~~ byggja eina hæð úr steinsteypu ofan á austurhluta hússins nr. 48 við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 5.01.

14. Sturla Jónssyni leyft að breyta þaki á húsinu nr. 1 við Smiðjustíg. Byggingarleyfisgjald kr. 7.12.

15. Garðari Gíslasyni leyft að flytja húsið nr. 45 við Lindargötu austar á lóðina samkvæmt framlögðum uppdrætti. - Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

16. Lagður gram og samþykktur uppdráttur að afveitustöð rafveitunnar, sem á að standa austanvert við framhald Vitastígs, þar sem hann kemur upp á torgið við Skólavörðuna. Stærð 4.5x6.5 m.

17. Lagður fram og samþykktur uppdráttur að íbúðarhúsum, er bæjarstjórnin létur byggja á Ívarsselstýni. Húsin verða 2 úr steinsteypu, og að stærð 35.0x7.0 m. hvert.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og Buðmund Ásbjörnsson.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Einar Erlendsson.

Ár 1920, laugardaginn 11. sept. kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Hjálmtý Sigurðssyni leyft að breyta þaki á húsi hans, Bjargarstíg nr. 4. Byggingarleyfisgjald kr. 19.60.
2. Kristjání Einarssyni leyft að byggja einlyft hús úr steinsteypu á lóð hans nr. 10 við Freyjugötu. Stærð 14.4x8.16 m. með 2 skúrum 2.50x2.50 m. hvor. Byggingarleyfisgjald kr. 14.76.
3. Bjarna Þórðarsyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 3 við Urðarstíg. Stærð 7.56x6.30 m. Byggingarleyfisgjald kr. 7.62. Skilyrði, að húsið standi 3 m. frá götujaðri.
4. Jón Sveinsson fer fram á að mega byggja hvottahús á baklóðinni Pósthússtræti 14B. Nefndin vill leyfa þetta, ef byggt er úr steini eða steinsteypu. Stærð 3.00x2.50 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.60.
5. Jón Zoega fer fram á að fá að vita götustefnu neðst á Skólavörðustígnum. Málinu frestað.
6. Sveini Ólafssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á kjallara og úr timbri á lóðinni nr. 12 við ~~Kryggvaxgötu~~ Freyjugötu (31 við Baldursgötu), með því skilyrði, að inngönguskúr verði byggður úr steini eða steinsteypu. Stærð 7.20x7.20 m., með skúr 1.88x2.20. Byggingarleyfisgjald kr. 18.25.
7. Hið íslenska steinolíuhlutafélag fer fram á að fá að byggja bifreiðarskúr á lóð félagsins við Amtmannsstíg, og er ætlað til að skúrin standi á súðurmörkum lóðarinnar, þar sem fyrirhugað er vegarstöði, og hvílir sú kvæð á lóðinni, að hún skuli ávallt vera opin fyrir umferð. Nefndin getur því ekki veitt hið umbeðna leyfi. Nefndin athugar, að á lóð steinolíu-félagsins eru byggðir 3 skúrar úr timbri, sem ekki hefur verið veitt byggingarleyfi fyrir, og þar sem nefndin telur sérstaka brunahættu stafa af skúrum þessum, ákveður nefndin að krefjast þess að skúrararnir verði rifnir niður og félagið sektað fyrir óleyfilegar byggingar.
8. Guðlaugi Hinrikssyni leyft að byggja einlyft timburhús á leigulóðinni nr. 15 við Freyjugötu. Stærð 8x7.25 m., með skúr 5x2.50 m. Byggingarleyfisgjald kr. 16.64. Húsið verður talið nr. 32 við Baldursgötu.
9. Ragnari Þórarinnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 29 við Baldursgötu. Stærð 9.50x6.70 m. Skilyrði, að tröppurnar upp í húsið verði innanhúss. Byggingarleyfisgjald kr. 14.76.
10. Sigurði Hjörleifssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 58 við Njálsgötu. Stærð

10.50x5.00 m. Byggingarleyfisgjald kr. 7.35. Samjvæmt fram-  
lögðum uppdrætti er lóðarstærðin 179 m<sup>2</sup>.

11. Þorkeli Helgasyni leyft að setja eina hæð ofan á húsið  
nr. 25 við Bræðraborgarstíg, að því áskýldu, að hann fái undan-  
bágu og greiði þrefalt brunabótagjald. Nefndin mælir með undan-  
bágunni. Byggingarleyfisgjald kr. 4.88.

12. Guðmundi Jónssyni leyft að byggja skúr á baklóðinni  
nr. 6 við Kárastíg. Verður skúrinn úr steinsteypu. Stærð 4.75x  
2.60 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

13. Guðjóni Gíslasyni leyft að setja dyr og glugga á aust-  
urgafli hússins nr. 61 við Hverfisgötu. Leyfisgjald kr. 2.00.

14. H/f. "Ísbjörninn" fer fram á í bréfi dags. 10. sept.,  
að því verði leyft að byggja til bráðabirgða hús úr timbri og  
járni af líkri stærð og á sama stað og það áður hefur farið fram  
á. Nefndin vill verða við þessari beiðni, að félagið fái að  
byggja til bráðabirgða skúr til ísgeymslu, 11x18.5m. að stærð,  
með því skilyrði, að skúrinn verði rifinn niður hvenær sem bæj-  
arstjórn krefst þess með 6 mánaða fyrirvara. Byggingarleyfis-  
gjald kr. 77.33.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðmundur Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1920, laugardaginn 2. október, kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Jóni Bach leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, 8.8x7.5 m. að stærð, á lóð hans nr. 12 við Þórsgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 7.12.
2. Skúla Sigurðssyni og Guðjóni Péturssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, 8.2x6.9 m. að stærð, með skúr 1.5x1.5, á leigulóðinni nr. 7 við Nönnugötu. Skilyrði, að húsið standi 2 m. frá götu og 3.15 m. frá lóðarmörkum. Byggingarleyfisgjald kr. 9.20.
3. Konráði Konráðssyni leyft að byggja geymsluskúr úr steypu á lóð hans nr. 21 við Þinghóltsstræti. Stærð 8x10 m. Byggingarleyfisgjald kr. 11.20. Sveinn Jónsson er leyfi þessu mótfallinn.
4. Tómasi Gunnarssyni leyft að byggja skúr við sjúðurgötu hússins nr. 40 við Lindargötu. Stærð 2x6.3 m. Skilyrði, að skúrin verði úr steini eða steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
5. Magnúsi Guðnasyni og Bjarna Guðnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 12 við Bergþórugötu. Stærð 7.5x5.5 m. Skilyrði að húsið standi 3.15 m. frá lóðarmörkum. Byggingarleyfisgjald kr. 4.20.
6. Fiskiveiðahlutafélaginu "Ísland" leyft að setja reykharf í geymsluskúr félagsins við Tryggvagötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
7. Magnúsi Gíslasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 9 við Þórsgötu. Stærð 6x7 m. með skúr 3x7 m. Byggingarleyfisgjald kr. 10.08. Þrír nefndarmenn vilja gera það að skilyrði, að gaflinn snúi ekki að götu, en þrír nefndarmenn vilja leyfa að byggja húsið eins og uppdrátturinn sýnir.
8. Steindóri Á Ólafssyni leyft að byggja einlyft portbyggt íbúðarhús úr timbri með kjallara á lóðinni nr. 5 við Freyjugötu. Stærð 7.7x7.5 m., með skúr 2.7x2.4. Byggingarleyfisgjald kr. 14.44.
9. Guðbrandi Guðmundssyni leyft að byggja íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 20 við Þórsgötu. Stærð 7.7x3.75 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.84. Skúr þessi stendur á lóðarmörkum með brandgafl að lóð bæjarins, sem er fyrirhuguð til leikvallar, og veitir nefndin leifið með því skilyrði, að bæjarstjórnin samþykki þetta.
10. Ragnar Þórarinssyni leyft að breyta útitröppum á húsinu Baldursgötu 29, sem honum var veitt byggingarleyfi fyrir á fundi nefndarinnar 11. sept. Leyfisgjald kr. 2.00.

11. Magnúsi Skaftfeld, að fengnu leyfi Jóns Egilssonar, leyft að byggja bílskúr á lóðinni nr. 118 við Hverfisgötu. Stærð 5x10 m. Byggingarleyfisgjald kr. 5.40.

12. Jóni Þorlákssyni leyft að byggja geymsluskúr úr steypu á baklóðinum/lóðanna nr. 21-25 við Baldursgötu. Stærð 124 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 14.88.

13. Finni Thorlacius f.h. Jóns Jonssonar Þinghóltsstræti 33, leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr timbri með kjallara á baklóðinni nr. 8B við Njálsgötu. Stærð 9.5x6.3 m. . Byggingarleyfisgjald kr. 22.74.

14. Vigfúsi Jónssyni leyft að byggja íbúðarskúr úr timbri, 3.85x3.10 m. að stærð, á leigulóð sinni Fálkagötu 20. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

15. Raforkuveitu Reykjavíkur leyft að byggja 8 spennistöðvar:

- a. við vesturgötu húss Hjálpræðishersins.
  - b. á lóð Völundar við Klapparstíg,
  - c. í ágæði Jes Zimsen við Kalkofnsveg.
  - d. Á erfðafestulandi Eiríks Briem við Bókhöndustíg.
  - e. Á lóð bæjarins vestan við Bryggjuhúsið.
  - f. Á lóð bæjarins vesan hegningarhússins við Bergstaðastræti
  - g. Á lóð Sveins Hjartarsonar nr. 46 við Vesturgötu.
  - h. Við Vitastíg á lóð Sig. Þ. Jónssonar nr. 62 við Laugaveg..
- Stærð hverrar stöðvar um sig er, 3.25x3.25 m. og allar gerðar einlyftar úr steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 16.00.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðmundur Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson.  
Þorvarður Þorvarðsson.



Ár 1920, mánudaginn 18. október kl. 9 árd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert :

1. Páll Stefánsson fer fram á að fá leyfi til að byggja steinskúr sunnanvert við vesturenda hússins Lækjartorg nr. 1. En þar sem beiðnin liggur ekki fyrir frá lóðareiganda, getur nefndin ekki sinnt beiðninni.
2. Þorsteini Guðmundssyni leyft (að byggja) geymsluskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 4 við Tjarnargötu. Stærð 9.4x2.8 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.16.
3. Gunnþórunn Halldórsdóttir fer fram á að mega byggja bráðabirgðabílskúr úr timbri og járni á lóðinni nr. 7 við Amtmannsstíg. Nefndin synjaði um þetta leyfi með jöfnum atkvæðum.
4. Ólafi Magnússyni leyft að byggja bílskúr úr steini á lóðinni nr. 2 við Klapparstíg. Stærð 6.4x5.1 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.72.
5. Kristjáni Jónssyni leyft að byggja tvílyft, portbyggt íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 46 við Skólavordustíg. Stærð 8.2x8.5 m. Skilyrði að húsið standi 2 m. frá götulínu. Byggingarleyfisgjald kr. 23.30.
6. Ólafi Þorkelssyni leyft að byggja salerni við húsið nr. 28 við Bergstaðastræti. Stærð 1.5x1.5 m. Leyfisgjald kr. 2.00.
7. Njáli Símonarsyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri með steiptum inngönguskúr á lóðinni nr. 7 við Freyjugötu. Stærð 6.3x5.7 m. með skúr 2.6x2.6 m. Leyfisgjald kr. 9.39.
8. Einar Ísaksson fer fram á að mega byggja bráðabirgðaskúr til íbúðar á lóðinni "Vörn" vestan við Iðunni. Nefndin synjar um þetta leyfi, enda er lóðin leigð öðrum.
9. Tómas Gunnarsson fer fram á að mega hafa skúr þann, er honum var leyft að byggja á síðasta fundi, úr timbri í stað steinsteypu. Nefndin vill leyfa þetta, með tilliti til þess, að skúrinn stendur við Vitatorg.
10. Guðbrandur Þórðarson fer fram á að mega byggja timburbílskúr til bráðabirgða á lóðinni nr. 18 við Njálsgötu. Nefndin vill leyfa þetta, með því skilyrði, að skúrinn sé byggður úr steini eða steinsteypu. Stærðin er 6x5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.60.
11. Lagður fram uppdráttur af gatnaskipan Hringbrautar, Laufássvegs milli Laufáss og Kennaraskólans og Njarðargötu niðar Bergstaðastræti, og var þessi uppdráttur samþykktur.
12. Eyvindi Árnasyni leyft að byggja einlyft, portbyggt

Íbúðarhús úr timbri og með kjallara í Laufástúni neðanvert við Laufásveg. Stærð 8.8x7.5 m. , með útbyggingu 5x1.25. Byggingarleyfisgjald kr. 24.57.

13. Ákveðin nöfn á Grímsstaðaholti:

- a. Torgið fyrir ofan Grímsstaði, Grímsstaðatorg.
- b. Gatan vestur úr torginu og niður að sjó: Súlugata.
- c. Gatan austur úr torginu gengt Súlugötu: Lundastræti.
- d. Gatan suðvestur frá Fálkagötu hjá görðunum: Lómsegata.
- e. Vegur norðaustur frá Fálkagötu gengt Lómsegötu: Smírilsvegur.
- f. Gata milli Suðurgötu og Smírilsvegar meðfram lóð Loftskeytastöðvarinnar: Lógata.
- g. Gata samhliða Lógötu, milli hennar og Fálkagötu: Þrastargata.
- h. Stígur milli Lógötu og Þrastargötu: Kjóstígur.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson.  
Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1920, laugardaginn 30. október kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jónatan Þorsteinssyni leyft að byggja upp aftur bakhús þau, er brunnu á lóðinni nr. 31 við Laugaveg. Bakhúsin verða úr steini. Stærð 219 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 71.11.
2. H/f. "Kol og salt" leyft að byggja skúr við suðurenda salthúss félagsins á uppfyllingunni við Battarfið. Stærð 16.2x7.6 m. Byggingarleyfisgjald kr. 15.00. Nefndin veitir undantágu til byggingarinnar.
3. Siggeir Torfasyni leyft að breyta þaki á húsinu nr. 19 við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 9.85.
4. Árnóri Guðmundssyni og Morten Ottesen leyft að byggja geymsluskúr úr timbri og jární á lóðinni nr. 8 við Lokastíg. Stærð 3.15x3.15 m. Leyfisgjald kr. 2.00.
5. Ólafi Auðunnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 6 við Þórsgötu. Stærð 6.3x6.3 m. Gjald kr. 6.32.
6. Jóhannesi V. Sveinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 6 við Freyjugötu. Stærð 7.5x8.8 m. Skilyrði, að kvisturinn nái út að gafli. Byggingarleyfisgjald kr. 13.20.
7. Magnúsi Bjarnasyni leyft bráðabirgðaskúr, á lóð við Bræraborgarstíg, er hann fær á leigu hjá bænum. Stærðin er 6x51 m. Leyfið því skilyrði bundið, að skurinn standi 2 m. frá götu, og verði rifinn burtu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess. með þriggja mánaða fyrirvara. Leyfisgjald kr. 3.67.
8. Jóni Jónssyni leyf að setja inngönguskúr úr timbri við húsi nr. 39B við Grettisgötu. Stærð 2.5x1.5 m. Gjald kr. 2.00.
9. Jón Jónsson fer fram á það, að bæjarstjórnin úrskurði, að hann skuli veita skólpi frá húsi sínu nr. 39B við Grettisgötu niður í Laugaveg með neðanjarðarræsi um lóðina nr. 56 við Laugaveg, en eigandi þeirrar lóðar hefur ekki viljað veita leyfi til þess. Nefndin telur sjálfsagt að skópi verði veitt frá umræddu húsi á þennan hátt og leggur til að bæjarstjórnin úrskurði það, samkv. 11. gr. bygginga- og heilbrigðissamþykktarinnar, enda sé verkið unnið undir eftirliti bæjarverkfræðingsins.
10. Chr. Berndsen leyft að setja kvist á húsið nr. 15B við Skólavörðustíg. Gjald kr. 2.00.
11. Sigurði Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni á horni Lokastígs og Njarðargötu og verður nr. 4 við Njarðargötu. Stærð 6.9x7.2 m. með skúr 2.2x2.2m. Leyfisgjald kr. 12.86.

12. Guðm. Erlendssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, að stærð 6.3x6.3 m. á lóðinni nr. 4 við Urðæstíg. Skilyrði, að húsið standi 3 m. frá götu og 3.15 m. frá nágrenna-lóð. Byggingarleyfisgjald kr. 4.76.

13. Tómasi Jónssyni og Guðsteini Eyjólfssyni leyft að byggja steinskúr við vesturenda hússins nr. 32A við Laugaveg. Stærð 3.15x7 m. Ennfremur leyft að setja reykhlíf í húsið. Byggingarleyfisgjald kr. 4.21.

14. Magnúsi Sæmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 32 við Bragagötu. Stærð 7.5x7.5 m. með skúr 1.5x1.5 m. Byggingarleyfisgjald kr. 11.70.

15. Valdimar Arnasyni leyft að byggja 2 hæðir úr steini ofan á grunn þann þann, er hann hefur áður fengið leyfi til að byggja á lóðinni nr. 9 við Vitastíg. Byggingarleyfisgjald kr. 14.02.

16. Ísfélaginu við Faxaflóa h/f. leyft að lengja íshúsið við Tjarnargötu vstur að Suðurgötu. Stærð viðbótarinnar 13.6x16. m. Byggingarleyfisgjald kr. 54.40.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.  
Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1920, laugardaginn 13. nóvember kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Guðm. Guðmundssyni leyft, að áður fengnu samþykki bæjarstjórnar, að byggja einlyft íbúðarhús á erfðafestulandinu Kapla-skjólbletti. Stærð 3.75x3.75 m. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

2. Halldóri J. Backmann leyft að byggja viðbótarbyggingu við skúr hans Urðarstíg 5. Byggingin verður úr steinstehou. Stærð 5.3x6 m. Byggingarleyfisgjald kr. 3.82.

3. Péttri Ingimundarsyni leyft að byggja íbúðarskúr úr steini á lóðinni nr. 3 við Freyjugötu. Stærð 6.60x3.70 m. Leyfisgjald kr. 2.93.

4. Hinu ísl. steinolíuhlutafélagi leyft að byggja bifreiðarskúr úr steini eða steinsteypu á lóð félagsins við Amtmannsstíg. Stærð 6.30x5.20 m. . Skilyrði fyrir leyfinu er, að girðingin milli lóðar félagsins og lóðar K.F.U.M. verði byggð úr steini eða steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 3.28.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson og byggingarfulltrúa, er var fjarverandi úr bænum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðarson. Guðm. Ásbjörnsson.  
Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson.

Ár 1920, laugardaginn 27. nóvember kl. 4 e.h., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Sveini Jóni Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús með kjallara, á lóð hans við Grandaveg. Stærð 5.7 m<sup>2</sup>., með skúr, sem er 3.5x1.9 m. Gjald kr. 10.03. Leyfið er því skilyrði bundið, að húsið verði byggt úr steini eða steinsteypu.
2. Agli Vilhjálmsyni o.fl. leyft að byggja afgreiðsluskúr fyrir bifreiðar við Austurstræti, á lóð hússins nr. 2 við Lækjargötu. Stærð 2.5x5.8 m. Gjald kr. 2.00. Samþykki lóðareiganda fylgdi beiðninni.
3. A. Normann leyft að gera inngönguskúr við hús nr. 104 við Laugaveg. Stærð 1.2x1.2 m. Gjald kr. 2.00.
4. Guðm. Einarssyni leyft að byggja geymsluskúr úr steini á leigulóðinni nr. 22 við Baldursgötu. Stærð 5.7x1.9 m. Gjald kr. 2.00.
5. Valdimar Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 19B við Ingólfsstræti (Pálsbæjarbletti). Stærð hússins er 12.9x7 m., með skúr 2.2x1.5 m. Gjald kr. 17.38. Jafnframt er úr gildi numið byggingarleyfi á sama stað, veitt 10. jan. s.á., með skilyrði um að undanþága fengist hjá stjórnarráðinu, en sú undanþága hefur enn ekki verið fengin.
6. Hinu íslenska steinolíuhlutafélagi leyft að lengja bifreiðarskúr þess á lóð þess við Amtmannsstíg. Stækkunin er 1.2 x 5.2 m. Gjald kr. 2.00.
7. Bún(að)arfélag Íslands fer fram á að fá leyfi til að setja steingarð um hluta af lóð gróðrarstöðvarinnar við Laufásveg á sama stað og gamla girðing in hefur verið. Nefndin athugar að það sveði sem hér á að girða, er ákveðið til gatna (Hringbrautar o.fl.). En nefndin sér ekkert því til fyrirstöðu að leyft verði að gera hina fyrirhuguðu girðingu með því skilyrði, að hún verði sett samhliða kennaraskólanum, og í ekki minni fjarlægð frá honum en 12.5 m., enda verði hún rifin þenum að kostnaðarlausu, þega bærinn þarf að taka lóðina undir götu eða torg.
8. Samkvæmt beiðni Runólfs Stefánssonar, var ákveðið að hús það, sem hann er að byggja við Skólavörðustíg, skuli teljast nr. 19 við þá götu.
9. Jón Hannesson fer fram á að fá ákveðið númer á svokall- að Runólfs húsi, og var ákveðið að það yrði talið nr. 2 við Kapla- skjólsvæg.
10. Lagt fram bréf frá Oddnýju Þorsteindóttur, Klapparstíg 2, þar sem hún kvartar yfir óhagræði og skemmdum á húsi sínu (húseign) sinni, af mannvirkjum á nágrannalóðinni, og fer fram

á að byggingarnefndin meti skemmdirnar. Nefndin felur bygging-  
arfulltrúa að athuga skemmdirnar, en telur að öðru leyti málið  
sér óviðkomandi.

11. Byggingarfulltrúa var falið að rannsaka, hvort bygging-  
arleyfi væru til fyrir byggingum þeim, sem eru og verið er að  
gera á Ráðagerðislóðinni við Sellandsstig, svo og um byggingar  
á lóðunum 21 við Njálsgötu og kæra umræddar byggingar ef ástæða er  
til.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Sveinn Jónsson. Kristinn  
Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Einar Erlendsson.

Ár 1920, fimmtudaginn 9. desember, kl. 5 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Tekið fyrir byggingarfulltrúastarfið, út af breytingartillögum við fjárhagsáætlunina 1921.

Byggingarnefndin er þeirrar skoðunar, að ef framfylgja á byggingarsamþykkt bæjarins, og veita þeim er byggja æskilega leiðbeiningu til að koma á betra byggingarlagi í bænum, er nauðsynlegt að skipaður verði byggingarfulltrúi, sem getur gefið sig að öllu leyti við starfinu. Eftirlitsmaður, sem hefur starfið í hjáverkum, eins og verið hefur nú síðast, er að öllu leyti ófullnægjandi. Nefndin telur mjög óheppilegt, og alls ekki líklegt, að bæjarverkfræðingurinn geti auk annara starfa sinna haft eftirlit með byggingum, og því með öllu rangt að fella honum byggingarfulltrúastarfið með lítilli aðstoð og það þess fremur, sem bæjarverkfræðingurinn er ráðinn er frá næstu áramótum, er útlendingur, sem ekki talar eða skilur íslensku.

Byggingarnefndin vill því alvarlega ráða bæjarstjórninni frá að fella burtu fjárveitingu til byggingarfulltrúa árið 1921.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.  
Sveinn Jónsson Kristinn Sigurðsson. Þorvarður Þorvarðsson.



Ár 1921, laugardaginn 15. janúar, kl. 4 e.h., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Þorsteini Guðmundssyni leyft að gera skúr við hús sitt nr. 15 við Fálkagötu. Stærð 3.5x5.0 m. Gjald kr. 2.00.
  2. Sveinn Jónsson fer fram á að fá leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr ~~lúðri~~ steypu á lóð Doktorshússins. Nefndin sér sér ekki fært að veita hið umbeðna leyfi, þar sem ætlazt er til að húsið standi ekki við fyrirhugaða götu.
  3. Andrési Andrésyni leyft að gera bráðabirgðaforstofu-skúr, úr timbri, við hús hans nr. 3 við Laugaveg og gildir þetta leyfi þar til húsið er fullgert. Stærð skúrsins er 2.25x6.15 m. Gjald kr. 3.65.
  4. Filippusi Ingólfssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 5 við Bergþórugötu, að stærð 7.1x7 m. Leyfið er því skilyrði bundið, að húsið standi 2 m. frá götju og 3.15 m. frá lóðarmörkum. Gjald kr. 13.32.
  5. Eyjólfu Guðbrandssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóð hans nr. 21 við Lokastíg. Stærð hússins er 7.5x6.9 m., með skúr 2.7x2 m. Gjald kr. 14.40.
  6. Lagt fram erindi frá Eggert Claessen o.fl. um breytt götunöfn og númer á húsunum 14, 14B, 17 og 19 við Pósthússtræti. Málinu var fresta.
  7. Jóni Þorlákssyni leyft að gera nokkrar breytingar innanhúss í húsinu nr. 11 við Bankastræti. Gjald kr. 2.00.
- Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson.  
Einar Erlendsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Asbjörnsson.

Ár 1921, laugardaginn 29. janúar kl. 4 e.h. var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Óskari Gíslasyni leyft að byggja bráðabirgðagripahús á lóð, sem bærinn leigir honum innan við Tungu. Leyfið er því skilyrði bundið, að húsið verði rífið niður hvenær sem bærinn krefst þess. Stærð 5.8x3.5 m. Gjald kr. 2.00.
2. Carl Olsen leyft að byggja viðbyggingu við útihús hans á erfðafestulandi hans í Laugamýri, með því skilyrði að bæjarstjórnin samþykki að byggt sé í erfðafestulandinu. Stærð 7.5 x4.4 m. Gjald kr. 3.32.
3. Þórði Jónssyni leyft að breyta búðinni í útbyggingunni í Aðalstræti 9 í 2 hæðir. Gjald kr. 2.00.
4. Hannes Helgason fer fram á að mega byggja íbúðar hús úr steini eða steinsteypu, á lóð úr Bergstaðastræti nr. 8. Nefndin vill ekki verða við þessari beiðni, þar sem ekki er gata að húsinu, eða skólpræsi frá því.
5. Péttri Hjaltested leyft að breyta neðstu hæðinni á húsinu nr. 2 við Lækjargötu, samkvæmt uppdrætti. Gjald kr.4.00.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson, Svein Jónsson og slökkvistjóra.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Einar Erlendsson. Kristinn Sigurðsson.  
Guðm. Ásbjörnsson.

Ár 1921, laugardaginn 12. febrúar kl. 4 e.h., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Þórarni Kjartanssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 76 við Laugaveg. Gjald kr. 2.00.
2. Einarí Jónssyni leyft að byggja á loftinni Bræðraborgarstíg 31, einlyft íbúðarhús úr steini með kjallara. Stærð 5.6 x 8.5 m. Gjald kr. 12.20. Leyfið er því skilyrði bundið, að húsið standi í réttri götulínu.
3. Vilborgu Guðnadóttur leyft að byggja tvílyfta viðbyggingu við vesturenda hússins nr. 5 við Skólavörðustíg. Stækkunin er 33.9 fermetrar. Gjald kr. 10.30. Leyfið er veitt með því skilyrði, að viðbyggingin standi í fyrirhugaðri götulínu.
4. Grímur Jóhannsson fer fram á, að húsið nr. 59B við Grettisgötu verði framvegis talið nr. 76B við Laugaveg, þar sem hann hefur ekki aðgang að húsinu nema frá Laugavegi, vill nefndin verða við þessari beiðni.
5. Sturla og Friðrik Jónssynir fara fram á að fá leyfi til að skifta húseigninni nr. 11 við Laugaveg í tvær eignir. Eins og húsum er nú háttað á eigninni, sér nefndin sér ekki fært að mæla með því, að undanþága verði veitt til þess.
6. Tekið fyrir erindi Eggerts Claessen og fleiri (samkv. fundargerð 15. jan. þetta ár) um götunöfn og númer við Pósthússtræti, og leggur nefndin til að torgið fyrir sunnan kirkjuna verði kallað Kirkjutorg, og verður þá nr. 14 við Pósthússtræti nr. 6 við Kirkjutorg, nr. 14B við Pósthússtræti verður nr. 4 við Kirkjuborgæki. Ennfremur leggur nefndin til að sundið milli Kirkjutorgs og Lækjargötu verði nefnt Skólalbrú, verður þá innangangur hússins nr. 17 við Pósthússtræti, sá er veitt að Skólalbrú, talinn nr. 1 við þá götu, og húsið nr. 19 við Pósthússtræti, talið nr. 2 við Skólalbrú.
7. Nefndin leggur til að byggingarfulltrúastarfið verði auglýst laust til umsóknar frá 1. apríl, en með umsóknarfresti til 10. marz. Nefndin ætlar til að byggingarfulltrúastarfið verði undir yfirstjórn bæjarverkfræðings, og mun hún síðar koma fram með tillögum um erindisbréf hans.

Fleira gerðist ekki. Á fund vandaði Þorvarð Þorvarðsson og slökkvistjóra.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson.

Ár 1921, laugardaginn 26. febrúar kl. 4 e.h., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra.

Þetta gerðist:

1. Símoni Jónssyni leyft að breyta stiga í húsinu nr. 1 við Bergstaðastræti. Leyfisgjald kr. 2.00.
2. Einari Péturssyni leyft að byggja stækka inngönguskúr austan við húsið nr. 7 við Spítalastíg. Skúrinn verður úr steini eða steinsteypu. Stækkunin verður 9.2 m<sup>2</sup>. Leyfisgjald kr. 2.20.
3. Sveinbirni Stefánssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á lóðinni nr. 2 við Spítalastíg. Stærð 4x6.9 m. Rifinn skúr af lóðinni 2.5x4 m. Leyfisgjald kr. 7.20.
4. Sigurði Oddssyni leyft að lengja húsið nr. 8 við Bergstaðastræti um 2 m. yfir að fyrirhugaðri gotu milli Ingólfsstr. og Bergstaðastrætis. Byggingin verður úr steinsteypu. Breiddin er 6.3 m. Leyfisgjald kr. 4.00.
5. Frú Magneu Þorgrímsson leyft að stækka bílskúr á bak við húsið nr. 10 í Kirkjustræti um 14.9 m.<sup>2</sup>, og breyta skúrnum í sölubúð. Leyfisgjöld kr. 2.00.
6. Theódór N. Sigurgeirssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á kjallara og með brotnu risi á lóðinni nr. 32 við Óðinsgötu. Stærð hússins er 8.75x7.50 m. Lóðin, er húsinu fylgir, 127.8 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 28.90.
7. Lagt fram bréf frá Eggert Claessen, dags. 25. h.m. viðvíkjandi númeri á húsi hans nr. 17. við Pósthússtræti, og í tilefni af því leggur nefndin til, að Kirkjútorg verði látið ná frá húsunum nr. 4 og 6 við torgið alla leið að Kirkjustræti. Verður þá húsið nr. 17 við Pósthússtræti nr. 1 við Kirkjútorg.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Sveinn Jónsson. Einar Erlendsson. Þorvarður Þorvarðarson.

Ár 1921, laugardaginn 12. marz, kl. 4 e.m., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Alþýðufélögunum leyft að flytja skúr þann, sem þeim þeim var leyft að byggja 27. sept. 1919, á lóð Jóns Zöega við Ingólfsstræti. Leyfið er með sama skilyrði og áður. Gjald kr. 2.00.

2. Stefán Thorarensen spyrzt fyrir um húsalínu á Laugavegi og Vegamótastíg. Nefndin felur borgarstjóra að tjá honum að breidd Vegamótastígs sé ákveðin 6.3 m., talin frá vesturgafli hússins nr. 18A við Laugaveg sé 2 m. frá gangstéttarbrún.

3. Byggingarnefndin ákve ur að krefjast þess, að bráðabirgðaskúr, sem Ólafi Jónssyni var leyft að byggja við Vegamótastíg í júlí 1918 verði tekinn burtu með 6 mánaða fyrirvara.

4. Byggingarnefndin leggur til að breytt verði húsnúmerum við Klapparstíg, samkv. skrá, sem framlögð var á fundinum, og þannig, að verkemiðjuhús Volundar verður nr. 1, og hornhúsið við Skólavörðustíg verður nr. 44.

5. Lagðar fram umsóknir um byggingarfulltrúastarfið, og höfðu þessir sótt um starfið: Einar Finnsson, Finnur O. Thorlacius, Guðm. Sigurjónsson, Guðm. H. Þorláksson, Johann Fr. Kristjánsson, Jóhannes Kr. Jóhannesson, Sigvaldi Bjarnason og Þorlákur Ófeigsson.

Byggingarnefnd og bæjarverkfræðingur leggja eindregið til að Guðm. Þorlákssyni verði veitt starfið.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Einar Erlendsson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson.  
H. Klitgaard Nielsen.

1921, laugardaginn 2. apríl, kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu bógarstjóra.

Á fundinum metti hinn nýi byggingarfulltrú Guðmundur H. Þorláksson.

1. Magnúsi Vigfússyni leyft að stækka skúr um 8.3 fermetra, á Kirkjubóli. Gjald kr. 2.00.

2. Þórð Ólafssyni leyft að byggja bráðabirgðaskúr úr timbri og jární á lóð hans við Tryggvagötu fyrir neðan Merkistein (Vesturgötu 12). Stærð 11.6x6.3 m. Byggingarleyfisgjald kr. 8.80.

3. Kar í Lárussyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á kjallara og úr steinsteypu á lóðinni nr. 9 við Spítalastíg. Stærð 135.4 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 61.70. Hús það er áður var á lóðinni er nýhrunið. Húsið skal hér eftir teljast nr. 14 við Bergstaðastræti.

4. Garðar Gíslason Afsalar sér byggingarleyfi fengnu 10. jan. f.á.

5. Sigurði Guðlaugssyni leyft að setja húrð á norðurgöfl hússins nr. 14 við Aðalstræti. Skilyrði, að hurðin falli inn. Leyfisgjald kr. 2.00.

6. Tr. Hákonsson leyft að setja miðstöðvarhitun í hús hans, Vonarstræti 3, slökkviliðsstjóra falið að hafa eftirlit með tessu. Leyfisgjald kr. 2.00. Skilyrði fyrir leyfinu, að að veggir og loft séu úr steini og hurðin inn í ketilrúmið úr jární.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Einar Erlendsson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. H. Þorláksson. Kristinn Sigurðsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1921, laugardaginn 16. apríl kl. 4 e.h., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Halldóri Danielssyni leyft að byggja tvílyftan steinsteypu skúr, á norðurmörkum lóðar hans við Aðalstræti 11. Stærð 43.8 fermetrar. Gjald kr. 9.64.

2. Páli Þorvaldssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, með kjallara á lóð hans við Þórsgötu 22. Stærð 51.5 fermetrar. Gjald kr. 12.36.

3. Magnúsi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, með kjallara, á lóð hans nr. 4 við Freyjugötu. Stærð 47.6 fermetrar. Gjald kr. 9.52.

4. O.J.Olsen leyft að setja kvist á samkomuhúsið nr. 21 við Ingólfsstræti. Gjald kr. 2.00.

5. Anna A. Hjaltested fer fram á að fá leyfi til að byggja hæð ofan á timburskúr við húsið nr. 8c við Lindargötu. Nefndin getur ekki orðið við þessari beiðni.

6. Ólafi Jónssyni leyft að byggja tvílyfta viðbótarbyggingu við hús hans nr. 25 við Frammesveg. Stærð 34.2 fermetrar. Gjald kr. 8.20. Með leyfi þessu er ekki skorið úr deilu nágrennanna um lóðarmörk.

7. Jón Jóhannesson og Soffía Sigurðardóttir sækja um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús á ofanjarðar kjallara, á lóð þeirra nr. 44 við Skólavörðustíg. Þar sem gert er ráð fyrir að stigin upp í húsið, sem verður 2.3 m. frá jörðu, sé allur utanhúss, getur nefndin ekki veitt hið umbeðna leyfi.

8. Jónasi Þóroddssyni og Einari Einarssyni leyft að reisa tvílyft steinsteypuhús, með íbúðarkjallara, á lóð þeirra nr. 25 við Þórsgötu. Stærð 83.2 fermetrar, með íbúðarskúrum og geymsluskúr 21.8 fermetrar. Gjald kr. 28.90.

9. Samþykktur uppdráttur af breytingu á slökkvistöðinni.

10. Tr. Hákonson fer fram á breytingar á samþykkt síðasta fundar byggingarnefndar, um miðstöðvarhitun í Iðnó. Nefndin heldur fast við fyrri samþykkt sína.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson.  
Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson. Guðm. Ásbjörnsson.

Ár 1921, laugardaginn 30. apríl, kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Elínu Egilsdóttur leyft að byggja tvöta- og geymsluskur á lóðinni nr. 8A við Kirkjustræti. Stærð 17.5 fermetrar. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
2. Ólafi Hjaltested leyft að setja skúrinn ~~ni~~ við austur-enda hússins nr. 8E við Lindargötu undir sömu þakhæð og byggja 2 kvisti á húsið. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.
3. Kristínu Símonarson leyft að byggja tvílyft geymsluhús með kjallara ur steinsteypu á suðurmörkum lóðarinnar Vallarstræti 4. Stærð 46.5 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 13.40.
4. Jóni Jóhannessyni og Soffíu Sigurðardóttur leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 44 við Skólavörðustíg. Stærð 78.3 m<sup>2</sup>. Skilyrði, að stigin sé úr járnbentri steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 18.12.
5. H/f. "Njörður" leyft að byggja bráðabirgðaskúr á Iðunnarlóðinni. Stærð 55 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 7.26.
6. Bjarna Guðnasyni og Magnúsi Guðnasyni leyft að byggja íbúðarskúr á lóðinni nr. 18 við Fálkagötu á Grímsstaðaholti. Stærð 16.6 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.80.
7. Th. Thorsteinsson fer fram á að fá að byggja fiskurrkunarhús úr timbri og járnvarið á Kirkjusandi. Nefndin vill ekki veita leyfið af því, að húsið á að vera úr timbri.
8. Kristjáni Markússyni leyft að breyta söljubúð í íbúð í húsinu nr. 50 við Vesturgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
9. Guðna Þorsteinssyni leyft að byggja íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 22 við Þórsgötu. Stærð 26.4 m<sup>2</sup>. Leyfisgjald kr. 3.17.
10. Elíasi Elíassyni leyft að byggja íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 7 við Urðarstíg. Stærð 22.7 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.73.
11. Þorsteini Péturssyni leyft að byggja íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 36 við Bragagötu. Stærð 48.7 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 10.35.
12. H. Benediktssyni heildsala leyft að breyta framhlið geymsluhúss hans við Vallarstræti, tilheyrandi húseigninni Thorvaldsensstræti 2. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
13. Lagður fram uppdráttur af stefnu Frakkastígs neðan Lindargötu, og samþykkt byggingarnefndin hann.



14. Nefndin samþykkir að fela byggingarfulltrúa að krefjast þess af eigendum húsa, þar sem gangstéttar eru, að bakrennur séu settar á húsin, og veggþípur í samband við holresi götunnar.

15. Framlagt bréf frá Kristínu Sigurðardóttur, viðvikjandi skaðabótum fyrir breytingar, sem hún telur að hafi verið gerðar á byggingarleyfi fyrir viðbótarbyggingu við húsið nr. 20A við Laugaveg. Fylgdi bréfinu mat á skaðanum og fól nefndin borgarstjóra að krefjast upplýsinga um það hjá matsmönnum á hverju þeir byggja matið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðsson. Kristinn Sigurðsson.  
H. Klitgaard Nielsen. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson.  
Guðm. H. Þorláksson. Guðmúndur Ásbjörnsson.

Ár 1921, laugardaginn 14. maí kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Og gerðist þetta:

1. Jóni Víðis leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 17 við Þórsgötu. Stærð 89.7 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 17.95.
2. Runólfi Magnússyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á kjallara og járnvarið á lóðinni nr. 21B við Bræðra-borgarstíg, með því skilyrði, að húsið verði allstaðar minnst 3.15 m. frá lóðarmörkum, enda verði lóðaruppdráttur laður fram á næsta fundi nefndarinnar. Stærð hússins er 49.8 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 11.20. Öll hús, sem nú eru á lóðinni, verða rifin.
3. Guðrúnu Helgadóttur leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu á lóðinni Kárástíg nr. 3. Stærð 47.6 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 10.48. Leyfið er því skilyrði bundið, að aðeins tvö þrep af stiganum sé utanhúss.
4. Ísleifi Jónssyni skólastjóra leyft að setja dyr í stað glugga á húsið nr. 3 við Bergstaðastræti. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
5. Björgólfi Stefánssyni leyft að setja tvo kvisti, sinn á hvora hlið hússins nr. 57A við Hverfisgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.
6. Guðm. Matthíassyni leyft að innrétta 2 íbúðarherbergi í geymsluhúsi hans við Lindargötu og byggja inngönguskúr við vesturgötu. Stærð inngönguskúrsins er 4.00 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.80.
7. Vigfúsi Jónssyni leyft að byggja bráðabirgðarskúr á lóðinni nr. 20 við Fálkagötu. Stærð skúrsins er 23.9 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.90.
8. Endurnýjað byggingarleyfi Sigurðar Halldórssonar 31. maí 1919 á baklóðinni Þingholtsstræti 7. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
9. Jónas H. Jónsson fer fram á að mega stækka skúr úr timbri við austurgötu Bárúhússins. Nefndin vill ekki leyfa þetta.
10. Baldri Benediktssyni leyft að byggja bráðabirgðaskýli til íbúðar á baklóðinni Hverfisgötu 92. Stærð 57 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 7.30.
11. Kristjón Jónssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 46 við Skólavörðustíg. Stærð 76.5 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 7.30. og fellur jafnframt úr gildi byggingarleyfi, sem honum var veitt 18. okt. 1920.

12. Th. Thorsteinsson ítrekar beiðni sína um fiskburrkunar-  
húx á Kirkjusandi, er honum var synjað um á síðasta fundi nefnd-  
arinnar. Nefndin ákvað að leita umsagnar brunamálanefndar um  
mál þetta, áður en frekari ákvörðun er tekin.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson  
og Guðmund Ásbjörnsson, er var erlendis.

Fundi slitið.

K. Zimsen. G.H. Þorláksson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimund-  
arson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1921, laugardaginn 28. maí kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Magnúsi Th. S. Blöndahl, f.h. eigenda "Brúarenda" leyft að byggja fjós og heyskúr austanvert við gamla steinbæinn "Brúarenda" suður við Þormóðsstæði. Stærð 40 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 6.40.
2. Biskup fer fram á að megi láta reisa Jóni biskupi Vídalín minnismerki sunnanvert við dyr dómkirkjunnar. Byggingarnefndin vill fyrir sitt leyti leyfa þetta, en Sveinn Jónsson lætur þess getið, að hann vilji ekki samþykkja gerð stöðulsins undir líknekinu, svo sem honum er lýst í umsókninni.
3. Bjarna Árnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 7 við Holtsgötu. Stærð 52.5 m<sup>2</sup>. Jafnframt verður rífið niður hús, sem er á lóðinni. Skilyrði fyrir leyfinu er, að núverandi íbúum hússins sé tryggður bústaður framvegis. Byggingarleyfisgjald kr. 12.60.
4. Símoni Símonarsyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 25 við Freyjugötu. Stærð 47.9 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 6.32.
5. Sveini Magnússyni leyft að byggja inngönguskúr úr steini við vesturenda hússins Bergstaðastræti 66. Stærð 1.9 m<sup>2</sup>. Leyfisgjald kr. 2.00.
6. Framlaður og samþykktur uppdráttur af afstöðu húss þess, er Runólfi Magnússyni var leyft á síðasta fundi að reisa á lóðinni 21B við Bræðraborgarstíg.
7. Guðm. Jónsson og Kristjón Fr. Gíslason sækja um leyfi til að fá að byggja timburskúr við austurgafli hússins nr. 15 við Nýlendugötu. Byggingarnefndin getur ekki leyft skúrbyggingu þessa úr timbri.
8. Ingi Halldórsson fer fram á að <sup>meði</sup> byggja hesthússkúr úr timbri við austurgafli hússins nr. 56B við Hverfisgötu. Byggingarnefndin getur ekki leyft byggingu þessa úr timbri.
9. Út af erindi Jóns Ólafssonar um húsnúmer á húseign h/f. "Alliance", "Escetr", sem talið hefur verið nr. 16B við Vesturgötu, ákvað nefndin að tölusetja húseignina við Tryggvagötu þannig:
  - Nr. 39 (Schoushús) 14B við Vesturgötu.
  - Nr. 41 ("Esceter") 16B við Vesturgötu.
  - Nr. 43 (hús Lofts Loftssonar við Norðurstíg).
  - Nr. 45 (hús h/f "Hamar") nr. 7 við Norðurstíg.
  - Nr. 47 (steinhúsið) nr. 9 við Norðurstíg.
  - Nr. 53 (járnsteypuhúsið) við Agisgötu

10. Tekið fyrir erindi Th. Thorsteinsson, er frestað var á síðasta fundi og vísað til brunamálanefndar. Meiri hluti brunamálanefndar hefur lagt til, að leyfið verði veitt og hafi slökkviliðsstjóri umsjón með fyrirkomu agi á þurrkunartækjum. Nefndarmennirnir K. Zimsen og Þorvarður Þorvarðsson vilja ekki veita hið umbeðna leyfi. En Pétur Ingimundarson og Sveinn Jónsson vilja veita leyfið með því skilyrði, er brunamálanefndin setur, og auk þess sé það áskilið, að brunamálanefndin taki gildan mann þann, sem aðalumsjón hefur með notkun hússins. Kom nefndin sér saman um, að láta það vera komið undir úrskurði bæjarstjórnar, hvort leyfa skuli að byggja hið umrædda fiskþurrkunarhús, sem er að stærð 177.5 m<sup>2</sup>. Verði leyfið veitt er byggingarleyfisgjald kr. 30.68.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson og Guðmund Ásbjörnsson, er var erlendis.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson.  
Guðm. H. Þorláksson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1921, laugardaginn 11. júní, kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Eftir ósk Guðlaugs Jónssonar, sem nú er eigandi hússins nr. 18 við Baldúrgötu, hefur byggingarfulltrúi skoðað húsið, og komið að raun um, að það fullnægi að engu leyti ákvæðum byggingarsamþykktarinnar, að því er styrkleika snertir og frágang. Alítur því byggingarfulltrúi og bæjarverkfæðingur, að jafnvel sé hætta á því að húsið geti hrunið vegna þess hve léleg steyp- an er í veggjunum. Ákvað nefndin að kæra Böövar Gíslason, sem hefir byggt húsið, fyrir brot á byggingarsamþykktinni og krefj- ast þess, að nauðsynlegar umbætur verði gerðar nú þegar á húsinu eftir fyrirmælum bæjarverkfæðings og undir hans umsjón. Var bæjarverkfæðingnum falið að afgreiða kærana, og fylgja því fram, að umbæturnar verði framkvæmdar af hinum brotlega þegar í stað, eða á hans kostnað ef með þarf.

2. Halldóri Steinþórssyni og Ogmundi Jósefssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á ofanjarðarkjallara á lóð- inni nr. 26 við Fálkagötu. Stærð 41 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 8.80.

3. Guðm. Erlendssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 12 við Nönnugötu. Stærð 25.7 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 3.08.

4. Chr. Smith leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á baklóðinni nr. 18 við Lindargötu. Stærð 57.28 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 16.04.

5. Hjörleyfi Guðbrandssyni leyft að reisa geymsluskúr úr steinsteypu við austurenda hússins Njálsgötu 33B. Stærð 54.4 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 7.40.

6. Þórði Þorsteinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 10 við Nönnugötu. Stærð 100.2 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 16.33. Jafnframt fellur úr gildi byggingarleyfi veitt 29. maí 1920.

7. Karli Þorvaldssyni og Ragnari Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 61 við Bergstaðastreti. Stærð 52.9 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 7.41. Jafnframt verður fellt úr gildi byggingarleyfi veitt 26. júní 1920.

8. Guðm. Ogmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð, er hann hefur keypt úr Laufástúni, og verð- ur húsið nr. 50 við Laufásveg. Stærð 89 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfis- gjald kr. 28.50. Samkvæmt framlogðum uppdrætti er lóðin 294 m<sup>2</sup>.

9. Ólafi Sigurðssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á baklóðinni nr. 36B við Grettisgötu. Stærð 47.5 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 7.60. Samkvæmt framlögðum uppdrætti er lóðarstærðin 246 m<sup>2</sup>.

10. Jóni Magnússyni Suðurból 15 leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 11 við Urðarstíg. Stærð 32.5 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 3.90. Leyfið því skilyrði bundið, að húsi standi 3.00 m. frá götujaðri.

11. Samþykktur uppdráttur af bifreiðarskýli bæjarins m.m. við Vegamótastíg. Stærð 83.2 m<sup>2</sup>.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson (erlendis).

Fundi slitið.

K.Zimsen. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson.  
Pétur Ingimundarson. Þorvarður Þorvarðsson. H. Klitgaard  
Nielsen. Guðm. H. Þorláksson.

Ár 1921, laugardaginn 2. júlí kl. 4 e.h., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Guðríði Jónsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu með ofanjarðarkjallara, á lóðinni nr. 33 við Laugaveg. Stærð 93.5 fermetrar. Byggingarleyfisgjald kr. 37.40. Hús 49.5 ferm. að stærð, verður rífið niður.
2. Árna Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini, á lóðinni nr. 26 við Lokastíg. Stærð 78.9 fermetrar. Gjald kr. 15.90.
3. Eiríki Magnússyni leyft að gera þvottahús á lóðinni nr. 4B við Spítalastíg. Stærð 14.4 fermetrar. Gjald kr. 2.00.
4. O.J.Olsen leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 21B við Ingólfsstræti. Stærð 34.2 fermetrar. Gjald kr. 4.80.
5. Guðsteini Eyjólfssyni o.fl. leyft að setja gufuketil og vélar til kemiskrar hreinsunar og litunar, í kjallara hússins nr. 32B við Laugaveg. Leyfið er því skilyrði bundið, að brunamálanefnd samþykki frágang og fyrirkomulag á vinnustofunni. Gjald kr. 2.00.
6. Sigurði Sigurðssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8 við Freyjugötu. Stærð 29.2 fermetrar. Gjald kr. 6.60. Leyfið er veitt með því skilyrði, að eigendur hússins nr. 6 og 10 við sömu götu samþykki bygginguna.
7. Guðm. Helgasyni leyft að byggja bráðabirgðaskúr úr timbri og járn, á lóðinni Eskihlíð. Stærð 17.5 ferm. Gjald kr. 2.00. Leyfið er því skilyrði bundið, að skúrin verði rifinn niður þegar þess verður krafist með 6 mánaða fyrirvara.
8. Gísla Gíslasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, með kjallara, á lóðinni nr. 11 við Lokastíg. Stærð 72.4 fermetrar. Gjald kr. 17.10. Leyfið er því skilyrði bundið, að húsið standi 2 m. frá Lokastíg og Baldursgötu.
9. Jóni Kristjánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 24 við Baldursgötu. Stærð 58.3 fermetrar. Gjald kr. 6.50. Leyfið er því skilyrði bundið, að umsækjandi fái hina umræddu lóð hjá bænum.
10. Jóni Eiríkssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, með kjallara, á lóðinni nr. 15 við Urðarstíg. Stærð 56.8 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 12.50. Leyfið er veitt með því skilyrði, að húsið standi 3 m. frá götujaðri.
11. Stefáni Jónssyni (f.h. læknadeildar háskólans) leyft að byggja skúr á baklóð hússins nr. 12 við Kirkjustræti. Stærð



9 fermetrar. Gjald kr. 2.00. Leyfið er veitt með því skilyrði,  
að skúrin sé gerður úr steini eða steinsteypu.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði borgarstjóra, sem var veikur, Þorvarð Þor-  
varðsson og Kristinn Sigurðsson. Bæjarverkfæringurinn fór af  
fundinum undir 9. lið.

Fundi slitið.

F.h.b.

Sveinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson. Sveinn Jónsson.  
Pétur Ingimundarson. Guðm. Ásbjörnsson.

Ár 1921, laugardaginn 16. júlí kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Þorsteini Ásbjörnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús á ofanjarðarkjallara á leigulóðinni Bragagötu 23. Stærð 72 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 17.28.
2. Tómasi Tómassyni leyft að byggja einlyft steinsteypuhús með kjallara, til íbúðar, á leigulóðinni nr. 4 við Bergþórugötu, sem hann hefur keypt hjá Sigurði Sigurðssyni. Stærð 73.2 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 16.10.
3. Brynjólfi Gíslasyni frá Skildínganesi leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu norðan við húsið nr. 11 við Bergstaðastræti. Stærð 40.5 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 9.72.
4. Þórði Sigurðssyni og Guðm. Þorsteinssyni leyft að gera nokkrar breytingar á húsinu nr. 5 við Spítalastíg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
5. Gestu Magnússyni leyft að byggja trilyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 60 við Grettisgötu. Stærð 79.1 m<sup>2</sup>. Þinglesin kvöð á lóðinni nr. 62 heimilar 2.5 m. breiddan gang að baklóð hússins. Byggingarleyfisgjald kr. 28.50.
6. Alexander Jóhannessyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 24 við Þórsgötu. Stærð 37.8 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 5.30.
7. Sigurði Ásbjörnssyni leyft að byggja einlyft steinsteypuhús á kjallara á leigulóðinni nr. 13 við Bergþórugötu. Stærð 67.9 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 16.30.
8. Búnaðarfélagi Íslands leyft að gera íbúð í geymsluhúsi í Gróðrarstöðinni, og byggja nýjan geymsluskúr úr steini við suðurenda hússins. Stærð skúrsins er 48.3 m<sup>3</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 7.80.
9. Guðm. Ásbjörnssyni leyft að gera steinsteypuskúr á baklóð hússins nr. 1 við Laugaveg. Stærð 11.7 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
10. Magnúsi Magnússyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 8 við Urðarstíg. Stærð 27.8 m<sup>2</sup>. Leyfisgjald kr. 3.34.
11. Birni Bogasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 34 við Bragagötu. Stærð 37.9 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 4.55.
12. Jens Jónssyni leyft að byggja einlyft timburhús, járnvaði á hornlóðinni Ránargötu og Stýrimannastíg. Stærð 39.3 m<sup>2</sup>.

Lóðarstærð samkvæmt framlögðum uppdrætti 220.7 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 6.30.

13. Kristmundi Gíslasyni leyft að gera breytingar á tröppum hússins nr. 8B við Óðinsgötu. Leyfisgjald kr. 2.00.

14. Einari J. Pálssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús á ofanjarðar kjallara á lóðinni nr. 3 við Þórgötu. Húsið verður úr steini. Stærð 96.3 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 28.10.

15. Í tilefni af bréfi Gunnars Sigurðssonar fellst byggingarnefndin eftir atvikum á, að Þakkvístúr, sem settir hafa verið á húsið nr. 49B við Laugaveg, megi standa óhaggaðir, en getur þess jafnframt, að íbúð er ekki leyfð í öðrum herbergjum en þeim, sem fullnægja 23. gr. byggingarsamþykktarinnar. Leyfisgjald kr. 2.00.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson.  
Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1921, laugardaginn 30. júlí kl. 4 síðdegis var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

- Þetta gerðist:

1. Jónasi Jónssyni Selbúð leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 14 við Þórsgötu. Stærð 56.3 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 7.90.

2. Helgu Björnsdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, með steinsteypum skúr, á lóðinni nr. 8 við Þórsgötu. Stærð 51.4 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 10.20.

3. Guðm. Jónssyni leyft að gera breytingar á húsinu nr. 13 við Vitastíg, samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti. Leyfisgjald kr. 3.80.

4. Jónínu Bergmann leyft að byggja bráðabirgðabyggingu úr timbri á lóðinni nr. 27 við Freyjugötu. Stærð 19 m<sup>2</sup>. Leyfið er því skilyrði bundið, að beiðandi fái leigusamning fyrir lóðinni. Byggingarleyfisgjald kr. 2.30.

5. Sláturfélagi Suðurlands leyft að setja bak á fjárrétt vestan við sláturhúsið við Lindargötu. Leyfið því skilyrði bundið, að heill steinveggur verði undir bakinu að norðanverðu í rétttri húsalínu við Skúlagötu. Leyfisgjald kr. 2.00.

6. Kristjáni Jónssyni leyft að breyta heyhlöðu á erfðafestulandinu Hagi í íbúðarhús. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

7. Jóni Þorlindssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á baklóðinni nr. 8 við Freyjugötu, enda hafi eigandi lóðarinnar Sig. Sigurðsson, gefi beiðanda skriflega yfirlýsingu um fulla heimild til afnota af lóðinni. Stærð hússins er, 26.2 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 3.15.

8. Birni Björnsyni leyft að gera breytingu á húsinu nr. 41 við Laugásveg, samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

9. Sighvati Bjarnasyni leyft að byggja inngönguskúr úr steinsteypu vestan við xhús hans nr. 2 við Amtmannsstíg. Skilyrði, að glugginn sem sýndur er á vesturgafli skúrsins verði fluttur á suðurhlið. Stærð 2 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.20.

10. Einari Hildibrandssyni leyft að hækka skúr og setja port á hús hans austanvert við Bræðraborgarstíg með sömu skilyrðum og honum var leyft að byggja húsið 12. júní 1920. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. H. Þorláksson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingi-  
mundarson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson. Þorvarður  
Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921, laugardaginn 13. Ágúst kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Guðm. Guðmundssyni leyft að byggja íbúðar<sup>hús</sup>kjallara á ofanjarðar kjallara á leigulóðinni nr. 9 við Bergþórugötu. Stærð 62.9 m<sup>2</sup>. með geymsluskúr. Byggingarleyfisgjald kr. 12.50.
2. Margrėti Magnúsdóttur leyft að setja kvist á suðurhlíð hússins nr. 31 við Skólavörðustíg. Leyfisgjald kr. 2.00.
3. Þórði A. Jónssyni leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu við vesturhlíð hússins nr. 14 við Nönnugötu. Stærð 15.8 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 3.00.
4. Magnúsi Sæmundssyni leyft að reisa íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 9 við Urðarstíg. Stærð 42.7 m<sup>2</sup>. Leyfið því skilyrði bundið, að húsið standi 3.15 m. frá lóðarmörkum. Byggingarleyfisgjald kr. 6.80.
5. Jóni Egilssyni leyft að breyta suðurhlíð hússins nr. 40B við Laugaveg, enda greiðir hann þrefalt brunabótagjald, samkvæmt samningum við Brunabótafélagið. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.
6. Jóni Lýðssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu með geymslukjallara, á lóðinni nr. 6 við Týsgötu. Stærð 77.9 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 24.70.
7. Sigurði Guðmundssyni leyft að byggja 2 geymsluskúra úr steini á hornlóðinni Njarðargötu - Lokastíg. Stærð samtals 25.4 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.90.
8. Jóni Jakobssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini með kjallara, á lóðinni nr. 33 við Laufásveg, sem hann hefur keypt úr erfðafestulandinu Bergsblettur. Stærð 121.6 m<sup>2</sup>. Leyfið er því skilyrði bundið, að húsið standi í sömu línu og hús Hannesar Thorarensen, og 3.15 m. frá norðurtakmörkum lóðarinnar. Byggingarleyfisgjald kr. 27.50.
9. Háskóla Íslands leyft að byggja bráðabirgðaskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 12 við Kirkjustræti. Stærð 14.4 ferm. Gjald kr. 2.00.
10. Jóni Jónssyni leyft að byggja steinsteypuskúr, sem notast á fyrir vinnustofu, á lóðinni nr. 9 við Freyjugötu. Stærð 33 fermetrar. Gjald kr. 3.80.
11. Sveini Þórðarsyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, með inngönguskúr, á erfðafestulandinu nr. 9 Kirkju-myrrarbletti. Stærð 21.9 ferm. Gjald kr. 2.70. Þess skal getið að bæjarstjórnin hefir þegar leyft byggingu á erfðafestulandinu.

12. Birni Gunnlaugssyni leyft að setja 2 kvisti á husið nr. 48 við Laugaveg. Gjald kr. 2.00.

13. Sigfúsi Sveinbjarnarsyni leyft að byggja viðbyggingu úr steini við vesturenda hússins nr. 25 við Fálkagötu. Stærð 27.5 ferm. Byggingarleyfisgjald kr.4.00.

14. Páli Hafliðasyni leyft að gera bifreiðarskúr úr steinsteypu við húsið Pálshús við Klapparstíg. Stærð 17,7 fermetrar. Gjald kr. 2.00.

15. Pétur Ólafsson sækir um leyfi til að byggja tvílyft í-búðarhús úr timbri með skúr og kjallara, á ló inni nr. 82 við Laugaveg. Stærð 98.2 fermetrar. Nefndin leggur til að þessi bygging verði samþykkt, og mælir með undanþágu við stjórnarráðið um stærð hússins. Leyfið veitist einnig með því skilyrði, að hús það, sem nú er á lóð, verði flutt til svo löglegt bil verði á milli húsanna. Gjald kr. 41.00.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Sigurður Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson. Þorvarður Þorvarðsson. Guðmundur Ásbjörnsson.

Ár 1921, laugardaginn 27. ágúst, kl. 4 e.h., var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinn vantaði Þorvarð Þorvarðsson, Svein Jónsson og slökkvistjóra.

Þetta gerðist:

1. Húsameistara ríkisins leyfð breyting á útihúsi Mentaskólans. Gjald kr. 2.00.
2. Guðrúnu Jónsdóttur leyft að setja kvist á bakhlið hússins nr. 5 við Tjarnargötu. Gjald kr. 2.00.
3. Snorra Welding leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini á leigulóðinni nr. 13 við Urðarstíg. Stærð 60 fermetrar. Gjald kr. 7.20.
4. Hannesi Friðsteinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini eða steinsteypu á lóðinni nr. 2 við Lokastíg. Stærð 66.7 fermetrar. Gjald kr. 8.00.
5. Guðm. Þorkelssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús úr steini eða steinsteypu á lóðinni nr. 19 við Þórsgötu Stærð 101.5 fermetra. Gjald kr. 37.60.
6. Magnúsi Sæmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini á leigulóð Hannesar Björnssonar nr. 5 við Nönnugötu. Stærð 42.2 fermetrar. Gjald kr. 8.43. Heimild lóðarleigjanda fylgdi með umsókninni.
7. Kristínú Árnadóttur leyft að setja 3 kvistglugga á húsið nr. 8 við Grundarstíg. Gjald kr. 2.00.
8. Halldóri Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steini á lóðinni nr. 23 við Þórsgötu. Stærð 67.7 fermetrar. Gjald kr. 18.95.
9. Lárusi B. Björnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri. Stærð 45.5 fermetrar, á lóð, sem hann hefur keypt af Kavel Friðrikssyni, og er 214.5 fermetrar að flatarmáli. Húsið verður nr. 67 við Vesturgötu. Gjald kr. 5.50.
10. Emil Kristjánssyni leyft að gera skúr við hús sitt nr. 28A við Laugaveg. Stærð 18 fermetrar. Leyfið er því skilyrði bundið, að skúrinn sé gerður úr steini eða steinsteypu með heilum veggjum á lóðarmörkum og að bakhallinn sé inn á lóð leyfisbeiðanda. Gjald kr. 3.60.
11. Hallgrímur Benediktsson & Co. leyft að byggja skúr að stærð 151.3 fermetrar til benzín og olíugeymslu, á melunum norðan Sandvíkurveggar milli olíuskúranna og íbróttavallarins. Leyfið er því skilyrði bundið, að leyfisbeiðandi fái lóðina leigða hjá þennum. Gjald kr. 24.20.
12. Eigendur hússins nr. 8B við Njálsgötu fara fram á að

Það hús verði talið nr. 4B við sömu götu, og leggur nefndin til að að orðið sé við þeirri ósk þeirra.

13. Tómas Tómasson sækir um undanþágu frá því að hafa milli-  
gólf á milli lofta á húsi því, sem hann er að byggja við Berg-  
bórugötu. Nefndin leggur til að undanþágan verði veitt.

14. Guðm. Ásbjörnsson afsalar sér byggingarleyfi veitt 16.  
júli síðast liðinn.

15. Stefán Jónsson, f.h. læknadeildar Háskólans afsalar sér  
byggingarleyfi veittu 2. júlí s.l.

16. H/f.Eimskipafélagi Íslands leyft að gera girðingu í  
kring um lóð félagsins bak við hús þess nr. 2 við Pósthússtræti.  
Gjald kr. 2.00.

17. Samþykkt að kæra Steindór Einarsson Ráðagerði fyrir að  
hafa byggt bifreiðarskúr á Ráðagerðislóðinni án þess að hafa  
fentið byggingarleyfi.

18. Gísli Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr  
steini með kjallara á horninu norðan Bárugötu og vestan Garða-  
strætis. Stærð 125.5 fermetrar. Leyfið er því skilyrði bundið,  
að tröppurnar verði innanhúss. Gjald kr. 60.24.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Sigurður Jónsson. Guðmundur Ásbjörnsson. Kósiinn Sigurðs-  
son. Guðm. H. Þorláksson. Ósamþykkur 2. lið.  
(13. lið).



Ár 1921, laugardaginn 10. sept. kl. 4 síðdegis var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Georg Ólafssyni leyft að setja dyr í stað glugga á austurgafli hússins nr. 5 í Austurstreiti. Leyfisgjald kr. 2.00.
2. Jóni Jónssyni leyft að byggja íbúðarhús, járnvarið úr timbri á leigulóðinni nr. 16 við Urðarstíg. Stærð 17 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.04.
3. Árna Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 32 við Fálkagötu. Stærð 31.75 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 3.75.
4. Guðm. E. Guðmundssyni leyft að byggja smíðaskúr úr steini á lóðinni nr. 24 við Frakkastíg. Stærð 10 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 2.00.
5. Guðlaugu Jónsdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 25 við Freyjugötu. Stærð 28.5 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 3.45. Heimild lóðarleigjenda fylgdi með.
6. Einari L. Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr "Lean"-holsteini á lóðinni nr. 7 við Þórsgötu. Stærð 98 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 23.55.
7. Böðvari Jónssyni leyft að byggja inngönguskúr við áusturenda hússins nr. 73 við Laugaveg. Stærð 6 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Leyfið því skilyrði bundið, að skúrinn sé byggður úr steini eða steinsteypu.
8. Óskari Lárussyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri og járnvarið á lóðinni nr. 3 við Fjólugötu samkvæmt framlogðum uppdrætti. Stærð 75 m<sup>2</sup>. Byggingargjald kr. 24.00. Er hér með fellt úr gildi byggingarleyfi 10. janúar 1920.
9. Guðm. Sigurðssyni leyft að byggja þvottahús úr steini eða steinsteypu á baklóð hússins nr. 7 við Ingólfsstreiti. Stærð 24.5 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 3.00.
10. Kolbirni Árnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á kjallara, byggt úr "Lean"-holsteini, á hornlóðinni Óðinsgötu - Baldursgötu. Stærð 139 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 50.07. Nefndin mælir með, að undanþága sé veitt frá 14. gr. byggingarsamþykktarinnar um stærð óbyggðrar lóðar.
11. Óla F. Ásmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 16 við Nönnugötu. Stærð 36.12 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 6.95. Skilyrði, að sýnd verði skilríki fyrir leigurétti á lóðinni.
12. Út af erindi Einars Erlendssonar f.h. Gísla Jónssonar, fellst nefndin á, að útitróppur við hús það, sem umrædir í 18.

lið fundargerðar byggingarnefndar 27/8 t.2 verði allt að 15 metra  
að hæð.

Fleira gerðist ekki.

Þorvarður Þorvarðsson vék af fundi undir 12. lið.

Fundi slitið.

Sig. Jónsson. Guðm. H. Þorláksson. Sveinn Jónsson.  
Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Ár 1921, mánudaginn 3. október kl. 4 e.h. var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta ferðist:

1. Jóni Jónssyni Þinghóltsstræti 23 leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini á leigulóðinni nr. 26A við Þórsgötu. Stærð 41.4 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 5.00.

2. Jóni Ásmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á leigulóðinni nr. 31 við Bragagötu. Húsið er úr steinsteypu. Stærð 66.7 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 15.70.

3. Hólmfríði Gísladóttur leyft að byggja íbúðarhús einlyft úr timbri á lóðinni nr. 31 við Bragagötu. Stærð 40.64 m<sup>2</sup>. Leyfisgjald kr. 5.70.

4. Péttri Ottesen leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu við suðurenda hússins nr. 33 við Bergstaðastræti. Stærð 38.3 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 4.90.

5. Magnúsi Benjamínssyni leyft að setja dyr á framhlíð hússins nr. 3 í Veltusundi. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

6. Elinborgu Björnsdóttur og Rósu Guðlaugsdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 28 við Bragagötu. Stærð 47.90 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 5.75.

7. Páll Stefánsson fer fram á að fá að byggja steinsteypu-ann skúr á lóðinni nr. 1 við Lækjartorg. Feilit að veita þetta leyfi með jöfnum atkvæðum (3:3).

8. Hannibal Sigurðssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 23 við Lokastíg. Stærð 86 m<sup>2</sup>. Leyfisgjald kr. 22.50. Skilyrði fyrir byggingunni er, að tröppur og stigar séu samkvæmt byggingarsamþykktinni.

9. Guðna Símonarsyni leyft að gera íbúð í kjallara á húsinu nr. 8A við Óðinsgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

10. Matthíasi Matthíassyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 22B við Skólavörðustíg. Stærð 107.36 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 38.65. Byggða lóðin eykt um 64.16 m<sup>2</sup>.

11. Sveini Jónssyni og Andrési Guðnasyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 62 við Grettisgötu. Stærð 116.25 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 46.50. Lóðarstærð ails 165.07 m<sup>2</sup>.

12. Lúðvík Lárussyni leyft að setja forstofuskúr við norðurgafli hússins nr. 31 við Þinghóltsstræti. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. Stærð 6.8 m<sup>2</sup>.

13. Jóni Þorlákssyni leyft að stækka útbyggingu við húsin Baldursgötu 19 og 21. Stærð hvorrar útbyggingar er 28.7 m<sup>2</sup>. Í stað 13.4 m<sup>2</sup>.samkv. hinu eldra leyfi. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

14. Vilhjálmur J. Húnfjörð leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 34 við Bragagötu. Stærð 47.6 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 7.70. Skilyrði fyrir lyfinu, að byggingin sé sett á önnur takmörk lóðarinnar og sá gafflugggi falli þurtu, er verður á lóðartakmörkum.

15. Þorbirni Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 3 við Sellandsstíg. Stærð 59.2 m<sup>2</sup>. Leyfisgjald kr. 10.60.

16. Jóhönnu Einaradóttur synjað um að setja forstofutröppur við vesturgafi hussins nr. 47 við Laugaveg.

17. Samþykkt af meiri hluta byggingarnefndar að mæla með að undanþága verði veitt Sigurði Ásbjörnssyni frá Byggingarsamþykkt til að sleppa milligólfi í húsinu nr. 13 við Bergþórugötu, gegn því að leggja pappa ofan á þiljur og steypa þar ofan á.

18. Sömu leiðis samþykkt að mæla með sama hjá Ólafi Elíassyni í húsinu nr. 11 við Holtsgötu, gegn sama skilyrði.

19. Samþykkt að mæla með undanþágu frá byggingarsamþykktinni um, að Ermerekur Jónsson fái að hafa 26 cm. þykka vegg á neðri hæð og 23 cm. á þeirri efri í húsinu nr. 3 við Bergþórugötu, gegn því að steypa sé jarnbent samkvæmt fyrirmælum byggingarfulltrúa, og styrkleiki steypunnar sé 1:3:5.

20. Gísli Þorbjarnarsyni leyft að setja braðabirgðatak á kjallara hússins Lokastíg 9. Leyfið því skilyrði bundið, að takinu sé breytt eða tekið þurtu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

21. Karli Larussyni leyft að setja brotið þak á húsið Bergstaðastræti 14, sem nú er verið að byggja. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

22. Sveini Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð við Bárugötu, (fyrir sunnan Doktorshúsið). stærð 46.23 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 11.10.

23. Ólafi B. Magnússyni ~~þykkt~~ synjað um leyfi til að nota byggingarpappa (meðsent sýnishorn) í stað panels á innveggi og loft.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Sig. Jónsson. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Þorvarður Þorvarðsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson.  
Guðm. H. Þorláksson.

Ár 1921, laugardaginn 15. október kl. 3 e.h., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Guðsteini Eyjólfssyni leyft að gera skúr á lóðinni nr. 34 við Laugaveg. Stærð 13 fermetrar. Gjald kr. 2.00.
2. Jóhönnu Einarasdóttur leyft að gera inngönguskúr úr steini við húsið nr. 47 við Laugaveg. Stærð 4 fermetrar. Gjald kr. 2.00. Leyfið er því skilyrði bundið, að tröppurnar verði ekki hærrí em 1.5 metrar.
3. Friðgeiri Björnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini eða steinsteypu á leigulóðinni nr. 28 við Fálkagötu. Stærð 72.2 fermetrar. Gjald kr. 8.70.
4. Jóni Sigmundssyni leyft að byggja vinnustofu úr steini á leigulóðinni nr. 18 við Þórsgötu. Stærð 46.63 fermetrar. Gjald kr. 5.80.
5. Guðm. Jónssyni leyft að gera hesthús úr steinsteypu á lóðinni nr. 14 við Lindargötu. Stærð 21½ fermetrar. Gjald kr. 3.50.
6. Jóni Halldórssyni & Co. leyft að hækka skúr við austur-enda hússins nr. 6B við Skólavörðustíg. Gjald kr. 2.00.
7. Páli Stefánssyni leyft að gera viðbót úr steini við geymslu hús á lóðinni nr. 1 við Lékjartorg. Stærð 25.5 ferm. Gjald kr. 3.50.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson.  
Guðm. Asbjörnsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.  
Þorvarðsson.

Ár 1921, laugardaginn 29. október kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Jóhanni Jónssyni, Hagam, leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 34 við Bragagötu, enda hafi hann leyfi lóðareiganda. Stærð 28.6 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 4.60.

2. Andrés Félðsted gerir fyrirspurn um, hvort leyft mundi vera að byggja timburhús á hornlóðinni Miðstræti og Skálholtsstígs. Nefndin getur ekki mælt með undantágu til þessa. Ligötulinunni.

3. Flosa Sigurðssyni leyft að breyta bakglugga á framhlöð hússins nr. 12A við Lækjargötu og hækka inngönguskúr við bakhlöðina. Gjald kr. 4.00.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. G. H. Þorláksson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingi-mundarson. Kristinn Sigurðsson. Guðmundur Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1921, laugardaginn 12. nóvember kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Hjálmari Þorsteinssyni leyft að byggja tvílyft geymsluhús úr steini á baklóðinni nr. 4 við Skólavörðustíg. Stærð 37.6 fermetrar. Gjald kr. 8.30.

2. Gísli Guðmundssyni leyft að byggja bifreiðarskúr á baklóðinni nr. 27 við Frammesveg. Stærð 25 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 3.00.

3. Meyvant Hannessyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 11 við Bergþórugötu. Stærð 82.5 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 18.20.

4. Guðm. Jenssyni, f.h. eigenda Lækjargötu 2, leyfðar ýmsar breytingar á því húsi. Jafnframt er þess krafist, að gaflinn á skúrnum við suðurenda hússins verði járnvarinn. Gjald kr. 2.00.

5. Fransiska Olsen fer fram á, að mega setja hæð ofan á húsið Garðastræti 4. Málinu frestað.

6. Guðm. Magnússyni leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steini við suðurenda hússins nr. 17 við Frakkastíg. Stærð 19.5 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

7. Stefáni Sandholt leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu við austurenda hússins nr. 51A við Njálsgötu. Stærð 22.83 m<sup>2</sup>. Byggingarleyfisgjald kr. 6.60.

8. Guðna Þorsteinssyni leyft að byggja bifreiðarskúr úr timbri á leigulóðinni nr. 22 við Þórsgötu. Stærð 24.96 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 3.00.

9. Sigfúsi Sveinbjörnssyni leyft að byggja viðbyggingu úr steini við austurgafli hússins nr. 25 við Fálkagötu. Stærð 12.4 m<sup>2</sup>. Gjald kr. 2.00.

10. Jóni Þorlákssyni f.h. Íslandsbanka, leyft að gera steingirðingu á norður- og austurtakmörkum lóðar bankans, og var stefnan á austurgirðingunni ákveðin í beinu áframhaldi af austurgafli bankahússins.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson.  
Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1921, laugardaginn 26. nóvember kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Páli Jónssyni leyft að gera nokkrar breytingar á húsinu nr. 38 við Lindargötu. Gjald kr. 4.00.
2. Hannesi Einarssyni leyft að setja kvist á geymsluhús á lóðinni nr. 16 við Óðinsgötu, sömuleiðis að byggja steinsteyptan geymsluskúr að stærð 30.4 fermetra. Gjald kr. 5.10.
3. Pétri Bjarnasyni leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu við austurenda hússins nr. 34 við Njálsgötu. Stærð 24.65 fermetrar. Gjald kr. 5.00.
4. Guðm. Jenssyni f.h. eigenda hússins nr. 2 við Lækjargötu synjað um leyfi til að gera járnvarinn timburskúr á baklóð hússins.
5. Vilhjálmi Olgeirssyni leyft að gera forstofuskúr úr steinsteypu við austurgötu hússins nr. 58 við Laugaveg. Stærð 14.9 fermetrar. Gjald kr. 3.60.
6. Arngrími Jónssyni leyft að gera dyr á norðurhlið hússins nr. 31 við Vesturgötu. Gjald kr. 2.00.
7. Jóni Magnússyni og Sveinbirni Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 22 við Lokastíg. Stærð 66.75 fermetrar. Samkvæmt framlögðum uppdretti, er lóðin 240 fermetrar. Gjald kr. 16.10.
8. Nefndin mælir með að ~~xxxxxxxx~~ Fransksku Olsen verði veitt undanþága frá byggingarsamþykktinni til að byggja eina hæð úr timbri ofan á íbúðarhús hennar, Hjallhús við Garðastræti, sem er að stærð 8.9x6.4 metrar. Undanþagan því skilyrði bundin, að gluggar hússins séu af sömu gerð á efri og neðri hæð hússins, og enn fremur að makaskipti fái st á lóð undir Garðastræti og ræmu sem berinn á meðfram suðurhlið hússins. Verði undanþagan veitt skal greiða þrefallt brunabótargjald af húseigninni og byggingarleyfisgjald verður kr. 5.00. Enn fremur er henni leyft að gera tvílyftan inngönguskúr úr steini við norðurhlið hússins. Stærð 10.6 fermetrar. Jafnframt verður rifinn skúr, sem er 5.8 fermetrar. Gjald kr. 2.90.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og slökkviliðstjóra.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.  
Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson.



Ár 1921, laugardaginn 10. desember, kl. 4 s.d. var fundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Páli B. Stefánssyni leyft að gera einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 14 við Bergþórugötu. Stærð 58.42 fermetrar. Byggingarleyfisgjald kr. 9.20.

2. Önundi Jósefssyni leyft að gera einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 12 við Fálkagötu. Stærð 54.16 fermetrar. Byggingarleyfisgjald kr. 4.80.

3. Erlingi Jónssyni synjað um leyfi til að gera geymsluskúr úr timbri, við hús hans nr. 30 við Baldursgötu.

4. Ragnari Þórarínssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 29 við Baldursgötu. Stærð 35.11 ferm. Gjald kr. 8.00.

5. Sigurgeir Magnússyni leyft að gera einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 30 við Fálkagötu. Stærð 33.08 ferm. Gjald kr. 5.38.

6. Guðm. Guðmundssyni leyft að gera geymslu- og smíðaskúr úr timbri og jární á lóðinni nr. 3 við Njálsgötu. Stærð 63 fermetrar. Gjald kr. 6.30.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson.  
Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson.  
G.H. Þorláksson.

Ár 1921, laugardaginn 31. desember, kl. 3 s.d., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

Landsímanum leyft að breyta þakinu á Landsímastöðinni og gera innréttingu á efsta lofti hússins, ennfremur að gera girðingu úr steini, norðanvert við lóðina meðfram Hafnarstræti. Gjald kr. 28.80.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. H. Þorláksson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Guðmundur Ásbjörnsson.

REGISTUR.

1914.

31. janúar. Helga Magnússyni leyft að reisa skýli á lóð hans nr. 7 Bankastræti.  
- - Verzluninni Edinborg leyft að breyta framhlið hússins nr. 9 við Austurstræti.  
- - L. Kaaber leyft að breyta gluggum í húsinu 4A Hverfisg.  
- - Verzlun I.P.J.Bryde leyft að byggja reykhlíf í húsinu /nr. 10 Hafnarstræti.  
- - Þorgrími Sigurðessyni synjað um húsbyggingu.  
14.febr. Stjórnarráði Íslands leyft að byggja nýtt pósthús.  
- - Jes Zimsen leyft að setja 2 nýja glugga í húsið Hafnar- /stræti 23.  
- - Sturla Jónssyni leyft að byggja viðbót við húsið Hverf- /isgötu 3e.  
- - Jóhanni Jóhannssyni leyft að breyta geymsluhúsi í íbúð- arhús Laugavegi 19.  
- - Sigríði Jónsdóttur leyft að breyta húsi sínu Laugav.58B.  
- - Lárusi G. Lúðvíksson skóverzlun leyft að setja upp nafnskj.  
- - Helga Zöega kaupm. leyft að setja dyr á húsið Aðalstræt.10  
- - Verzl. Edinborg leyft að taka dyr af húsinu Austurstr.9.  
14.marz. Matthíasi Einarssyni leyft að reisa íbúðarh. Hverfisg.45.  
- - Kristínu Ólafsdóttur leyft að breyta húsinu Austurstr.1.  
- - Jóni Zöega leyft að reisa steinsteypuhús, Nýlendug. 11a.  
- - Eyjólfri Jónssyni leyft að reisa geymsluskúr, Baldursg. 3.  
- - Þórði úrsmið Jónssyni leyft að stækka húsið Vesturg.48.  
28.marz. Þorláki Vilhjálmssyni, Rauðará, leyft að byggja hesthús.  
- - Páli skipst.Matthíassyni leyft að reisa steinsteypuhús /Bergst. 32  
- - Sigurði Friðrikssyni leyft að byggja timburhús, Laugav.28.  
- - Guðmundi Thorsteinsson Leyft að lengja húsið við Lauga- /veg 24.  
- - Sigurði Á Gunnlaugssyni leyft að setja dyr á húsið við /Hverfisg.5.  
- - Ámunda Ámundasyni leyft að lengja húsið við Vesturg.26A.  
- - Einarí Helgasyni synjað um byggingarleyfi.  
- - Kristínu Ólafsdóttur leyft að breyta gluggum og dyrum /Austurstræti 1.  
- - Jóni Ólafssyni leyft að reisa steinsteypuhús, Baldursg.9.  
- - Pétri Ólafssyni leyft að breyta erfðafestulandi í bygg- /ingarlóð.  
11.apríl. Einarí Helgasyni leyft að reisa íbúðarhús við Laufásveg.  
- - Hjálpræðisherinn:Erindi viðv.byggingu á lóðinni Kirkju- /stræti 2.  
- - Guðmundi Egilssyni leyft að breyta erfðafestulandi í /byggingarlóð.  
- - Þorsteini Þorsteinssyni Bakkabúð, synjað um að færa hús.  
2.maí. Helga Magnússyni leyft að byggja steinsteypuhús Banka- /stræti 9.  
- - Hirti Hjartarsyni leyft að breyta smíðahúsi við Bókhú- /ðustíg í íbúðarh.  
- - Tryggva Árnasyni leyft að reisa timburhús við Njálsg.11.

1914.

- 2.mai. Th.Thorsteinsson leyft að breyta gluggum á húsinu Vesturg.3.  
- - Ólafí Þorkelssyni leyft að setja kjallaradyr á húsið  
/Laugaveg 3.  
- - Birni Björnssyni leyft að flytja húsið við Grettisg. 24.  
- - Birni Jónssyni leyft að reisa steinsteypuhús v. Frakkast.14A  
- - Geir Pálssyni og Sig.Jónss.leyft að byggja timburhús Bar-  
/ónsstíg 12.  
- - Árna Jóhannssyni leyft að reisa timburhús, Spítalastíg 3.  
- - Jóni Sigurðssyni skipst. leyft að stækka húsið v.Hverf.37.  
- - Jóhannes Hjartarsyni, leyft að setja kvist á húsið við  
/Vesturg.27.  
- - Sjúkrahússjóði Reykjavíkur leyft að setja glugga á húsið  
/Þingholtsstræti 25.  
- - Eggert Claessen leyft að breyta kvistum o.fl. í h.Austurstr.  
/14  
- - Bergi Einarssyni leyft að byggja 2 skúra við Vatnsstíg.  
- - Karel Hjörleifssyni leyft að byggja gripahús í Vatnsmýrinni.  
2.júní. Guðjóni Jónssyni málara leyft að byggja hús við Skóla-  
/vörðustíg.  
- - R.P.Leví leyft að reisa skúr, sem verður nr. 18.við Lauf-  
/ásveg.  
- - Bifreiðarfélagi Reykjavíkur leyft að reisa bílskúr.  
- - Jón Zöega beiðni um byggingu við Nýlendugötu, ekki synj.  
- - Guðný Þórðardóttir ~~xxxxxxx~~ fluttningur á skúr vísað til  
/byggingarn.  
- - Jes Zimsen leyft að stækka skúr við Hafnarstr. 23.  
- - Flosa Sigurðssyni synjað um leyfi á bráðabirgðaskúr við  
/Lækjarg.  
- - Einari Sv. Einarssyni leyft að stækka skúr við Bergstaðastr  
- - Lögð fram skrá yfir breytt húsnúmer við Hverfisgötu.  
13.júní.Eyjólfi Gíslasyni leyft að lengja hús sitt nr. 18 við  
/Grettisg.  
- - Guðnýju Þórðardóttur leyft að byggja skúr o.fl. við Vesturg/  
/55.  
- - Jón Laxdal: Breytingar á húsinu nr. 14 við Nýlendugötu.  
- - Guðmundi Jafetssyni seld lóð og leyft að byggja skúr.  
- - Jakob Möller leyft að byggja íbúðarhús á Bakaratóni.  
- - Hans Pétri Hanssyni leyft að flytja hús og byggja nýtt.  
27.Júní.Jóni Zöega leyft að reisa geymsluskúr á lóðinni nr. 16  
/við Nýlendug.  
- - Flosi Sigurðsson fer fram á að fá leigðan til 10 ára,  
/part af Klapparl.  
- - Jóni Teitssyni leyft að stækka glugga í húsinu nr. 8 við  
/Spítalastíg.  
13.júlí.Gunnari Þorbjarnarsyni leyft að gera nokkrar breytingar  
/við Hafnarstr.4.  
- - Júlíus Schou leyft að gera skúr við Vesturgötu.  
- - Guðmundi Kr. Bjarnasyni leyft að setja glugga á húsið  
/nr.20 við Njálsg.  
- - Þuríði Markúsdóttur leyft að setja glugga að húsið nr.  
/24 við Vesturg.  
- - Jón Björnsson kaupm. nokkrar breytingar v.húsið Vesturg.4.

Registur - 1914.

13. júlí. Bifreiðarfélagi Reykjavíkur leyft að setja glugga á bif-  
- - Jónatan Þorsteinsson. Beiðni um leyfi til að byggja bif- /reiðarskúrinn.  
- - Jörgin Þórðarsyni leyft að byggja skúr og breyta húsinu /reiðarskúr.  
- - Einar Einarsson skipst. Erindi um stærð lóðarinnar nr. /nr. 15 við Bergstr.  
- - Sveini Árnasyni leyft að breyta byggingu. / 44 við Hverf.  
- - Sigurði Hjaltsted leyft að byggja skúr Klapparstíg 15.  
- - Sigeir Torfasyni leyft að gera kvist á húsið Laugaveg 13.  
- - Árni Einarsson kaupm. frestað að leyfa byggingu á skúr /við 1.veg 28.  
- - Rannveigu Vilhjálmsdóttur leyft að gera 2 skúra Grett.22D.  
- - Einarí Jónasyni leyft að byggja skúr við Bergstaðastr.39B.  
- - Guðmundur Jafetsson. Nefndin endurnýjar till. sína frá 13. jan.  
- - Guðmundi Jafetss. leyft að hækka húsið Laugav.71 og b skúr.  
25 - Braunsverzlun Hamborg. Erindi um ákveðna breidd á Kola- /sundi v. Austurstr.  
- - Friðrik Gunnarssyni leyft að byggja hæsnahús við Skóla- /vorustíg 16 A.  
- ? Benedikt Jonasson. Breytingar á húsinu nr. 8 Mjóstræti.  
- - Magnús Benjamínsson: -" -" - 23 Þinghóltsstr.  
- - Árna Einarssyni leyft að byggja geymsluskúr Laugav. 28.  
- - Birni Björnssyni söðlasm. leyft að byggja geymsluskúr /Grettisg.24.  
- - Bergi Einarssyni leyft að láta járnþak á skúr v. Vatnastíg.  
- - Jónatan Þorsteinssyni leyft að byggja bifreiðarskúr v. /Laugav. 31.  
- - Jóatan Þorsteinson og Hj. Sigurðss. Erindi við v. lóðinni /nr.22 við Lindarg.  
- - Bæjarstjórnin. Um kaup á lóðarræmu úr Landakotstúni.  
- - Hjálpræðisherinn. Erindi um breikkun á Suðurg. og Aðalstr. /Frestað.  
1. ágúst. Þorgrími Sigurðssyni leyft að byggja íbúðarhús v. Unnars.3.  
- - Jóni Hermannssyni leyft að lengja húsið Hverfisg. 4C.  
- - Ólafi Þorkelessyni leyft að hækka húsið Laugaveg 47.  
- - Þórhalli Bjarnasyni biskup leyft að loka svölunum á /Ingólfsh.  
- - Þorleifi Jónssyni leyft að breyta húsinu nr.2 Bókhlöðust.  
- - Þórði Erlemdssyni leyft að by. heyhús við Vitastíg.  
- - H.P. Duus: Ýmsar breytingar á fiskgeymsluhúsi.  
19. ág. Um breytingar á húsnúmerum við Hverfisg.  
- - Eóhann Jóhannesson, um breytingar á skúr við Aðalstræti.  
- - Runólfi Stefánssyni leyft að byggja hús við Klapparstíg.  
- - Um nýja tölusetningu á húsum við Klapparstíg.  
- - Sveini Sveinssyni leyft að setja dyr á húsið v. Bankastr.14  
- - Júlíusi Schou leyfð breyting á skúrbyggingu.  
- - Eggert Claessen leyft að setja glugga í stað dyra í Aust 14.  
- - Edinborgarverzlun leyft að setja reykþáf á h. Austurs.9.  
- - Kveldúlfi h/f leyft að hækka fiskgeymsluhús.  
- - Andrési Hansen keyft synjað um leyfi á hringekju v. Vonarstr.  
- - Hjálmtýr Sigurðsson: Um lóðina nr. 22 við Lindargötu.

Registur. 1914.

29. ágúst. A. Hansen neitað um að hafa hringekju hjá Njálsgötu.  
- - Runólfur Guðjónsson. Leyfðar breytingar á húsinu. Berg. 60.  
- - Árni Jóhannsson selur bænum lóðarræmu við Spítalastíg.  
- - Egill W. Sandholt spyrst fyrir um verð á lóð v. Laufásveg.  
- - Luðvig Bruun ekki leyft að hækka húsið nr. 8 við Kirkjustr.  
- - Tölusetning húsa við Traðarkotssund.  
12. sept. Páli Ó Lárussyni leyft að byggja skýli yfir tröppur  
- - Matthíasi Einarssyni leyft að breyta skúr við Hverfisg. 44. /Skólavorðust. 26A.  
- - Helga Helgasyni trésm. leyft að reisa skúr við Hverfisg.  
- - Sig. Jónss. og Geir Pálss. leyft að reisa geymsluskúr við /Barónsstíg.  
- - Guðna Egilssyni leyft leyft að byggja skýli yfir tröpp- /ur Ránargötu 26.  
- - Magnúsi Jónssyni leyft að gera reykhláf á geymsluhús við /Grettisgötu 6.  
- - Jörin Þórðarsyni leyft að reisa geymsluskúr við Bergstadaf stræti 15.  
- - Eðn Þorláksson: Erindi um að ákveðið verði um götujaðar /Bankastrætis.  
- - Um breidd á Kolasundi.  
- - Um breytingar á byggingarsamþykktinni.  
26. sept. H. P. Duus um skiptingu á eign hans Hafnarstræti 1.  
- - Sigurjóni Sigurðssyni leyft að reisa bráðabirgðaskúr /Vonarstr. 4.  
- - Gísli Björnssyni leyft að byggja geymsluskúr við Grett. 8.  
- - Jón Þorláksson: Erindi um ákvæðna húsalínu við Laugav. 1.  
- - Flosi Sigurðsson. Ákveðið að rífa skýli við Lækjargötu.  
13. okt. Kristni Þorleifssyni leyft að byggja skúr við Hverfisg. 66.  
- - Þórði Sigurðss. og Guðm. Þorst. leyft að girða lóðina Spítalas 5  
- - Jóh. Jóhannessyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 18 Aðalstr.  
- - Ágúst Thorsteinsson leyft að þekja yfir portið Grettisg. 1.  
- - Ásgeir Sigurðsson konsúll leyft að setja dyr á austurgöfl /hússins nr. 40 lv.  
- - Flosa Sigurðssyni leyft að hafa bráðab. skýli á Útnorðurvelli /til 14. maí.  
- - Rætt um lóðarræmu til breyðkunar Túng. og Kirkjustræti.  
- - Um lóð bejarins milli lóðanna nr. 71 v. Laugaveg og Hverf- 690.  
31. okt. Maríu Gísladóttur leyft að stækka skúr við Holtsg. 12.  
- - Jóni Sigmundssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 13 Njg.  
- - Helga Jónssyni leyft að lengja skúr við Hverfisgötu 80.  
- - Einar Einarssyni leyft að reisa íbúðarhús nr. 18 Njálsg.  
- - Bifreiðar. Reykjavíkur leyft að setja reykhláf á bifreið- /arskúr v. Vonarst  
- - Samþykkt tillaga um tölusetning húsa við Klapparstíg.  
14. nóv. Ólafí Jónss. Laugalandi, neitað um framlengingu á byggingarl.  
- - Helga Magnússyni leyft að byggja bráðabirgðasmiðju Banka. 7  
- - Ólafur Grímsson: Leyft tili til að byggja íbúðarh. í Rauðar- /árholti. Frestað  
- - Jóni Zöega leyft að breyta geymsluhúsi Bankastr. 14 í íshús /og reykhus.

## Registur - 1914.

- 14.nóv. Magnúsi Jónssyni leyft að byggja íbúðarhús v. Grettisg.16B.  
 - - Sigurði Gunnlaugssyni leyft að stækka húsið Hverfisg.41.  
 - - Beiðni Hjalpræðishersins um takmörkun á breidd Túng.o.fl.  
 1.des. Ólafi Grímssyni leyft að byggja íbúðarhús nr.11 við Laugav.  
 - - Boga Þórðarsyni leyft að reisa bráðabirgðaskýli við Laugav.34  
 - - Magnúsi Jónssyni leyft að setja glugga í hús hans Brekkustíg.  
 - - Þórði Jónssyni úrsm. leyft að byggja fjós, hlöðu og safng.  
 - - Ólafur Jónsson:Byggingarl. hans framlengt um 2 ár.  
 12.des. Ásgeiri Sigurðssyni leyft að setja 2 glugga í hús sitt  
 - - /Hafnarst.10.  
 - - Einar Erlendsson:Um undanbágu frá byggingarsamþykktinni.  
 - - Johnson & Kaaber leyft að gera smábreytingar á Hafnarstr.1.  
 - - Ágúst Bjarnason spyrzt fyrir um verð á lóð v.Baldursgötu.  
 - - Jón Ólafsson:Erindi um kaup á lóð við Baldursg.Frestað.

1915.

- 5.jan. Fiskifélagið Defensor: Um lefi til að byggja íbúðars.frestað/  
 - - Einar Einarsson:Um lóð við Hverfisgötu.  
 - - Jón Ólafsson:Samþykkt að selja honum lóð við Baldursgötu.  
 16.jan. Jóni Zöega leyft að byggja opið skýli við Bankastræti 14.  
 - - Jón Ólafsson: Seld lóð við Baldursg.Alls 103.3 m<sup>2</sup>.  
 - - Rætt um breytingar á byggingarsamþykkt.  
 30.jan. Fiskif.Defensor ekki leyft að byggja íbúðarskúr.  
 - - Sigurði Halldórssyni leyft að stækka útibyggingu í Ingólfsþ.  
 - - Leyft að setja dyr a vesturhlið Hótel Ísland.  
 - - Leyfðar ýmsar breytingar á norðurenda Hótel Ísland.  
 - - Helga Magnússyni & Co. leyfðar breytingar á Bankastræti 6.  
 13.feb. Halldóru Hinreksdóttur leift að hækka skúr v. Þingholts.5.  
 - - Elíasi Péturssyni leyfð undanbága frá byggingarsamþykktinni.  
 - - Guðmundi Gamalielssyni leyft að setja gluggakvist Lekjarg.6A.  
 - - Kristni Sigurðssyni seld lóðarræma Óðinsgötu 13.  
 27.febr. Fiskifélaginu Defensor leyft að reisa verkamannaskála.  
 - - Sigurði Jóhannessyni leyft að byggja hús nr.13 v. Nýi.o.fl.  
 - - Hallgrímur Benediktsson:Viðbót við Bergst.19. Frestað.  
 - - Eivindi Árnasyni leyft að byggja skúr við Laufásv.2.  
 - - Engilbert Magnússyni leyft að hækka hús sitt Lindarg.10.fl.  
 15.marz. Hallgrími Benediktssyni leyft að lengja Bergstr.19 o.fl.breyt.  
 - - Stefáni B. Jóni leyft að setja dyri í stað glugga Njálsg.32.  
 - - Þórður Jónsson úrsm.Frestað að leyfta viðbyggingu Aðals.9.  
 - - Oddur Bjarnason:Um sölu lóðar við Spítalastíg.  
 - - Einar Erlendsson:Um leyfi til að mega nota Ikopal-pappa.  
 27.mars. Þórði Jónssyni úrsmið leyft að byggja steinhús v.Aðalstr.9.  
 - - Rich.Braun leyft að byggja reykþá Austurstræti 17.  
 - - Hólmfríði Rósinkraz leyft að gera ínnönguskúr í Aðalstr.18.  
 - - Guðjón Helgason:Erindi um byggingu á Melkotslóð.  
 - - Eyvindr Árnason:Um að hækka húsið nr.2 v.Laufásv.Frestað.  
 - - Jens Llande leyft að byggja viðbót við Þingholtsstr.3  
 - - /og gera fl.breyt.  
 - - Péttri B.Gunnarssyni leyft að setja dyr á Hótel Ísland  
 - - Kristín Ólafsdóttir:Um leyfi til að setja glugga á húsið  
 - - /nr 1 við A alstr.Frestað.


Registur - 1915.

- 12.apríl. Kristínu Ólafsdóttur leyft að setja glugga í Aðalstr.1.  
- - Eyvindi Árnasyni synjað um leyfi til að hækka h.Laufásv.2.  
- - Magnúsi Einarssyni leyft að byggja á Melkotslóð.  
- - Hlutafélaginu Kveldúlfi leyft að reisa fiskgeymsluhús  
/á Móakotslóð.  
- - Eggert Claessen leyfðar breytingar á Aðalstr.nr.8.  
- - Jóni Laxdal leyft að reisa skáli við Nýlendugötu nr.14.  
- - Lúðvig Bruun leyft að breyta 2 gluggum í Kirkjustræti nr.8.  
- - Karel Hjörtþórssyni leyft að byggja íbúðarhús í Vatnsmýrinni.  
- - Samúel Jónssyni leyft að setja kvist á húsið nr.17 v.Skólavst  
- - Bæjarverkfæðingi tilk.að byggja yfir mulningsv.í Skólav.h.  
1.mái. Steingrími Guðmundssyni leyft að setja kvistglugga í h  
/nr. 4 Amtmannsstíg.  
- - Stjórn Landsbankans leyft að breyta síloam í íbúðarhús.  
- - Helgu Ketilsdóttur leyft að lengja hús sitt nr. 55 Hverfisg.  
- - Sigurði Jónssyni leyft að gera viðbót við húsið Berst.34B.  
- - Hlutafélaginu Gutenberg leyft að byggja geymsluskúr Þing-  
/hóltsstr.6.  
- - Magnúsi Árnasyni leyft að hækka bakskúr við Túngötu 2.  
- - Jóni Þorlákssyni leyft að byggja hús, sem verður nr.11  
/ við Bankastr.  
- - Eiríki Bjarnasyni leyft að reisa skur úr steinsteypu.  
- - Gunnari Gunnarssyni heimilað sveði á stakkstöðinu Hafnarstr.  
- - N.P.Kirk leyft að byggja brá þabingðaskýli við Hafnarstr.  
- - Íslandsbanki: Um leyfi til að byggja ofan á Melstedshús  
/Frestað.  
- - Um breytingu á byggingarsamþykktinni.









© Borgarskjalasafn Reykjavíkur